

**GUÐBJÖRG JAKOBSDÓTTIR**

*Velur aðeins sérstök föt sem eru örlítið á ská*

• tíska

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS





**SÆNGUR OG SÆNGURVER**

*Nýjungar, húsráð, hönnun og fróðleikur*

Sérblað um sængur og sængurver

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**



Hólsfjallahangikjötið

20% afsláttur á úrbeinuðu hangikjöti frá Fjallalambi um helgina

Þín verslun

Þín verslun Vesturbergi · Kassinn Ólafsvík · Þín verslun Melabúðin · Kostur Njarðvík · Þín verslun Seljabraut



# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

17. desember 2009 — 298. tölublað — 9. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR

### Ekki hræddur við Gibson



Baltasar Kormákur hefur fengið samkeppni um víkingana.

**FÓLK 82**

### Íslenska jólaplötuflóðið



Hverjir eiga að fá Friðrik og Jógvan í jólagjöf í ár?

**FÓLK 64**

### Fullveldi og aðhald

„Óskorað fullveldi án aðhalds og eftirlits getur leitt þjóðir í ógöngur líkt og óskorað vald til að prenta peninga heima fyrir og tendra verðbólgu," skrifar Þorvaldur Gylfason.

**Í DAG 36**

### Ósáttur



Guðmundur Pétursson vill losna frá KR en fær ekki að fara. Hann íhugar að fara með málið fyrir gerðardóm KSÍ.

**ÍÞRÓTTIR 76**

## VEÐRIÐ Í DAG




**Aðgerðalítið** veður á landinu í dag. Hægur eða fremur hægur vindur. Skýjað eða skýjað með köflum og hiti á bilinu 1 til 7 stig.

**VEÐUR 4**



**SJALDGÆF SJÓN Í DESEMBER** Ekki er algengt að rekast á menn að malbika götur um miðjan desembermánuð, þegar yfirleitt er orðið of kalt fyrir slík störf. Þessir kappar frá malbikunarmiðstöðinni Höfða unnu þó að malbikun á Hlíðarfæti við Öskjuhlíð í góða veðrinu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Telur líklegt að loka þurfi grunnskólum

**Sveitarfélögin hafa kynnt menntamálaráðherra tillögur fyrir grunnskólana sem er lokatilraun til að ná samræmdum sparnaði. Kennarar leggjast alfarið gegn hugmyndunum. Segja þær arfavitlausar og feli í sér hættu á átökum.**

**MENNTAMÁL** „Þróun sem ég sé fyrir mér að gæti komið til er lokun fámennari skóla. Það gæti orðið neyðarbrauð einhverra sveitarfélaga að grípa til slíkra aðgerða," segir Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.



**HALLDÓR HALLDÓRSSON**

Sambandið hefur kynnt fyrir menntamálaráðherra tillögur sem gera myndu sveitarfélögunum kleift að svara hagræðingarkröfu innan grunnskólanna á næstu tveimur skólaárum. Krafan er 3,5 milljarðar á ári. Hver leið myndi spara um 1,5 milljarða.

Leiðin sem helst er talin líkleg felur í sér að stytta vikulegan kennslutíma um þrjár til fimm kennslustundir á viku. Slík leið krefst þess ekki að hróflað verði við kjarasamningum kennara. Önnur leið sem nefnd hefur verið, og er hluti af tillögum sambandsins, er stytting skólaársins úr 180 dögum í 170 dögum á ári.

> Ég trúi því ekki að menntamálaráðherra láti sér detta það í hug að verða við þessu. Þetta er arfavitlaust.
>
> **EIRÍKUR JÓNSSON**
> FORMAÐUR KENNARASAMBANDSINS

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur sú leið verið blásin út af borðinu vegna andstöðu kennara.

Halldór segir tillögurnar lokatilraun til þess að koma á samræmdum aðgerðum til að ná hagræðingu innan grunnskólans. Verði tillögunum hafnað þýði það að hvert sveitarfélag stendur eitt í baráttu sinni við þann fjárhagsvanda sem við er að glíma í þessu tilliti.

Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambandsins, er gagnorður þegar spurt er um hug hans til tillagna sveitarfélaganna. „Ég trúi því ekki að menntamálaráðherra láti sér detta það í hug að verða við þessu. Þetta er arfavitlaust." Hann segir að þessi leið hafi verið farin áður og það hafi verið upphafið að löngu tímabili verkfalla og óvissu.

Árið 2008 var kostnaður sveitarfélaganna vegna grunnskólanna 52 milljarðar eða fjörutíu til sextíu prósent af útgjöldum þeirra. Undanfarið hafa staðið yfir viðræður á milli sveitarfélaganna og mennta- og menningarmálaráðuneytið í þessu ljósi. Tilefnið er sá vandi sem mörgum sveitarfélögum er á höndum vegna alvarlegs tekjusamdráttar, en á yfirstandandi ári stefnir hann í að verða tíu milljarðar króna.

**- shá / sjá síðu 8**

Metsölulisti Eymundsson:

## Óvænt staða á toppnum

**FÓLK** Óvænt tíðindi urðu þegar metsölulisti Eymundsson var kunngjörður í gær en þá þurfti Arnaldur Indriðason og bók hans, Svörtuloft, að víkja úr toppsætinu fyrir sjálfshjálparbókinni Meiri hamingju sem Karl Ágúst Úlfsson og Ásdís Olsen gefa út. Í þriðja sætinu sat svo Egill „Þykki" Einarsson með Mannasiðabókina sína.

Ef marka má listann virðist sem íslenska bókaþjóðin vilji vita hvernig hún á að verða hamingjusöm eftir allt krepputalið og hvernig hún á haga sér.

**- fgg / sjá síðu 82**


EINFALT að skila og skipta!

Yfir 50.000 vöruliðir í úrvali allt árið




50 ára HAGKAUP fyrir íslendinga í 50 ár






18 tommu pönnupizza með 2 áleggstegundum

1990 kr.

Risa pizza

Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 • www.sbarro.is • sími: 517 7750



Opið til 22 · Kringlan



7 dagar til jóla

**SPURNING DAGSINS**



*Huginn Þór, er þetta ekki bölvaður barningur hjá þér?*

„Ef horft er til þess að ung stúlka samdi 1001 ævintýri á jafn mörgum nóttum til að bjarga lífi sínu er þetta hreinn barnaleikur hjá mér!“

Huginn Þór Grétarsson rithöfundur hefur gefið út sjö barnabækur hjá Óðinsauga síðasta árið og segist vera með yfir eitt hundrað slíkar í bígerð.

Annar tveggja skipverja bjargaðist er fimmtán tonna bátur steytti í skeri:

# Fórst á sjó við Fáskrúðsfjörð

**SJÓSLYS** Maður fórst er báti hlekktist á við eyjuna Skrúð utan við Vattarnes milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar í gærmorgun. Félagi mannsins komst um borð í gúmmíbát og var bjargað í land.

Að sögn Guðjón Más Jónssonar, formanns svæðisstjórnar björgunarsveitanna á Austurlandi, hvarf báturinn út af tilkynningarskyldu áður en björgunarsveitunum var gert viðvart um slysið fyrir klukkan níu um morguninn. Bátar í grenndinni og um sextíu björgunarsveitarmenn af Austurlandi tóku þátt í leit og aðgerðum auk þess sem tíu kafarar komu á staðinn allt sunnan úr Höfn í Hornafirði norður í Húsavík. Maðurinn í björgunarbátnum fannst fljótlega. Að sögn Guðjóns taldi hann félaga sinn enn vera í bátnum sem hafði hvolft og fannst um 3,6 sjómílur undan Vattarnesi. Kafarar leituðu í sjónum þar í kring töldu of áhættusamt að leita í bátnum vegna erfiðra hafstrauma. Því var báturinn dreginn inn á Fáskrúðsfjörð á lygnari sjó. Þar fundu kafarar manninn látinn í bátnum.

Guðjón segir að svo virðist sem báturinn hafi steytt á skeri. Mennirnir tveir voru að flytja hann frá Vopnafirði til Reykjavíkur.




Slysið í gær er fyrsta banaslys á sjó við Ísland í tvö ár. - gar

Fjárdráttarákæra þingfest:

## Landsbankamaður neitar

**DÓMSMÁL** Ákæra var þingfest í gær á hendur Hauki Þór Haraldssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra rekstrarsviðs Landsbankans, fyrir fjárdrátt sem nemur 118 milljónum króna. Haukur neitaði sök við þingfestinguna.

Hauki er gefið að sök að hafa dregið sér 118 milljónir úr sjóði á vegum Landsbankans með því að millifæra féð inn á reikning í eigin eigu tveimur dögum eftir bankahrunið í fyrra.

Sjálfur hefur Haukur sagst hafa verið að reyna að forða fjármunum bankans frá því að brenna upp við hrunið. - sh

# Byssa reyndist vasaljós meindýraeyðis

**Sérsveitarmenn skelltu Jóni Hilmari Hallgrímssyni í jörðina og handjárnuðu hann eftir að vistmaður sambýlis hafði tilkynnt um vopnaðan mann á heimili hans. Vopnið var vasaljós meindýraeyðis og skothvellirnir komu úr sjónvarpi.**

**LÖGREGLUMÁL** Meindýraeyðir með vasaljós og hávaði úr spennumynd í kraftmiklu hljómkerfi varð vistmanni sambýlis í Fossvogi tilefni til þess að tilkynna um vopnaburð og skothvelli í næsta húsi undir hádegi í gær. Vopnuð sérsveit handtók í kjölfarið karl og konu sem höfðu ekkert til saka unnið.

Vel á annan tug lögreglumanna tók þátt í aðgerðunum og vopnaðir sérsveitarmenn sátu um húsið nokkra hríð áður en ákveðið var að hafa samband við Jón Hilmar Hallgrímsson, sem inni var ásamt stúlku um tvítugt.

Jón Hilmar varð við beiðni lögreglu um að koma út úr húsinu. Hann var íklæddur hvítum buxum og hvítum bol, og neitaði af þeim sökum að hlýða sérsveitarmönnunum þegar þeir skipuðu honum að leggjast á jörðina. „Ég sagði við þá: Ég er ekki að fara að leggjast í drulluna strákar, hvað er að ykkur? Þá réðust þeir bara á mig. Ég vissi ekkert hvað var í gangi,“ segir Jón Hilmar.

Jón Hilmar er lemstraður eftir atganginn, með sár á enninu og bólginn á fæti. „Ég get ekki farið á hlaupabrettið næstu vikuna,“ segir hann. Auk þess séu buxurnar hans rifnar og hyggst hann sækja bætur vegna þess.

Jóni finnst lögreglan hafa gengið of hart fram. „Ég hef alveg komið við sögu lögreglu áður, en það er langt síðan. Ég er með nokkur tattú og er ekki í skátunum, en mér fannst sérsveitin fara fullharkalega að mér,“ segir Jón. Meira en áratugur sé síðan hann hlaut dóm.



Í JÁRNUM Jóni Hilmari var skellt í jörðina og hann handjárnaður eftir að hann neitaði að leggjast sjálfviljugur í götuna í skjannahvítum fötum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



JÓN HILMAR HALLGRÍMSSON

Eftir að lögreglan hafði leitað af sér allan grun í húsinu, og síðan sleppt fólkinu, lá atburðarásin nokkuð ljós fyrir: Vistmaður á sambýli í næsta húsi hafði séð meindýraeyði sniglast í garðinum með eitthvað í höndunum sem honum þótti líkjast byssu en var í raun vasaljós. Meindýraeyðirinn var að leita að rottum. Þegar svo heyrðust háværir skothvellir úr öflugu heimabíókerfi Jóns Hilmars lét vistmaðurinn starfsmann sambýlisins vita, og sá hringdi á lögregluna.

„Þetta er fyllilega í samræmi við okkar verklag og vinnureglur að öllu leyti,“ segir Stefán Eiríksson lögreglustjóri um vinnubrögð lögreglunnar. Þegar tilkynnt sé um vopnaða menn sé nauðsynlegt að bregðast með mikilli varúð. „Í flestum tilfellum reynist þetta nú vera orðum aukið eða einhver misskilningur – þannig er reynslan hjá okkur eins og í öðrum löndum – en við höfum engar forsendur eða heimildir til að gefa nokkurn afslátt af okkar viðbrögðum því við vitum aldrei hvenær alvöruútkallið kemur.“

stigur@frettabladid.is



SYSTURNAR Áhuginn á kjólum er systrunum í blóð borinn.

Netkjólabúð Seyðisfirði:

## Rekin af samstilltum systrum

**VERSLUN „Vintage“-kjólaverslunin Gleymmérei er rekin af þremur systrum á Seyðisfirði sem elska gamla kjóla. Seyðfirskar konur hafa tekið versluninni vel og eru margar farnar að klæðast kjólum frá liðnum árum dag hvern.**

**Kjólaáhuginn er þeim systrum í blóð borinn. „Við ólumst upp við það að mamma okkar, Guðborg Sigtryggsdóttir, geymdi kjólana sína eins og gull en á rigningardögum fengum við að taka þá fram og prófa,“ segir Sigurveig Gísladóttir.** - ve / sjá Allt

Brottfluttir Færeyingar:

## Harðfiskurinn truflar Dani

**DANMÖRK** Harðfiskur og annar þjóðlegur matur Færeyinga truflar starfsemi danskra pósthúsa fyrir jól hver. Starfsmenn þar óttast þá tíð þegar Færeyingar senda brottfluttum ættingjum og vinum matvæli að gjöf.

Færeyski Sósíalurinn hefur eftir dönskum miðli að til þess komi að flokkun hjá póstinum falli niður, ef gat kemst á færeyskan matarpakka.

Lars Kaspersen hjá Post Danmark, segir að það versta við jólin sé þegar lyktin af þurrkuðum fiski berst um allt pósthúsið. - kóþ

Loftslagsráðstefnan:

## Slagsmál úti og inni var deilt

**UMHVERFISMÁL Stálin stinn mættust í gær í Kaupmannahöfn, bæði inni á loftslagsráðstefnunni og fyrir utan. Mótmælaganga kom að höllinni undir hádegið og hluta mótmælenda lenti saman við lögreglu og voru nokkur hundruð handtekin.**

**Innan dyra var allt á suðupunkti. Þróunarríkin komu í veg fyrir að texta með hugmyndum að lokasamningi yrði dreift og töldu hann draga taum iðnríkjanna. Forseti ráðstefnunnar sagði af sér og forsætisráðherra Danmerkur, Lars Løkke Rasmussen, tók við. Allt er þó enn óvíst um útkomuna. Afríkuríkin mættu ekki á boðaðan blaðamannafund í gærkvöldi. Loftslagsráðstefnunni lýkur á morgun.** - kóp / sjá síðu 22-24

Umferðartafir við Grafarholt:

## Einn meiddist í aftanákeyrslu

**LÖGREGLUMÁL** Talverðar tafir urðu á umferð um Vesturlandsveg neðan Grafarholts eftir að þrír bílar lentu þar í aftanákeyrslu.

Einn einstaklingur var fluttur á spítala með sjúkrabíl. Talið var að hann væri lítillega meiddur á baki og háls. Bílarnir voru hins vegar mikið skemmdir samkvæmt upplýsingum frá lögreglu og þurfti að draga tvo þeirra með krana af vettvangi.

Talsvert lak niður af olíu úr bílunum og urðu því nokkrar tafir á umferð á meðan slökkvilið hreinsaði hana upp. - gar

**RÚMENÍA**

**Forsætisráðherra segir af sér**

Liviu Negoita, forsætisráðherra Rúmeníu, sagði af sér til að gefa Traian Basescu, nýendurkjörnum forseta, frjálsar hendur til að veita þeim sem hann kýs nýtt stjórnarmyndunarumboð.

SPARIÐ
með varmadælum
50-70% af rafhitunarkostnaði
1kw = 4.59kw Hiti
Kynningar afsláttur
Verð 210.000
sem hitar ca 60 m²
Verð 307.000
sem hitar ca 110 m²
5 ára ábyrgð á kælipressu
varmadaela.is • S: 823-9448



Íranar ögra leiðtogum Vesturlanda með tilraunaskoti langdrægs flugskeytis:

# Eykur enn á spennuna

**ÍRAN, AP** Íranar gerðu í gær tilraun með endurbætta gerð langdrægs flugskeytis, sem hægt væri að skjóta á Ísrael og hluta Evrópu.

Tilraunin eykur enn á spennu milli Írans og Vesturlanda, sem hafa með litlum árangri reynt að fá Írana til að draga úr kjarnorkuáformum sínum.

Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, segir málið alvarlegt og auki líkur á frekari refsiaðgerðum gegn Íran.

Flugskeytið er af gerðinni Sajjil-2 og dregur um 2.000 kílómetra. Þar með er Ísrael innan skotlínu þess, ásamt herstöðvum Bandaríkjahers við Persaflóa og hluta Suðaustur-Evrópu. Íran hefur ítrekað heitið hörðum viðbrögðum ef Ísrael eða Bandaríkin tækju upp á því að ráðast á kjarnorkustöðvar í Íran. Ahmad Vahidi, varnarmálaráðherra Írans, segir nýja flugskeytið hafa mikinn fælingarmátt gegn árásum erlendra ríkja. Nýja flugskeytið fari hraðar en eldri gerðin og því eigi að vera erfiðara að skjóta það niður með eldflaugavarnarkerfum.

Íranar hafa jafnan harðneitað ásökunum Bandaríkjanna og annarra Vesturlanda um að þeir hyggist koma sér upp kjarnorkuvopnum, þrátt fyrir uppbyggingu kjarnorkuvinnslu. Kjarnorkuna segjast þeir eingöngu ætla að nota í friðsamlegum tilgangi til að framleiða rafmagn. - gb



TILRAUNASKOT Íranar skjóta upp nýja flugskeytinu Sajjil-2. NORDICPHOTOS/AFP

# JÓLAJGÖF Á BETRA VERÐI

**20% afsláttur**

smáraftæki - búsáhöld
leikföng - rafmagnsverkfæri



**Töfrasproti**
sett m/mini hakkara og hníf
1850073
**4.590** ~~6.490~~



**Pizzaofn**
1000W, snúnings-platti, 4 stillingar
1840935
**15.990** ~~19.995~~



**Brauðvél**
Unold, 750 - 1000 gr
1841103
**15.990** ~~19.995~~



**Pizzapanna**
rafmagns
1840711
**4.990** ~~5.990~~



**Kleinuhringjajárn**
1000W
1840839
**3.990** ~~4.990~~

Nýjar vörur í búsáhalda-deild



**Hnífasett**
6 stk
2000829
**5.499** ~~6.990~~



**Pottur**
18 sm
2000765
**2.399** ~~3.399~~



**Blandari**
M/glerkönnu, klaka-stilling, 700W
1850033
**7.950** ~~9.949~~



**Bræðslupottur f/súkkulaði**
1807500
**3.990** ~~4.990~~



KYNNINGAR VERÐ
verð frá
**14.995**

**Sódavatnsvél**
Litir: rautt, svart, hvítt, silfur og stál
1841204



**Kubbar**
5857645
**639** ~~799~~



**Eldhússett**
5857624
**1.599** ~~1.999~~



**Hleðsluborvél**
14.4V, Flýtipatróna, LCD ljós sýnir hleðslu á rafhlöðu
5245224
**4.799** ~~5.999~~



**Stingsög**
Power Plus - 500W, m/framkasti
5245208
**3.599** ~~4.499~~



**Juðari**
Power Plus -135W
5245212
**1.590** ~~1.989~~

blómaval



# Jólatré
Normannsþinur
Rauðgreni
Stafafura

Jólastjarna **799**

HÚSASMIÐJAN

Túlipanar 10 stk **1490**

Hýasinta **299**

Leiðiskross skreyttur **2990**

## GENGIÐ 16.12.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,95 | 126,55 |
| Sterlingspund | 205,62 | 206,62 |
| Evra | 183,26 | 184,28 |
| Dönsk króna | 24,623 | 24,767 |
| Norsk króna | 21,774 | 21,902 |
| Sænsk króna | 17,606 | 17,71 |
| Japanskt jen | 1,4036 | 1,4118 |
| SDR | 199,06 | 200,24 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
237,1368

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skjalasafn Ríkissaksóknara til tuttugu ára flutt í betri geymslur:

# Þrír bílar af skjölum til Ísafjarðar

**STJÓRNSÝSLA** Skjöl sem safnast hafa upp á 22 árum hjá embætti Ríkissaksóknara voru í gær ferjuð úr húsakynnum Ríkissaksóknara við Hverfisgötu í þrjá flutningabíla. Bílarnir munu síðan flytja skjölin til Ísafjarðar, þar sem þau verða framvegis geymd á vegum Þjóðskjalasafns.

„Þetta er búið að valda okkur vandræðum lengi og þrengja að okkur auk þess sem þetta eru alls ófullnægjandi geymsluaðstæður," segir Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari. Gögn frá árunum 1981 til 2003 verða send til Ísafjarðar, en verða embættinu þó áfram aðgengileg. **- sh**



**MIKIÐ AF SKJÖLUM** Valtýr, sem hér tekur á honum stóra sínum, segist ekki með vissu geta sagt til um magn skjalanna. Stjórnvöld veittu fimm milljónir til þess verkefnis að flytja skjölin vestur og hirða um þau þar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Evrópusambandið:

# Niðurskurður fiskveiðikvóta

**BRUSSEL, AP** **Evrópusambandið minnkaði veiðikvóta fyrir þorsk og bannaði alveg veiðar á nokkrum tegundum hákarla, en heimilaði hins vegar meiri veiðar á ansjósu.**

**Sjávarútvegsráðherrar Evrópusambandsríkjanna tóku ákvarðanir um þetta í gær, þegar kvótar fyrir næsta ár voru afgreiddir.**

**Umhverfisverndarsinnar gagnrýndu kvótasamkomulagið og segja að þrátt fyrir minni kvóta á sumar tegundir markist ástand flestra fiskistofna af viðvarandi ofveiði.** **- gb**



**SILVIO BERLUSCONI** Annar maður reyndi að ráðast á hann í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Berlusconi enn á sjúkrahúsi:

# Hefur hægt um sig næstu vikur

**ÍTALÍA, AP** Silvio Berlusconi, hinn umdeildi en vinsæli forsætisráðherra Ítalíu, er enn á sjúkrahúsi en útskrifast hugsanlega í dag.

Hann meiddist illa í andliti þegar maður réðst á hann á útifundi á sunnudag, en í gær reyndi annar maður að ráðast á hann á sjúkrahúsinu. Sá komst upp á sömu hæð og Berlusconi liggur á á sjúkrahúsi í Mílanó, en var stöðvaður áður en hann komst inn í stofuna. Berlusconi á erfitt með að borða, en ekki er talið að meiðsli hans verði honum til trafala þegar frá líður. Læknar hafa þó ráðlagt honum að hafa hægt um sig næstu tvær vikurnar að minnsta kosti. **- gb**



**Í SEÐLABANKANUM** Franek Rozwadowski og Mark Flanagan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## LEIÐRÉTTING

Mistök urðu til þess að á síðu 10 í blaði gærdagsins birtist mynd af Franek Rozwadowski, sendifulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á Íslandi, í stað myndar af Mark Flanagan, yfirmanni sendinefndarinnar AGS á Íslandi.

# Hægt að ná árangri í óbreyttu skattkerfi

**Viðskiptaráð Íslands varar við víðtækum skattkerfisbreytingum sem óvíst sé að skili tilætluðum árangri. Ráðið leggur í nýrri skýrslu til skattahækkanir og samdrátt hjá ríkinu. Opinber útþensla hafi hvergi í OECD verið meiri en hér síðustu ár.**

**EFNAHAGSMÁL** Mælt er með blandaðri leið skattahækkana og aðhalds hjá hinu opinbera í nýrri skýrslu sem Viðskiptaráð Íslands gaf út í gær um fjármál hins opinbera. Á kynningu ráðsins á skýrslunni kom fram að með skattahækkunum og aðhaldi í óbreyttu skattkerfi mætti ná sama árangri og stefnt er að hjá stjórnvöldum með víðtækum skattkerfisbreytingum og hækkunum skatta.

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, segir forsvarsmenn ráðsins hafa saknað þess að fram færi umræða af „meiri dýpt" þegar til stæðu einhverjar umfangsmestu breytingar á skattkerfi landsins sem lengi hafi verið gerðar. „Stefnan nú jafngildir því nánast að skipta um bát í haugasjó án þess að vita í raun hvort sá bátur sem farið er í sé sjófær," segir hann. „Ákvarðanir okkar í fjármálum hafa áhrif á trúverðugleika okkar út á við og veruleg áhrif á samkeppnishæfi atvinnulífsins í heild. Við þurfum að forðast að fólk og fjármagn flýi og komum því fram með hugleiðingar okkar nú."

Í skýrslunni er bæði farið yfir þær ráðstafanir skattamála sem til stendur að ráðast í samkvæmt fjárlögum ársins 2010 og tillögur Viðskiptaráðs um aðrar leiðir.

Fram kemur í skýrslu viðskiptaráðs að útþensla ríkisins hafi óvíða verið meiri en hér síðustu ár. Þannig hafi opinber útgjöld aukist fimmfalt hér á landi miðað við það sem gerst hafi að meðaltali í ríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) síðustu þrjátíu ár. Þar nemi hækkunin fimm prósentum, en 25 prósentum hér. „En aðlögunin nú fer fyrst og fremst fram í gegnum einkageirann," segir Finnur.

Í kynningu Viðskiptaráðs á skýrslunni segir hins vegar að í þeirri stefnu sem mörkuð hafi verið felist takmarkaður niðurskurður útgjalda og veruleg aukning skattheimtu. „Þessi leið er að mati Viðskiptaráðs afar misráðin og dregur úr sjálfbærni ríkisfjármála til framtíðar. Við núverandi aðstæður er heppilegra að stjórnvöld velji hagnýtar leiðir sem byggja á raunsæi og varðstöðu um heildarhagsmuni," segir þar.

Meðal tillagna ráðsins er endurskoðun á útgjaldaliðum ráðuneyta og tekjuöflun í gegnum lífeyrissjóði og með sölu ríkiseigna, efling fjárlagaferlisins og fjölmargir fleiri þættir. **olikr@frettabladid.is**



**FINNUR ODDSSON OG TÓMAS MÁR SIGURÐSSON** Finnur er framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands og Tómas Már formaður. Þeir kynntu í gær, ásamt Frosta Ólafssyni aðstoðarframkvæmdastjóra, nýja skýrslu ráðsins um fjármál hins opinbera. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SKATTABREYTINGAR 2009/2010**

| Skattur | Ársbyrjun | 1. júlí | 2010 |
|---|---|---|---|
| Fjármagnstekjuskattur | 10% | 15% | 18% |
| Virðisaukaskattur | 7/24,5% | 7/24,5% | 7/14/24,5% |
| Tekjuskattur fyrirtækja | 15% | 15% | 18% |
| Tryggingagjald | 5,34% | 7% | 8,6% |
| Tekjuskattur | 24,1% | 24,1/32,1% | 24,1/27/33% |
| Meðalútsvar | 13,1% | 13,1% | 13,1% |
| Nýir skattar | - | - | 5,6 ma.kr. |
| Auðlegðarskattur | - | - | 1,25% |

Heimild: Viðskiptaráð Íslands

Hf. stofnað um Landspítala:

# Nýtt hlutafélag leigi ríkinu nýja Landspítalann

**LANDSPÍTALI** Alþingi heimilaði í gær undirbúning útboðs vegna leigu ríkisins á nýjum Landspítala við Hringbraut. Einnig veitti þingið ríkinu heimild til að stofna hlutafélag um byggingu nýja spítalans og til að veita félaginu lóðarréttindi við Hringbraut.

Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, gagnrýndi að ekki hefðu verið færð nægilega góð rök fyrir því að reisa nýtt sjúkrahús við Hringbraut.

„Ég tel að sú staðsetning sem hefur verið ákveðin og liggur fyrir sé ekki sú heppilegasta," sagði Jón en kvaðst hins vegar telja mikilvægt að undirbúa framkvæmdir vegna nýs spítala. **- pg**

Varaformanni VR vikið frá:

# Sagður ljúga og lítilsvirða VR

**FÉLAGSMÁL** **Stjórn VR samþykkti í gær vantraust á Bjarka Steingrímsson sem varaformann stjórnar félagsins.**

**„Ástæðurnar eru trúnaðarbrestur og samstarfsörðugleikar. Að mati stjórnar tók steininn úr þegar hann hélt ræðu á útifundi á Austurvelli hinn 5. desember síðastliðinn þar sem hann lítilsvirti ekki eingöngu störf eigin félags heldur verkalýðshreyfingarinnar í heild sinni," segir í yfirlýsingu stjórnarinnar, sem kveður Bjarka ítrekað hafa í nafni félagsins talað gegn ákvörðunum stjórnarinnar.**

**„Þá hefur Bjarki dylgjað um meint leynimakk innan félagsins, farið með ósannindi og sakað samstjórnendur sína um blekkingar."** **- gar**






## VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir
Veðurfréttamaður

**HVÍT JÓL?** Það kólnar á landinu þegar nær dregur helgi og því er ekki loku fyrir það skotið að jólin verði hvít að þessu sinni, að minnsta kosti á hluta landsins. Það fer væntanlega að snjóa norðaustanlands á laugardaginn.




Á MORGUN
Fremur hægur vindur fram eftir degi.

LAUGARDAGUR
Stormur með A-ströndinni.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 3° |
| Berlín | -2° |
| Billund | 0° |
| Eindhoven | 1° |
| Frankfurt | -2° |
| Friedrichshafen | -4° |
| Gautaborg | -5° |
| Kaupmannahöfn | -1° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 4° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 2° |
| Orlando | 22° |
| Ósló | -6° |
| París | 2° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | -5° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Kæru landsmenn

Með samþykkt stofnefnahagsreiknings Landsbankans (NBI hf.) er stórum áfanga náð í endurreisn bankakerfisins á Íslandi. Efnahagsreikningurinn sýnir svo ekki verður um villst að bankinn hefur þá stærð og þann styrk sem þarf til að þjóna íslensku atvinnulífi og almenningi í þeim krefjandi verkefnum sem framundan eru. Erlend fjármögnun skapar Landsbankanum sterka stöðu og tryggir mikilvægan stuðning við útflutningsfyrirtækin.

Landsbankinn víkur sér ekki undan sögu sinni. Í röðum starfsmanna sameinast þekking úr farsælu starfi bankans í ríflega eina öld og reynsla frá liðnum árum sem brýnt er að draga lærdóm af og nýta í uppbyggingarstarfinu framundan. Aðstæður kalla á að varkárni og tillitssemi sé höfð að leiðarljósi í því starfi. Þau gildi sem starfsfólkið hefur sameinast um að gera að leiðarstefi sínu eru:

**VIRÐING | HEILINDI | FAGMENNSKA | ELDMÓÐUR**

Gildin gera ríkar kröfur til þess að í daglegu starfi bankans fari saman orð og athafnir. Eignarhald Landsbankans er skýrt. Erindi hans er það líka. Einskis verður látið ófreistað til þess að bankinn öðlist fyrri sess í hugum Íslendinga.

Fyrir hönd stjórnar og starfsfólks Landsbankans

Ásmundur Stefánsson
bankastjóri

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.
ENNEMM / SÍA / NM39719

**LANDSBANKINN** | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

**KJÖRKASSINN**



*Telur þú að breytingar á loftslagi kunni að ógna lífsskilyrðum á Íslandi?*

| | |
|---|---|
| Já | 47,7% |
| Nei | 52,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á ríkið að fara í skaðabótamál við einstaklinga vegna bankahrunsins?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Sjálfstæðismenn sögðu sig frá samstarfi um fjárhagsáætlun í bæjarstjórn:

# Telja Árborg stefna í tæknilegt þrot

**SVEITARSTJÓRNIR** Fulltrúar minnihluta Sjálfstæðisflokks í bæjarstjórn Árborgar sögðu sig frá samstarfi við meirihlutann um gerð fjárhagsáætlunar næsta árs og greiddu atkvæði gegn áætluninni þegar hún var samþykkt í gærkvöldi.

„Samkvæmt áætlun meirihlutans verður eigið fé neikvætt um 264 milljónir. Í raun er því lögð fram hér áætlun þar sem stefnir í tæknilegt gjaldþrot bæjarsjóðs um mitt næsta ár þegar eigið fé bæjarsjóðs verður uppurið,“ segir í bókun sjálfstæðismanna. „Fjárhagsáætlun meirihlutans gerir ráð fyrir 629 milljóna króna tapi af rekstri árið 2010. Tapið er svipað og á yfirstandandi ári en það er áætlað 640 milljónir.“

Sjálfstæðismenn segja uppsafnað tap fyrir árin 2008 til 2010 samkvæmt fjárhagsáætluninni vera 2.480 milljónir króna eða yfir tvær milljónir á hverjum degi. „Það er ekki auðvelt verkefni sem bíður næstu bæjarstjórnar því fyrr frekar en síðar þarf að ná jafnvægi í rekstri. Ekki er útlit fyrir greiðsluþrot á árinu 2010 miðað við að það takist að fá 530 milljónir í ný lán á árinu. Meiri óvissa er með 2011 og hvernig unnt verður að tryggja fjármagn og forðast greiðsluþrot bæjarsjóðs,“ segja sjálfstæðismenn og vísa ábyrgð á stöðunni á hendur meirihluta Samfylkingar, Framsóknarflokks og Vinstri grænna sem starfað hafi frá því í desember 2006. - gar



**RÁÐHÚSIÐ Á SELFOSSI** Sjálfstæðismenn í Árborg segja sveitarfélagið hafa tapað nær tveimur milljörðum á tveimur árum og að enn eigi eftir að bæta við tapið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tveggja ára drengur í Brasilíu:

# Alþakinn nálum innvortis

**BRASILÍA, AP** Læknar í Brasilíu hafa fundið allt að 50 saumnálar í líkama tveggja ára drengs. Sumar þeirra eru allt að fimm sentimetra langar.

Svo virðist sem nálunum hafi verið stungið í líkamann einni og einni í einu, því hann hefði ekki getað gleypt þær. Læknar vonast til þess að geta fjarlægt flestar þeirra, en sumar er ekki hægt að hreyfa vegna þess að þær eru rétt hjá eða í mikilvægum líffærum. Móðir drengsins kom með hann á sjúkrahús í bænum Ibotirama í síðustu viku eftir að hann hafði kvartað undan verkjum og kastað upp. - gb




# Lokað var á Álftanes í bönkum og sjóðum

**Arion banki og Lánasjóður sveitarfélaga synjuðu Álftanesi um meira lánsfé og sveitarfélagið er komið í þrot. Áætlað er að Álftanes þurfi að borga 626 milljónir króna af lánum á næsta ári – þar af er 430 milljóna kúlulán. Íbúafundur í kvöld.**

**SVEITARSTJÓRNIR** Heildarskuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins Álftaness eru 495,3 prósent af heildartekjum árið 2009 og 626,2 prósent að frátöldum bókfærðum tekjum vegna sölu byggingarréttar. Þetta kemur fram í skýrslu eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.

„Sveitarfélagið Álftanes er komið í greiðsluþrot. Það getur ekki staðið við sínar skuldbindingar og hefur verið synjað um frekari lánafyrirgreiðslu hjá viðskiptabanka sínum,“ segir í helstu niðurstöðum skýrslunnar. „Beiðni sveitarfélagsins til Lánasjóðs sveitarfélaga um lán vegna lausafjárskorts hefur ekki skilað árangri og tilgreinir lánasjóðurinn að aðkoma sjóðsins að málinu verði í samvinnu við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga,“ er síðan bætt við.

Eftirlitsnefndin segir hallann á rekstri sveitarfélagsins árið 2008 hafa verið 832 milljónir króna og að í ár sé gert ráð fyrir að hallinn verði 238,3 milljónir – en 568,6 milljónir ef frá eru taldar bókfærðar tekjur vegna sölu á byggingarrétti.

Skuldir og skuldbindingar Álftaness eru um 7,4 milljarðar króna, að sögn eftirlitsnefndarinnar. Eins og haft var eftir Kristjáni L. Möller sveitarstjórnarráðherra í Fréttablaðinu í gær nema svokallaðar skuldbindingar utan efnahags tæplega þremur milljörðum, að mestu vegna langtímasamninga við Fasteign hf. sem leigir Álftnesingum sundlaug og íþróttamannvirki.

„Sé miðað við sömu skatttekjur sveitarfélagsins árið 2010 og reiknað er með árið 2009 [1.174 milljónum] þurfa rekstrarútgjöld að minnka um tæplega 900 milljónir króna til að eiga fyrir öllum rekstri málaflokka og næsta árs afborgunum,“ segir eftirlitsnefndin sem upplýsir jafnframt að áætluð greiðslubyrði lána árið 2010 sé 626,3 milljónir króna, þar af samtals 430 milljóna kúlulán hjá Arion banka og Lánasjóði sveitarfélaga.

„Þrátt fyrir 832 milljóna króna halla á rekstri sveitarfélagsins árið 2008 hefur sveitarfélagið ekki gripið til víðtækra rekstrarhagræðingaraðgerða til að koma rekstrinum í jafnvægi,“ segir í skýrslunni og útlitið er ekki málað björtum litum:

„Þrátt fyrir að gripið verði nú þegar til verulegrar rekstrarhagræðingar, hækkunar fasteignaskatts og álagi á útsvar verði beitt er vandséð að Sveitarfélagið Álftanes geti orðið sjálfbært nema til komi verulegur utanaðkomandi stuðningur.“

Skýrslan hefur nú verið gerð aðgengileg á heimasíðu Álftaness. Í kvöld klukkan átta munu forystumenn sveitarfélagsins fara yfir stöðuna á íbúafundi í íþróttahúsinu. gar@frettabladid.is




**KVÖLD Á ÁLFTANESI** Um 2.500 manns búa á Álftanesi og deila þar með sér 7,4 milljarða króna skuldabyrði. Sé skuldunum deilt á þá 1.234 Álftnesinga sem kusu í síðustu bæjarstjórnarkosningum 2006 eru þær um sex milljónir á mann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Fulltrúar minnihlutans í bæjarstjórn Álftaness segja skýrslu gefa ranga mynd:

# Segja óþarft að hækka álögur

**SVEITARSTJÓRNIR** „Við höfnum algjörlega þeim hugmyndum sem settar hafa verið fram um hækkanir fasteignaskatta, útsvars og stórfellds niðurskurðar á þjónustu til að leysa rekstrarvanda sveitarfélagsins og vísum í því sambandi til boðaðra aðgerða ríkisstjórnar um auknar skattaálögur,“ segja bæjarfulltrúar minnihluta Á-listans á Álftanesi.

Fulltrúar Á-listans telja rangt að segja skuldir og skuldbindingar Álftaness vera 7,4 milljarða króna. Nær sé að tala um að skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins séu um fjórir milljarðar. Það sé meðal annars vegna þess að ekki sé tekið tillit til hagræðingar af leiguskuldbindingum og þess að í það stefni að þær lækki um fjörutíu prósent um áramótin og skuldbindingar falli þannig úr tæpum þremur milljörðum í um 1,7 milljarða. „Af þessum fjórum milljörðum má rekja einn milljarð beint til efnahagshrunsins á Íslandi,“ segja þeir og bæta við að eignir sveitarfélagsins séu vanreiknaðar um allt að ríflega tvo milljarða króna vegna vanmats á lóðum og löndum.

Meðal skuldbindinga er samningur við Fasteign ehf. um leigu á íþróttamannvirki og sundlaug. Leigan hefur nú verið lækkuð og á að nema um 155 milljónum króna á næsta ári. Fulltrúar Á-listans benda á að samningurinn við Fasteign hafi verið samþykktur samhljóða í bæjarstjórn á árinu 2006. Skýrsla frá ráðgjafafyrirtæki hafi sýnt að sveitarfélagið réði við fjárfestinguna og bæjaryfirvöld metið það svo að ný sundlaugarmannvirki, sem séu senn skólamannvirki og til almenningsnota, myndu styrkja búsetu á Álftanesi og auðvelda uppbyggingu í nýjum miðbæ. Hluti af fjárfestingunni kæmi því til baka með nýjum tekjum. - gar



**SIGURÐUR MAGNÚSSON** Fyrrverandi bæjarstjóri Álftaness segir skuldir bæjarins ofmetnar og tekjur og eignir vanmetnar í nýrri skýrslu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# Allt í hátíðarmatinn

EINFALDLEGA MEIRA
ÚRVAL UM JÓLIN

*í einni ferð!*



Villigæsabringur



Kengúra



Strútskjöt



Hreindýrafille



Skógardúfa



Dádýr



Reyktur hátíðarkjúklingur



Frönsk berberieönd



Lambalæri úrbeinað að hætti Jóa Fel



Einiberja hátíðarlambalæri



Franskar andabringur



Rjúpa skosk



Krónhjörtur



Kalkúnaskip smjörsprautað



Hreindýrasteik að hætti Jóa Fel



Grágæs

50 ára HAGKAUP *fyrir Íslendinga í 50 ár*

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað hafa ástralskir vísindamenn séð hryggleysingja gera í fyrsta sinn?*
2. *Hve margir Reykvíkingar tóku þátt í fyrstu netkosningunni um forgangsröðun framkvæmda hjá borginni?*
3. *Hvað heitir erlendi kvikmyndaleikstjórinn sem niðurgreiðir hér námskeið í innhverfri íhugun?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 82

Dómsmálaráðherra mælir fyrir frumvarpi um breytingu á lögum um dómstóla:

# Vill fjölga héraðsdómurum

**DÓMSTÓLAR** Dómsmálaráðherra, Ragna Árnadóttir, hefur lagt til að heimilt verði að fjölga héraðsdómurum tímabundið.

Ráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi um breytingar á lögum um dómstóla þar sem lagt er til að heimilt verði að fjölga héraðsdómurum tímabundið um fimm, úr 38 í 43.

Gert er ráð fyrir að dómarar verði 43 fram til 1. janúar 2013. Eftir þann tíma skuli ekki skipa í embætti héraðsdómara sem losna fyrr en þess gerist þörf, þar til dómarar í héraði verða aftur 38 að tölu. Auk þess er gert ráð fyrir að löglærðum aðstoðarmönnum héraðsdómara verði fjölgað um fimm.

Ráðherra benti í framsöguræðu sinni á að þeir atburðir sem leiddu til falls bankanna síðastliðið haust hafi haft mikil áhrif á stofnanir réttarvörslukerfisins. Búast megi við að dómstólarnir þurfi að takast á við aukinn fjölda sakamála vegna efnahagsbrota, meðal annars í kjölfar rannsókna hjá embætti sérstaks saksóknara. Þá megi gera ráð fyrir auknum fjölda einkamála fyrir dómstólum og þar með talið kærumálum vegna slita á fjármálafyrirtækjum. - jss



**RAGNA ÁRNADÓTTIR** Héraðsdómurum verði fjölgað tímabundið.

Rúmenskur maður tekinn:

# Var með hálft kíló af kókaíni

**LÖGREGLUMÁL** Rúmenskur karlmaður var tekinn með rúmt hálft kíló af kókaíni við komuna til landsins um helgina. Hann var með efnin innvortis en skilaði þeim fljótlega af sér.

Maðurinn var að koma hingað til lands frá Kaupmannahöfn. Tollgæsla stöðvaði hann við hefðbundið eftirlit. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald til 22. desember.

Lögreglan á Suðurnesjum rannsakar málið. Maðurinn er talinn hafa verið burðardýr og snýr rannsóknin meðal annars að því að finna tengilið hans hér á landi. - jss




# Kennarar vilja ekki sjá leið sveitarfélaga

**Sveitarfélögin hafa kynnt menntamálaráðherra leiðir til að ná 1,5 milljarða sparnaði á ári í grunnskólunum. Nokkrar leiðir geta náð settu marki en kennarar segja þær allar jafn slæmar og hafna þeim með alfarið.**

**MENNTAMÁL** Samband íslenskra sveitarfélaga hefur lagt fram tillögur sem gera myndu sveitarfélögunum kleift að svara hagræðingarkröfu innan grunnskólanna á næstu tveimur skólaárum. Sú leið sem er talin líklegust til árangurs felur í sér skerðingu á kennslu sem nemur þremur til fimm stundum á viku að hámarki.

Tillögurnar fela í sér að heimilað verði að stytta vikulegan kennslutíma, að heimilað verði að færa til kennslumagn á milli tímabila og að skólaárið verði stytt úr 180 dögum í 170. Allar leiðirnar eru taldar spara um 1,5 milljarða króna.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er helst horft til þeirrar leiðar að stytta vikulegan kennslutíma, svokallaðrar 5-4-3 leiðar. Þar er vísað til þess hversu margar kennslustundir yrðu skornar af kennslu eftir aldri barna og færri eftir því sem barnið er yngra.

Það sem er mikilvægt við þessa leið er að ekki þyrfti að hrófla við kjarasamningum. Stytting skólaársins krefst breytingar á kjarasamningum og heimildir Fréttablaðsins herma að sú leið hafi verið blásin út af borðinu vegna andstöðu kennara.



**KRAKKAR Í FLATASKÓLA** Ekki er síst tekist á um hvort fækkun kennslustunda rýri gæði skólastarfsins og hvort brotið sé á réttindum barna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, segir að 5-4-3 leiðin komi ekki frekar til greina en stytting skólaársins. Þessi leið hafi verið farin á sínum tíma og kallað yfir þjóðina tímabil verkfalla og átaka. „Ég trúi því ekki að menntamálaráðherra láti sér detta það í hug að verða við þessu. Þetta er arfavitlaust.“

Eiríkur segir það ekki ganga upp að tala um hagræðingu í þessu sambandi því um sé að ræða grófan niðurskurð og þjónustuskerðingu sem verið sé að boða. Það skipti heldur engu máli að málið sé kynnt með þeim hætti að breytingarnar eigi aðeins að ná til tveggja ára. Sjálfgefið sé að ekki verði snúið til baka fyrr en eftir langan tíma. Svo séu þessar breytingar í grunninn brot á réttindum þeirra barna sem gangi í grunnskóla á þeim tíma sem þær nái til.

Halldór Halldórsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að verði þessum hugmyndum hafnað sé ljóst að hvert og eitt sveitarfélag verði að leita sinna eigin leiða til að ná þeirri miklu hagræðingu sem þurfi innan grunnskólans og sveitarfélaganna í heild.

Halldór undirstrikar að sveitarfélögin muni verja störf fram í rauðan dauðan. Hins vegar sé honum ljós afstaða kennara. Því megi segja að menntamálaráðherra sé á milli steins og sleggju. svavar@frettabladid.is

Tveir karlmenn dæmdir í tveggja og hálfs árs fangelsi:

# Reyndu að smygla tæplega sex þúsund töflum til landsins

**DÓMSMÁL** Tveir karlmenn hafa verið dæmdir í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir að reyna að smygla til landsins tæplega sex þúsund fíkniefnatöflum, sem innihéldu meðal annars metamfetamín. Mennirnir, Marcin Piotr Gosz og Apoldeusz Wincenty Wroblewski, eru báðir pólskir ríkisborgarar. Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjaness.

Fíkniefnin fundust í farangri mannanna þegar þeir komu til landsins með flugi í september síðastliðnum frá Varsjá. Þeir höfðu falið þau í niðursuðudósum.

Annar mannanna bar að hann hefði verið þvingaður til að fara til Íslands með pakka sem hann vissi ekki hvað var í. Hefði hópur karlmanna komið á heimili hans í Póllandi 4. eða 5. september og sagt honum að hann ætti að fara með pakka til Íslands og að þeir myndu meiða hann og son hans ef hann yrði ekki við kröfu þeirra.

Hinn maðurinn sagðist hafa keypt niðursuðudósirnar sem hann var með á markaði í Varsjá skömmu áður en hann lagði upp í ferðina. Hann hefði ekki vitað betur en að einungis væri kjötmeti í þeim.

Mennirnir kváðust ekki þekkja hvor annan. Dómurinn taldi sannað að þeir hefðu ætlað að smygla töflunum hingað til lands. - jss



**METAMFETAMÍN** Töflurnar innihéldu, auk annars, metamfetamín.



# LOKA AFMÆLISSPRENGJA

**20%** AFSLÁTTUR

AF **ÖLLUM** VÖRUM

**aðeins í dag fimmtudag**

*gildir fimmtudaginn 17. desember*

GARÐHEIMAR
10 ára!

OPIÐ TIL KL.
22:00
TIL JÓLA

*Minnum á nýju netverslunina okkar á www.gardheimar.is*



**FERÐALANGAR Í LONDON** Ferðamenn taka myndir hvor af öðrum á Westminster-brú í London þegar svolítill snjór féll eftir kalda nótt. NORDICPHOTOS/AFP

Fíkniefnalögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði tvær ræktanir:

# Kannabisræktun í glæsiíbúð

**LÖGREGLUMÁL** Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun í fjölbýlishúsi í Gerðunum í Reykjavík í fyrradag. Ræktunin var í 120 fermetra glæsiíbúð sem var meira og minna undirlögð af kannabisplöntum. Þær reyndust vera um 160 talsins.

Einnig fann lögregla um 25 grömm af maríjúana í íbúðinni, auk tveggja kílóa af þurrkuðum laufum sem ræktendur nota til að búa til hassolíu.

Karlmaður á þrítugsaldri var handtekinn á staðnum. Hann virtist hafa búsetu í smákytru í íbúðinni. Á sunnudag tók fíkniefnadeildin kannabisræktun á Laugavegi. Hún var ekki stór, um 35 plöntur, en þær voru þeim mun öflugri. Ræktunin var á annarri hæð í húsi á miðjum Laugaveginum. Leigutaki húsnæðisins, rétt rúmlega tvítugur maður, er grunaður um að hafa staðið að ræktuninni en hann hafði ekki verið yfirheyrður um hádegisbil í gær.

Að sögn lögreglu virðast kannabisræktanir nú hafa breyst. Ræktanirnar eru smærri í sniðum innan höfuðborgarsvæðisins, sem talið er gert til að dreifa áhættunni. Ræktendur verði þá fyrir minna „tjóni“ þegar lögreglan bankar upp á. - jss



**KANNABIS** Lögreglan hefur stöðvað tvær ræktanir á undanförnum dögum.

Fiskimjöl Fóðurblöndunnar:

## Hækka um allt að fimmtung

**SJÁVARÚTVEGUR** Allt tilbúið fiskafóður hjá Fóðurblöndunni hækkar um tíu til tuttugu prósent, samkvæmt tilkynningu sem fyrirtækið sendi frá sér í gær.

Hækkunin, sem er mismikil eftir tegundum, tekur gildi í dag, miðvikudaginn 16. desember.

„Ástæður hækkunarinnar eru fyrst og fremst gífurlegar hækkanir á fiskimjöli innanlands,“ segir í tilkynningunni og tekið er fram að fiskimjöl hafi hækkað um ríflega 100 prósent á síðustu tólf mánuðum. „Þessi hækkun mun hafa áhrif á aðrar fóðurblöndur félagsins sem innihalda fiskimjöl.“ - óká


# Lokað

Vegna starfsmanna- og stefnumótunarfundar
verður lokað á öllum skattstofum landsins og hjá ríkisskattstjóra
**föstudaginn 18. desember.**

- Ríkisskattstjóri
- Skattstjórinn í Austurlandsumdæmi
- Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi eystra
- Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi vestra
- Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi
- Skattstjórinn í Reykjavík
- Skattstjórinn í Suðurlandsumdæmi
- Skattstjórinn í Vestfjarðaumdæmi
- Skattstjórinn í Vestmannaeyjum
- Skattstjórinn í Vesturlandsumdæmi

Jólamarkaður Fjarðar
í Hafnarfirði

BABY born



BABY born kastali
Súpertilboð: Áður: 44.900 Nú 16.900

LEGO
Gott úrval af Lego
35% afsláttur





Bratz dúkkur frá 1.500
Úrval af Bratz dúkkum og fylgihlutum



Frábært úrval af spilum og púsluspilum

Diego Mega Blocks



50% afsláttur: Áður: 5.990 Nú 2.980

DVD myndir
1.195



Jólamarkaðurinn er á
II. hæð í verslunarmiðstöðinni
Sími 565-2592

FJÖRÐUR - miðbæ Hafnarfjarðar

Jólavörur, gjafavörur, jólakort og margt fleira




**BARACK OBAMA** Takist honum að koma heilbrigðisfrumvarpinu í gegnum þingið yrði það einn stærsti sigur hans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Obama vongóður um heilbrigðislög

**Demókratar í Bandaríkjunum telja sig geta náð fram nýrri heilbrigðislöggjöf fyrir jól. Obama segist bjartsýnn eftir að hafa rætt við demókrata í öldungadeildinni. Enn er deilt um fóstureyðingar.**

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti segir demókrata í öldungadeild Bandaríkjaþings komna á fremsta hlunn með að samþykkja nýja heilbrigðislöggjöf.

Þetta sagði hann eftir að hafa rætt við flokkssystkini sín í Demókrataflokknum á þriðjudag. Hann sagði enn vera ágreining um ýmis atriði í frumvarpinu, en leiðtogar flokksins vonist samt til að það verði afgreitt fyrir jól.

„Endanleg útgáfa frumvarpsins mun ekki innihalda allt sem allir vilja. Ekkert frumvarp getur það,“ sagði Obama.

Ágreiningsmálin snúast meðal annars um fóstureyðingar og heilsugæslu aldraðra.

Joe Lieberman, óháður þingmaður sem oftast hefur greitt atkvæði samhljóða demókrötum, segist vera andvígur þeim breytingum sem ætlunin er að gera á Medicare-kerfinu, sem lýtur að heilsugæslu aldraðra.

Hann hótar að ganga til liðs við repúblikana og greiða atkvæði gegn heildarfrumvarpinu ef ákvæðin um Medicare verða ekki tekin út. Hins vegar er hann sáttur við frumvarpið að öðru leyti. Leiðtogar demókrata hafa áratugum saman reynt að ná fram breytingum á heilbrigðislöggjöf Bandaríkjanna til að tryggja öllum íbúum landsins sjúkratryggingar. Málið er eitt það stærsta, sem Obama hafði á stefnuskrá sinni og teldist verulegur sigur ef honum tekst að koma því í gegnum þingið.

Með frumvarpinu er tryggt að þrjátíu milljónir Bandaríkjamanna, sem hafa verið án sjúkratrygginga, njóti framvegis trygginga.

Til þess að frumvarpið verði samþykkt þurfa demókratar að tryggja sér sextíu atkvæði í öldungadeildinni, þar sem 100 þingmenn eiga sæti. Greiði Lieberman atkvæði með frumvarpinu er aðeins óvissa um einn demókrata, Ben Nelson, sem reynt hefur að fá í gegn takmarkanir á heimildum ríkisins til þess að greiða fyrir kostnað við fóstureyðingar.

Í fulltrúadeildinni var frumvarpið samþykkt án heimildar til að greiða fyrir fóstureyðingar, en leiðtogar demókrata í öldungadeildinni hafa lagt áherslu á að slík heimild verði með.

gudsteinn@frettabladid.is

Tveggja ára samningur:

# KPMG styrkir Geðhjálp

**FÉLAGSMÁL KPMG á Íslandi og Geðhjálp hafa undirritað styrktarsamning um að KPMG gerist aðalstyrktaraðili Geðhjálpar næstu tvö árin. Styrkur KPMG nemur samtals þrem milljónum króna og vill félagið með því stuðla að eflingu geðheilbrigðis og gera Geðhjálp kleift að auka aðstoð við þá er kljást við geðræn vandamál.**

**Geðhjálp gætir hagsmuna þeirra sem þurfa eða hafa þurft aðstoð vegna geðrænna vandamála, aðstandenda þeirra og annarra sem láta sig geðheilbrigðismál varða.**

**- shá**

Neytendasamtökin mæla með nokkrum jólagjöfum á vef samtakanna:

# Nýir mannbroddar í pakkann



**NEYTENDAMÁL** Neytendasamtökin hafa á vef sínum, ns.is, tekið saman nokkrar jólagjafir sem þau mæla með.

„Við ákváðum að velja sex eða sjö gjafir. Þær höfðu þá ýmist komið vel út úr gæðakönnun eða eru á hlutfallslega góðu verði,“ segir Brynhildur Pétursdóttir, starfsmaður samtakanna og ritstjóri Neytendablaðsins. Hún segir svokallaða hálkugorma klárlega vera jólagjöfina í ár. Á vef samtakanna er líka sagt upplagt að lauma endurskinsmerki í pakkann til að auka enn á öryggið.

Þá mæla Neytendasamtökin með íslenskum lopa, en verð á honum hafi almennt ekki hækkað í verslunum. Adidas Supernova Glide-hlaupaskórnir eru sagðir hafa fengið góða einkunn í gæðakönnun samtakanna fyrr á árinu og svo megi mæla með svansmerktum rúmfötum og handklæðum. Svansmerkið er sagt tryggja að varan hafi verið framleidd á eins umhverfisvænan hátt og hægt sé. Samtökin mæla líka með Nivea hrukku-augnkremi sem könnun hafi sýnt að geri örlítið meira gagn en önnur, auk þess að vera á hagstæðu verði. „Það er hins vegar ekki nema fyrir þá allra hugrökkustu að gefa eiginkonunni eða tengdamömmu slíka gjöf,“ segir líka í umsögn.

Samtökin klykkja svo út með því að mæla með Neytendablaðsáskrift í jólagjöf, þannig megi auka neytendavitund þess sem þiggur.

**- óká**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**BRYNHILDUR PÉTURSDÓTTIR** Brynhildur, sem ritstýrir meðal annars Neytendablaðinu, segir hálkugorma, nýja tegund mannbrodda, vera jólagjöfina í ár.



**SAMSTARF Í HÖFN** Georg Lárusson og Snorri Olsen undirrituðu samstarfssamning í gær. MYND/LHG

Gæslan og Tollurinn:

# Efla og styrkja samstarfið

**ÖRYGGISMÁL** Georg Kr. Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslu Íslands, og Snorri Olsen tollstjóri undirrituðu í gær samstarfssamning milli Tollstjóraembættisins og Landhelgisgæslu Íslands. Tilgangur samningsins er að efla og styrkja samstarf stofnananna á ýmsum sviðum.

Samningurinn tekur meðal annars til miðlunar upplýsinga milli stofnananna, samnýtingar á tækjabúnaði, samstarfs á vettvangi og sameiginlegra eftirlitsverkefna, námskeiða og þjálfunar starfsmanna og starfsmannaskipta.

**- shá**

**FÉLAGSMÁL**

## Styrkja Mæðrastyrksnefnd

BSRB ákvað að senda ekki vinum og velunnurum jólakort þetta árið heldur að nýta peningana til góðgerða. Ákveðið var að veita Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur styrk að upphæð 300 þúsund krónur.


NILFISK
Ryksugur
Hrein snilld!



SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

FÖNIX
- fyrsta flokks. Stór orð sem reynslan réttlætir.
Hátúni 6a • 105 Reykjavík
Sími 552 4420 • www.fonix.is



Opið í útibúinu
í Kringlunni
til klukkan 21 í kvöld



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 09-2083

Komdu og kynntu þér úrræði vegna húsnæðis- og bílalána

Að undanförnu höfum við kynnt úrræði með það að markmiði að auðvelda viðskiptavinum að taka upplýstar ákvarðanir um fjármál heimilisins.

Má þar nefna höfuðstólslækkun og greiðslujöfnun fyrir einstaklinga á:
- verðtryggðum húsnæðislánum
- erlendum húsnæðislánum
- bílalánum og bílasamningum

Úrræðin henta viðskiptavinum misvel og við viljum hjálpa þér að vega og meta kosti þeirra og galla. Þess vegna bjóðum við viðskiptavinum að setjast niður með starfsfólki okkar í kvöld og fara ítarlega yfir þau úrræði sem eru í boði. Ekki verður opið hjá gjaldkerum.

Allir viðskiptavinir Íslandsbanka velkomnir.

Starfsfólk okkar í Þjónustuverinu verður einnig við símann til kl. 21 í kvöld. Síminn er 440 4000.

Viðskiptavinir athugið:
Fresturinn til að sækja um höfuðstólslækkun hefur verið framlengdur til 1. mars 2010.

Íslandsbanki




Samkeppniseftirlitið vill að stjórnvöld beiti samkeppnismati við lagasetningu:

# Kemur í veg fyrir hindranir

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið beinir því til Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra í nýju áliti að hún beiti sér fyrir því að stjórnvöldum verði gert skylt að framkvæma staðlað samkeppnismat við undirbúning lagasetningar og stjórnvaldsfyrirmæla.

Í áliti eftirlitsins er gerð tillaga að einföldu mati, þar sem svara þarf fjórum spurningum um áhrif lagasetningar eða stjórnvaldsfyrirmæla á samkeppnismál.

Með því að fylgja stöðluðu ferli þar sem hugað er að samkeppnissjónarmiðum má að mati Samkeppniseftirlitsins auka líkur á að reglusetning nái markmiðum sínum án þess að takmarka samkeppni. Það geti stuðlað að því að markaðir haldist opnir og þar með sé komið í veg fyrir óþarfa opinberar aðgangshindranir.

„Slík aðferðafræði við opinbera stjórnsýslu stuðlar að kraftmiklu atvinnulífi til lengri tíma og eykur ávinning neytenda,“ segir í áliti Samkeppniseftirlitsins.

Eftirlitið vill að stjórnvöld spyrji sig við undirbúning lagasetningar hvort reglusetning auki líkur á því að fjöldi fyrirtækja takmarkist eða dragist saman, og hvort hún takmarki möguleika fyrirtækja til að mæta samkeppni.

Þá ætti að spyrja hvort hún takmarki frumkvæði fyrirtækja til að stunda virka samkeppni. Sé svarið við einhverri af þessum spurningum jákvætt ætti að fara í ítarlegri greiningu á áhrifum reglusetningarinnar á samkeppni. - bj


**MARKAÐUR** Við reglusetningu ætti að spyrja um áhrif á samkeppnismarkaði, að mati Samkeppniseftirlitsins.




# Ábending Ríkisendurskoðunar hunsuð

**Ríkisendurskoðun vildi að Alþingi veitti ríkinu lagaheimild til að ráðstafa Arion banka og Íslandsbanka til kröfuhafa. Hugsanlegt að afla sérstaks samþykkis Alþingis fyrir áramót, segir Guðbjartur Hannesson.**

**ALÞINGI** Ríkisendurskoðun telur að ríkisstjórnin hefði þurft að afla sér lagaheimildar fyrir því að semja við kröfuhafa um yfirtöku þeirra á Arion banka og Íslandsbanka. Slíka heimild skorti.

Ríkisendurskoðun vildi að úr þessu yrði bætt í fjáraukalögum, sem voru afgreidd í fyrrakvöld án þess að tekið væri tillit til þessara ábendinga Ríkisendurskoðunar.

Að sögn Guðbjarts Hannessonar, formanns fjárlaganefndar, er ágreiningur um málið milli Ríkisendurskoðunar og fjármálaráðuneytisins. Ráðuneytið telur að ríkið geti ráðstafað bönkunum til kröfuhafa án sérstakrar heimildar. Guðbjartur segir að athugasemd Ríkisendurskoðunar hafi borist rétt áður en lokaatkvæðagreiðsla um fjáraukalög var að hefjast á Alþingi. Hann hafi ekki talið ástæðu til að fresta atkvæðagreiðslunni. Sest verði yfir málið fljótlega til að meta hvernig hægt er að bregðast við svo að yfirfærsla bankanna til kröfuhafa standist lögformlegar kröfur. Hugsanlega megi afla sérstaks samþykkis Alþingis fyrir áramót.

Sveinn Arason ríkisendurskoðandi sagði við Fréttablaðið að þar sem þingið veitti á sínum tíma lagaheimild fyrir því að ríkið yfirtæki bankana og fjármagnaði endurreisn þeirra þyrfti nýja lagaheimild til þess að færa bankana frá ríkinu og yfir til kröfuhafa. Hann segist telja að þessar athugasemdir hafi komist tímanlega til Alþingis þótt ekki hafi verið tekið tillit til þeirra við afgreiðslu fjáraukalaga.


**GUÐBJARTUR HANNESSON** Fjáraukalög 2009 voru afgreidd í fyrrakvöld án þess að tekið væri tillit til ábendingar Ríkisendurskoðunar um að í lögin vantaði heimild til ríkisins til þess að afhenda kröfuhöfum Arion banka og Íslandsbanka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kristján Þór Júlíusson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, gerði athugasemdir við það á Alþingi í gær að málið hefði verið afgreitt með þessum hætti og að fjárlaganefnd hefði ekki séð ábendingar Ríkisendurskoðunar fyrr en á fundi í gærmorgun þótt þær hefðu borist þinginu fyrir atkvæðagreiðsluna.

Björn Valur Gíslason, þingmaður VG, svaraði Kristjáni Þór með því að fjármálaráðuneytið teldi að heimildin frá í fyrra hefði verið veitt til að fjármagna bankana og halda þeim á floti, en ekki til þess að ríkið keypti þá.

Kröfuhafarnir hafi ekki verið að kaupa bankana úr ríkiseigu. Þeir hafi í raun aðeins verið að leysa til sín eigur sínar.

peturg@frettabladid.is






# Desember tilboð



## MacBook 13”

2,26GHz Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
NVIDIA GeForce 9400M 256MB skjákort
Innbyggð iSight vefmyndavél
Tvö USB 2.0 tengi
Þráðlaust WiFi netkort (801.11n), Bluetooth
Allt að 7 klst rafhlöðu ending
Aðeins 2,13 kg

*Desember tilboð:
**189.990.-**
**Listaverð: 199.990.-**

Nýr snertiflötur
Sterkbyggðari umgjörð
Bjartari skjár
Allt að 7 klst rafhlöðu ending

**Öllum tölvum, sem keyptar eru fyrir jól, fylgir:**

**1 mánaðar** áskrift hjá Tónlist.is
Nánar á www.tonlist.is

**3 mánaða** áskrift hjá Snara.is
Nánar á www.snara.is

snara vefbókasafn

## iMac

3,06 GHz | Allt að 2TB Geymsla | Allt að 16GB Minni

21,5" og 27" LED baklýstur skjár
Full HD upplausn (1080p)
Þráðlaust lyklaborð og mús
iLife '09 og Snow Leopard
Engir vírusar

*Desember tilboð:
**Verð frá: 229.990.-**
**Listaverð frá: 239.990.-**
Þráðlaus mús og lyklaborð fylgja



## Nýr iPod nano

8GB | 16GB

Nýtt: innbyggð videoupptaka
Nýtt: FM- útvarp
Stærri skjár
2000-4000 lög / 8-16 klst. video
USB snúra og heyrnartól



Geymir allt að 4000 lög
Vegur aðeins 36,4g
Upptökumyndavél
FM útvarp
7 litir

**Tónlist.is**
2.000.- kr. inneign fylgir

**Verð frá: 39.990,-**

## iPod shuffle

2GB
4GB

Geymir allt að 1000 lög
Vegur aðeins 10,7g
5 litir



**Verð frá: 14.990,-**

**Apple búðin** | www.icemac.is
Sími: 512-1300 | **Opnunartími:**
Laugavegi 182 | Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16

*Desember tilboð gildir til 24. desember 2009 - Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

# Bókmennt

## Besta þýdda skáldsagan:



**1. Leikur engilsins**
Carlos Ruiz Zafón
**4.390 kr.**
~~5.490 kr.~~



**2-3. Kirkja hafsins**
Ildefonso Falcones
**4.390 kr.**
~~5.490 kr.~~



**2-3. Loftkastalinn sem hrundi**
Stieg Larsson
**4.390 kr.**
~~5.480 kr.~~

Starfsfólk
Bókmenntaverðlaun
2009
bókaverslana

## Besta þýdda barnabókin:



**1. Hver er sterkastur?**
Mario Ramos
**1.990 kr.**
~~2.480 kr.~~



**2. Gullgerðar-maðurinn**
Michael Scott
**3.190 kr.**
~~3.990 kr.~~



**3. Aftur til Pompei**
Kim M. Kimselius
**2.690 kr.**
~~3.460 kr.~~

Starfsfólk
Bókmenntaverðlaun
2009
bókaverslana

## Besta ævisagan:



**1. Vigdís – kona verður forseti**
Páll Valsson
**5.490 kr.**
~~6.990 kr.~~



**2. Mynd af Ragnari í Smára**
Jón Karl Helgason
**4.990 kr.**
~~6.480 kr.~~



**2. Snorri – Ævisaga 1179-1241**
Óskar Guðmundsson
**5.490 kr.**
~~6.990 kr.~~

Starfsfólk
Bókmenntaverðlaun
2009
bókaverslana

## Besta handbókin/fræðibókin:



**1. Jöklar á Íslandi**
Helgi Björnsson
**14.490 kr.**
~~19.990 kr.~~



**2. Sagan – leiðsögn í máli og myndum**
**10.990 kr.**
~~15.990 kr.~~



**3. Heitar laugar á Íslandi**
Jón G. Snæland
Þóra Sigurbjörnsdóttir
**3.590 kr.**
~~4.480 kr.~~

Starfsfólk
Bókmenntaverðlaun
2009
bókaverslana

# averðlaun

## starfsfólks bókaverslana 2009

**Besta íslenska skáldsagan:**



**1. Harmur englanna**
Jón Kalman Stefánsson
4.490 kr.
~~5.680 kr.~~



**2. Síðustu dagar móður minnar**
Sölvi Björn Sigurðsson
4.390 kr.
~~5.490 kr.~~



**3. Karlsvagninn**
Kristín Marja Baldursdóttir
4.390 kr.
~~5.490 kr.~~

**Besta íslenska barnabókin:**



**1. Köttur út í mýri – íslensk ævintýri**
4.390 kr.
~~5.490 kr.~~



**2. Ef væri ég söngvari**
Ragnheiður Gestsdóttir
2.790 kr.
~~3.490 kr.~~



**3. Bókasafn ömmu Huldar**
Þórarinn Leifsson
2.990 kr.
~~3.890 kr.~~

**Besta ljóðabókin:**



**1. Nokkur almenn orð um kólnun sólar**
Gyrðir Elíasson
3.990 kr.
~~4.990 kr.~~



**2. Hundgá úr annarri sveit**
Eyþór Árnason
2.590 kr.
~~3.280 kr.~~



**3. Komin til að vera, nóttin**
Ingunn Snædal
1.590 kr.
~~1.980 kr.~~

**Skiptimiðinn**
Eymundsson

*Allar bækur í Eymundsson eru með skiptimiða þannig að hægt er að skipta jólagjöfunum til 10. janúar 2010.*

**Tilboð gildir til og með 20.12.09**

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*



**EPLIN RJÚKA ÚT** Á loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn hefur þessi ungi maður sést hjóla um með stóran kassa af eplum, sem ráðstefnugestir kaupa fúslega. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sveitarfélögin:

## Fjárhagsaðstoðin aukin um tíu þúsund krónur

**FÉLAGSMÁL Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur uppfært grunnfjárhæðir vegna fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga í samræmi við hækkun á neysluverðsvísitölu með sama hætti og gert var í desember 2007 og desember 2008. Miðað við gengi vísitölu neysluverðs í nóvember 2009 nemur grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings 125.540 krónum og hækkar úr 115.567 krónum eða um 8,63 prósent. Aðrar grunnfjárhæðir hækka um sama hlutfall.**

**Um leiðbeinandi viðmið er að ræða. Í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga er ákvörðun um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga í höndum hvers og eins sveitarfélags. - shá**

# LÍÚ fær 45 milljónir án þess að vilja þær

LÍÚ vill ekki þá peninga sem samtökin fá í sinn hlut af aflaverðmæti. 45 milljónir á síðasta ári. Landssamband smábátasjómanna vill fá þessar tekjur áfram.

**ÚTGERÐ** Hluti af aflaverðmæti á Íslandsmiðum rennur til samtaka útgerða í landinu, samkvæmt 23ja ára gömlum lögum. Landssamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) og Landssamband smábátaeigenda hafa hvort um sig liðlega fjörutíu milljónir í tekjur af þessu gjaldi á ári. LÍÚ vill að þessari gjaldtöku verði hætt en smábatasjómenn eru sáttir við fyrirkomulagið.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir að LÍÚ vilji losna við þessar lögþvinguðu greiðslur og hafi þrívegis ályktað um það á aðalfundi en stjórnvöld hafi ekki tekið mark á þeim ályktunum. „Við teljum að þetta gjald sé barn síns tíma og að þessar tekjur eigi að koma með venjulegum félagsgjöldum,“ segir Friðrik. LÍÚ innheimtir líka um fimm milljónir króna á ári í félagsgjöld af þeim sem óska eftir inngöngu í samtökin.

Landssamband smábátaeigenda hefur hins vegar ályktað til stuðnings þessu fyrirkomulagi á sínum aðalfundi. Gjaldið kemur í stað allra félagsgjalda um 1.300 smábátaeigenda. Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, segir að hins vegar vilji sambandið gera þær breytingar á lögum um verðjöfnun og greiðslumiðlun í sjávarútvegi að hætt verði að taka það gjald af aflaverðmæti sem látið er renna í lífeyrissjóði og til að greiða tryggingar fiskiskipa og -báta. Lögin fela hagsmunasamtökum útgerðanna umsýslu þeirra gjalda en mótframlag í lífeyrissjóð sjómanna er til dæmis greitt með þessu gjaldi af aflaverðmæti. Í samtali við Fréttablaðið voru talsmenn beggja samtakanna sammála um það fyrirkomulag. Örn lagði hins vegar áherslu á að þetta hefði reynst vel áður fyrr og meðal annars skilað hagkvæmum tryggingaiðgjöldum fyrir smábátasjómenn. peturg@frettabladid.is



**HLUTASKIPTI** Landssamband útvegsmanna og Landssamband smábátaeigenda fá hlut af aflaverðmæti í landinu. Hlutur hvors sambands um sig nam meira en fjörutíu milljónum króna á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lögreglan á Akureyri:

## Tók hass, hvítt efni og peninga

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Akureyri fann 120 grömm af hassi og smáræði af hvítum efnum í íbúð í Glerárhverfi í fyrrakvöld. Lögregla lagði að auki hald á peninga sem talið er líklegt að séu ágóði af fíkniefnasölu. Ein kannabisplanta var í ræktun í íbúðinni.**

**Húsráðandi, maður um tvítugt, var handtekinn vegna málsins og fluttur á lögreglustöð en sleppt að lokinni skýrslutöku. Málið er í rannsókn.**

**Lögreglan minnir á fíkniefnasímann 800-5005, en það er símsvari sem má hringja í nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál. - jss**

Loftslagsmál og Ísland:

## Ráðherraráðið skrifar undir samning

**UMHVERFISMÁL** Íslensk stjórnvöld fóru formlega fram á það við Evrópusambandið í byrjun júní að vera með sameiginlegan loftslagskvóta með ESB gagnvart loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna. Ráðherraráð ESB samþykkti þessa málaleitan í gær og ákvað að hefja samningaviðræður um nákvæma útfærslu samkomulagsins. Þetta kemur fram í pistli Péturs Reimarssonar, forstöðumanns stefnumótunar- og samskiptasviðs Samtaka atvinnulífsins.

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hefur sagt að íslensk stjórnvöld séu reiðubúin að taka að fullu upp loftslags- og orkulöggjöf sambandsins. - shá




Jakkaföt frá 24.900 kr. í Herra Hafnarfirði

Allir þeir sem kaupa jakkaföt fá skyrtu og bindi að verðmæt 12.000 kr. frítt með.

Herra hafnarfjörður

Firði Hafnarfirði
Sími 565 0073

RÚV um bullundirskriftir:

## Telur ekki þörf á aðgerðum

**EFNAHAGSMÁL** Þrjár eða fjórar rangar undirskriftir bárust frá vefþjónum Ríkisútvarpsins í undirskriftasöfnun InDefence-hópsins, þar sem skorað er á forseta Íslands að staðfesta ekki Icesave-lögin.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá RÚV. Í ljósi þessara upplýsinga, sem fyrirtækið fékk frá InDefence, er ekki talin þörf á frekari aðgerðum í málinu.

Bæði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, og leiðarahöfundur Morgunblaðsins hafa kallað eftir opinberri rannsókn á uppruna rangra undirskrifta. **- bj**

Formaður umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar þakkar Grænu skrefunum árangurinn:

# Meðalferðatími styst um þrjár til fjórar mínútur

**REYKJAVÍK** Meðalferðatími á háannatíma í Reykjavík hefur styst um þrjár til fjórar mínútur fyrir hvern bíl á milli ára. Þetta er niðurstaða nýrra umferðartalninga umhverfis- og samgönguráðs borgarinnar, sem fram fóru í nóvember.

Þrátt fyrir þetta er algengur ferðatími milli úthverfa og miðborgar Reykjavíkur 28 til 38 mínútur fram og til baka. Það þýðir að Reykvíkingar eyða tveimur til þremur klukkustundum á viku í bílum sínum á leið milli bæjarhluta.

Ferðavenjukönnun sýnir einnig að færri ferðast nú einir í bílum sínum en áður. Í fyrra ferðuðust 76 prósent ein í bíl, miðað við 71 prósent nú. Hin 29 prósentin fara til vinnu ýmist sem farþegar í bíl, í strætó eða með öðrum hætti. Mest hefur þeim fjölgað sem ganga eða hjóla til vinnu. Í fyrra nýttu níu prósent þá kosti, en fjórtán prósent í ár. „Auðvitað hefur kreppan heilmikil áhrif,“ segir Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur. „Það eru færri á leiðinni til vinnu út af atvinnu- og efnahagsástandinu,“ bætir hann við.

Kreppan skýri hins vegar ekki nema að litlu leyti breyttar ferðavenjur. „Fjölbreytilegri ferðamátar gera það að verkum að þeir sem þurfa að fara á bílum til vinnu komast greiðar leiðar sinnar,“ segir Gísli. Það spari hverjum og einum sem áður segir þrjár til fjórar mínútur að meðaltali. „Í heildina eru það mörg þúsund vinnustundir á hverjum einasta degi,“ segir hann.

„Við erum ófeimin við að þakka þetta átakinu Grænu skrefunum sem ganga einmitt út á fjölbreytilegri ferðamáta þannig að allir komist leiðar sinnar örugglega og hratt á þann hátt sem þeir vilja, hvort sem það er bíll, strætó, reiðhjól eða gangandi.“ **- sh**



**ÁNÆGÐUR** Gísli Marteinn segir að vissulega hafi kreppan sitt að segja og hún hafi dregið úr umferð, en skýri hins vegar ekki breyttar ferðavenjur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Alþýðusamband Íslands:

## Sendi Svandísi hvatningarbréf

**UMHVERFISMÁL** Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, hefur sent Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra hvatningarbréf á loftslagsráðstefnuna í Kaupmannahöfn. Þar er áréttað hversu brýnt ASÍ telji það vera að ná samkomulagi um loftslagsbreytingar fyrir árslok 2009. Í bréfinu eru stjórnvöld hvött til að styðja tillögur Alþjóðasambands verkalýðsfélaga í tengslum við loftslagsráðstefnuna.



GYLFI ARNBJÖRNSSON

Svandís fagnar því að verkalýðshreyfingin lýsi yfir eindregnum stuðningi við að samkomulag náist í Kaupmannahöfn. **- shá**



**SLEIKJA** Sleikjurnar voru fluttar til Íslands frá Hollandi.

Innköllun Matvælastofnunar:

## Skaðlegt efni í sleikjum hér

**HEILBRIGÐISMÁL** Matvælastofnun hefur fengið tilkynningu í gegnum viðvörunarkerfi Evrópu (RASFF) þess efnis að innkalla skuli plastsleikjur framleiddar í Kína af fyrirtækinu Ningbo FUTURE Import & Export co.

Ástæða innköllunar er að flæði svonefnds þalata úr sleikjunum mældist yfir leyfilegum mörkum. Þalata er mýkingarefni sem sett er í plast til að mýkja það og er talið skaðlegt heilsu fólks. Sleikjurnar voru seldar á Íslandi á tímabilinu janúar 2009 til loka sumars 2009. Þeim sem eiga sleikju eins og sýnd er á myndinni og eignuðust hana á árinu 2009 er ráðlagt að hætta að nota hana. **- jss**

## LÖGREGLA

### Óku undir áhrifum fíkniefna

Lögreglan á Akureyri stöðvaði tvo karlmenn grunaða um akstur undir áhrifum fíkniefna í fyrrakvöld. Annar þeirra er um fimmtugt en hinn um þrítugt. Voru þeir báðir stöðvaðir í akstri innanbæjar.

## FÉLAGSMÁL

### Höfðingleg gjöf

Alþýðubandalagsfélagið á Akureyri hefur afhent Öldrunarheimilum Akureyrar tvær milljónir króna að gjöf til minningar um Lárus Björnsson (1893-1985) og Sigurð Kristjánsson (1909-1998) sem báðir áttu sitt ævikvöld á Öldrunarheimilinu Hlíð.




**FRÉTTAVIÐTAL:** Íslenskur frumkvöðull í nanófræðum

# Komi eitthvað til með að bjarga heiminum þá er það tæknin

**Róbert Magnússon er einn af helstu sérfræðingum heims í nanórannsóknum. Í nýrri grein í bandarísku blaði eru rannsóknir hans sagðar geta lagt grunninn að framtíðarhagsæld Bandaríkjanna. Milljónir dala hafa verið lagðar í nýja rannsóknarstofu hans sem verður opnuð í janúar.**



**Í VINNUGALLANUM** Róbert Magnússon, prófessor í rafmagnsverkfræði við University of Texas í Arlington í Bandaríkjunum, stýrir rannsóknarstofu í nanótækni sem risafyrirtækið Texas Instruments fjármagnar. Róbert heldur góðum tengslum við Ísland en hann hefur nú búið óslitið í Bandaríkjunum í um aldarfjórðung. Á árum áður var Róbert hjá RARIK.

Róberti Magnússyni, prófessor í rafmagnsverkfræði og yfirmanni nanórannsókna við Texasháskóla í Bandaríkjunum, er nýverið hampað í blaðinu Star-Telegram. „Framtíðarhagsæld landsins gæti byggt á þeim vísindum sem fá Róbert Magnússon til að eyða milljónum dala í uppsetningu rannsóknarstofu sinnar," segir þar.

„Í Texas er nú lögð mikil áhersla á nanótækni. Og ég hef verið að vinna við ákveðna hlið á þeim málum í hátt í tuttugu ár. Svo fóru þessir nanóflokkar sem maður er búinn að vera bjástra við lengi að skila árangri," segir Róbert, en einn þáttur sem hann hefur unnið að snýr að tækni við lyfjaframleiðslu. „Við erum að reyna að setja á markað efnanema og ýmislegt annað sem lofar góðu."

### Háar tölur í smárannsóknum

Aðdraganda núverandi starfa rekur Róbert til vorsins 2007. „Þetta fór í gegn um margar nefndir og stórt fyrirtæki sem heitir Texas Instruments og fjármagnar þennan „endowed chair" [einkafjármögnun rannsókna innan háskóla, innsk. blm.]," segir hann, en fyrirtækið leggur tvær milljónir dala í sjóð og fimm prósent árlegs arðs renna til rannsóknanna. „Heildarpakkinn er svo fimm milljónir dala sem fara í að setja upp sérhæfðar rannsóknarstofur hér og þær opnum við í janúar," segir Róbert, en fimmtán manns starfa við rannsóknirnar.

Róbert er meðal fremstu vísindamanna heims á sviði nanótækni. Star-Telegram segir spár gera ráð fyrir að á næstu fimm árum komi árlegt söluandvirði framleiðsluvara sem byggja á nanótækni til með að nema 2,5 billjónum dala. (Talan er nær óskiljanleg, 2.500 milljarðar dala, eða 315 þúsund milljarðar íslenskra króna.)

Róbert starfaði áður við háskólann í Texas, en hafði flutt sig til Connecticut þegar kallið kom um að koma á legg rannsóknarstofunni. „Ég var ráðinn þangað deildarforseti rafmagnsverkfræðideildar og sinnti því starfi í fimm ár, en var samt alltaf í rannsóknum líka, með stofu, fólk og fjárráð. Ég var því ekki alveg steindauður stjórnandi heldur hélt mér við."

Róbert segir að fræðin séu eitt og hagnýting þeirra annað. „Við höfum alltaf sinnt mikilli teoríu, en erum núna komin með mjög góða framleiðslugetu líka og getum gert mun meira af tilraunum en áður. Sér í lagi síðan í vor og getum nú sannreynt fræðin. Í kenningunum þarf ekki annað en tölvur og blöð, það er hins vegar mun erfiðara þegar kemur að því að sannreyna þær."

### Nanófata Bakkabræðra

Fyrir utan mælingar sem snúa að efnanemum í lyfjaiðnaði og Róbert segir að megi nú gera með mun lægri tilkostnaði en áður eru margvísleg önnur not könnuð fyrir nanótækni. Til dæmis skoðar teymi Róberts hvernig framleiða megi sólarorkuselluplötur sem framleiði meiri orku miðað við flatarmál en aðrar slíkar. „Við erum með ágætis fræðilegar niðurstöður í þeim efnum og getum örugglega framleitt prótótýpur sem framleiða meira rafmagn en hefðbundnar, en svo á eftir að koma ljós hvort fjöldaframleiðsla er hagkvæm," segir hann, en að auki snúa rannsóknirnar að margvíslegum þáttum samskiptakerfa, svo sem um hvernig stýra megi ljósflæði og samstilla gagnasendingar yfir ljósleiðara. „Við vinnum að nýjum útfærslum á því að pólera ljós, en pólering á ljósi er nytsamleg í mörgum tækjum og ég er að sækja um einkaleyfi á nýrri útfærslu á því," segir hann, en einnig er unnið að svokallaðri ljósgeymslu og því að hægja á ljósi. Bakkabræður voru því kannski ekki alveg úti að aka þegar þeir reyndu að bera sólarljósið í kofann, þótt þeir hefðu líkast til þurft hjálp Róberts til að ná árangri. „Ég er með nýja útfærslu af fötu Bakkabræðra," segir hann og hlær.



**TÆKNIN HAGNÝTT** Hér getur að líta efnagreiningartæki sem Resonant Sensors Incorporated (RSI), félag sem Róbert Magnússon stofnaði, er að setja á markað.
MYND/RÓBERT MAGNÚSSON

### Rannsóknir borga sig

Róbert fór beint til Bandaríkjanna úr menntaskóla og nam verkfræði, en á þeim tíma segir hann að ekki hafi verið hægt að nema verkfræði nema til hálfs við Háskóla Íslands.

„Ég fékk ágætisnámsstyrk og fór svo til Flórída þar sem frænka mín Kristín Eyfells og maður hennar bjuggu. Hann var prófessor við háskólann og þar fékk ég ókeypis fæði og húsnæði og lauk BS-prófi." Síðan fór Róbert til Georgia Tech í Atlanta og kláraði þar doktorsnám í rafmagnsverkfræði. Hann hefur þó ekki verið alveg óslitið í Bandaríkjunum því hann sneri hingað heim árið 1979 og starfaði hjá RARIK við að skipuleggja orkukerfið hér í fimm ár.

„En svo leiddist mér bara þessi sterkstraumsbransi. Ég nennti þessu ekki," segir hann og hlær, en í kjölfarið fór hann aftur til Ameríku sem prófessor. „Ég hef verið hér óslitið frá 1984."

Róbert er stoltur af vinnu sinni og efast ekki um gildi þess að efla framþróun vísinda og tækni. „Ef við náum almennilegum tökum á þessu getur heimurinn orðið miklu betri. Möguleikar nanótækni eru svo miklir. Reyndar var ég að hlusta á umfjöllun National Public Radio þar sem var sagt að taka ætti 0,2 prósent af vergri heimsframleiðslu og leita að „breakthrough technology". Ef það er eitthvað sem kemur til með að bjarga heiminum þá er það tæknin."



FRÉTTAVIÐTAL
ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON
oka@frettabladid.is

## HVAÐ ERU NANÓVÍSINDI OG NANÓTÆKNI?

Nanótækni snýst um örsmáa hluti, en nanó er stærðareining og vísar til þess að einhver hlutur sé ekki nema nokkrir nanómetrar að stærð.

Á Vísindavef Háskóla Íslands kemur fram að einn nanómetri sé einn milljarðasti úr metra. „Þvermál vetnisatóms er einn tíundi úr nanómetra og fjarlægð milli atóma í kristal er á bilinu 0,2 til 0,6 nanómetrar. Því er talað um að hlutir gerðir úr nokkrum atómum, til dæmis 10-10.000, séu á nanóskala. Flóknar sameindir eru því einnig í þessu stærðarþrepi."

Þar af leiðir að nanóvísindi og nanótækni kanna eiginleika þessara örsmáu kerfa, en þau munu oft sett saman atóm fyrir atóm á yfirborði efnis með oddi smugsjár (e. scanning tunnelling microscope). „Þjóðverjinn Gerd Binnig og Svisslendingurinn Heinrich Rohrer fengu Nóbelsverðlaunin í eðlisfræði árið 1986 fyrir uppgötvun smugsjárinnar og má af því sjá hversu nýja og mikilvæga hluti hér er um að ræða. Á síðasta áratug lærðu menn að nota smugsjá til þess að raða saman atómum í alls konar form á yfirborð málma," segir á vísindavefnum. Þar er jafnframt vísað til þess að á átjándu öld hafi iðnbyltingin gerbreytt umhverfi okkar og að undir lok síðustu aldar hafi breytingar hafist vegna upplýsingarbyltingarinnar sem ekki sjái fyrir endann á.

„Á þessari öld gæti vel farið svo að nanótæknibyltingin hefjist. Þá eins og nú mun vaxa þörfin fyrir eðlisfræðinga, efnafræðinga og líffræðinga menntaða á þessu sviði auk nýrra greina innan verkfræði. Margar tækniframfarir framtíðar munu byggjast á lífvísindum og eðlisvísindum og getu þeirra til að skilja og framleiða flókin kerfi úr einföldum byggingasteinum."

## HEIMSINS MINNSTI EGGJABAKKI

Ljóseindagildra framleidd á rannsóknastofu Róberts. Ljós sem fellur á flötinn festist þar um stund en fer svo sína leið. „Svipuð tækni nýtist til að auka ljósgleypni sólarsellu," segir hann og kveður frumgerðina hér að ofan líta út eins og eggjabakka þar sem þvermál hvers eggs er um 100 nanómetrar. Athugið að einn míkrómetri er þúsundasti hluti úr millimetra, en 1.000 nanómetrar eru í hverjum míkrómetra. „Það þarf ansi litlar pútur í svona eggjaframleiðslu!" segir Róbert.




MYND/RÓBERT MAGNÚSSON

PIPAR\TBWA • SÍA • 92254




Hollráð um eldvarnir

Reykskynjarar bjarga mannslífum

Á hverju heimili ættu að vera reykskynjarar, slökkvitæki og eldvarnateppi.

*Fleiri hollráð og netverslun með öryggisvörur er að finna á oryggi.is.*

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

Hringdu í 570 2400 og fáðu ókeypis öryggisráðgjöf heim!

# ego dekor



DIVANY
– hvítt háglans
Skenkur 240cm (einnig fáanlegur í 180cm)
Verð: 199.000,-

Borðstofuborð
200x100cm
Verð:
118.000,-






TV skenkur
180cm
Verð: 105.000,-



TV skenkur
200cm
Verð: 89.000,-




# MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM HÚSGÖGNUM




CROCO
leðurstóll
Ennig fáanlegur í svörtu
Verð áður:
35.000,-
Verð nú:
28.000,-



SARINA
stóll
Einnig fáanlegur í hvítu
Verð:
14.800,-



ORIANA
stóll
Einnig fáanlegur í svörtu
Verð:
15.900,-



SABINE
leðurstóll
Einnig fáanlegur í svörtu og hvítu
Verð:
16.800,-

## NÝ SENDING AF TAUSÓFUM



GRANDO 3ja sæta og skammel
Breidd: 230cm
TILBOÐSVERÐ: 139.200,-



LUCAS leðurtungusófi
Stærð: 285X223
Verð: 299.000,-



STÓR NEW ENGLAND tungusófi
Stærð: 290X165
TILBOÐSVERÐ: 196.000,-

**Opið mán-fös: 10.00-18.00**
**Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00**

**Ego Dekor - Bæjarlind 12**
**S: 544 4420 - www.egodekor.is**



WINDOWS 7 UPPFÆRSLA MEÐ ÖLLUM TÖLVUM KR. 9.990
FRÁBÆR
24"
PHILIPS
LCD BREIÐSKJÁR
STÍLHREIN HÖNNUN
24 Philips 240SW9FS
24" LCD breiðskjár með 1920x1200p upplausn, 10000:1 skerpu, 16.7 milljónir lita, 5ms viðbragðstíma, D-Sub, DVI-D ofl.
54.990
acer
FARTÖLVA
10,1"
Acer Aspire One D250-1151
1.6GHz Intel Atom N270 örgjörvi • 1GB DDR2 minni • 160GB SATA harðdiskur • 10,1" TFT WXGA skjár • Intel GMA950 PCI skjástýring • Mjög vönduð snertinæm músarstýring með skruni • Vefmyndavél • Li-ion rafhlaða • Microsoft Windows XP Home
59.990
22"
PHILIPS
LCD SKJÁR
STÍLHREIN HÖNNUN
22 Philips 220SW9FB
22" LCD breiðskjár með 1680 x 1050 dpi, 10000:1 í dýnamískri skerpu, 5ms, D-Sub, DVI-D og 16,7 milljón liti. Svartur.
32.990
FULLT VERÐ KR. 35.990
msi
FARTÖLVA
13"
HEIMSINS ÞYNNSTA 13"
Þykkt aðeins 6 til 20mm
MSI Slim X340
Intel C723 1,2GHz örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 320GB diskur • 13" TFT LCD WXGA skjár • Þráðlaust 802.11b/g/n WLAN Bluetooth netkort • Vefmyndavél • HDMI • 2 x USB 2.0 • Windows Vista Home Basic ofl.
4 TÍMA RAFHLÖÐUENDING
109.990
FULLT VERÐ KR. 139.990
19"
PHILIPS
LCD SKJÁR
STÍLHREIN HÖNNUN
Philips 190CW9FB
19" LCD breiðtjaldsskjár með 1440x900 punkta upplausn, 12000:1 í dýnamískri skerpuD-Sub, DVI-D og 2ms svartíma.
29.990
TOSHIBA
FARTÖLVA
15,4"
Toshiba Satellite PRO A300-255
2.16GHz Intel Dual Core T3400 • 4GB DDR2 minni • 250GB SATA diskur • 15.4" WideScreen WXGA skjár • ATI Mobility Radeon HD 3450 PCI-Express skjákort • Þráðlaust netkort • DVD/CD-RW skrifari • Vefmyndavél • Windows 7 Premium
139.990
22"
acer
LCD BREIÐSKJÁR
TÖLVU TILBOÐ
Ace AMD 2
• AMD AM3 Sempron 140
• Stakur 2GB DDR2 Corsair kubbur
• 320GB WD Blue - SATA II
• 22xDual Layer DVD/8xCD skrifari
• 19" LCD Acer V193WBB skjár
• MSI GeForce 8400 skjákort
• Logitech S120 hátalarar
• 7.1 hljóðkort
• Ubuntu Linux 9.04 + forrit
99.990
OFFICE HOME
Microsoft Office Home and Student 2007
Fullur pakki með Excel, OneNote, PowerPoint og Word 2007 fyrir 3 tölvur.
Office
14.990
WD
MYBOOK FLAKKARI
WD Essential 2
Flakkari með 640GB hörðum disk. Slekkur á sér um leið og tölvan og sparar orku.
14.990
FULLT VERÐ KR. 16.990
TViX
TVFLAKKARI
720P REC HDMI LAN
DViCO TViX R-3300
Sjónvarpsflakkari og PVR/DVR upptökutæki fyrir 3.5" diska, afspilun yfir net, HDMI tengi, aðgerðir á skjá og fullkomin fjarstýring.
29.990
UNITED
3.5" HDD Multimedia Player
UNITED MEDIASPILARI
720P HDMI CARD
United HD MMP 9530
3.5" margmiðlunarspilari með HDMI, Optical og Composite tengi, innb. SD/MMC kortalesara USB Uplink ofl.
14.990

WINDOWS 7 UPPFÆRSLA MEÐ ÖLLUM TÖLVUM KR. 9.990



# JÓLATILBOÐ

## ÞÚ FÆRÐ ALLA HÖRÐU JÓLAPAKKANA Á BETRA VERÐI Í TÖLVULISTANUM



Logitech

**ALHLIÐA FJARSTÝRING**

Logitech Harmony Remote 525

Alhiða fjarstýring sem stýrir allt að 10 tækjum. Með LCD skjár sem sýnir upplýsingar. Innbyggð hjálp. Uppsetning fyrir öll tæki í gegnum netið.

**11.990**



MANHATTAN

**VIÐGERÐASETT**

Manhattan TOOLKIT

13 stykkja viðgerðasett fyrirtölvur og tengd tæki.

**1.790**



FYRIR ALVÖRU LEIKJASPILARA

**MÚSARMOTTA**

SteelSeries QcK

320mm x 270mm tau músarmotta með gúmmí botni.

**2.490**



PHILIPS

**HEYRNARTÓL**

Philips SHP2000

Létt og þægileg heyrnatól hönnuð fyrir langa samfellda notkun. Lokuð og falla vel að eyrum sem gefur betri hljóm.

**3.990**



Logitech

**VEFMYNDAVÉL**

Logitech WebCam C200

VGA vefmyndavél á skjái og fartölvur. Tekur 30 ramma á sek. 1.3MP kyrrmyndir.

**4.990**



**FARTÖLVUTASKA +MÚS**

Logitech Traveler

15,4" fartölvutaska og logitech V100 fartölvumús saman í pakka

**6.990**



ace

**ÞRÁÐLAUS MÚS**

Ace Laser 1600dpi Nano

Þráðlaus 1600dpi Nano Laser mús með 5+1 tökkum og skruni.

**7.990**



PHILIPS

**HÁTALARAR**

Philips SPA3210

10w margmiðlunarhátalarar með USB, Bass Boost og styrkstillitökkum.

**7.990**



WACOM

**TEIKNIBORÐ**

Wacom Bamboo Pen A6

248x176x8,5 mm tölvuteikniborð með penna. Windows og Mac OS X.

**14.990**



ÍSLENSKT

Logitech

**LYKLABORÐMÚS**

Logitech Wave

Þráðlaust lyklaborð með íslenskum stöfum. Fjöldi flýtihnappa.

**10.990**



Logitech

**LYKLABORÐMÚS**

Logitech MX3200

Þráðlaust lyklaborð með mús. Skjár. Fjöldi flýtihnappa.

**19.990**



**SJÓNVARPSSENDIR**

Slingbox SOLO

Internet sjónvarpssendir sem tengist við tölvur, farsíma og önnur tæki.

slingbox

**16.990**

FULLT VERÐ KR. 19.990

# TÖLVULISTINN

TL.IS

www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |

Loftslagsráðstefnan í Kaupmannahöfn



**ÚR AÐALSALNUM** Mikill hiti var í umræðum í gær og fulltrúar G77-ríkjanna komu hver á fætur öðrum í pontu um fundarstjórn sem þeir voru ósáttir við. NORDICPHOTOS/AFP

# Kergja í viðræðum og óvissa um samning

**Kergja hljóp í viðræður í gær og jafnvel var búist við að G77-ríkin gengju af fundi. Aðeins hefur ræst úr. Forseti ráðstefnunnar sagði af sér. Obama ítrekar að Bandaríkin geti ekki gefið meira eftir. Haldið er í von um niðurstöðu.**

Mikil spenna var í aðalfundarsalnum í Bella Center í gær. Fulltrúar þróunarríkjanna, G77, voru gríðarlega óánægðir með hvernig haldið var á málum. Þeir komu hver á fætur öðrum í pontu um fundarstjórn og nýr fundarstjóri átti í erfiðleikum með að greiða úr flækjunni. Það tókst þó á endanum og örlítið meiri bjartsýni ríkti í lok dags en í gærmorgun.

Fulltrúar Afríkuríkja höfðu fundað alla nóttina aðfaranótt miðvikudags þegar texti fór á kreik sem geymdi uppkast að lokasamningi. Textinn hleypti illu blóði í fulltrúana, sem fannst fráleitt nóg að gert fyrir þróunarríkin. Textinn bæri allt of mikinn keim af hagsmunum hinna ríkari þjóða. Fulltrúarnir létu vel í sér heyra og gerðu ljóst að slíkur samningur yrði aldrei samþykktur.

Ljóst er að þróunarríkjunum er alvara með því að standa fast á sínum kröfum. Verði ekki fallist á þær telji þau sig óbundin samningum um takmörkun útblásturs gróðurhúsalofttegunda þegar Kyoto-bókunin rennur út árið 2012. Þau hyggist rétta efnahag sinn við með iðnfyrirtækjum með tilheyrandi útblæstri.

Fyrst og fremst er það sendinefnd Bandaríkjanna sem stendur í vegi fyrir auknum fjárframlögum. Eftir því sem fundað var, aðfaranótt miðvikudags, ríkti nokkur bjartsýni. Símtal frá Obama sem ítrekaði fyrri afstöðu Bandaríkjanna gerði hana að engu og hleypti meri kergju í Afríkuþjóðir. Kínverjar, Indverjar og Brasilíumenn hafa einnig gagnrýnt afstöðu Bandaríkjamanna.

Þá urðu forsetaskipti á ráðstefnunni í gær þegar Connie Hedegård sagði af sér, að sögn til að hleypa þjóðhöfðingja með meiri vigt að stjórninni. Lars Lokke Rasmussen, forsætisráðherra Dana, gerði enga lukku fyrsta dag sinn í embætti. Í ljós kom að hann var ekki betur inni í málum en svo að hann skildi ekki skammstafanir og honum gekk erfiðlega að halda utan um umræðuna. Honum til afbötunar skal nefnt að skammstafanir hér eru í hundraða tali.

Í lok dagsins virtist aðeins hafa hægst um. Það er þó enn með fullu óvíst hver niðurstaðan verður. Enn halda menn í vonina um að það náist að búa til ramma að samningi sem staðfestur verði í Mexíkó á næsta ári.


KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
skrifar frá Kaupmannahöfn
kolbeinn@frettabladid.is

Ísland fékk viðurkenningu á loftslagsráðstefnunni:

# Þykir hafa tryggt aðkomu kvenna

Umhverfisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, tók í gær við viðurkenningu fyrir Íslands hönd frá regnhlífarsamtökum kvenna, Women and Gender Constituency.Verðlaunin voru veitt Íslandi og Gana fyrir að tryggja aðkomu kvenna að úrbótum í loftslagsmálum. Svandís hélt í gær erindi á málstofu um konur sem afl til breytinga.

Svandís segir að hugsunin sem felist í þeirri yfirskrift sé mikilvæg. „Kynjajafnrétti er alla jafna mikilvægt en þegar við stöndum frammi fyrir svo miklum breytingum eins og nú verða að eiga sér stað, til að vinna bug á loftslagsbreytingum og þeirri vá sem þær skapa, verða konur að eiga jafnan aðgang að því að koma að úrlausnum, hvort sem lýtur að stjórnmálum, fjármagni eða lausn vandamálanna,“ segir Svandís.

Hún segir málstofuna hafa gengið vel og mikil þátttaka hafi verið í umræðum, ekki síst frá þróunarlöndunum. „Þetta eflir yfirsýn yfir það sem er að gerast í heiminum í þágu kynjasjónarmiða varðandi loftslagsmál.“

Svandís segir íslensku sendinefndina hafa unnið þarft verk í því að koma orðunum Gender Equality, kynjajafnrétti, í fyrsta skipti inn í samning um loftslagsmál, en það hafi tekist nú.



NORDICPHOTOS/AFP

**BJARTSÝNN** Kerry sagðist bjartsýnn á að það tækist að ná samkomulagi um grundvallaratriði í Kaupmannahöfn sem yrði að alþjóðasamningi næsta sumar.

Viss um að Bandaríkin samþykki loftslagsfrumvarp:

# Verðleggja þarf útblástur

John Kerry, öldungadeildarþingmaður frá Bandaríkjunum og fyrrum forsetaframbjóðandi Demókrataflokksins, segist handviss um að Bandaríkjaþing muni samþykkja frumvarp sem taki verulega á loftslagsmálum. Deilir hann þeirri skoðun með Al Gore, fyrrverandi varaforseta, sem viðraði hana fyrr í vikunni.

Spurður út í andstöðu á þinginu við slíkt frumvarp, sagðist hann viss um að þingmenn skildu nauðsyn frumvarpsins og það yrði samþykkt í vor.

Kerry segist ekki í neinum vafa um að koma verði á kerfi þar sem útblástur koltvísýrings er verðlagður. Hann geti þó ekki lofað að slíkt verði inni í frumvarpinu, enn séu ólíkar hugmyndir uppi um leiðir. Hann segir alla hljóta að sjá að það sé Bandaríkjunum í hag að verða óháð með orku. „Við eyðum milljörðum dollara á dag til að kaupa svart efni frá útlöndum, sem við brennum síðan og þurfum að eyða fjármunum í að hreinsa upp mengun.“ Mun skynsamlegra væri að nýta innlenda orkugjafa, það hlytu allir að sjá.

Kerry sagðist skynja að grundvöllur samkomulags væri fyrir hendi. Hann sagði gríðarlega mikilvægt að samið yrði um fjárstuðning til aðgerða strax. Hans ráð til Obama væru að forsetinn ætti þó að búa sig undir að kerfi til langtímastuðnings í loftslagsmálum yrði komið á fót.

Kaldhæðnislegt væri ef þriðji heimurinn myndi endurtaka þau mistök sem við skiljum nú að vestræn ríki hafi gert í fortíðinni. Sú yrði þó raunin fengju þau engan stuðning.




Ein gjöf sem hentar öllum




Gjafakort Landsbankans er greiðslukort sem býður uppá að gefandinn ákveði upphæðina og viðtakandinn velji gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi Landsbankans.

GJAFAKORT | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280. ENNEMM / SÍA / NM39891

Forseti Venesúela:

# Færði boðskap fólksins í salinn

Hugo Chavez, forseti Venesúela, hélt ræðu, líkt og fjölmargir þjóðarleiðtogar, í gær. Chavez var ánægður með mótmælendur fyrir utan ráðstefnuhöllina og nýtti ræðutíma sinn að hluta til að koma boðskap þeirra á framfæri.


HUGO CHAVEZ

Það voru fyrst og fremst tvö slagorð sem heilluðu forsetann: „Breytið kerfinu, ekki loftslaginu!“ og „Ef loftslagið væri banki væri búið að bjarga því.“ Chavez sagði þetta orð að sönnu. Hann sagði vofu á ferð í Kaupmannahöfn, vofu sem enginn þyrði að nefna en væri alltumlykjandi. Þetta væri vofa kapítalismans sem sósíalisminn einn gæti bjargað.

# METSÖLUBÆKURNAR!




Við lestur „Kvosarinnar" er eins og maður sé að gera hið ómögulega: að finna bloggsíðu sem skrifuð hefur verið á árunum 1980-82. Fann Flosi upp bloggið? Hann fann allavega upp áramótaskaupið! Blessuð sé minning þessa mikla snillings!

*– Bergur Ebbi Benediktsson, Midjan.is*

Alvaran verður fljótt leiðinleg ef hún er ekki krydduð með dálitlum húmor. Og gaman verður sömuleiðis leiðigjarnt ef það skýtur engri rót í alvöru lífsins. Mér þykir þessi bók skemmtilegust fyrir þá sök að hér er hvorutveggja blandað saman.

*– Erlendur Jónsson, Mbl.*




... í senn ævisaga hjónanna Birnu Óladóttur frá Grímsey og Dagbjarts Einarssonar frá Grindavík og að hluta saga byggðarlaganna sem fóstraði þau. Höfundurinn, Jónas Jónasson, vefur þessa tvo þræði saman af snilld. ... Það er augljóst að Jónas Jónasson hefur fengið hjónin til að segja nánast allt um líf sitt og ástir.

*– Reynir Traustason, DV*




... saga með spriklandi lífi ...

*– Ágúst Borgþór Sverrisson, Pressan.is*

... Það er heiður himinn yfir frásögninni allri, væntumþykja og ekkert væl.

*– Páll B. Baldvinsson, Fréttabl. 6. nóv.*

Það er einstök ánægja að lesa þessa bók. Stórfín!

*– Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljunni*




Ein besta sagnfræði sem völ er á. Í bókinni fylgist maður með því hvernig rómantískur maður verður valdagræðginni að bráð.

*– Guðmundur Ólafsson, hagfræðingur*

Ævisaga eins og þær gerast bestar. Spenna og fræði fléttast saman svo úr verður meistaraverk.

*– Guðni Th. Jóhannesson, sagnfræðingur*

... gríðarlega fróðleg, spennandi og einkar læsileg. Það er erfitt að leggja hana frá sér.

*– Kolbrún Bergþórsdóttir, Mbl. 13. des.*

## OG SVO MÁ EKKI GLEYMA ...










**SKRUDDA**

s. 552 8866 - skrudda@skrudda.is

Loftslagsráðstefnan í Kaupmannahöfn

# Kylfusláttur í Kaupmannahöfn

**Mótmælendur gerðu tilraun til að taka yfir ráðstefnuhöllina í Kaupmannahöfn í gær. Lögreglan var mætt vopnum skrýdd og lét höggin dynja á mótmælendum og úðaði piparúða. Mótmælendum tókst þó að hafa áhrif á ráðstefuna með aðgerðum sínum.**



**MÓTMÆLENDUR BUGAÐIR** Fílefldir lögreglumenn tóku mótmælendur engum vettlingatökum fyrir utan Bella Center. NORDICPHOTOS/AFP

Nokkur þúsund mótmælendur marseruðu fylktu liði að Bella Center í gær. Markmiðið var ekki veigalítið; taka átti stjórnina á ráðstefnunni yfir í einn dag og færa hana aftur til fólksins. Lögreglan hafði mikinn viðbúnað, enda vissu allir sem vita vildu hvað í vændum var. Mótmælendum má skipta í tvennt. Bláa blokkin fór eftir fyrir fram skipulögðum lögregluleiðum að ráðstefnunni og að svæði þar sem halda átti þing fólksins. Græna blokkin, minni og hreyfanlegri einingar, kom hins vegar úr annarri átt, úr suðvestri. Hennar var að rjúfa girðingarnar.

### Tvískipting

Segja má að mótmælahreyfingin hér í kringum ráðstefnuna skiptist eftir þessum línum. Annars vegar er það hópur sem kallar sig Civic Action. Hann boðar borgaralega óhlýðni, að standa uppi í hárinu á yfirvöldum og að nýta sér stjórnarskrárbundinn rétt sinn til að tjá skoðun sína. Þetta eru að mestu heimamenn, þó að vissulega hafi margir lagt land undir fót til að koma skoðunum sínum á framfæri.

Til hliðar við þennan stóra hóp er mun minni sem kallar sig Black Block, svörtu hreyfinguna. Það eru aðgerðasinnarnir. Félagar í henni hylja gjarnan andlit sín með svörtum klútum eða lambhúshettum og hafa það yfirlýsta markmið að takast á við löregluna.

Ekki eru allir mótmælendur sáttir við framgang þessa róttæka hóps. Mótmælendur sem Fréttablaðið ræddi við sögðu sumir hverjir að aðgerðir þeirra skiluðu engum árangri og gæfu lögreglunni afsökun fyrir því að handtaka hundruð manna. Félagar í Black Block svöruðu þeim ásökunum engu; litu á blaðamanninn sem fulltrúa valdsins sem ekki þyrfti að svara.

### Átök

Það var löngu vitað að í odda skærist í gær, þetta var einn af boðuðum stórmótmæladögum. Síðasti slíkur er á morgun. Átökin komu því fáum á óvart og lögreglan hefur sýnt síðustu daga að hún beitir hörðum og árangursríkum aðgerðum og er óhrædd við taka fólk fast fyrir litlar sem engar ástæður.

Hún hafði lokað Bella Center af og mótmælendur komust því aldrei að girðingunni. Þegar þeir reyndu það lét lögreglan til skarar skríða og barði mótmælendur með kylfum og úðaði piparúða. Fjölmargir voru handteknir og hlúð var að mörgum, ekki síst vegna úðans.

Átök brutust út víða við ráðstefnuhöllina; tekist var á um risastóra uppblásna stranddýnu sem mótmælendur notuðu sem púða á milli sín og lögreglu. Hún hélt ekki lengi.

Lögreglan tók fólk hvar sem hún hafði grun um að einhver úr aðgerðasinnahreyfingunni væri. Hún lét stóra hópa afskiptalausa, fólk sem hún taldi vera í hinum friðsamari geira mótmælenda. Hefði hún grun um að aðgerðasinni leyndist þar á meðal voru hins vegar allir handteknir.

Vegna átakanna varð að loka jarðlestarstöðinni við Bella Center og strætisvagnar komust ekki nærri um hríð. Það varð til þess að fjöldi fulltrúa frjálsra félagasamtaka, sem hafði ætlað að taka þátt í hliðarviðburðum komst ekki inn. Þar réði reyndar einnig hve illa hefur gengið að skrá fólk inn á ráðstefnuna. Félagar þeirra innandyra brugðust illa við þeim tíðindum og settust í hóp á gólfið inni í ráðstefnuhöllinni. Þeir neituðu að hreyfa sig fyrr en réttlátum samingum hefði verið náð og höfu að lesa nöfn allra félaganna sem ekki komust inn. Öryggisgæsla innandyra fjarlægði hópinn þó innan tíðar. Danir eru nú að skipuleggja annað húsnæði fyrir fulltrúana sem ekki komust inn.

Lítið varð um að fulltrúar í Bella Center gengju til liðs við ráðstefnu fólksins, en til þess hafði verið hvatt með dreifiritum.

Búast má við átökum aftur á morgun. en þá kemur Obama til Kaupmannahafnar, auk þess sem ráðstefnunni lýkur.



KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
skrifar frá Kaupmannahöfn
kolbeinn@frettabladid.is



**FYLKINGAR MÆTAST** Lögreglusveitir Kaupmannahafnar beittu táragasi og handtóku hundruð mótmælenda. NORDICPHOTOS/AFP




**SETTUST Á GÓLFIÐ** Hópur ráðstefnugesta krafðist þess að félagar þeirra utandyra fengju að komast inn. FRÉTTABLAÐIÐ/KOLBEINN



**Í PLASTJÁRNUM** Lögreglumaður leiðir mótmælanda. NORDICPHOTOS/AFP



Nikon

*At the heart of the image*

# HANDHÆGT TÆKNIUNDUR

**TILBOÐ!**
MEÐ ÖLLUM
NIKON D3000 FYLGIR
**VÖNDUÐ TASKA OG**
**2x2GB MINNISKORT**
(VERÐMÆTI: 14.995 kr.)










## NIKON D3000

Nikon D3000 er fullkomin stafræn myndavél fyrir metnaðarfulla áhugaljósmyndarann. Einfaldar leiðbeiningar í stýrikerfi vélarinnar auðvelda þér að taka frábærar myndir strax frá byrjun!

**Verð: 114.995 kr.**

Einnig fáanleg með AFS18-55VR linsu: 122.995 kr.

Nikon SCHOOL INTRO

**Nýjung á Íslandi!**
**Nikon skólinn**
Innifalið í kaupum er 2,5 klst. byrjendanámskeið á D-SLR (verðmæti: 12.000 kr.)

**www.nikon.is**

**Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.**

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

**Heimilistæki** – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
**Sjónvarpsmiðstöðin** – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
**Beco** – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
**Fotoval** – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
**MAX** – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
**Hagkaup** – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

**Samkaup** – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; **Hljómsýn** – Akranesi; **Blómsturvellir** – Hellissandi; **Skipavík** – Stykkishólmi; **Kaupfélag V-Húnvetninga** – Hvammstanga; **Smárabær** – Blönduósi; **Skagfirðingabúð** – Sauðárkróki; **Verslunin Pan** – Neskaupstað; **Geisli** – Vestmannaeyjum; **Foto** – Vestmannaeyjum; **Tækniráð** – Grindavík; **Mosfell** – Hellu; **Heimilistæki** – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; **Omnis** – Borgarnesi, Akranesi og Reykjanesbæ.

Tilboð gildir 26. nóvember til 31. desember eða meðan birgðir endast.

Mynd: Morten Rygaard

„ORÐRÉTT“

*Pabbi þinn …*

**„Og samkvæmt því sem pabbi þinn sagði mér í síðustu viku þá er hann hættur í viðskiptum.“**

INGI FREYR VILHJÁLMSSON BLAÐAMAÐUR Í SAMTALI VIÐ BJARNA BENEDIKTSSON, FORMANN SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS.
**DV, 16. desember**

*… og pabbi þinn*

**„Pabbi þinn er formaður í þessum banka. Spurðu hann bara.“**

BJARNI BENEDIKTSSON Í SAMA SAMTALI.
**DV, 16. desember.**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** LOGI KARLSSON, MARKAÐSSTJÓRI HJÁ ARCTIC ADVENTURES

## *Í nýrri ævintýravinnu og með óvenju greint barn*

„Það er allt líka svona rosalega gott að frétta. Ég er á fullri ferð í nýju starfi og að sinna þriggja mánaða gamalli, gullfallegri dóttur minni. Ég er að reyna kenna henni öll helstu trixin, það gengur hægt en örugglega. Þrátt fyrir ungan aldur virðist barnið vera bráðgreint,“ segir Logi sem bjó í eitt og hálft ár í Ástralíu, ásamt eiginkonu sinni, þar sem hann lagði stund á MBA-nám, áður en hann tók við starfinu hjá Arctic Adventures. Þar á undan sprangaði hann meðal tískukónga í Mílanó í þrjú ár.

„Ég er í óðaönn að vinna að endurbættri heimasíðu fyrir Arctic Adventures sem verður komin í loftið um áramót,“ segir Logi. Arctic Adventures er fyrirtæki sem gerir út á hinar ýmsu ævintýraferðir hér á landi, þar á meðal flúðasiglingar undir merkinu Arctic Rafting, ísklifur á Sólheimajökli, snorkling í Silfru á Þingvöllum, hellaferðir og jeppaferðir svo fátt eitt sé nefnt.

„Íslendingar jafnt sem útlendingar nýta sér þessar ferðir, en Íslendingarnir sækja meira í flúðasiglingarnar,“ segir Logi sem hefur sjálfur lagt upp í þó nokkrar ævintýraferðir. „Sjálfum finnst mér snorkling í Silfru vera skemmtilegast en ef ég væri í stórum hópi myndi ég velja flúðasiglingarnar.“

Logi kemur til með að verja fyrstu jólum sínum hér á landi eftir bankahrun. En hvernig leggst það í markaðsstjórann? „Undirbúningurinn fyrir jólin hefur alfarið verið í höndum eiginkonunnar og dóttur minnar bráðgreindu. Jólin leggjast vel í mig enda yndislegt að fá að eyða jólunum með svo greindu barni.“



**LOGI KARLSSON** Markaðsstjóri Arctic Adventures.

**tilveran**
*nær og fjær*

# Methafarnir skemmtilegastir

**Heimsmetabók Guinness er mest selda bók í heimi á eftir Biblíunni og Kóraninum. Aðalritstjóri bókarinnar, Craig Glenday, var hér á landi um síðustu helgi og gaf sér tíma til að spjalla við Fréttablaðið. Hann segir skemmtilegast að fá að hitta alls kyns methafa og hvetur Íslendinga til að reyna að slá frumleg heimsmet.**



**CRAIG GLENDAY** Ritstjórinn flettir íslenskri útgáfu Heimsmetabókarinnar. Uppáhaldsmet hans er maðurinn sem varð sjö sinnum fyrir eldingu og lifði af. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Heimsmetabók Guinness er mesta selda bók í heimi sem varin er höfundarrétti og hefur selst í 124 milljónum eintaka frá því hún kom fyrst út árið 1955. Hún kom fyrst út í íslenskri þýðingu árið 1977 og hefur komið út óslitið á hverju ári síðan 2004.

Glenday hefur ritstýrt heimsmetabókinni undanfarin ár. Hann segir starf sitt í grófum dráttum skiptast í tvennt. „Fyrri helming ársins er ég á skrifstofunni ásamt ritstjórnarteyminu að leggja línurnar fyrir næstu bók; hönnunina, hvaða met eigi að verða fyrir valinu og svo framvegis. Við leitum líka til sérfræðinga á ýmsum sviðum sem koma með hugmyndir um hvers konar metum við ættum að vera að leita eftir.

Seinni helming ársins er ég á fullu í kynningarstarfi, ferðast um heiminn í leit að nýjum metum, hitti methafa og því um líkt. Ég reyni líka að vera á staðnum þegar mikilvægustu metin eru staðfest, til dæmis hæsti eða lægsti maður heims. Við erum mjög ströng hvað það varðar og treystum ekki einu sinni læknum núorðið í þeim efnum. Fyrir nokkrum árum kom maður einn til álita sem hæsti maður ársins, hann neitaði að láta okkur mæla sig en læknirinn hans fullyrti að hann væri 260 cm á hæð. Þegar hann leyfði okkur loks að mæla sig kom í ljós að hann var „ekki nema“ 225 cm og því ekki hæsti maður heims. Við erum því mjög á varðbergi.“

### Mikið um skrítnar skrúfur

Hjá Heimsmetabókinni mæðir einna mest á þeim sem hafa þann starfa að sigta út umsóknir um staðfestingu á meti. „Við fáum nokkur þúsund umsóknir á viku. Sumir reyna að slá met og hafa samband. Við kunnum síður við það. Frekar viljum við að fólk hafi samband við okkur fyrirfram.

Annaðhvort höfnum við hugmyndinni eða, ef okkur líst á hana, föllumst á tilraunina og sjáum viðkomandi fyrir reglum til að fylgja.

Langflestum umsækjendum er hafnað í fyrsta kastinu, 80 eða 90 prósent. „Margt af því sem fólki dettur í hug er ekki hægt að taka gilt sem met, til dæmis í að sleikja á sér olnbogann. Við erum líka með strangar reglur til að koma í veg fyrir að mettilraunin geti orðið öðrum að skaða, hvort sem er fólki eða dýrum. Þumalputtareglan er sú að sá sem reynir að slá metið má stefna sjálfum sér í voða, enda er það á hans ábyrgð, en hann má ekki valda öðrum hættu.

Nýlega fengum við umsókn frá indverskum skurðlækni sem vildi fá það staðfest sem met að hann hefði gert flestar hjartaígræðslur á sem stystum tíma. Því var vitaskuld hafnað, rétt eins og skurðlæknahjónunum sem vildu að barnið þeirra yrði yngsta manneskjan til að framkvæma keisaraskurð.

Dýr sem eru stór frá náttúrunnar hendi geta komist í metabækurnar, en þyngstu einstaklingarnir í flokki dýra eru ekki gilt met, því það býður þeirri hættu heim að fólk ofali dýrin.“

### Þrýstingur frá methöfum

Glenday segir það erfiðasta við starfið vera að finna rétta jafnvægið í bókina.

„Það er til svo mikið af klikkuðum metum til að velja úr; ef þau eru of mörg í bókinni verður hún of galgopaleg, en ef þau eru of fá verður hún of leiðinleg. Ég þarf að reyna að feta milliveginn. Það er líka merkilegt að sum met eru þess eðlis að fólk vill sjá þau í bókinni á hverju ári, til dæmis hæsta fjallið og hæsta mann í heimi fyrr og síðar, Robert Wadlow. Við fengum miklar skammir árið sem við slepptum honum þótt hann hafði verið í öllum bókunum á undan.“

Að sama skapi er ritstjórn Heimsmetabókarinnar undir miklum þrýstingi frá methöfunum sjálfum. „Það komast færri að en vilja. Í bókinni er pláss fyrir um fjögur þúsund met, en metin sem við erum með skráð í gagnagrunninn skipta tugum þúsunda. Methafar eru eðli málsins samkvæmt æstir í að komast í bókina, sumir æstari en aðrir.“

### Met eru til þess að slá þau

Ritstjórinn blæs á efasemdarraddir sem segja að það sé búið að slá og skrá öll þau met sem helst skipta máli. „Jú, maður heyrir það stundum en svo kemur maður eins og Usain Bolt og afsannar það. Geimurinn er líka óplægður akur á þessu sviði og svo má ekki gleyma hvað fólk getur sjálft verið uppfinningasamt. Í sumar hitti ég mann í Bandaríkjunum sem gat sparkað í hausinn á sjálfum sér. Við útbjuggum reglur fyrir hann og nú á hann heimsmet í að sparka oftast í hausinn á sér á einni mínútu.“

Sjálfur á Glenday sér nokkur uppáhaldsmet. „Eitt ótrúlegasta metið er maðurinn sem varð oftast fyrir eldingu en lifði af, alls sjö sinnum. Þetta tók reyndar sinn toll af honum og hann stytti sér síðar aldur. Svo var það flugfreyjan sem féll til jarðar úr 33 þúsund feta hæð og lifði það af – það er hreint magnað.

Ég hef líka fengið að vera viðstaddur þegar nokkur met eru staðfest, til dæmis maðurinn með lengstu neglurnar. Svo hitti ég einu sinni manninn sem borðaði heila Cessna-rellu. Ég borðaði með honum hádegismat. Að vísu fékk hann sér bara venjulegan mat í það skiptið, ég hélt að hann myndi að minnsta kosti sporðrenna einum gaffli en allt kom fyrir ekki.

En það er skemmtilegasti hluti starfsins að hitta methafana, þetta er upp til hópa sérlega skemmtilegt og áhugavert fólk.“

### Ísland í heimsmetabókinni

Ísland á nokkur met í Heimsmetabók Guinness, sem ekki eru tengd hinni víðfrægu höfðatölu.

„Ég held að þið eigið enn metið fyrir flestar bíóferðir miðað við höfðatölu. Það eru líka nokkur náttúrumet, til dæmis vatnsmesti hverinn, Auk þess eigið þið metið fyrir lægstu útgjöldin til varnarmála, 0 krónur, og Jón Páll Sigmarsson og Magnús Ver Magnússon deila metinu ásamt þriðja manni fyrir að hafa oftast sigrað í keppninni um sterkasta mann heims. Þetta er nokkuð vel af sér vikið hjá ekki stærri þjóð. En það væri gaman að fá fleiri Íslendinga í bókina, þið ættuð tvímælalaust að reyna að slá fleiri met.“ **bergsteinn@frettabladid.is**

### LEIÐBEININGAR HEIMSMETABÓKARINNAR TIL UPPRENNANDI HEIMSMETHAFA

**1. Hafðu samband**
Hafir þú áhuga á að slá nýtt heimsmet, hafðu þá samband í gegnum heimasíðuna okkar: www.guinnessworldrecords.com. Smelltu á „Break a Record“ og fylgdu leiðbeiningunum. Gefðu okkur eins miklar upplýsingar um mettilraunina og þú getur.

**2. Fylgdu reglunum**
Ef þú vilt slá gildandi met verðurðu að fylgja sömu reglum og núverandi methafi. Ef þú ætlar að slá nýtt met og það er okkur að skapi semjum við reglur fyrir þig. Þegar þú hefur fengið reglurnar er þér ekkert að vanbúnaði að reyna við metið.

**3. Sönnun**
Takist þér að slá metið þarftu að senda okkur sannanir. Mundu því eftir að taka metið upp á myndbandsupptökuvél, taka ljósmyndir og fá skriflega staðfestingu frá tveimur óháðum vitnum. Við gætum þurft á fleiri sönnunum að halda eftir því hvers eðlis metið er, en ef svo er sendum við þér reglurnar.

**4. Bíddu**
Þetta gæti verið erfiðasti hluti mettilraunarinnar! Þú þarft að bíða meðan dómarar Heimsmetabókarinnar leggja mat á tilraunina og skera úr um hvort þú fáir opinbert viðurkenningarskjal. Nema þú hafir vitaskuld fengið dómara til að vera viðstaddan mettilraunina. Gangi þér vel.


Fagor þvottavél



A Orkunýtni
A Þvottahæfni
A Þeytivinda

Fagor þvottavél
3F-1614
1400 snúninga þeytivinda. 6 kg hleðsla.
Tímaseinkun. Stillanleg vinda. 32 cm hurðarop.
Jólatilboð 89.900
Verð kr. 99.900

RÖNNING

Reykjavík · Skútuvogi 1 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200


-5kr.
MEÐ ÓB-LYKLINUM
Í DAG!
ÓB
ódýrt bensín
ÓB-lykilhafar geta safnað Vildarpunktum Icelandair.
Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is eða í síma 515 1141.
27 stöðvar um land allt.
www.ob.is


JÓLAGJAFIRNAR
DEVOLD
Samfella 3.990 kr.
ACTIVE BABY
Fáanlegt í bleiku og bláu.
Stærðir 56–98.
Ullarfatnaður úr léttri merínóull sem einangrar gegn kulda og eyðir raka.
Buxur 2.990 kr.
VARME ULLARVETTLINGAR
Hlýir og þægilegir vettlingar sem henta öllum.
2.390 kr.
Coleman
CHINKAPIN
Léttur og þægilegur bakpoki fyrir lengri leiðir, 50+15 lítra.
16.990 kr.
BROOME
Flott vetrarúlpa, 2 litir.
Stærðir: S–XL
Verð áður: 49.990
39.990 kr.
PERCEPTION CONTOUR EXPEDITION
Hraðskreiður og stöðugur sjókajak.
189.000 kr.
LOÐHÚFA
fyrir veiðimenn og fjallagarpa.
2.990 kr.
GÖNGUSTAFIR
með dempurum.
9.990 kr.
Coleman
TATARIAN
Góður 50 lítra bakpoki fyrir ferðalagið.
15.990 kr.
ANGÓRUVETTLINGAR
Uppháir og hlýir.
2.990 kr.
FELUBYRGI MEÐ STÓL
Fyrir einn sitjandi mann og með rúmu plássi fyrir hund.
39.900 kr.
RISAGRILL
Coleman
Glæsileg gjöf fyrir grillmeistarann.
VERÐ: 149.900 kr.
LÉTTGREIÐSLUR Í 12 MÁNUÐI: 12.490 kr.
DIDRIKSONS 1913
Grundsund SWEDEN
CIRRUS
Regngallar fyrir dömur og herra.
8.990 kr.
PIPAR\TBWA • SÍA • 92486
Munið gjafabréfin!
Gjafabréf
Ellingsen
Afgreiðslutími um jólin:
Föstudagur 18. des. 10–20
Laugardagur 19. des. 10–22
Sunnudagur 20. des. 12–22
Mánudagur 21. des. 10–22
Þriðjudagur 22. des. 10–22
Þorláksmessa 23. des. 10–22
Aðfangadagur 24. des. lokað
Laugardagur 26. des. lokað
Mánudagur 28. des. 10–18
Þriðjudagur 29. des. 10–18
Miðvikudagur 30. des. 10–18
Gamlársdagur 31. des. 10–12
Nýársdagur 1. jan. lokað
Laugardagur 2. jan. lokað

R Í ELLINGSEN

**DÖMU ULLARHANSKAR**
Fallegir fingravettlingar úr 100% ull.
2.190 kr.

Coleman
Léttur og meðfærilegur svefnpoki.
9.900 kr.

DEVOLD
**MULTI SPORT**
Dömu og herra, XS–XXL.
Einfaldur og léttur ullarfatnaður sem lagar sig að líkamanum.
Bolur 6.990 kr.
Buxur 6.990 kr.

Columbia Sportswear Company
**PEARL PLUSH**
Þægilegur flísjakki.
Stærðir: S–XL
18.990 kr.

DEVOLD
**EXPEDITION**
Dömu og herra, XS–XXL.
Tveggja laga fatnaður úr merínóull.
Bolur 8.490 kr.
Buxur 8.490 kr.

CAMPINGAZ
**CAMPINGAZ LOFTDÝNA**
Traust og þægileg dýna.
Stærð 73x188 cm.
4.990 kr.

Coleman
Hitabrúsi sem heldur kakóinu heitu, 0,75 lítra.
3.490 kr.

**VENIARD PREMIUM FLYING KIT**
Fluguhnýtingasett sem hentar byrjendum jafnt sem lengra komnum.
Efni í 1000 flugur.
13.990 kr.

**HÁFUR**
fyrir stangveiðimanninn.
Abu Garcia for life.
1.490 kr.

**CAMPING-GASHITARI**
Gerir pallinn að sælureit.
24.900 kr.

**KIWAT**
Lamhúshettur fyrir börn.
Margar tegundir og litir.
5.290 kr.

DEVOLD
**OPTIMUM**
Mjúk og þægileg peysa úr merínóull.
14.990 kr.

REYKJAVÍK Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
AKUREYRI Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630

**Ellingsen**
FULLT HÚS JÓLAGJAFA

## > Útgjöldin

Herraskyrta úr bómull og gerviefni.




Heimild: Hagstofa Íslands.

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** HILDUR SVERRISDÓTTIR LÖGFRÆÐINGUR

## *Keypti fokdýra kuldaskó í Berlín*




„Bestu kaupin mín er íbúðin mín á Ásvallagötu," segir Hildur Sverrisdóttir, lögfræðingur og frambjóðandi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. „Íbúðin er pínulítil og er staðsett í gömlu verkamannabústöðunum. Bygging verkamannabústaðanna var á sínum tíma merkilegt framtak og það er gaman að búa á stað með mikla sögu. Húsin eru samtengd í einn hring Ásvallagötu, Hofsvallagötu, Hringbrautar og Bræðraborgarstígs og í miðju þess er frábær leynigarður sem er gott að hafa fyrir augunum.

Ætli mín verstu kaup hafi ekki átt sér stað örlagadaginn 6. október 2008. Ég var stödd í Berlín en í stanslausu SMS-sambandi við fólkið mitt hér heima sem flutti mér fréttir af forsætisráðherra að biðja guðsblessunar. Það kom yfir mig eitthvað sem getur kallast kreppupanikk og hræðsla um að á Íslandi myndi jafnvel gjaldeyrir og innflutningur heyra sögunni til og því þyrfti ég nauðsynlega að kaupa mér góða skó. Eftir að ég hafði jafnað mig á hræðslunni, og komist að því að Visa-gengið þennan dag var talsvert verra en ég hafði ímyndað mér, gat ég ekki horft á þessa skó án þess að skammast mín svolítið yfir vitleysisganginum og að hafa eytt talsvert meiru en eðlilegt getur talist í hefðbundna kuldaskó."

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### SÍTRÓNA Í ÞRIFIN

■ *Brynhildur Pétursdóttir, ritstjóri Neytendablaðsins.*



„Ég set gömul bananahýði ofan í moldina hjá rósunum í garðinum. Sama er gott að gera við kaffikorg, að grafa hann með með rósunum sem fá þarna viðbótarnæringu. Þá mæli ég með Undra-penslasápunni til þess að láta gamla og harðnaða pensla ganga í endurnýjun lífdaga." Eftir umhugsun bætir Brynhildur við að gangi hálf sítróna afgangs megi maka úr henni á blöndunartæki til að hreinsa þau, eða kreista út í vatn og hita í örbylgjuofni. „Þá verður auðveldara að þrífa hann og kemur góð og náttúruleg lykt."

■ **Mikill munur á verði og framboði samkvæmt könnun ASÍ**

## 70% verðmunur á Svörtuloftum Arnalds




Allt að 85 prósenta verðmunur var á nýjum jólabókum þegar verðlagseftirlit ASÍ kannaði verð í tólf bókaverslunum og stórmörkuðum víðs vegar um landið í fyrradag. Skoðað var verð á 50 bókatitlum og var munur á hæsta og lægsta verði oftast á bilinu 30 til 70 prósent. Sem dæmi má nefna að bókin Svörtuloft eftir Arnald Indriðason var ódýrust á 3.414 krónur hjá Nettó og dýrust á 5.690 í Bókabúð Máls og menningar, munurinn eru tæp 70 prósent. Bónus var oftast með lægsta verðið í könnuninni, eða á sautján titlum, en þar voru fáanlegir 22 titlar af þeim 50 sem kannaðir voru. Bókabúð Máls og menningar var oftast með hæsta verðið í könnuninni, eða á 38 titlum, þar var mesta úrvalið eða 49 titlar af þeim 50 sem skoðaðar voru. Penninn Eymundsson var næstoftast með hæsta verðið, eða á 20 titlum, og voru 48 titlar fáanlegir í versluninni. Nánari upplýsingar um könnunina er að finna á vef ASÍ, www.asi.is.

■ **Algengt að verðmerkingum sé ábótavant í búðargluggum**

## Nær helmingur trassar að verðmerkja



Verðmerkingum í sýningargluggum verslana í miðbæ Reykjavíkur var ábótavant í 42 prósentum tilfella þegar Neytendastofa fór í eftirlitsferð þar í byrjun desember. Þá voru vörur í sýningargluggum 44 verslana af 138, eða 32 prósenta, óverðmerktar með öllu. Lögum samkvæmt ber verslunareigendum að verðmerkja vörur, bæði inni í verslunum og í sýningargluggum. Farið var inn í 152 verslanir, þar af 138 með sýningarglugga. Tvær af þessum verslunum voru beðnar að laga verðmerkingar sínar innandyra, Gull og Silfur, Laugavegi 52, og Guðbrandur Jezorski gullsmiður, Laugavegi 48. Alls 58 verslanir fengu áminningu vegna vanmerkinga í gluggum.

■ **Karlmenn seinni til jólagjafakaupa en konur**

## Þriðjungur ekki byrjaður viku fyrir jól

34 prósent norskra karlmanna eru ekki byrjuð að kaupa jólagjafir þegar rúm vika er til jóla. Þetta kemur fram í nýrri könnun sem greint er frá í norska dagblaðinu Aftenposten. Konurnar eru öllu fyrr á ferðinni en 90 prósent norskra kvenna eru byrjuð á gjafainnkaupum. 28 prósent Norðmanna hafa lokið gjafainnkaupunum, þriðjungur kvenna og 23 prósent karla. Markaðsstjóri sem blaðið ræðir við segir mynstrið kunnuglegt, örvæntingarfullir karlar í leit að gjöfum á síðustu stundu séu þekkt fyrirbæri á meðal verslunarfólks.



# 10 til 80% verðmunur

**Norðmannsþinur er vinsælasta jólatréð nú sem endranær en stafafuran íslenska hefur þó áunnið sér vinsældir í seinni tíð. Tiltölulega lítill verðmunur er á milli hæsta og lægsta verðs á Norðmannsþini hjá sölustöðum sem Fréttablaðið hringdi í en mjög mikill á stafafurunni, 80 prósent á 150 sentímetra trjám.**

Jólatrjáasala er hafin af fullum krafti að sögn þeirra sem starfa við sölu jólatrjáa. Fréttablaðið hafði samband við fimm útsölustaði jólatrjáa og var það mál manna að salan væri ágæt sem af er. Norðmannsþinur er langvinsælasta tegundin nú sem endranær, þau tré eru innflutt frá Danmörku og í hugum margra jólalegust af öllu jólalegu.

Samkvæmt könnun Fréttablaðsins er rúmlega 10 prósenta verðmunur á Norðmannsþini í 150 sentímetra stærð, dýrust var hún hjá Jólatrjáasölunni Landakoti en ódýrust í Byko. Meiri verðmunur er á stærri trjám. Ef fólk hefur hug á tæplega tveggja metra tré er það dýrast í Garðheimum á 8.950 kr. en ódýrast í Byko á 6.990 kr. og munar þar tæpum 30 prósentum.

Ýmsar fleiri trjátegundir eru til sölu á útsölustöðum jólatrjáa. Hin íslenska stafafura hefur áunnið sér nokkrar vinsældir í seinni tíð. Ásgerður Einarsdóttir, sem sér um sölu jólatrjáa hjá Flugbjörgunarsveitinni, segir furufólki fjölga ár hvert. „Það virðist vera að þegar fólk fær sér einu sinni furu þá vill það ekki annað. Hún er auðvitað ansi falleg, stílhrein og fer vel til dæmis þar sem hátt er til lofts."

Ef fólk hefur hug á furunni borgar sig að gera verðsamanburð. 150 sentímetra tré kostar til dæmis á bilinu 3.990 í Blómavali til 7.080 kr. í Byko sem eru nær 80 prósenta verðmunur. Sá möguleiki er þá fyrir hendi fyrir furufólk að fara í Heiðmörk og höggva tré sem kostar 4.990 krónur óháð stærð trésins.

Af útsölustöðunum fimm er einn, Flugbjörgunarsveitin, rekin til fjáröflunar en Landakot gefur fjórðung sölunnar til krabbameinssjúkra barna og Byko styrkir hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð með hluta andvirðis trjánna. Könnunin er hugsuð til viðmiðunar enda tré seld víðar á landinu. sigridur@frettabladid.is



**STAFAFURA EÐA NORÐMANNSÞINUR?** Ásgerður Einarsdóttir hjá Flugbjörgunarsveitinni á milli stafafuru til vinstri og Norðmannsþins til hægri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## VERÐ Á TRJÁM

Hringt var á nokkra staði og fenginn verð á Norðmannsþin og stafafuru. Verð á jólatrjám ræðst af stærð þeirra og hlaupa stærðar flokkar á 25 til 50 sentímetrum á sölustöðum. Hér er birt verð á trjám í millistærðum. Þar sem eru tvö verð miðast verðflokkar verslunarinnar við 25 sentímetra. Hringt var í sölurnar og því ekki lagt mat á gæði trjánna.

**Norðmannsþinur**

| *Verslun* | *100-150 cm* | *151-200 cm* |
|---|---|---|
| Blómaval | 5.990 kr. | 6.990 kr. |
| Flugbjörgunarsveitin | 5.900 kr. | 7.900 kr. |
| Garðheimar | 4.850 / 5.850 kr. | 7.450 / 8.950 kr. |
| Byko | 5.350 kr. | 6.550 / 7.850 kr. |
| Jólatréssalan Landakoti | 4.990 / 5.990 kr. | 7.290 / 8.290 kr. |

**Stafafura**

| *Verslun* | *100-150 cm* | *151-200 cm* |
|---|---|---|
| Blómaval | 3.990 kr. | 6.990 kr. |
| Byko | 4.200/7.080 kr. | 9.480/11.160 kr. |
| Flugbjörgunarsveitin | 4.900 kr. | 8.900 kr. |
| Garðheimar | 3.800/5.300kr. | 7.100/9.900 kr. |



# ÞÚ FÆRÐ JÓLAGJAFIRNAR Í SPORTLANDI

Sportland hefur opnað nýja og stórglæsilega verslun á Grensásvegi 11. Opið til kl. 22 alla daga fram að jólum.



**STJÖRNUFATNAÐUR**
Barna- og fullorðinsstærðir

**FYLKISFATNAÐUR**
Barna- og fullorðinsstærðir



**MIZUNO VINDHELDUR HLAUPAFATNAÐUR**
Dömu og herra



**KEPPNIS- OG ÆFINGAKLÆÐNAÐUR**
Frá Uhlsport og Umbro



**TÖSKUR OG UTANYFIRGALLAR**
Frá Uhlsport og Umbro



**MIZUNO HLAUPAFATNAÐUR**
Dömu og herra, í ýmsum litum



**MIZUNO VETRARHLAUPAFATNAÐUR**
Dömu og herra

## OPNUNARTILBOÐ



**Umbro vindjakki (ýmsir litir) og gervigrasbuxur**
Barnasettið (buxur og jakki)
**kr. 9.990.-**



**Umbro vindjakki (ýmsir litir) og gervigrasbuxur**
Fullorðinssettið (buxur og jakki)
**kr. 10.990.-**



**Uhlsport markmannshanskar**
á markmenn framtíðarinnar
**kr. 1.990.-**
(verð áður 3.990.-)

BETTER BODIES · uhlsport · GASP · umbro · Mizuno · Kempa

**SPORTLAND**
GRENSÁSVEGI 11 · SÍMI 571 1000
WWW.SPORTLAND.IS

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 45 **Velta:** 123,5 milljónir

**OMX ÍSLAND 6**
809 **+1,11%**

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ATLANTIC** | +6,12% | **EIK BANKI** | -7,14% |
| **ÖSSUR** | +4,98% | **FØROYA BANKI** | -1,92% |
| | | **MAREL** | -0,16% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atlantic Petroleum 166,00 +0,00% ... Bakkavör 1,95 +0,00% ... Føroya Banki 127,50 -1,92% ... Icelandair Group 3,65 +0,00% ... Marel 63,60 -0,16% ... Össur 147,50 +4,98%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Hlutabréf Össurar taka flugið ytra

Talsverð hreyfing var með hlutabréf stoðtækjafyrirtækisins Össurar jafnt hér sem á hlutabréfamarkaði í Kaupmannahöfn í Danmörku í gær eftir að sænski bankinn SEB Enskilda birti nýtt og verulega uppfært verðmat á félaginu. Gengi bréfanna rauk upp um fimm prósent hér en um tæp átta í Danmörku.

Enskilda segir í mati sínu að uppgjör Össurar á þriðja ársfjórðungi sé umfram væntingar. Miklar vonir séu bundnar við rafeindastýrðar vörur með gervigreind auk þess sem vænta megi betri sölu á öðrum vöruflokkum.

Greinendur bankans mæla með því að fjárfestar bæti við hlut sinn og setji 8,2 danskra króna verðmiða á hvern hlut félagsins. Það jafngildir rúmum tvö hundruð íslenskum krónum samanborið við 147 krónur hér. Þetta er um fjörutíu prósentum hærra mat en núverandi verð bréfanna ytra. Þar standa þau í 6,10 dönskum krónum á hlut, sem jafngildir 152 íslenskum krónum á hlut samanborið við 147,5 krónur hér.

Talsverð eftirspurn hefur verið eftir hlutabréfum Össurar ytra í kjölfar skráningar félagsins þar í september. Framboð hefur á móti verið takmarkað.

Valdimar Halldórsson, sérfræðingur hjá IFS Greiningu, segir mikla eftirspurn eftir bréfunum ekki koma sér á óvart enda Össur gott félag með frábært sjóðstreymi. Svo virðist sem þeir sem hafi keypt bréfin í útboðinu á dögunum vilji ekki selja mikið af þeim í bili nema fyrir hærra verð. Talsverður áhugi hafi vaknað á fyrirtækinu ytra eftir skráninguna þar og greini nú fjögur fjármálafyrirtæki Össur erlendis. **- jab**



**FORSTJÓRI ÖSSURAR** Mikil eftirspurn hefur verið eftir hlutabréfum Össurar ytra eftir að félagið var skráð á markað í Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bernanke bankastjóri maður ársins

Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, er maður ársins, að mati bandaríska vikuritsins Time. Í umsögn tímaritsins segir, að seðlabankastjórinn hafi gegnt lykilhlutverki í þeim öldudal sem fjármálaheimurinn hafi siglt í gegnum í kreppunni og megi þakka honum fyrir hægan efnahagsbata í stað langvarandi kreppu.

Þá segir að Bernanke hafi óskorað vald yfir peningamálastefnu Bandaríkjanna og ráði miklu um örlög landsmanna. Á meðal annarra sem voru tilnefndir voru hershöfðinginn Stanley McChrystal, sem tók í vor við stjórn bandaríska hersins í Afganistan, og Nancy Pelosi, forseti fulltrúadeildar Bandaríkjaþings. **- jab**




**FORSÍÐA TIME** Ben Bernanke seðlabankastjóri þykir hafa siglt bandarísku þjóðarskútunni hægt en örugglega í gegnum fjármálakreppuna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Átta tilboð, sex halda áfram

Átta óskuldbindandi tilboð hafa borist í 49 prósenta hlut í Skeljungi ehf. og tengdum félögum. Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka annast söluna, en hluturinn var settur í opið söluferli í lok nóvember síðastliðinn.

„Þeim sex tilboðsgjöfum sem áttu hæstu óskuldbindandi tilboðin verður gefinn kostur á áframhaldandi þátttöku í söluferlinu og veittur aðgangur að nánari upplýsingum um starfsemi og fjárhag fyrirtækisins," segir í tilkynningu Íslandsbanka.

Skuldbindandi tilboðum með fyrirvara um áreiðanleikakönnun á að skila í síðasta lagi 21. desember næstkomandi. Þau verða opnuð í viðurvist óháðs aðila og í kjölfarið hefjast viðræður við hæstbjóðendur. **- óká**



**SAMKOMULAGIÐ SKOÐAÐ** Almenn sátt virðist með samkomulag um uppgjör eigna og skulda á milli gamla og nýja Landsbankans. Bankastjórinn segir mikilvægt að byggja upp traust á bankanum á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Landsbankinn reistur við á ný

**Samið var um uppgjör eigna og skulda Landsbankans í fyrrinótt. Fjármálaráðherra er sáttur og segir endurreisn bankakerfisins ekki nærri eins kostnaðarsama og óttast var í fyrstu.**

„Þetta er jákvætt og mýkir lendinguna," segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra um samkomulag ríkisins við skilanefnd gamla Landsbankans og kröfuhafa um uppgjör eigna og skulda nýja bankans. Samkomulagið og stofnefnahagsreikningur bankans voru kynnt í höfuðstöðvum Nýja Landsbankans (NBI) í gær.

Ríkið leggur bankanum til 122 milljarða króna eiginfjárframlag í skiptum fyrir 81 prósents hlut í bankanum. Þetta er um 78 milljörðum lægri upphæð en upphaflega var reiknað með að ríkið þyrfti að leggja til bankans. Heildarframlag ríkisins til bankanna þriggja nemur nú samtals 137 milljörðum króna auk fimmtíu milljarða í víkjandi lánum. Gert var ráð fyrir að endurreisn bankanna myndi kosta ríkissjóð 385 milljarða.

Forgangskröfuhafar, breska og hollenska ríkið, fara með nítján prósenta hlut í NBI á móti ríkinu. Náist samkomulag um Icesave-málið mun Tryggingasjóður innstæðueigenda eignast tæp sextíu prósent krafna í bú gamla bankans.

Þessu til viðbótar gefur NBI út skuldabréf til gamla bankans til tíu ára upp á 247 milljarða króna. Vaxtaálagið nemur 1,75 prósentum yfir Libor-vöxtum. Aðeins eru greiddir vextir af bréfinu fyrstu fimm árin en afborganir bætast við að þeim tíma liðnum.

Ásmundur Stefánsson bankastjóri segir niðurstöðuna afar ánægjulega enda tryggi skuldabréfið, sem er í breskum pundum, Bandaríkjadölum og evrum, erlenda fjármögnun NBI og íslenskra fyrirtækja sem þurfa á erlendu lánsfé að halda um nokkurra ára skeið, eða þar til erlendir lánsfjármarkaðir opna dyrnar fyrir bankann á ný. Heildareignir nýja bankans, sem verður umsvifamesti banki landsins, nema 944 milljörðum króna. Þar af eru útlán til viðskiptavina 608 milljarðar króna.

Ásmundur segir eignavirði nýja bankans endurspegla mat á eignum eftir flutning úr þeim gamla. Hann gat hvorki tjáð sig um það hversu mikil niðurfærsla eigna var né fengust upplýsingar um það þegar eftir því var leitað. Hann benti þó á að rétti efnahagslífið úr kútnum geti það skilað sér í auknu verðmæti eigna, jafnvel upp á hundrað milljarða króna. „Þetta er ekki áætlun, heldur von okkar," segir hann.

Ásmundur segir orðspor Landsbankans hafa orðið fyrir miklum skakkaföllum í fjármálahruninu. „Bankinn er ekki traustur í þeirri merkingu að hann hafi áunnið sér traust umhverfisins. Það vantar mikið upp á það. En fjárhagslegur grundvöllur er það í dag og á því getum við byggt. Við verðum að vinna að því," segir hann.

**jonab@frettabladid.is**

### ÁSMUNDUR HÆTTIR EFTIR ÁRAMÓT

Endanlegt uppgjör NBI er ekki lokið að fullu. Eftir því sem næst verður komist stefnir bankinn á að birta uppgjör síðasta árs á milli jóla og nýárs og líkur á að níu mánaða uppgjör liggi þá fyrir.

Þegar samþykki Fjármálaeftirlitsins um uppgjör bankans liggur fyrir mun verða boðað til hluthafafundar NBI. Líklegt er að það verði skömmu eftir áramót. Í kjölfarið verða stjórnarskipti og munu kröfuhafar fá einn mann í bankaráð NBI í krafti nítján prósenta hlutar í bankanum á móti fjórum frá íslenska ríkinu.

Nýtt bankaráð mun ráða nýjan bankastjóra til að taka við af Ásmundi Stefánssyni, sem fram til þessa hefur verið lausráðinn. Reiknað er með að Bankasýsla ríkisins auglýsi stöðu hans fljótlega.







VALITOR VISA Vildarkort


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Ali Grísakjöt
GRÍSAHAKK
40%
AFSLÁTTUR
ALI FERSKT GRÍSAHAKK
MERKT VERÐ 798 KR.KG. 40% AFSLÁTTUR 479 kr.kg.
SÉRVALDAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR
RAUÐAR OG GULLAUGA
139
KR.KG
BÓNUS
FORSOÐNAR
ÍSLENSKAR
KARTÖFLUR
298
KR.PK
BÓNUS FORSOÐNAR
KARTÖFLUR 900g
Ali
498
KR.KG
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
498 KR.KG.
BÓNUS
145
KR.STK
BÓNUS
135
KR.STK
BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI 185 ML
10% 135 kr 18% 145 kr
ÚTIKERTI
298
KR.STK
ÍSLENSK ÚTIKERTI Í DÓS
SPIDER-MAN
SPIDER-MAN
299
KR.STK
SPIDERMAN OG HELLO KITTY SOKKAR
NÝ SENDING ÓBREYTT VERÐ.
BÓNUS
Rjómi
BÓNUS
MATAR
Rjómi
245
KR.STK
145
KR.STK
BÓNUS RJÓMI 400 ML
BÓNUS MATAR-RJÓMI 400ML
Veet
Raserá
998
KR.STK
VEET RASERA-
HÁREYÐINGARKREM M.SKÖFU
ora
498
KR.DS
ORA HÁTÍÐARSÍLD 500G DÓS
norðanfiskur
HÁKARL
598
KR.DS
HÁKARL Í BITUM
FRÁ BJARNARHÖFN 100G
HAMSATÓLG
298
KR.DS
HAMSATÓLG FRÁ STÓRUVÖLLUM 250G
FISK
698
KR.KG
KS SALTFISKUR Í BITUM ÚTVATNAÐUR
Fiskbúðin okkar
808
KR.KG
FO KÆST OG SÖLTUÐ TINDABIKKJA
10% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 898 KR.KG
Fiskbúðin okkar
878
KR.KG
F.O KÆST OG SÖLTUÐ SKATA
20% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 1098 KR.KG
BRAGÐAREFUR
BÓNUS
2 LÍTRAR
459
KR.2 LTR
BÓNUS ÍS BRAGÐAREFUR 2 LTR
Vanillu Ís
BÓNUS
2 lítrar
Súkkulaði Ís
2 lítrar
JARÐARBERJA ÍS
BÓNUS
2 LÍTRAR
359
KR.2 LTR
BÓNUS ÍS 2 LTR JARÐARBERJA-SÚKKULAÐI-VANILLU
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
VERÐTILBOÐIN GILDA FRÁ FIMMTUDEGI - SUNNUDAGS

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# JÓLAGRÍSINN FRÁ ÍSLANDSGRÍS MEÐ 30% AFSLÆTTI TIL JÓLA

ÍSLANDS GRÍS
Stolt kjötmeistarans

**1298** KR.KG
ÍG HAMBORGARHRYGGUR M.BEINI
MERKT VERÐ 1854 KR.KG.

**1698** KR.KG
ÍG HAMBORGARHRYGGUR ÚRBEINAÐUR
MERKT VERÐ 2425 KR.KG.

**598** KR.KG
ÍG FERSKT HÁLFT GRÍSALÆRI
MERKT VERÐ 854 KR.KG.

**998** KR.KG
ÍG BAYONNE SKINKA ÚR LÆRI
MERKT VERÐ 1425 KR.KG.

**998** KR.KG
ÍG FERSKUR GRÍSAHRYGGUR M.PURU
MERKT VERÐ 1425 KR.KG.

ÍSLANDS GRÍS
Stolt kjötmeistarans

**698** KR.KG
ÍG FERSK GRÍSAPURUSTEIK
MERKT VERÐ 997 KR.KG.

ÍSLANDS GRÍS
Stolt kjötmeistarans

EURO SHOPPER

**498** KR.PK
E.S FROSIN JARÐARBER 1 KG.
*FRÁBÆRT VERÐ*

VANDAÐAR OG ÓDÝRAR FRYSTIVÖRUR FRÁ EUROSHOPPER

**359** KR.PK
E.S FROSIÐ BROCCOLIMIX 1 KG

**359** KR.PK
E.S FROSIÐ BROCCOLI 1 KG

**195** KR.DS
HEIMA JARÐARBER 820G

**159** KR.DS
HEIMA ASPARS Í BITUM 283G

**198** KR.STK
BÓNUS RÚGBRAUÐSKUBBUR 500G

**298** KR.STK
E.S BATTERI 9 VOLT/2 STK
*FYRIR REYKSKYNJARA.*

**298** KR.STK
E.S RAFHLÖÐUR AA & AAA 8 STK ALKALINE

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

VERÐTILBOÐIN GILDA FRÁ FIMMTUDEGI - SUNNUDAGS

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Holdafar hins opinbera er eins og á heildsala eða útgerðarmanni í sögu frá síðustu öld.

## Velmegunarístran

**JÓN KALDAL SKRIFAR**

Viðskiptaráð birti í gær athugasemdir við fyrirhugaðar skattabreytingar ríkisstjórnarinnar. Álit ráðsins er almennt vel ígrundað og rökfast. Þar er meðal annars bent á að megnið af aðlögunaraðgerðum til að mæta vanda ríkissjóðs sé í formi skattahækkana og að ekki sé lögð næg áhersla á nauðsynlegan niðurskurð og aðhald í ríkisrekstrinum.

Þetta er réttmæt gagnrýni. Útgjöld ríkisins hafa þanist út og starfsmönnum hins opinbera hefur fjölgað óhóflega. Borgarfulltrúinn Gísli Marteinn Baldursson orðaði þetta ágætlega í pistli á heimasíðu sinni fyrir skömmu þegar hann benti á að: „Bara í stjórnsýslunni sjálfri væri hægt að ná fram miklum sparnaði. Þar hefur safnast saman fitulag sem hægt er að skera burt."

Gísla láðist hins vegar að geta þess að ríkið hljóp ekki í spik og safnaði velmegunarístru, eins og útgerðarmaður eða heildsali í sögu frá síðustu öld, á þeim fáu mánuðum sem núverandi ríkisstjórn hefur verið við völd. Bumban varð til á mörgum árum þegar flokksbræður hans og -systur stýrðu landinu.

Pistlahöfundarnir á hinu hægrisinnaða vefriti Andríki fóru yfir þessa stöðu af hreinskilni skömmu eftir að Sjálfstæðisflokkurinn hvarf úr ríkisstjórn fyrr á þessu ári.

Þar var bent á nokkur af þeim málum, stórum og smáum, sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur staðið að síðastliðin ár. Hér eru nokkur atriði af lista Andríkismanna frá því í mars:

Stjórnmálaflokkarnir voru settir á fullt framfæri ríkisins í lok árs 2006, tekjuskattur einstaklinga var hækkaður úr áður lögfestum 34,72% í 35,72% í byrjun árs 2007, ríkisútgjöld hafa aldrei aukist jafnmikið á tveimur árum og frá 2006 til 2008. Á þessum tveimur árum hækkuðu þau um 35 prósent eða 120 þúsund milljónir króna, tekjuskatturinn var hækkaður aftur um síðustu áramót, nú úr 35,72% í 37,20%, gripið var til dýrustu „mótvægisaðgerða" Íslandssögunar í minnsta atvinnuleysi sögunnar árið 2007, gerðar voru sértækar lækkanir á virðisaukaskatti í stað almennra lækkana í ársbyrjun 2007, gjaldeyrishöft voru lögð á landsmenn haustið 2008, stórfelld þjóðnýting banka og fyrirtækja hófst haustið 2008 og stendur enn yfir, óskýr lagasetning um innstæðutryggingar á grundvelli tilskipunar ESB færði skattgreiðendum ábyrgðina á Icesave og gæti gert ríkissjóð gjaldþrota, ríkissjóður fór úr því að vera sagður skuldlaus í það að enginn treystir sér til að segja til um hve skuldirnar eru miklar.

Niðurstaða Andríkismanna var að Sjálfstæðisflokkurinn hefði látið undan síga á nær öllum hugmyndafræðilegum vígstöðvum sínum á síðustu árum, til dæmis hefðu allir viðstaddir þingmenn flokksins greitt atkvæði með hækkun á tekjuskatti einstaklinga um síðustu áramót.

Af þessari upptalningu Andríkismanna er auðvelt að sjá að þeir sem aðhyllast minni ríkisrekstur og hóflega skattheimtu eiga sér ekki trúverðuga málsvara á Alþingi.

Það er afleit staða við núverandi aðstæður.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Leyndó

Slitastjórn Landsbanka Íslands hf. er stórkostlegt fyrirbæri. Hún neitar að upplýsa hvort og þá hve margir Íslendingar áttu inneignir á Icesave-reikningum Landsbankans. Þetta er leyndó segir skilanefndin en Árni Þór Sigurðsson bað um upplýsingarnar á Alþingi. Slitastjórnin ber fyrir sig bankaleynd og persónuvernd. Ekki er með nokkru móti hægt að sjá að slitastjórnin geti ekki svarað því hvort og þá hve margir Íslendingar áttu Icesave-reikninga án þess að brjóta lög um bankaleynd og persónuvernd. Er þetta enn eitt dæmið um þá lensku manna að leita allra leiða til að þurfa ekki að veita upplýsingar, bara til þess að þurfa ekki að veita þær.



### Á taugum

Atburður gærdagsins í Byggðarenda í Reykjavík sýnir að aldrei er of varlega farið með vasaljós í görðum. Annar nýlegur atburður sýnir að aldrei er of varlega farið með leikfangabyssur í bílum þó að í hlut eigi tólf ára börn. Nema þessir atburðir sýni að lögreglan er taugatrekkt.



### Málum bjargað

Finnist einhverjum stjórnvöld halda illa á málefnum sparisjóðanna og Arion og Íslandsbanka getur sá hinn sami andað rólegar. Guðlaugur Þór Þórðarson hefur nefnilega farið fram á að viðskiptanefnd löggjafarsamkundu Alþingis fjalli um bæði málin. Sagan geymir ótal sannanir þess að ef eitthvað er að í samfélaginu er best að ræða það í þingnefnd og allt verður gott og blessað. Vonandi tekur formaður viðskiptanefndar Guðlaug á orðinu og efnir til funda um þessi mál sem allra fyrst.

bjorn@frettabladid.is

## Ljós heimsins

Afkoma íslenzku þjóðarinnar hefur frá fyrstu tíð verið samofin sambandinu við útlönd. Höfðingjar þjóðveldisaldar gerðu víðreist, Egill skalli og þeir. Út vil ek, sagði Snorri. Þegar úlfúðin innan lands keyrði þjóðveldið í þrot 1262, lögðust utanferðir Íslendinga að miklu leyti af, og upp hófst 600 ára einangrun og stöðnun með ýmsum frávikum. Vestfjörðum vegnaði til dæmis vel í krafti blómlegra viðskipta á ensku öldinni 1400-1500 og aftur á skútuöldinni á ofanverðri 19. öld, þegar einokun Dana lagðist af. Með heimastjórninni 1904 og aðdraganda hennar opnaðist landið enn frekar með auknum umbaviðskiptum. Utanferðir urðu smám saman almenningseign, þegar leið á 20. öldina, þótt of hátt gengi krónunnar héldi svo aftur af erlendum viðskiptum, að þau voru fyrir hrun engu meiri miðað við landsframleiðslu en þau voru 1870. Of litlar útflutningstekjur kölluðu á of miklar lántökur erlendis. Gengisfall krónunnar frá 2007 hefur aukið útflutningstekjur þjóðarbúsins úr meira en aldargömlum þriðjungi af landsframleiðslu eða þar um bil upp fyrir helming. Íslendingar hafa lengum staðið hikandi frammi fyrir auknum samskiptum við umheiminn. Ísland gerðist til dæmis ekki stofnaðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO, áður GATT) 1948, heldur dró inngönguna í tuttugu ár. Hún hafðist ekki í gegn fyrr en 1968, á síðasta kjörtímabili viðreisnarstjórnarinnar.



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Enn um virðingu Íslands

### Fullveldi er sameign

Íslendingar þurfa á útlöndum að halda bæði til að bæta sér upp óhagræðið, sem ella hlytist af fólksfæðinni, og einnig af öðrum ástæðum. Smálönd geta augljóslega ekki framleitt allt, sem þau vanhagar um, til dæmis bíla, skip og flugvélar. Þau þurfa þeim mun frekar á útlöndum að halda en stærri lönd, sem hafa burði til að framleiða allt, sem þau þurfa, enda þótt þau sjái sér engu að síður hag í að skipta við önnur lönd; þess vegna kaupa Bandaríkjamenn japanska bíla í stórum stíl.

Ísland liggur miðsvæðis meðal þeirra þjóða, sem hafa frelsi, jafnrétti og bræðralag að leiðarljósi. Þessar þjóðir eru allar tengdar nánum böndum, sem skerða fullveldi þeirra að ýmsu leyti líkt og í hjónabandi. Allt er þetta með ráðum gert. Lýðræðisþjóðirnar báðum megin Atlantshafs hafa kosið að skerða eigið fullveldi eða réttar sagt deila því hver með annarri í eiginhagsmunaskyni og einnig af tillitssemi við nágranna sína, bæði innan Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins (ESB). Helmut Kohl, kanslari Þýzkalands 1982-98, orðaði þessa hugsun vel: Þjóðverjum þykir rétt að binda hendur sínar innan ESB til að firra nágranna sína hættunni á, að einhliða ákvarðanir Þýzkalands geti að nýju valdið öðrum þjóðum skaða.

Fullveldið er sameign. Það er eins og þjóðmyntin að því leyti, að það er einskis virði nema aðrar þjóðir taki það gilt eins og Guðmundur Hálfdanarson prófessor lýsti vel í fyrirlestri í Háskóla Íslands á fullveldisdaginn. Þess vegna þurfa Íslendingar líkt og aðrir á því að halda að koma vel og virðulega fram við aðrar þjóðir, enda munu þær þá koma vel og virðulega fram við Ísland. Rökin fyrir því að deila fullveldi Íslands með öðrum Evrópuþjóðum á vettvangi ESB eru skyld rökunum fyrir upptöku sameiginlegrar myntar í stað krónunnar. Óskorað fullveldi án aðhalds og eftirlits getur leitt þjóðir í ógöngur líkt og óskorað vald til að prenta peninga heima fyrir og tendra verðbólgu.

### Aðhald og hjálp að utan

Það er áleitin spurning, hvort aðhaldið, sem Ísland hefði þurft að lúta sem aðili að ESB, hefði dugað til að afstýra hruni. Ætla má, að rússneskt yfirbragð einkavæðingar bankanna 1998-2002 og ofvöxtur þeirra eftir það hefði mætt gagnrýnum mótbárum innan ESB. Hvort það hefði dugað til að koma vitinu fyrir ríkisstjórn Íslands og Seðlabankann er annað mál. Hitt er víst, að aðhald utan úr heimi hefur reynzt Íslandi vel. Það er meðal annars fyrir tilstilli mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, að ríkisstjórnin getur ekki miklu lengur vikizt undan því að nema mannréttindabrotaþáttinn burt úr fiskveiðistjórninni. Það var fyrir tilstilli ríkjahóps innan Evrópuráðsins gegn spillingu (GRECO), að Alþingi setti loksins lög um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra 2006. Í þessu ljósi þarf að skoða gagnið, sem þjóðin getur haft og hefur þegar haft af ráðgjöf Evu Joly og samstarfsmanna hennar við rannsókn hrunsins og saksóknina í kjölfarið. Hún hefur reynsluna. Hún kann tökin. Hún þyrfti helzt að fá bandarísku lögregluna til liðs við sig, einkum ef böndin skyldu berast að hugsanlegum Rússatengslum bankanna. Kaninn er óhræddur.

## Burt með skutlið

**UMRÆÐAN**

Dofri Hermannsson skrifar um barnvænt umhverfi



DOFRI HERMANNSSON

Víða í borginni er bíllinn okkar að verða „aðal" en við sjálf og börnin okkar að verða „auka". Hvernig gerðist það, hugsum við þegar við ökum áhyggjufull framhjá skólanum á leið okkar í vinnuna. Af hverju þarf þetta að vera svona, hugsum við líka þegar við þeysumst úr vinnunni kl. 3 til að skutla börnunum okkar í frístundastarfið og keyrum svo aftur í vinnuna áður en það þarf að sækja barnið aftur.

Svarið er að þetta þarf ekkert að vera svona en til að breyta þessu þarf að skipta um hugarfar við skipulagningu borgarinnar. Þörf okkar fyrir að komast hratt og örugglega á milli staða hefur nær eingöngu verið leyst með því að búa til góðar götur. Gríðarlegir fjármunir hafa verið settir í umferðarmannvirki á sama tíma og Strætó hefur verið skorinn niður. Þetta er vond þróun og dýr og það erum við sjálf sem borgum brúsann.

Í Reykjavík eru farnar um 130 þúsund skutlferðir með börn í frístundir í hverjum mánuði og í þær eyða foreldrar samtals rúmlega 100 þúsund klukkustundum og um 170 milljónum á mánuði. Þetta eitt og sér er stór hluti af óþarfri, mengandi og hættulegri umferð í hverfum borgarinnar.

Í Grafarvogi hefur frábær árangur náðst með mótun grænnar samgöngustefnu en þar ganga nú 89% barna í skólann. Í hverfinu þar sem næstflest börn ganga í skólann er hlutfallið 66%. Í Grafarvogi fer saman gott skipulag þar sem öryggi gangandi vegfarenda er mikið og samtakamáttur allra helstu aðila í hverfinu um að gera gott hverfi betra. Næsta mál á dagskrá er að laga strætó betur að þörfum barna á leið í frístundir innan hverfisins samkvæmt tillögu Samfylkingarinnar um frístundastrætó í borgarstjórn í haust.

Þetta þarf að gera í öllum hverfum borgarinnar til að draga úr þörf fyrir skutl og gera hverfin okkar barnvænni.

*Höfundur er 1. varaborgarfulltrúi og talsmaður Samfylkingarinnar í umhverfis- og samgöngumálum.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

LYFJA
- Lifið heil

www.lyfja.is





# 20% jólaafsláttur

## af öllum snyrtigjafaöskjum 16.-20. desember

BOSS, Lancome, Clinique, Clarins, Estee Lauder, Bioterm, Sothys, Diesel, Cacarel, Becham, PUMA, Naomi Campell, Christina Aquilera, Avril Lavigne, Celine Dion, Kylie Minogue, Moss, Adidas, L´Oréal, Maybelline, Gosh o.fl. o.fl.

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 48485 12/09

## Diesel Unlimited




~~5.490 kr.~~
**4.392 kr.** (með jólaafslætti)
**Diesel FFP** Edp 30 ml dömuilmur ásamt 2 x 50ml bodylotion.

## Oroblu



Mikið úrval af fallegum sokkabuxum fyrir jól og áramót.

## L´Oréal




~~3.490 kr.~~
**2.792 kr.** (með jólaafslætti)
**Collagen Maskari, blýantur og snyrtibudda.**
Svartu collagen maskari, sem gefur augnhárunum einstaka þykkt og lengd, ásamt svörtum **L´Oréal Kohl** augnblýanti.

## Sothys




Verð frá ~~3.950 kr.~~
**3.160 kr.** (með jólaafslætti)
Hágæðasnyrtivörur fyrir konur á öllum aldri. Glæsilegar gjafaöskjur frá **Sothys** með vörum fyrir líkama og/eða andlit.

## Durex
### Gleðipakki




**2.490 kr.**
**Titrandi gleðihringur** og **Pina Colada** saman í pakka, blanda sem getur ekki klikkað.

## Heelen
### Natra Cure



**3.990 kr.**
**Mýkjandi gelsokkar.**
Hafa einstakt innra byrði úr geli sem gefur frá sér blöndu af húðnærandi, rakagefandi efnum.
Frábærir fyrir þurra, flagnandi og sprungna húð og naglabönd.

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

# Til dómsmálaráðherra og barnaverndaryfirvalda

**UMRÆÐAN**
Hildur Björk Hörpudóttir og Þuríður Helga Þorsteinsdóttir skrifa um ofbeldi gegn börnum


HILDUR BJÖRK HÖRPUDÓTTIR


ÞURÍÐUR HELGA ÞORSTEINSDÓTTIR

Undanfarin ár hefur verið vel skilgreint hvað heimilisofbeldi gegn börnum er, hvort sem það telst andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt. Einnig er ljóst hvaða alvarlegu áhrif það hefur og hvernig bregðast eigi við því.

Því miður endar umræðan þar og við tekur úrræðaleysi í þessum málaflokki. Börnum er ekki trúað, áverkavottorð ekki tekin gild, lítið er gert úr vinnu fagfólks, ef það hreinlega treystir sér til þess að standa með börnunum vegna erfiðrar sönnunarbyrði og fárra fordæma fyrir sakfellingum.

*Það virðist vera tilhneiging í íslensku samfélagi til að tala konur nær stanslaust niður þegar kemur að skilnuðum, líðan þeirra eftir skilnaði o.s.frv.*

Að okkar mati er nauðsynlegt að opna barnaverndarmál fyrir hvert einasta barn sem lendir í slíku og falli þar með undir barnaverndarlög en endi ekki utan þeirra á borðum sýslumannsembætta. Við teljum það einnig vera réttindi þeirra barna sem eru fórnarlömb andlegs, líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis, að fá í öllum tilfellum aðstoð lögfræðinga sem hafa sérþekkingu á málaflokknum ásamt því að hagur og velferð barnsins verði höfð að leiðarljósi. Við skýrslutökur á börnum þarf að vera heimilt að spyrja þau á máli sem þau skilja og hentar aldri þeirra og þroska, eins oft og þurfa þykir til að leiða mál til lykta. Það er grundvallaratriði að öll vitnaleiðsla verði virt og skjalfest en ekki hafnað og vísað frá.

Hvorki börnin sem brotið er á, né forráðamenn þeirra sem standa með þeim, eiga að þurfa að mæta neikvæðum viðhorfum og aðkasti. Nauðsynlegt er að taka á málum barna þeirra með fullri virðingu, trúmennsku og alúð. Það vekur óhug að enn gangi þær flökkusögur að konur séu það bitrar og reiðar að þær geri allt til þess að halda börnum sínum frá feðrum þeirra í leit að hefnd. Slík firra er að okkar mati álíka sönn og sú að feður beiti börn sín ofbeldi til þess eins að hefna sín á barnsmæðrum sínum. Það virðist vera tilhneiging í íslensku samfélagi til að tala konur nær stanslaust niður þegar kemur að skilnuðum, líðan þeirra eftir skilnað o.s.frv.  Eins virðist það ætla að verða lífseig ósannindi að heimilis- og kynferðisofbeldi sé ekki kynbundið ofbeldi þrátt fyrir að rannsóknir og þekkingarfræðileg rök sýni fram á annað. Þetta er kynjakerfið í einum af sínum fjölmörgu birtingarmyndum og því miður er staðreyndin sú að konur jafnt sem karlar viðhalda því. Við vonum að breyting verði á og skorum á samfélagið og ofangreindar stofnanir til að taka á þessum fordómum með því að hafa hag barna að leiðarljósi. Það er nauðsynlegt að kynna sér málin til hlítar og skoða hvert mál sem einstakt. Heimilisofbeldi gegn börnum er aldrei deila á milli tveggja aðila né nokkurn tíma einkamál.

Dómsmálaráðherra, ríkissaksóknari, sýslumenn og barnaverndarnefndir þurfa að meðtaka þá staðreynd. Réttindi og lög um íslensk börn eiga að vera virt og í hávegum höfð, hvort sem um er að ræða stjórnarskrárbundinn rétt, barnalög, barnaverndarlög eða almenn mannréttindi. Börn eiga ávallt að njóta vafans.

*Hildur Björk er formaður og Þuríður Helga varaformaður Félags forsjárforeldra.*

„Frumlegasti krimminn“

Helgi Ingólfsson

Þegar kóngur kom

Litrík og spennandi Reykjavíkursaga frá 19. öld

„Ég heimta þessa bók í skóinn!“
Stefán Pálsson
www.kaninka.net




★★★★ „*Þegar kóngur kom* er vel samin og vel undirbyggð sakamálasaga sem bregður leiftrandi ljósi á Reykjavík og bæjarbúa þessa tíma. –

Frumlegasta plottið á þessu glæpahausti, frábærlega undirbyggð saga með merkilegri mannlífslýsingu.“

– Páll Baldvin Baldvinsson, *Fréttablaðinu*

„Stórskemmtileg bók – spennandi morðgáta.“

– Sigurður G. Tómasson, *Útvarpi Sögu*

ORMSTUNGA

Vandaðar bækur fyrir vandláta lesendur

sími 561 0055 • www.ormstunga.is

# Næringarfræði á villigötum?

**UMRÆÐAN**
Ólafur G. Sæmundsson og Ólafur Sigurðsson skrifa um næringarfræði


ÓLAFUR G. SÆMUNDSSON


ÓLAFUR SIGURÐSSON

Þann 9. nóvember var í Kastljósþætti Ríkissjónvarpsins kynntur til sögunnar „heimsþekktur“ hráfæðimeistari að nafni David Wolfe. Það eitt og sér væri ekki í frásögur færandi nema fyrir þá sök að í þættinum var hann titlaður næringarfræðingur. Titillinn gefur viðkomandi vægi sem sérfræðings á sviði almennrar næringar mannsins. Almenningur getur þá treyst því að upplýsingarnar séu þar með frá manni sem hafi viðurkennda háskólamenntun í faginu. Þess má geta að hráfæðikenningin gengur meðal annars út á það að eingöngu er neytt jurtafæðis og ekki má hita matinn yfir ca 48 gráður á Celsíus því of mikil hitun á að leiða til eyðileggingar ensíma (prótína).

*Enda kappkosta seljendur við að telja fólki trú um að neysla verksmiðjunninna fæðubótarefna hafi ótvíræðan lækningamátt þrátt fyrir staðreyndir um annað.*

Hráfæðikenningin tengist hefðbundinni næringarfræði á engan hátt og David Wolfe hefur ekki hlotið næringargráðu hjá neinum háskóla sem viðurkenndur er af menntamálaráðuneyti nokkurs lands. Í upplýsingum sem greinarhöfundar hafa undir höndum og fengust hjá ritstjóra Kastljóss kemur fram að David Wolfe sé með meistaragráðu í næringarfræði og þar að auki prófessor í sömu fræðum. Þegar hinir svonefndu skólar eru athugaðir kemur í ljós að ekki er um raunverulega háskóla að ræða heldur „stofnanir“ sem gera út á „óhefðbundnar menntunarleiðir“.

Öfgaboðskapur í mataræði og næringu er ekki nýr af nálinni og því miður bendir flest til þess að lítið lát verði þar á í framtíðinni og má sjá þess víða merki í þjóðfélaginu um þessar mundir. Sem dæmi má nefna að áróður gagnvart neyslu fæðubótarefna hefur aldrei verið meiri. Enda kappkosta seljendur að telja fólki trú um að neysla verksmiðjuunninna fæðubótarefna hafi ótvíræðan lækningamátt þrátt fyrir staðreyndir um annað. Enn aðrir flykkjast í svo kallaða dítoxmeðferð þar sem meðferðin felst ekki síst í svelti og ristilskolun og á víst að lækna allflesta heilsutengda kvilla, bæði andlega sem líkamlega. Því miður eru heilsuöfgar sem þessar farnar að bitna á þeim sem síst skyldi sem eru börnin okkar. Þau fá gjarnan að heyra að margt af því sem er hollt og gott sé óhollusta hin mesta. Dæmi þar um er sorglegt viðtal sem tekið var við starfsmann leikskóla sem greindi frá því að þar á bæ væri búið að setja ný „piparkökulög“ þar sem ákveðið hefði verið að í stað „venjulegs“ hveitis hefði verið ákveðið að notast við spelti, í stað sykurs, hrásykur og í staðinn fyrir mjólk, sojamjólk. En reyndin er sú að spelti er ekki hollara öðru hveiti, hrásykur gefur reyndar örlítið af næringarefnum sem ekki er að finna í hvítum sykri en í svo litlum mæli að þau leggja sama og ekkert til næringargildis fæðunnar og mjólkin okkar er á margan hátt næringarríkari en sojamjólkin (enda baunaseyði). Höfum einnig hugfast að þrátt fyrir allt hafa Íslendingar dafnað vel á íslenskum mat og geta átt von á langri ævi og því fáránlegt að halda hollri fæðu, eins og mjólk, frá börnum.

Það er trú okkar sem þessar línur rita að öfgakenndur heilsuboðskapur ýti undir átröskun. Ábyrgð fjölmiðla er mikil þegar kemur að því að miðla fréttum og boðskap til almennings. Það er því mjög mikilvægt þegar einstaklingar eru kynntir til leiks sem boðberar heilsu og heilbrigði að réttar upplýsingar komi fram um viðkomandi. Þar sem David Wolfe er svo sannarlega ekki næringarfræðingur að mennt teljum við að ekki sé til of mikils ætlast að ritstjóri Kastljóss leiðrétti þá rangfærslu.

*Ólafur G. Sæmundsson er næringarfræðingur. Ólafur Sigurðsson er matvælafræðingur.*

# Ikea ódýrara en Garðabær

**UMRÆÐAN**
Jón Grétar Þórsson og Aðalsteinn Kjartansson skrifa um skólamáltíðir

Börn í grunnskólum Garðabæjar myndu spara 29 krónur á hverja máltíð, með því að borða í IKEA frekar en að kaupa mat í skólanum. Það vill nefnilega þannig til að börn í grunnskólum í Garðabæ borga 428 krónur fyrir hverja máltíð (séu þau í mataráskrift), en borga 500 krónur fyrir staka máltíð (séu þau ekki í mataráskrift).

Garðabær kaupir þjónustu af fyrirtækinu Skólamatur ehf., en það fyrirtæki þjónustar einnig Kópavogsbæ. Í Kópavogi kostar maturinn samt sem áður 280 krónur, sem er 148 krónum ódýrara en í Garðabæ.

Samanburður á milli Hafnarfjarðar og Garðabæjar er líka algengur, þar sem tvær andstæðar fylkingar (félagshyggjan og frjálshyggjan) eru einar í meirihlutastjórn í sitthvoru sveitarfélaginu. Jafnaðarmennirnir í bæjarstjórn Hafnarfjarðar leggja meiri áherslu á að veita þá þjónustu sem þarf, og fullnýta í staðinn útsvarsheimildina (13,28%). Á meðan hafa Garðbæingar hærra verð á máltíðum í grunnskólum en þekkist í nágrannasveitafélögunum til þess eins að geta státað sig af 12,46% útsvari.

Þetta er ekki eini kostnaðurinn sem barnafjölskyldur í Garðabæ þurfa að bera, í staðinn fyrir 12,46% útsvar. Sem dæmi má taka að ódýrara er að vera með barn í heilsdagsskóla í Hafnarfirði en í Garðabæ og að niðurgreiðslur vegna íþrótta- og tómstundaiðkunar til hafnfirskra barna eru mun hærri en niðurgreiðslur/styrkir til barna í Garðabæ.

Garðbæingar eru því augljóslega að borga fyrir það að geta haft útsvarið einungis 12,46%.

*Jón Grétar Þórsson er formaður UJH. Aðalsteinn Kjartansson er ritstjóri MÍR.*

# Nintendo®

## SPENNA·SNERPA·SNILLD

## Ævintýraveröld sem er engri lík!




*Verð kr. 49.900,-*

## Wii -LEIKJATÖLVAN SEM SLEGIÐ HEFUR ÖLL SÖLUMET

**NÝ UPPLIFUN! SKÓRKOSTLEG SKEMMTUN FYRIR ALLA ALDURSHÓPA! MAGNAÐ LEIKJAÚRVAL!**




**DS-LEIKJATÖLVA**

## VÍÐFRÆG & VINSÆL

NINTENDO DS™ | NINTENDO DSi™

**EIN ALLRA VINSÆLASTA LEIKJATÖLVA HEIMS**

Ótrúlega öflug. Frábært leikjasafn fyrir leikglaða á öllum aldri.




**SPORT RESORTS og MOTION+ fylgir svartri Wii**

*Verð kr. 54.900,-*

**Þessi stórskemmtilega leikjavél er nú fáanleg í nýrri útfærslu**







ÆVINTÝRI SKEMMTUN SPENNA AF BESTU GERÐ!

**Wii Fit**

Heimaleikfimin hefur aldrei verið skemmtilegri.

*Komdu og kynntu þér Wii-Fit!*

**NINTENDO DS**

- Spilar Nintendo DS & Advanced Leiki
- 2 Skjáir – Neðri er snertiskjár
- Þráðlaust net
- Þráðlaust Lan(Nálægt)
- Innbyggður míkrafónn
- Heyrnartóla tengi, Stereo Hátalarar
- Allt að 19 tíma batterý ending
- Fylgir með: 1 x Penni fyrir snertiskjá, 1 x Hleðslukapall

***Verð kr. 29.900,-***

**NINTENDO DSi**

- 2 MYNDAVÉLAR (framan/aftan)
- SD Kortarauf
- Spilar Alla Nintendo DS Leiki & Tónlist(ACC) af SD korti
- Hægt að ná í leiki og forrit af netinu(DSiWare)/Opera vafri
- 2 Skjáir – Neðri er snertiskjár
- Þráðlaust net, Þráðlaust Lan(Nálægt)
- Innbyggður míkrafónn
- Heyrnartóla tengi, Stereo Hátalarar
- Allt að 14 tíma batterý ending

Fylgir með: 1 x Penni fyrir snertiskjá, 1 x Hleðslukapall

***Verð kr. 35.900,-***



# ORMSSON

**ORMSSON · SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800**

| | | |
|---|---|---|
| ORMSSON-**BT SMÁRALIND** SÍMI 530 2900 | **BT SKEIFUNNI** SÍMI 550 4444 | **BT AKUREYRI** SÍMI 550 4444 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| ORMSSON **AKUREYRI** SÍMI 461 5000 | ORMSSON **KEFLAVÍK** SÍMI 421 1535 | ORMSSON **MODEL-AKRANESI** SÍMI 431 3333 | ORMSSON **ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI** SÍMI 456 4751 |
| ORMSSON **HÚSAVÍK** SÍMI 464 1515 | ORMSSON **EGILSSTÖÐUM** SÍMI 471 2038 | ORMSSON **NESKAUPSTAÐ** SÍMI 477 1900 | ORMSSON **SELFOSSI** SÍMI 480 1160 |

# NINTENDO-NÝLENDAN Á ÍSLANDI

# Óskir á aðventu

**UMRÆÐAN**

Anna Sigríður Pálsdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir, Baldur Kristjánsson, Hjalti Hugason, Pétur Pétursson, Sigrún Óskarsdóttir, Sigurður Árni Þórðarson og Sólveig Anna Bóasdóttir skrifa um íslenskt samfélag

Aðventan er töfrandi tími. Í svörtu skammdegi göngum við í ævintýraheim ljósa, tóna og fjölmargs annars sem rýfur hversdaginn, boðar þá hátíð sem fer í hönd, kveikir tilhlökkun í brjósti þeirra ungu og minnir okkur sem komin erum til ára á gamla eftirvæntingu.

Aðventan er þó einnig brothættur tími sem getur gengið okkur úr greipum. Það er ætíð hætta á að hún snúist í andhverfu sína. Þá koðna tákn hennar niður í glys, glaum og glamúr. Kyrrð víkur fyrir skarkala, hvíld fyrir kapphlaupi, athygli beinist frá hinu innra að hinu ytra. Vöxtur og uppbygging þoka þá fyrir samanburði, samkeppni, lúxus og bruðli eins og við þekkjum frá liðnum tíma þenslu og útrásar. Þegar aðventan snýst þannig verður hún auðveldlega tími kröfu og kvíða.

Aðventan er tími sem við erum hvött til að taka frá og helga með sérstökum hætti undirbúningi en umfram allt von. Séum við Íslendingar í þörf fyrir eitthvað á þeim tímum sem við lifum nú er það einmitt vonin. Mörg okkar hafa kynnst vonbrigðum og vonleysi á undangengnu ári.


ANNA SIGRÍÐUR PÁLSDÓTTIR


ARNFRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR


PÉTUR PÉTURSSON


SIGRÚN ÓSKARSDÓTTIR


BALDUR KRISTJÁNSSON


HJALTI HUGASON


SIGURÐUR ÁRNI ÞÓRÐARSON


SÓLVEIG ANNA BÓASDÓTTIR

**Gefðu mér…**

En hvers vonum við? Það er samviskuspurning sem okkur ber öllum að leita svara við sem einstaklingar og sem þjóð. Hvers vonum við til lengri og skemmri tíma? Samviskuspurning er þetta vegna þess að svarið afhjúpar gildismat okkar, sýnir hvað það er sem við teljum gæfu okkar grundvallast á og festum traust okkar við, það sem við álítum að veiti okkur hamingju.

*Okkur dreymir um heiðarleika, virðingu, jafnrétti, réttlæti og allt hitt sem talið var. Og það er gott! En vonum við aðeins að aðrir reynist heiðarlegir, réttlátir, ábyrgir og trausts verðir eða ætlum við að keppa eftir að lifa svo sjálf á þessari aðventu og inn í framtíðina?*

Ætli vonir okkar sem einstaklinga séu ekki svipaðar þegar grannt er skoðað þótt ólíkt sé bæði sinnið og skinnið? Vonum við ekki öll sem erum foreldrar að börnum okkar vegni vel; vonum við ekki öll að við og þau sem standa okkur næst megum njóta lífsgæða; að við sjálf verðum þeim vanda vaxin að reynast gott fólk sem getur tekist á við vanda lífsins af æðruleysi, heiðarleika og samhygð með öðrum?

Hitt er óljósara hvers við vonum sem blekkt þjóð í vanda. Kann að vera að við Íslendingar vonum það eitt að krossi hrunsins verði sem fyrst létt af okkur, að byggingarkranarnir megi sem fyrst fara að hreyfast, að tími stórframkvæmda muni sem fyrst renna upp, að allt falli í sömu skorður og fyrir hrun, jafnvel að þensla megi að hefjast að nýju, að lífshættir ársins 2007 megi verða mögulegir sem allra fyrst? Einhvern tíman var sungið: „Gömlu, góðu dagana gefðu mér…“ Lýsir sú hending væntingum íslenskrar þjóðar í rústunum eftir útrásina? Leitum við þess vegna skjótvirkra lausna í nýjum og stærri álverum, öflugri orkuverum og öðrum stórframkvæmdum – töfralausnum?

**Heilsurækt dyggðanna**

Á þjóðfundinum 14. nóvember reyndu fundarmenn að skilgreina gildismat sitt og þar með þjóðarinnar. Heiðarleiki hafnaði þar í fyrsta sæti, virðing kom númer tvö, því næst jafnrétti og réttlæti, kærleikur og ábyrgð. Það er óvíst að þessi listi lýsi raunverulegu gildismati íslensku þjóðarinnar. Og það er ljóst að hann lýsir ekki eiginleikum okkar. Við erum ekki heiðarleg, réttlát, ábyrg og kærleiksrík þjóð. Við leituðum þvert á móti auðfengins, veraldlegs gróða meðan tækifæri gafst og það er ekkert sem bendir til annars en við gerum það enn. Gildaskrá þjóðfundarins er fyrst og fremst óskalisti. Okkur dreymir um heiðarleika, virðingu, jafnrétti, réttlæti og allt hitt sem talið var. Og það er gott! En vonum við aðeins að aðrir reynist heiðarlegir, réttlátir, ábyrgir og trausts verðir eða ætlum við að keppa eftir að lifa svo sjálf á þessari aðventu og inn í framtíðina?

Aðventan er öðrum þræði föstutími, tími iðrunar og yfirbótar, tími til prófa sig sjálfan eða sjálfa, að keppa eftir og æfa sig í einmitt þeim dyggðum sem þjóðfundurinn skilgreindi. Aðventan er tími ábyrgðar. Öxlum þá ábyrgð! Þá getum við horft vongóð fram á við, vænst hér „gróandi þjóðlífs með þverrandi tár“ eins og sungið verður við upphaf nýs árs, nýrrar framtíðar.

*Höfundar eru guðfræðingar.*




30-40% afsláttur
af jólafatnaði
Bindi
1.049.-
1.499.-
Vesti
2.799.-
3.999.-
Jakki
3.999.-
6.999.-
Buxur
3.499.-
4.999.-
Kjóll
3.499.-
4.999.-
Kjóll
3.499.-
4.999.-
Kjóll
4.799.-
7.999.-
Skyrta
2.499.-
3.499.-
Bolero
2.099.-
2.999.-
Kjóll
2.799.-
3.999.-
Buxur
3.499.-
4.999.-
Skilamiði
Skilamiði
Þessi vara er keypt í Hagkaup og fæst skilað eða skipt.
Skilafrestur bóka 11. jan. 2010
HAGKAUP
Ein ferð betra verð
Gildir til 24. desember á meðan birgðir endast.
50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

# Mikilvægi vegslóða fyrir ferðaþjónustuna

**UMRÆÐAN**
Þorvarður Ingi Þorbjörnsson skrifar um vegslóða


ÞORVARÐUR INGI ÞORBJÖRNSSON

Talsverð umræða hefur átt sér stað um vegslóða og utanvegaakstur. Vegslóðar eiga sér jafnlanga hefð og hestvagnar og vélknúin ökutæki hér á landi. Slóðar voru yfirleitt beinn undanfari vegagerðar. Enn nýtast slóðar í margvíslegum tilgangi. Sumir hafa öðlast varanlegan sess á meðan aðrir nýtast sem vinnuslóðar og ferðamannaleiðir. Vegslóðarnir eru mistorfærir en eiga það sameiginlegt að gera fólki kleift að njóta staða sem annars er erfitt að nálgast.

Akstur með ferðamenn um torfæra vegslóða, einkum á dagleiðum í námunda við höfuðborgarsvæðið er stór hluti ferðaþjónustu á Íslandi. Fjöldi erlendra ferðamanna sem ferðast um slíka vegslóða á sérútbúnum fjallabílum gæti verið 200.000 manns á ári. Það eru um 40% allra erlendra ferðamanna sem til landsins koma. Þessi ferðamennska skilar miklum gjaldeyri í þjóðarbúið. Ferðaþjónusta er sú atvinnugrein sem viðheldur hvað best flæði gjaldeyris til landsins. Stór kostur við notkun þessara ferðamannaslóða er að þeir nýtast jafnt að vetri sem sumri og stuðla þannig að auknum fjölda ferðamanna allt árið um kring.

*Vegslóðar fyrir ferðaþjónustu eru því verðmætaskapandi, rétt eins og línuvegir fyrir stóriðju. Hagsmunir aðila í ferðaþjónustu sem byggja á notkun vegslóða eru hagsmunir þjóðarinnar.*

Vegslóðar fyrir ferðaþjónustu eru því verðmætaskapandi, rétt eins og línuvegir fyrir stóriðju. Hagsmunir aðila í ferðaþjónustu sem byggja á notkun vegslóða eru hagsmunir þjóðarinnar. Því er áríðandi að stjórnvöld og félagasamtök skilji mikilvægi þessarar starfsemi og leggi ekki stein í götu hennar. Halda þarf áhugaverðum vegslóðum opnum og styðja við bakið á þeim aðilum sem vilja sjá vandfarna vegslóða myndaða þannig að þeir lagi sig að landinu. Einnig þarf að gæta þess að umferð um þá sé takmörkuð við vel útbúna fjallabíla sem ætla má að komist klakklaust um þá. Draga mætti stórlega úr utanvegaakstri með því að merkja upphaf og lok þessara vegslóða með skiltum og hafa þá vel merkta á á kortum og í GPS-tækjum. Þeir sem aka torfæra vegslóða til að njóta útsýnis og upplifunar eru ekki síður útivistarfólk en aðrir. Aðalatriðið er að bera virðingu fyrir ferðamáta hvers annars, lágmarka hljóð- og sjónmengun og sýna tillitssemi. Við rúmumst öll á hálendinu. Skipuleggjum þessa blönduðu umferð í sameiningu, þannig að allir megi vel við una.

Við sem byggjum afkomu okkar af akstri á fjallabílum með ferðamenn bjóðum fram aðstoð við skipulag og viðhald vegslóða.

*Höfundur er formaður Jeppavina, samtaka súperjeppabílstjóra í ferðaþjónustu.*

# Lífsgildi valin – hvað svo?

**UMRÆÐAN**
Magni Hjálmarsson skrifar um lífsgildi


MAGNI HJÁLMARSSON

Orðið gildi þýðir verðmæti. Þjóðfundurinn um daginn valdi lífsgildin heiðarleika, virðingu, réttlæti og jafnrétti. Mikilvægt framtak og þakkarvert. En hvað svo? Fær þjóðin öll að vera með? Er það ekki hægt með tölvutækni nútímans? Hvað með birtingarform lífsgildanna? Fáum við tækifæri til að dýpka skilning okkar á gildunum, hvað í þeim felst og hvernig verja þau?

Mig langar að deila með lesendum Fréttablaðsins hvernig unnið er með samsvarandi lífsgildi í þeim skólum sem vinna með Uppeldi til ábyrgðar – uppbyggingu sjálfsaga. Ég kalla þá uppbyggingarskóla. Eitt fyrsta verkefni þeirra er að gera nákvæmlega það sem gert var á þjóðfundinum. Kennarar og aðrir starfsmenn byrja á sjálfum sér og velja mikilvæg lífsgildi að hafa að leiðarljósi í samskiptum sínum. Síðan er farið með sömu vinnubrögð inn í bekkina.

En lífsgildi eru óhlutstæð hugtök. Við þurfum að þekkja hvað í þeim felst í ýmsum aðstæðum. Ef bekkur í skóla hefði valið eins og þjóðfundurinn gerði yrði næsta verkefni: Hvernig birtist heiðarleiki og virðing í skólastofunni, á leikvellinum, í matsalnum? Hvað sjáum við, heyrum og finnum þar sem heiðarleiki og virðing ríkja? Eða hvernig birtist virðing og hvernig birtist óvirðing? Þetta verða skapandi og skemmtileg hópverkefni og skólinn fyllist af niðurstöðum hópa á veggspjöldum og með skreytingum.

Næst eru lífsgildin felld inn í setningar sem segja hvað við viljum og þá er kominn sáttmáli til að skrifa undir. Álftanesskóli er einn af u.þ.b. 60 uppbyggingarskólum á landinu. Þar hljóðar starfsmannasáttmálinn þannig: „Við berum virðingu fyrir okkur sjálfum, öðrum og umhverfinu. Við vinnum í sátt og erum samstilltur hópur.“ Gildin sem felast í setningunum tveim eru því virðing, sátt og samstilling. Undir þetta gátu allir kennarar og starfsmenn skrifað af fúsum og frjálsum vilja.

Ég tek eftir því á „twitter“ og „facebook“ að helsta áhyggjuefni manna varðandi gildin frá Þjóðfundi er að þau verði aðeins falleg orð á blaði. Í uppbyggingarskólunum eru ákveðin skýr þolmörk til að verja lífsgildin. Allir þurfa að vita hvað ekki má og hvaða afleiðingar það hefur að fara yfir mörkin. Að setja skýr mörk er auðvitað fyrst og fremst á ábyrgð skólastjórans, en börnin sjálf og foreldrarnir fá líka að svara spurningunni um hvaða brot séu mjög alvarleg – svo alvarleg að um þau þarf ekki að deila. Í skóla gæti listinn yfir ólíðandi framkomu verið þannig: Engar líkamsmeiðingar, Engin barefli eða vopn, Engin ögrun, Engan yfirgang, ofsóknir eða einelti, Engin fíkniefni, áfengi eða tóbak.

Það kallast ekki „uppbygging“ að beita viðurlögum heldur „reglufesta“ og haft til vara. Þegar einhver er fjarlægður úr aðstæðunum eða sendur heim fyrir að fara yfir mörkin, er það gert til að skapa ráðrúm til að hugsa og ná jafnvægi, en ekki til að hefna og refsa. Skilgreining á uppbyggingu hljóðar á þennan veg: „Að skapa skilyrði fyrir mann til að geta leiðrétt eigin mistök eða rangsleitni og fá aftur inngöngu í hópinn hugprúðari en fyrr.“

Við erum alltaf að gera okkar besta. Börnum í uppbyggingarskólum er kennt að þekkja þarfir sínar og sinna þeim af ábyrgð. Þeim er líka kennt að það megi gera mistök. Mistök skapa besta tækifærið sem maður fær til að læra. Við segjum jafnvel við börnin: „Vertu ekki hrædd/ur við að gera mistök – við getum leiðrétt mistökin og þá lærir þú meira.“

Kæru Þjóðfundarmenn. Haldið áfram þessari vinnu sem fór af stað um daginn og leyfið öllum að vera með. Við þurfum nýjan sáttmála sem allir geta skrifað undir. Kannski þurfum við að „skunda á Þingvöll og treysta vor heit“.

*Höfundur er félagi í áhugamannafélaginu Uppbygging sjálfsaga.*






# Er krónan vandamál?

**UMRÆÐAN**
Halldór I. Elíasson

Mér finnst eðlilegt að koma til móts við óskir Þorsteins Pálssonar um betri greinargerð stuðningsmanna krónunnar um gildi hennar. Raunar er mikilvægt að sjónarmið um krónuna komi víðar fram en af „Kögunarhóli“ Þorsteins, samanber grein hans 14. nóvember. Ekki þar fyrir að grein Þorsteins er málefnalegri en flest sem stuðningsmenn evru og ESB rita og verðskuldar þannig umræðu. Fyrst þarf að leiðrétta misskilning Þorsteins um að stuðningsmenn krónunnar vilji að „stjórnvöld geti lækkað gengi krónunnar þegar þurfa þykir“.

Innihald sveigjanleikans er að gengi krónunnar ráðist af framboði og eftirspurn á frjálsum markaði. Þetta þarf að vera algjörlega ljóst og einnig merking þessa. T.d. ef illa fiskast eða útflutningstekjur rýrna af einhverjum ástæðum, þá verður minna framboð á gjaldeyri og innflytjendur þurfa að borga fyrir hann hærra verð. Þetta hefur í för með sér hærra verðlag fyrir alla landsmenn og jafngildir kaupmáttarrýrnun. Öfugt, ef vel fiskast, þá er mikið af gjaldeyri og þótt sjómenn geti eytt eitthvað meiru á erlendum skemmtistöðum, þá má gera ráð fyrir auknu framboði gjaldeyris á innanlandsmarkaði og hækkun á verði krónunnar. Það kemur öllum til góða í auknum kaupmætti.

En hvað gerist ef við höfum evru? Þá helst kostnaður í fyrra tilfellinu, en tekjur minnka. Afleiðingin er samdráttur og aukið atvinnuleysi hjá þeim sem lifa af fiskveiðum. Aðrir kunna að sleppa um tíma, en kaupmáttur rýrnar að meðaltali. Er þetta kannski norræn jafnaðarmennska? Eins þegar vel fiskast, þá græðir sjávarútvegurinn en aðrir ekki. Vissulega getur ríkið leiðrétt þetta með skattalækkun í fyrra tilfellinu og hækkun í því seinna, en það yrði þá að vera í formi auðlindagjalda. Það skyldi þá ekki vera að undirliggjandi trú jafnaðarmanna á „stóra bróður“ sem réttir við og bætir sé ómeðvitað að baki dálætis á evru og útbreiddum faðmi ESB. Svo áfram sé haldið í peningamálin almennt, þá er það auðvitað „stjórnendum peningamálanna bæði í ríkisstjórn og Seðlabanka“ að kenna hvernig gengi krónunnar skrúfaðist upp með þensluvaldandi afleiðingum fyrir hrun.

Seðlabankinn hafði smá afsökun í heimskulegu en lögbundnu verðbólgumarkmiði, en hann hefði geta sagt ríkisvaldinu skýrt að vaxtahækkunarleiðin dygði ekki, menn tækju bara erlend lán, og því væri aukið aðhald ríkisins nauðsynlegt. En, þá hefði gengið lækkað, verðbólga aukist og hagfræðingar í Seðlabanka þurft að skammast sín. Það var ekki krónan sem var vandamálið. Af hverju tóku stjórnendur erlend lán þótt þeir vissu að krónan væri skráð allt of hátt og það kæmi að leiðréttingu? Auðvitað vegna þess að þetta var leið og eina leiðin til að halda fyrirtækjum gangandi að fullu. Gleymum því ekki að innihald vaxtahækkunarleiðar Seðlabanka er að setja fyrirtæki á hausinn ef þau draga ekki saman seglin og hætta að taka lán. Afleiðingin er alltaf aukið atvinnuleysi ef aðgerðin heppnast og vissulega þá einnig minni verðbólga.

Stjórnendur fyrirtækja gerðu sömu mistök og bankarnir, að halda að þeir sæju samdrátt tímanlega fyrir og gætu þá dregið úr umsvifum. Þegar að herti 2007, þá voru það íslensku bankarnir sem sópuðu til sín öllum erlendum gjaldeyri sem þeir fundu, seildust meira að segja í hirslur Seðlabankans, til þess að geta staðið undir erlendum skuldum sínum. Ný lán fengust ekki. Þeirra hugur var ekki að fella krónuna til að græða, þeir voru að bjarga sér. Ef íbúðabréfin hefðu verið í evrum, þá hefðu þau öll, jafnvel einnig úr Íbúðalánasjóði, verið komin í vörslu erlendra banka fyrir hrun. Hrunið hefði hugsanlega dregist um 1 eða 2 mánuði, en það hefði orðið mun harkalegra. Krónan okkar bjargaði því sem bjargað varð.

Það var ekki fyrr en eftir hrunið sem íslensku krónubréfin í eigu erlendra lánadrottna urðu að miklu vandamáli. Þetta vandamál skapaði Seðlabankinn og hans er að leysa það strax. Ætlar einhver að segja mér að fyrirtækin hefðu haldið betur aftur af sér í hinni alþjóðlegu þenslu, ef hér hefði verið notuð evra í stað krónu. Stjórnendurnir vildu auðvitað frekar evru, því þá var eyðslan auðveldari. Að almenningur hefði verið sparsamari með evruna og síður notað aukinn auð í hækkandi húsnæðisverði. Nei, auðvitað hefðu vextir verið lægri og gerði það eyðsluna ekki auðveldari? Eina spurningin er hvort íslensku bankarnir hefðu valdið eftirspurninni. Hvort heldur er þá hefðu öll þessi skuldabréf horfið til útlanda strax fyrir hrun og enginn þurft að skilja einhver jöklabréf eftir. Það má vissulega segja að krónan sé ónýt núna. Ég veit að stjórnmálamenn okkar geta haldið henni niðri enn um sinn, eins og ríkisstjórnin er upptekin af. Það þýðir ekki að embættismenn í Brussel yrðu okkur betri með sína evru.

*Höfundur er stærðfræðingur (prófessor emeritus).*


Auglýsingasími
512 50 50


– Mest lesið



**NICHOLAS KIRKWOOD** er ungur og upprennandi skóhönnuður. Hann hefur nú fengið hinn fullkomna stimpil velþóknunar í heimi stjarnanna því nýlega sást engin önnur en Sarah Jessica Parker klæðast skóm hans, en hún þykir hafa einstakan smekk á skóm.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447












Guðbjörg með uppáhaldsslaufuna sína við hvítar buxur og skyrtu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Er alltaf svolítið á ská

**Fatahönnuðinum Guðbjörgu Jakobsdóttur þykir erfitt að kaupa sér venjuleg föt. Heldur vill hún föt sem eru sérstök. Oft breytir hún þeim fötum sem hún kaupir svo þau passi við hennar smekk.**

„Það er alltaf saga á bak við fötin mín," segir Guðbjörg Jakobsdóttir. „Hvítu buxurnar gaf vinkona mín mér þegar hún kom frá Indlandi en slíkar buxur nota karlmenn í Indlandi og Pakistan. Skyrtuna fann ég á flóamarkaði í Svíþjóð. Þetta er svakalega fín herraskyrta sem var allt of stór á mig en ég breytti og er núna eins og kjóll," segir hún og toppar svo heildarútlitið með uppáhaldsslaufu úr eigin smiðju og rauðri perlufesti sem ættuð er frá Litháen.

Guðbjörg er fatahönnuður en segist lítið sauma á sig sjálf, frekar breyti hún fötum sem hún kaupi. Hún hannar hins vegar silkihálsmen og slaufur undir nafninu Serendipidy. „Þetta snýst um endurhönnun á vönduðum varningi," útskýrir Guðbjörg sem vinnur mikið úr slæðum sem hún hefur sankað að sér víðs vegar að.

Beðin um að lýsa stíl sínum segir hún: „Ég er alltaf svolítið á ská. Mér finnst erfitt að kaupa venjuleg föt, þau þurfa alltaf að vera eitthvað sérstök. Vinkona mín myndi þó líklega lýsa mér sem rokkaðri dömu. Fötin þurfa að vera töff en samt elegant."

Eitt helsta hugðarefni Guðbjargar þessa dagana eru svokallaðir Pop-up markaðir sem hún og tvær vinkonur standa fyrir. „Við höfum þegar staðið fyrir fimm mörkuðum og það hefur gengið mjög vel. Við erum agndofa yfir áhuganum og velviljanum sem við mætum," segir hún en tilgangur markaðanna er að kynna og sýna grasrótina í hönnun og hjálpa hönnuðum að koma vörum á framfæri.

Sjötti markaðurinn verður á Hressó dagana 22. og 23. desember. Þeir sem vilja fylgjast með dagskrá Pop-up markaðanna er bent á vefslóðina www.facebook.com/popup.verzlun.

*solveig@frettabladid.is*



# ;TÍSKA



**BERMUDA-STUTTBUXUR** rekja nafn sitt til Bermúda þar sem karlmenn klæðast slíkum buxum úr jakkafataefni við háa sokka, skyrtu og bindi. Uppruna þeirra má þó rekja til breska hersins sem notaði slíkar buxur á heitum slóðum.

# Breytti ímynd Burberry

**Christopher Bailey, hönnuðurinn sem hefur komið Burberry aftur á kortið, hlaut nýlega nafnbótina Hönnuður ársins 2009 í Bretlandi. Þá var hann einnig heiðraður nýlega af drottningunni sjálfri.**

Christopher Bailey þykir sannkallaður kraftaverkamaður enda hefur hann sem listrænn stjórnandi snúið hag hins klassíska tískumerkis Burberry til hins betra, enda merkið þekkt sem lúxusvara um allan heim. Það var því ekki að furða að hann hlyti titilinn Hönnuður ársins á tískuverðlaunahátíðinni bresku á dögunum. Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem Bailey hlýtur titilinn því hann hreppti hann einnig árið 2005.

Hinn 38 ára hönnuður frá Jórvíkurskíri var auk þess sæmdur heiðursorðu drottningar á þessu ári og vor- og sumarlína hans fyrir Burberry Prorsum var hápunktur tískuvikunnar í London í september.

Bailey er fæddur 1971 og er sonur smiðs og gluggaútstillingakonu fyrir Marks og Spencer. Hann útskrifaðist með mastersgráðu frá konunglega listaháskólanum í London árið 1994 og varð síðar heiðursmeðlimur í háskólanum árið 2004. Frá 1994 til 1996 starfaði hann sem hönnuður hjá Donnu Karan og sem yfirmaður hönnunardeildar hjá Gucci í Mílanó frá 1996 til 2001. Þá gekk hann til liðs við Burberry sem listrænn stjórnandi en tók við sem aðal listræni stjórnandinn í nóvember á þessu ári.

*solveig@frettabladid.is*



Christopher Bailey hefur aukið veg og virðingu Burberry að nýju.
NORDICPHOTOS/GETTY


VÖNDUÐ FÓÐRUÐ DÖMUSTÍGVÉL ÚR LEÐRI Í ÚRVALI
Til dæmis:



Teg. K 36946
Verð: 27.850.-



Teg. K 36940
Verð: 26.850.-

Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 - 18, lau 10 - 18
www.mistyskor.is

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki



Þvottavél
Topphlaðin
- 10 kg -
Þurrkari
- 10 kg -

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS



Gallabuxur
í jólapakkann
- Munið gjafakortin -
Rita
Bæjarlind 6 - Eddufelli 2
Sími 554-7030 Sími 557-1730
www.rita.is

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

TRIND
Avallt No 1



Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir

Lomer gönguskór á 50% afslætti fram að jólum.



Skór á mynd
áður kr. 24.000,-
Með afsl. kr. 12.000,-

Þráinn SKÓARI
STOFNAÐ 1984
Skóbúð/skóvinnustofa, Grettisgata 3, 101 Reykjavík



hjá Hrafnhildi
Engjateigur 5 - 105 Reykjavík - s: 581 2141

## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Sannur jólaandi, verkföll og kuldi

Jólaandinn svífur ekki beinlínis yfir vötnum hér í landi þar sem atvinnulausir eru yfir tíu milljónir. Ekki hjálpar kuldinn til en í vikunni hefur frost farið í fjórar gráður að nóttu til hér í borg tískunnar þar sem manni finnst sífellt fleiri búa á götunni og þar sem útigangsfólk frýs í hel. Kuldinn gleður þó líklega einhverja kaupmenn og hleypir lífi í sölu á yfirhöfnum þó sumir bíti sjálfsagt á jaxlinn og bíði eftir útsölum, svíður sárt að borga tvisvar sinnum meira fyrir úlpuna en í byrjun janúar. Til þess að letja svo borgarbúa enn frekar við jólainnkaupin tóku lestarstjórar RER A-hraðlestanna, sem flytja á degi hverjum eina milljón íbúa útborga Parísar inn í borgina, upp á því að fara í verkfall. Sem sagt fastir liðir eins og venjulega fyrir jólin hér í landi.

Fyrir þá sem vilja klæða sig upp fyrir jólin er ekki víst að alltaf sé hægt að finna réttu stærðina því vetrarvörurnar eru að syngja sitt síðasta í verslunum. Þetta á sérstaklega við um litlar og meðal stærðir, helst að finna megi stærri stærðirnar enn. Þá er aðeins eitt til ráða til að klæða sig upp fyrir hátíðarnar því víða er fyrsti hluti sumartískunnar kominn í sölu. Aðrir bjóða upp á croisièrelínu sína frá nóvemberlokum. Þetta er eins konar sumarlína um hávetur, ætluð þeim sem fara í sólarferðir yfir veturinn, í tiltölulega takmörkuðu upplagi en hentar sömuleiðis vel fyrir veisluhöld um hátíðir. Oft er mikið um skæra liti og semelíusteinar og perlur til skreytinga. Því er hægt að vera eins og vel skreytt jólatré til fara, vantar bara pakkana undir! Flestir sem til þekkja eru þó á því að desember verði dapurlegur mánuður þetta árið hvað varðar veltu í tískuiðnaðinum. Helst að ódýrari merkin seljist og alltaf virðist vera margt um manninn hjá H&M, Zöru og í öðrum búðum í ódýrari kantinum. Samt segja heimildir mínar á þeim vígstöðvum að þessi merki séu einnig í bullandi niðursveiflu.

Í stóru magasínunum í París, eins og Printemps, Galeries Lafayette og Le Bon Marché er helst að ilmvötn og bindi seljist vel sem og ýmiss konar fylgihlutir, belti, hanskar, slæður og fleira.

Hér tíðkast ekki að halda bókajól og jólabókaflóðið algjörlega óþekkt fyrirbæri. Kampavín er hins vegar á ótrúlega góðu verði þetta árið þar sem að neysla hefur minnkað og stórmarkaðir standa nú í miskunnarlausu verðstríði. Á dögunum tókst flutningafyrirtækjum að semja við bílstjóra og því varð ekkert úr boðuðum verkföllum og kemst því gæsalifrarkæfan og kampavínið í búðir fyrir jól.

Ég sendi lesendum öllum óskir um gleði og frið á jólum og heilla á nýju ári.

*berg75@free.fr*



Á tískusýningu í Kaupmannahöfn var lögð áhersla á vistvæn klæði.

# Sjálfbær tískusýning

**Vistvæn tíska var sýnd á tískupöllum í Kaupmannahöfn hinn 9. desember á sama tíma og fulltrúar ríkja heimsins funduðu um loftslagsbreytingar.**



Sjálfbær eða svokölluð vistvæn tíska er hluti af ört vaxandi hönnunarheimspeki og tískustefnu. Markmiðið með henni er að innleiða sjálfbærar aðferðir við fatahönnun og -gerð. Slíkar aðferðir krefjast endurskoðunar á öllu ferlinu, allt frá hráefni og vinnslu á því til markaðssetningar. Taka þarf tillit til margra þátta á borð við sanngjarna viðskiptahætti, dýravernd og þróun textíls.

Samkvæmt samtökunum Earth Pledge, eru í það minnsta átta þúsund efni notuð til að breyta hráefni yfir í textíl og um 25 prósent af skordýraeitri í heiminum er notað til að rækta ólífræna bómull. Þetta veldur að sjálfsögðu skaða, bæði á fólki og umhverfinu.

Á sama tíma og loftslagsráðstefnan stendur yfir í Kaupmannahöfn, stóð danska tískustofnunin fyrir sérstakri vistvænni tískusýningu. Tilefnið var að minna á þá mengun sem hlýst af tískuiðnaðinum og hvað sé hægt að gera til að koma í veg fyrir hana. Um 20 norrænir hönnuðir tóku þátt í sýningunni en meðal annarra í áhorfendahópnum var Mary krónprinsessa Danmerkur.



Rachel McAdams var fögur á að líta. NORDICPHOTOS/AFP



Robert Downey Jr. minnti nokkuð á Sherlock sjálfan.

## Klassísk og fáguð á frumsýningu

KVIKMYNDIN SHERLOCK HOLMES VAR FRUMSÝND Í LONDON Í VIKUNNI. AÐALLEIKARARNIR MÆTTU OG VÖKTU ATHYGLI FYRIR FÁGAÐ FATAVAL.

Robert Downey Jr. og Rachel McAdams voru klædd í samræmi við hlutverk sín í myndinni Sherlock Holmes á frumsýningu myndarinnar sem fram fór í London í vikunni. Downey leikur einkaspæjarann snjalla og mætti til frumsýningarinnar í dönnuðum jakkafötum og vesti með fínasta hatt á höfði. Mótleikkona hans, Rachel McAdams var einnig mætt í sínu fínasta pússi, gráum kjól með einum hlýra sem fór henni afskaplega vel og með hárgreiðslu sem vísaði til tímabilsins sem kvikmyndin á að gerast á. - sg







fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



GULL-ÚRIÐ
Axel Eiríksson
úrsmíðameistari
MJÓDDINNI
Álfabakka 16
sími 587 4100




20% afsláttur
af art. 53771 frá
Pertti Palmroth
fram að jólum

Þráinn SKÓARI
STOFNAÐ 1984
Skóbúð/skóvinnustofa, Grettisgata 3, 101 Reykjavík


Systurnar hafði lengi langað til að gera eitthvað sniðugt saman og þar sem kjólaáhuginn er þeim í blóð borinn ákváðu þær að fara af stað með kjólaverslun. Sigurveig er hér fyrir miðju.
MYND/SALBJÖRG RITA JÓNSDÓTTIR


Guðrún í sínu fínasta pússi.

# Kjólasystur á Seyðisfirði

**Gleymmérei heitir „vintage“ kjóla- og fylgihlutaverslun á Seyðisfirði sem poppar upp hér og þar ásamt því að vera á Netinu. Verslunin er í eigu þriggja systra sem elska gamla kjóla og hafa alltaf gert.**

„Við ólumst upp við það að mamma okkar, Guðborg Sigtryggsdóttir, eða Dúlla eins og hún er kölluð, geymdi kjólana sína eins og gull en á rigningardögum fengum við að taka þá fram og prófa. Helga Sigurðardóttir, vinkona okkar á pósthúsinu, var ekki síður áhrifavaldur í þessum efnum en hún gekk okkur í ömmu stað í barnæsku. Hún bjó í gömlu húsi við aðalgötu bæjarins og átti fullt herbergi af gömlum kjólum, pelsum, höttum og Benny Goodman grammófón-plötum. Hún leyfði okkur að máta að vild og er varla nokkur tískuspekúlant sem hefur horft á jafn margar tískusýningar og hún,“ segir Sigurveig Gísladóttir, yngsta systirin í hópnum.

Systurnar Sigurveig, Guðrún og Ólafía María fóru af stað í lok síðasta árs og skipta aðallega við „vintage“-heildsölur á Englandi. „Við byrjuðum á því að handvelja hvern einasta kjól á netinu en fórum svo að panta bretti eins og flestar „vintage“-verslanir gera. Þá fylgir hins vegar ýmislegt misjafnt með og ætlum við alfarið að snúa okkur að því að handvelja aftur en við veljum þá eingöngu kjóla sem við getum hugsað okkur að eiga. Það er mun tímafrekara en jafnframt skemmtilegra og eru þetta kjólarnir sem rjúka út,“ segir Sigurveig en af facebook-síðu systranna að dæma, þar sem kjólarnar eru til sýnis, er um smekkkonur að ræða.

Gleymmérei er einmitt fyrst og fremst netverslun auk þess sem verslunin poppar upp hér og þar með reglulegu millibili. „Við höfum meðal annars dúkkað upp á loftinu á Hótel Öldunni sem Guðrún systir og eiginmaður hennar eru meðal eigenda að. Þar höfum við efnt til kaffiboðs eða dömukvölds en auk þess höfum við sett upp útimarkaði, tískusýningar, heimsótt nágrannasveitarfélögin og fleira í þeim dúr enda lítum við ekki bara á þetta sem verslun heldur ákveðna uppákomu eða viðburð.


Ólafía María Gísladóttir hefur alltaf verið hrifin af gömlum kjólum eins og systur hennar.

Sigurveig segir að á Seyðisfirði sé dásamlegur hópur kvenna sem hefur tekið Gleymmérei opnum örmum. „Dömur á öllum aldri hafa stigið á svið og tekið þátt í tískusýningum okkar, mætt í kaffiboð og á dömukvöld auk þess sem margar seyðfirskar konur eru farnar að klæðast kjólum dag eftir dag og hafa augljóslega gaman af því að klæðast einstökum kjólum sem minna á liðna tíð.“ Konur annars staðar á landinu geta kynnt sér úrvalið á facebook með því að slá inn leitarorðið Gleymmérei.

*vera@frettabladid.is*

Gefðu
*hlýja gjöf*
Yfirhafnir kvenna, frábært úrval
- Úlpur
- Ullarjakkar/kápur
- Dúnkápur/úlpur
- Peysur
- Húfur

Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6 • Sími 588 5518
Opið sunnudag 12-18
Laugardag 10-22
Virka daga 10-20


teg. 81103 - einn vinsælasti BH sem við höfum haft, fæst í mörgum litum í BC skálum á kr. 3.950,- buxur í stíl á kr. 1.950,-

teg 7204 - mjúkur og flottur í BCDE skálum á kr. 3.950,- buxur í stíl á kr. 1.950,-
MISTY
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178, 105 R
sími 551-3366 - www.misty.is
opið mán-fös 10-18
Lau 12.des kl. 10-16
Lau 19.des kl. 10-18
Þorláksmessa kl. 10-20

# Sængur og sængurver

Sérblað • fimmtudagur 17. desember 2009


Dorma


RB RÚM


Betra bak


IKEA


Lín Design


Rúmfatalagerinn


Rúmfatalagerinn


Svefn og heilsa


IKEA


Dorma sængurverasett, stærð 140x200 cm einnig fáanleg tvíbreið 200x220. Gerð 100% bómullarefni. Verð frá 2.900,-


Dorma Deluxe sæng, 24 hólf stærð 140x200 cm gerð 90% Síberíugæsadúnn 10% smáfiður, þyngd 800 gr. Verð 24.900,-. Einnig fáanleg tvíbreið 200x220. Verð 37.900,-


Dorma dúnkoddi, stærð 50x70 cm, Síberíu gæsadúnn. Verð 3.900,-

Dorma dúnsæng, stærð 140x200, 48 hólf Síberíu gæsadúnn, þyngd 800 gr. Verð 14.900,-. Einnig fáanleg tvíbreið. Verð 17.900,-


Dorma sængurverasett, stærð 140x200, gerð satín – margir litir. Verð 3.900,-

DORMA



**● GSM FORTÍÐAR** Hvít lök geta haft víðtækara hlutverk en að vera undirvoð í rúm. Þau geta líka verið notuð til merkjasendinga. Á árum áður, þegar fjarskipti voru með frumstæðum hætti og engir GSM-símar komnir til sögunnar voru lök stundum notuð sem skilaboðatæki. Ef ná þurfti í einstakling sem var við vinnu langt frá bæ, en þó í sjónmáli, var stundum breitt hvítt lak á áberandi stað. Ef bæjarhóll var fyrir hendi var hann kjörinn fyrir slík fjarskipti, annars steinn, gluggi eða þekja. Sá sem var úti á akrinum vissi þá að hann þyrfti að koma heim vegna áríðandi símtals eða af öðrum ástæðum. Þetta var kallað „að breiða á“.


**„Þetta er bara mjög skemmtilegur og lifandi bransi og maður kynnist nýju og áhugaverðu fólki á hverjum degi,“ segir Garðar, starfsmaður hjá Dormu, en hann hefur verið viðloðandi þennan geira í rétt rúman áratug.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Uppfyllum ólíkar þarfir

**Ein stærsta rúmaverslun landsins var opnuð í Holtagörðum fyrir nokkru. Þar fást meðal annars koddar, sængur og rúmfatnaður í góðu úrvali, auk þess sem nokkuð er um vörur sem hafa verið sjaldséðar á íslenskum markaði.**

Rúmaverslunin Dorma var nýverið opnuð í Holtagörðum. Þar starfar Garðar Haukur Guðmundsson, sem hefur verið viðloðandi geirann í rétt rúman áratug og segir úrvalið í sængum, koddum og rúmfatnaði aldrei hafa verið meira en nú. Til marks um það bjóðast viðskiptavinum Dorma vörur sem hafi hingað til verið illfáanlegar hérlendis.

„Sem dæmi um það get ég nefnt að utan venjulegra sængurstærða og barnastærða erum við með lengri einbreiðar sængur en gengur og gerist, eða 140x220, og svo tvíbreiðar sængur í stærðinni 2x220. Fólk getur svo fengið utan um sængurnar sængurfatnað sem fæst hér í góðu úrvali. Í þessum töluðu orðum erum við einmitt að taka upp úr 40 feta gámi fullum af rúmfatnaði gerðum úr bómullarsatíni í öllum regnbogans litum, þar með talið rauðu, gráu, svörtu og klassískt hvítu. Þetta er þriðja sendingin á jafnmörgum mánuðum sem sýnir hversu mikil eftirspurn er eftir vörunni, en þess má geta að sænguverasett kosta frá 2.900 krónum sem eru ótrúleg verð á gæðavörum.

Ekki er nóg með að verslunin státi af sjaldséðum vörum hérlendis heldur gefst viðskiptavinum kostur á að kaupa íslenska hönnun sem eingöngu er seld í Dorma. Sængurnar og koddarnir í versluninni eru þannig seldir undir merkjum Dorma, hannaðir í samráði við íslenska sérfræðinga og fylltir með síberískum gæsadúni sem keyptur er í Danmörku. „Hvort tveggja er saumað sérstaklega með þvottavél og þurrkara í huga, áklæðið er því úr 100 prósent bómull og mjög sterkt. Þetta er þéttofið og þar af leiðandi með glansandi áferð og mjúkt,“ útskýrir Garðar og bætir við að sængurnar séu hólfaðar niður.

Inntur eftir því hvort frekari nýjunga sé að vænta á næstunni, segir Garðar stefnt að því að bæta frekar við framboðið í versluninni í þeim tilgangi að koma til móts við ólíkar þarfir neytenda ásamt því að skapa fyrirtækinu sérstöðu á íslenskum markaði. „Áhersla er svo auðvitað lögð á að bjóða upp á gæði á góðu verði.“

**●SÆNGURDAGURINN MIKLI** 29. febrúar 2008 var dagsetningin á fyrsta sængurdeginum í Bretlandi, eða 1st National Duvet Day upp á engilsaxnesku. Viðburðurinn var meðal annars auglýstur á Facebook af vefsíðunni duvetday.org, og gekk út á að hvetja fólk til að taka sér frí úr vinnu eða skóla í einn dag og minnka þannig kolefnislosun út í umhverfið. Samkvæmt upplýsingum á vefsíðunni tóku um 80.000 manns þátt í framtakinu. Aukinheldur er fólk hvatt til að taka sér einn slíkan frídag á fjögurra ára fresti, sem þýðir að næsti sængurdagur verður árið 2012.



Hugtakið sængurdagur á rætur sínar að rekja til breska almannatengslafyrirtækisins August One Communications. Árið 1997 hóf fyrirtækið að bjóða starfsfólki sínu upp á að taka sér einn skyldræðislausan frídag á ári. „Við byrjuðum að bjóða upp á sængurdaga vegna þess að við gerðum okkur grein fyrir að allir upplifa daga þar sem þeir geta ekki hugsað sér að fara í vinnuna,“ útskýrði Katherine Nicholls, mannauðsstjóri fyrirtækisins á sínum tíma. „Áður hefði fólk hringt sig inn veikt á slíkum dögum, en það sem er svo frábært við sængurdagana er að fólk þarf ekki að þykjast eða fá samviskubit yfir því að taka sér frí.“

Fleiri fyrirtæki munu hafa fylgt fordæminu, en líklega er best að hafa samráð við viðkomandi yfirmann eða skólayfirvöld áður en fólk tekur sér óundirbúinn sængurdag.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmaður auglýsinga:** Hlynur Steingrímsson hlynurs@365.is s. 512 5439



„Hizamakura“ eða kjöltupúði kallast þessi stórfurðulegi koddi sem er japönsk uppfinning. NORDICPHOTOS/AFP



Sushi er gott á bragðið en einnig er gott að liggja á því.



Hver þarf kærasta þegar maður á kærastapúða?



Hestshausinn úr Godfather-myndinni var þessum púðahönnuði innblástur.

# Pínlegir púðar

Púðar geta oft sett punktinn yfir i-ið þegar leitað er eftir heildarmynd stofu eða svefnherbergis. Fallegur púði gerir fallega ábreiðu enn betri og lífgar upp á sófasettið.

Að sama skapi geta ljótir púðar gert illt verra en þó má oft hafa gaman af þeim, sérstaklega þegar húmorinn er hafður að leiðarljósi eins og hönnuðir þessara púða sem hér fylgja hafa greinilega haft.

Hér má sjá púða í formi búks og handleggs fyrir einmana konur sem langar í kærasta til að knúsa, sushi-púðar fyrir þá sem vilja leika við matinn sinn og leggjapúðar fyrir karlmenn sem vilja hvíla höfuðið í skauti einhvers. Svo er það auðvitað hestshausinn úr Godfather-myndunum, en varla getur það verið þægilegt að vakna upp við slíkan ófögnuð á hverjum morgni. *- sg*

# Rúmfatakistur og allar tegundir rekkjuvoða

**Fjölskyldufyrirtækið RB rúm stendur við Dalshraun í Hafnarfirði. Þar fást falleg rúmföt á allar tegundir rekkjuvoða og rúmin sjálf líka.**

Húsgagnabólstrun Ragnars Björnssonar ehf. stendur á gömlum grunni í Hafnarfirði en fyrirtækið hefur búið til rúm fyrir Íslendinga í sextíu og sex ár.

Fyrirtækið hefur frá upphafi haft að markmiði að uppfylla þarfir viðskiptavina sinna ásamt því að vera í fararbroddi við þróun og framleiðslu springdýna. Þetta er fjölskyldufyrirtæki og nú er það dóttir Ragnars, Birna, sem rekur fyrirtækið. „Ég byrjaði á kústinum og hef unnið mig upp, er lærður bólstrari og hef verið hérna síðan 1981,“ segir Birna og er auðheyrt að hún er stolt af arfleifð sinni. Sem er ástæða til því fyrirtækið hefur um árin selt þúsundir rúma og dýna til ánægðra viðskiptavina um land allt. Í dag hefur fyrirtækið fært út kvíarnar og selur nú flest það sem þarf í og umhverfis rúmin sjálf líka. Birna segist hafa fundið fyrir því að það sé í tísku í dag að velja íslenskt og þar komi RB rúm sterk inn. Og hún fagnar því enda hefur hagur verslunarinnar verið samofinn fjölskyldu hennar í fjömörg ár og ekki má gleyma því að með hverju rúmi skapast störf á Íslandi.



Birna Ragnarsdóttir selur fjölbreytt úrval sængurfata í fjölskyldufyrirtækinu RB rúm. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við getum hannað rúmin hvernig sem fólk vill, gert það sem fólk biður okkur um,“ segir Birna og bætir því við að allir fylgihlutir með rúmum, kistur, gaflar og þess háttar sem er til í búðinni séu búnir til hjá fyrirtækinu. „Nema sængurverin og rúmfötin sem eru til í miklu úrvali hjá okkur og við flytjum inn. Þó er silkidamaskið saumað hérlendis og það er hægt að fá í öllum stærðum og gerðum.“

Þegar ekki vinnst tími til að búa um rúmið er rúmfatakista mikið þarfaþing og aðspurð segir Birna að þær séu mjög vinsælar. „Svo erum við líka með náttborð og gafla í stíl við þá,“ segir hún. Þá er líka hægt að fá draumapúðann sinn saumaðan í þeirri stærð og lögun sem óskað er. „Við erum með allar stærðir af púðum en svo getum við líka búið til það sem fólk vill.“

Allar nánari upplýsingar fást á heimasíðunni www.rbrum.is.






**Rósalind**
Silkidamask, st. 140x200 cm.
Einnig er hægt að sérsauma.
Verð 11.990,-



**Embroidery-Best-linen**
Bómullarsatín, st. 140x200 cm.
Verð 7.900,-




**DOGTAS**
Þrýstijöfnunarkoddi.
Verð 7.900,-



**Rúmteppi**
Tvö púðaver með fyllingu fylgja með.
Verð 19.900,-

RB
RÚM
Stofnað 1943
Hafnarfirði



**● GEGN HÖFUÐVERK OG ÞUNGLYNDI** Svokallaður shitou zhentou-koddi gegndi mikilvægu hlutverki í Kína á öldum áður. Koddinn var gerður úr jaða og því langt í frá að vera mjúkur, en harðir koddar eru ekki óalgengir í Asíu. Þessi tiltekna gerð af kodda náði hins vegar fótfestu meðan Ming-ættin var við völd í Kína og var talið að hún miðlaði til mannsheilans þeirri orku sem steinninn var álitinn búa yfir, ásamt því að lækna höfuðverk, þunglyndi og bæta gáfur þeirra sem sváfu með hann svo fátt eitt sé nefnt. Koddinn var dýr munaðarvara og því yfirleitt aðeins á færi aðalsfólks eða þeirra efnameiri í Kína.


Hlýjar jólagjafir í ár!

DÚN & FIÐUR

Laugavegi 87 • sími: 511-2004





25% AFSLÁTTUR

af öllum sængurfötum



4.499

5.999.-

Sængurföt

bómullarsatín, margir litir



3.374

4.499.-

Sængurföt

bómull, margar teg.



3.374

4.499.-

Sængurföt

bómull, margar teg.



3.374

4.499.-

Sængurföt

bómull, margar teg.



3.374

4.499.-

Sængurföt

bómull, margar teg.

Gildir til 24. desember

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár


**● ÞVOTTALEIÐBEININGAR FRÁ 1950** Þvotturinn er lagður í bleyti í volgt sápuvatn með sóda og hafður þar í ½ til 1 sólarhring. Síðan er hann undinn upp og þveginn úr heitu sápuvatni. Blettir nuddaðir á bretti ef með þarf.

Sápuduft og sódi er hrært út í kalt vatn og þeytt út í þvottapottinn sem þvotturinn er síðan látinn í og soðinn í 10-15 mínútur. Hrært í öðru hvoru. Síðan er þvotturinn færður upp með priki eða töng, látið síga af honum og þveginn upp úr suðunni. Skolaður úr 3-4 vötnum eða þar til vatnið er alveg tært. Sumt af þvottinum þarf ef til vill að tvísjóða og stundum þarf að leggja hann í klór. Það er gert þegar hann er fullskolaður. Síðan er hann skolaður mjög vel á eftir og nauðsynlegt er að setja sóda eða edik í eitt skolvatnið.

Að síðustu er þvotturinn undinn. Aðgætið að brjóta stykkin vel, sé undið í vindu. Næst eru snúrurnar þvegnar og þvotturinn hengdur upp. Best er að þurrka allan þvott úti.

Heimild/Lærið að matbúa eftir Helgu Sigurðardóttur.





**● UNNIÐ ÚR ÞRÁÐUM SILKIORMSINS** Silki er afurð lirfu mórberjasilkifiðrildisins og unnið úr púpu hennar. Lirfan breytir laufum mórberjatrésins í límkennda froðu sem verður að þræði þegar það kemur úr munni hennar. Lirfan býr til púpu úr þessum hárfína þræði. Þrjár tegundir af silki er hægt að fá af púpunum. Hespusilki eru löngu þræðirnir yst á púpunni og eru um 1000 til 1500 metra langir. Schappel-silki er unnið úr restinni af púpunni og eru þeir þræðir aðeins 5 til 30 sentimetrar. Hrásilki er svo unnið úr afganginum og eru þeir þræðir styttri en 5 sentimetrar.

Heimild: www.wikipedia.org



**Í nútímamáli kemur fram að orðið sæng er einkum notað um ver með fiðri eða dúni til að hafa ofan á sér.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Rúm til að sofa í

Orðið sæng er samnorrænt orð, í færeysku song, norsku og dönsku seng, sænsku säng og merkir rúm til að sofa í. Í fornu máli íslensku var til orðið sæing í merkingunni rekkja; rekkjubúnaður en það er ekki lengur notað. Einnig var notað orðið sæng í sömu merkingu. Í nútímamáli er sæng einkum notað um ver með fiðri eða dúni til að hafa ofan á sér. Áður fyrr notuðu þeir sem efnaðri voru bæði yfir- og undirsæng en þess gerist tæplega þörf nú í vel kyntum húsum. Merkingin rekkja eða rúm er minna notuð nú en lifir góðu lífi í föstum orðasamböndum eins og að ganga til sængur (fara að hátta), ganga í eina sæng (ganga í hjónaband), ganga í eina sæng með einhverjum (samrekkja einhverjum), liggja á sæng (um konu sem liggur í rúmi eftir barnsburð), vera skilin að borði og sæng og í sögninni að sænga, sænga saman (sofa saman).

*Heimild: www.visindavefur.is*



Sigurður Matthíasson kemur sér vel fyrir innan um kodda og koddafyllingar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Mikilvægt að vera vel útbúinn fyrir svefninn

**Svefn og heilsa er með eitt mesta úrval af hágæða damask-sængurverasettum á Íslandi. Þar má finna allt sem þarf til að gera svefninn sem bestan og draumana góða.**

„Damask er hágæða bómull en það eru til rosalega margar gerðir af bómull. Þéttleiki þráða í damask-bómull er allt yfir þrjú hundruð á hverja rúmtommu,“ segir Sigurður Matthíasson, eigandi Svefns og heilsu.

Sigurður segir að það skipti gríðarlegu máli að sofa undir sæng í góðu sængurveri svo efnið sem leggst að líkamanum sé mjúkt og þægilegt. „Ef þú sefur í venjulegu bómullarsængurverasetti og prófar svo damask þá finnurðu gífurlegan mun. Við erum með jersey-lök sem eru sérlega mjúk, teygjanleg og gott að setja þau á rúmin. Einnig bjóðum við upp á damask-lök sem eru úr sama efni og vinsælu sængurverasettin okkar. Þau eru úr sérstaklega mjúku damaski.“

Svefn og heilsa býður upp á allar stærðir og gerðir af sængum, teppasettum, pífum, hlífðardýnum, koddafyllingum og heilsukoddum. „Við erum með snjógæsadúnsængur og svanadúnsængur frá versluninni Dún og fiður. Þetta eru íslenskar sængur en svo erum við líka með nokkrar aðrar týpur,“ segir Sigurður og tjáir blaðamanni að hann sé ekki með æðardúnsængur í boði í ár enda séu þær orðnar svo dýrar að fáir kaupi þær aðrir en nokkrir útlendingar, en snjógæsadúnninn sé góður og á viðráðanlegu verði.

„Við erum líka með dúnsokka. Þú klæðir þig í þá ef þér er kalt og þú vilt vera í einhverju hlýju. Þetta er eins og sæng sem þú klæðir fæturna í. Dúnsokkarnir eru mikið keyptir fyrir jólin, rétt eins og heilsukoddarnir okkar, IQ Care, sem seljast í fleiri þúsundum stykkja ár hvert,“ bendir Sigurður á og segist hiklaust geta mælt með heilsukoddunum í Svefni og heilsu sem séu þeir bestu á markaði.

**● Í BAÐSTOFUNNI Á HALA** Uppi við þilið á veggjum baðstofunnar stóðu rúmin sem fólkið svaf í á næturnar og sat á, þegar það var inni á daginn og kvöldin.

Fremst austanmegin var rúm Benedikts afa míns og Guðnýjar ömmu minnar. Höfðalagið var við gaflþilið austan megin gluggans. Amma svaf fyrir framan. Fyrir aftan rúm þeirra var rúm Auðbjargar móðursystur minnar. Það var fínasta rúmið í baðstofunni. Í því var lak bæði ofan á undirsænginni og undir yfirsænginni. Í hinum rúmunum var lak aðeins ofan á undirsænginni að mig minnir. Höfðalagið á rúmi Auðbjargar var gaflinn á rúmi afa og ömmu.

Heimild: Steinarnir tala eftir Þórberg Þórðarson.



**Endurgerð baðstofa á Hnausum í Meðallandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





Sérstök efnisuppbygging IQ-CARE heilsukoddans gefur honum eiginleika sem skapa honum sérstöðu. IQ-CARE heilsukoddinn er með afar opna efniseiginleika sem gerir það að verkum að hann andar mun betur og allt yfirborð hans helst þægilega svalt og byggir ekki upp líkamshita þegar sofið er á honum. Koddarnir eru framleiddir í 3 stærðum.

**Verð á algengasta heilsukoddanum**
**Medium 60cm 14.900 kr.**
**Jólatilboð 11.920 kr.**



**Hágæða damask sængurverasett frá Mine.**
Stærðir: 140x200cm, 140x220cm, 200x200 cm, 200x220 cm. Verð frá kr. 8.900,- Jólatilboð frá 7.120,-
Hágæða damask-lök, Jersey lök og hlífðardýnur eru til í öllum stærðum frá sama framleiðanda.



**Hágæða damask sængurverasett frá Mine.**
Eitt mesta úrval landsins af sængurverasettum.



**Hágæða Silki-damask sængurverasett frá Mine.**
Margar tegundir og litir.
Kemur í fallegum gjafaöskjum

Svefn & heilsa
★★★★★



GOSA SYREN koddi 1.490,-
Fylling: 100% pólýesterörtrefjar
B50xL60cm





MYSA STRÅ sæng 3.490,-
Fylling: Holtrefjar úr pólýester
B150xL200cm
Fæst einnig í B240xL220cm 6.990,-



IKEA 365+ RISP
sængurverasett 3.690,-
50% lyocell og 50% bómull
B150xL200/B50xL60cm
Blátt/hvítt
Fæst einnig í B240xL220/
B50xL60cm 5.990,-



TANJA BRODYR
sængurverasett 4.490,-
100% bómullarsatín
B150xL200/B50xL60cm
Beinhvítt
Fæst einnig í B240xL220/
B50xL60cm 7.990,-

IKEA®




Allar sængurnar í IKEA eru ofnæmisprófaðar. Guðrún segir fyrirtækið leggja mikið upp úr góðu verði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hlýjustigskerfið heillar

**Allar sængur og koddar í IKEA eru flokkuð eftir ákveðnu kerfi sem hefur notið vinsælda. Verslunin býður einnig upp á rúmföt í miklu úrvali.**

„Fyrir um tveimur árum byrjuðum við að gefa sængum hlýjustig og koddarnir eru flokkaðir eftir stífleika. Hlýjustig eitt er svöl sæng, hlýjustig tvö kallast meðalhlýtt en er í raun hlýtt, og hlýjustig fimm þýðir að um mjög hlýja sæng er að ræða. Sængurnar eru hlýrri eftir því hversu mikið magn er í þeim, og koddarnir stífari ef meira er í þeim,“ segir Guðrún Þorgilsdóttir, svæðisstjóri búsáhalda- og vefnaðarvörudeilda hjá IKEA.

IKEA býður bæði upp á sængur úr gerviefni og dúnsængur, sem allar eru ofnæmisprófaðar og fara í gegnum sömu gæðastuðulsprófunina, og segir Guðrún hlýjustigin hafa vakið mikla lukku. „Allar sængurnar í IKEA eru af gerðinni MYSA og eru miklar gæðasængur. Millihlýjustigið er vinsælast. Þær eru dálítið „djúsí“ og unga fólkið kann mjög vel að meta það, biður mikið um það sem það kallar hjónasæng, eða tvíbreiða sæng.“

Hún segir að sumum þyki sængur í fimmta hlýjustigi hreinlega vera of hlýjar. „Til að bregðast við því vandamáli bjóðum við upp á sængur sem við köllum 1+3, en það eru í raun tvær sængur sem er smellt saman og sundur.



Að sögn Guðrúnar eru fullorðnir hrifnir af brúna litnum en unglingar af svörtu og hvítu. Allt sem er rautt og hvítt selst hins vegar eins og heitar lummur fyrir jólin.

Önnur þeirra er með hlýjustigið 1 og hin hlýjustig 3. Þegar hlýtt er á sumrin er hægur leikur að taka aðra sængina af og nota bara eina, og á köldum vetrarnóttum er upplagt að nota tvær sængur. Þetta er mjög vinsælt. Við leggjum líka heilmikið upp úr góðu verði og hægt er að fá sængur frá allt niður í 795 krónur. En úrvalið er auðvitað fjölbreytt og verðið í samræmi við það,“ segir Guðrún.

Koddarnir sem á boðstólum eru í IKEA skiptast einnig í þrennt eftir stífleika: Mjúka, millistífa og stífa. „Heilsukoddarnir eru af gerðinni GOSA og eru mjög góðir. Almennt séð virðist fólk í auknum mæli vera að gera sér grein fyrir því að það skiptir máli á hverju það sefur. Það á ekki síst við um blessuð börnin, því ekki má móta hálsinn á þeim of snemma. Mjúkir koddar eru bestir fyrir börnin og við seljum mikið af þeim,“ segir Guðrún.

Auk sænga og kodda býður IKEA upp á sængurföt í miklu úrvali. Að sögn Guðrúnar hefur brúnn verið einn vinsælasti liturinn hjá fullorðnu fólki undanfarin tvö til þrjú ár. Unglingarnir virðast hins vegar vera mest fyrir svart og hvítt, og ekki er verra ef ýmiss konar munstur fylgja með. „Það eru tískusveiflur í þessu eins og öllu öðru. En fyrir jólin selst allt sem er rautt og hvítt eins og heitar lummur, og gildir þá einu hvort um er að ræða rúmföt, handklæði, sturtuhengi eða baðmottur. Rauði liturinn heillar,“ segir Guðrún.

**● AÐEINS Á FÆRI EFNAÐRA** Koddar voru í upphafi eingöngu notaðir af vellauðugu fólki. Til marks um það hafa þeir fundist í grafhvelfingum frá tímum Forn-Egypta. Vegna þess hversu vandasamt þótti að sauma og lita efnin sem notuð voru í kodda var á tímabili litið á þá sem hálfgerð listaverk. Vandlega skreyttir koddar urðu því að dýrri verslunarvöru, fyrst í Kína og Persíu og síðar í Evrópu á miðöldum. Frá lokum fimmtándu aldar og til upphafs þeirrar sautjándu var álitið að aðeins barnshafandi konur þyrftu á koddum að halda. Það var ekki fyrr en í iðnbyltingunni sem tekið var að framleiða skreytta kodda og sömuleiðis textíl í stórum stíl. Við þetta má síðan bæta að ekki nota allir kodda með mjúkri fyllingu. Þeir kínversku eru til að mynda gerðir úr alls kyns steini, málmi og við.



# Sniðug sængurver

**Gárungar finnast í flestum stéttum og störfum um allan heim og sængurverageirinn er engin undantekning. Hér gefur að líta nokkur skemmtileg og skrautleg sængurver.**




Twister-spilið er vinsælt víða um heim. Með þessu sængurveri er hægt að spila og sofa um leið.



Stundum þarf ekki annað en að skipta um sængurver til að öðlast draumalíkamann.



Líffæri líkamans á sængurveri eru til margra hluta nytsamleg, til dæmis að hræða pirrandi foreldra sem ætla að vekja þig í skólann.



Svona sængurver er til þess fallið að lina næturþjáningar þeirra einhleypu sem dreymir um samband. Eða ekki.

# Margt breyst í aldanna rás

**Damask-bómull og springdýnur þekktust ekki í torfbæjunum í gamla daga. Dúnsængur voru þó þekkt fyrirbrigði og hafa staðið fyrir sínu í gegnum aldirnar.**

„Eins og þetta var í torfbæjum fyrr á öldum þá sváfu menn í rúmum eins og í dag,“ segir Ágúst Georgsson, fagstjóri þjóðhátta á Þjóðminjasafni Íslands. Ágúst þekkir nokkuð til aðstæðna í torfbæjum í gegnum starf sitt og segir að fólk hafi ekki haft sérlega merkilegar dýnur undir sér miðað við það sem þekkist í dag. „Margir notuðu hey í dýnurnar en þeir sem betur voru settir áttu svokallaðar undirsængur en í þeim var fiður, oft af sjófuglum eða rjúpum. Ofan á sér höfðu menn yfirsængur úr fiðri eða æðardúni, sérstaklega þar sem mikið var um æðarfugl. Dúnsængur voru léttari og hlýrri og hafa væntanlega verið dýrari.“ Hann bætir við að fiður hafi alltaf verið notað í kodda.

„Sagt er að rúmin hafi verið styttri þá heldur en þau eru í dag, þannig að menn réttu ekki alveg eins mikið úr sér þegar þeir sváfu og hafa eitthvað þurft að draga saman skankana,“ segir Ágúst og áréttar að það hafi farið eftir efni og aðstæðum hvað Íslendingar gátu lagt mikið í rúmin, margir fátæklingar hafi til dæmis haft torf í botninn. „Yfirleitt sváfu tveir í hverju rúmi og alltaf af sama kyni nema ef um hjón var að ræða. Börn og unglingar sváfu oft hjá fullorðnum, móðir hjá dóttur og faðir hjá syni. Börn voru mörg saman í rúmi. Þetta var gert til að halda á sér hita og spara pláss en venjulega var fólk allsbert í rúmunum. Á sumum betri bæjum voru sérstök húsbændaherbergi,“ segir Ágúst. Rúmin sjálf voru smíðuð úr fjölum og voru föst gafl í gafl og í raun hluti af innréttingunni. Í þeim var ekki einungis sofið heldur einnig matast og þar sat fólk við vinnu sína. *- nrg*



Á baðstofunni á þriðju hæð Þjóðminjasafns Íslands er að finna rúm eins og þau þekktust hér áður fyrr. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM







GOSA RAPS koddi 3.490,-
Fylling: 60% dúnn og 40% fiður
B50xL60cm



MYSA RÖNN sæng 4.490,-
Fylling: 85% fiður og 15% dúnn
B150xL200cm



JORUN FORM
sængurverasett 1.490,-
100% bómull
B150xL200/B50xL60cm
Grænt/hvítt
Fæst einnig í B240xL220/
B50xL60cm 2.390,-



SNÖA RUTA sængurverasett
3.490,- 100% bómullarsatín
B150xL200/B50xL60cm
Hvítt/rautt
Fæst einnig í B240xL220/
B50xL60cm 5.990,-

IKEA®





LE JARDIN sængurverasett
Efni: 100% bómullarsatín.
Stærð: 140 x 200 sm. Verð: 3.690,-
Koddaver 50 x 70 sm.
Fæst einnig í stærð: 140 x 220 sm. 4.990,-
Auka koddaver 50 x 70 sm. 990,-



GENEVIEVE sængurverasett
Litir: Hvítt og kremað. Efni: 100% hágæða bómullarsatín.
Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm. 4.990,-
Einnig fáanleg 2 sængurverasett í gjafapakkningu: 8.990,- Fæst einnig í stærðum: 140 x 220 sm. 5.690,- og 200 x 220 sm. (eingöngu í kremuðu) 6.990,-
Auka koddaver 990,-



BONNA sængurverasett
Stærð: 140 x 200 sm og koddaver 50 x 70 sm.
Verð: 2.990,-



MAN. UNITED sængurverasett
Efni: 100% bómull.
Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.
Verð: 4.990,-



LIVERPOOL sængurverasett
Efni: 100% bómull.
Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.
Verð: 4.990,-



BARCELONA sængurverasett
Efni: 100% bómull.
Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.
Verð: 4.990,-

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ


**● VER MEÐ MILLIVERKI** Sængurver með hekluðum milliverkum hafa löngum þótt eiguleg enda mikil vinna verið í þau lögð.



Þegar slíkt sængurver er búið til er byrjað á að setja milliverkið í áður en hliðarsaumar eru saumaðir. Fimmtíu sentimetrar eiga að vera niður að milliverki frá efri brún versins og reikna þarf með tveimur sentimetrum í innafbrot.

Verið er tekið í sundur með því að klippa svolítið upp í jaðar efnisins og rífa það að jaðrinum hinum megin og klippa hann sundur.

Milliverkið er fyrst þrætt í og síðan handsaumað í með varpspori frá röngunni.



„Hér er hægt að velja alveg frá því ódýrasta og upp í dýr og fín rúmföt," segir Vala Karen innkaupastjóri allrar vefnaðarvöru í Rúmfatalagernum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANOTN

# Ný og skemmtileg mynstur

**Rúmfatalagerinn heitir ekki svo út af engu. Þar er lager af rúmfötum sem alltaf er í stöðugri endurnýjun. Vala Karen Guðmundsdóttir er innkaupastjóri vefnaðarvöru fyrir allar verslanir Rúmfatalagersins á landinu og veit allt um nýjungar í heimi sængurfata.**

„Það er alltaf eitthvað nýtt og skemmtilegt að gerast í sængurfatadeildinni. Stór mynstur í rúmfatnaði hafa verið áberandi á sýningum erlendis og eru að skila sér hingað, röndótt hefur gengið mjög vel líka," segir Vala Karen og heldur áfram. „Meirihlutinn af okkar rúmfatnaði kemur frá Jysk í Danmörku, þessu stóra danska batteríi sem við erum hluti af og það verður að segjast eins og er að það er ansi duglegt að koma með ný mynstur og nýja liti. Jysk-búðirnar í heiminum skipta hundruðum, fyrirtækið framleiðir sængurföt í þær allar og því getum við boðið svona gott verð eins og raun ber vitni."

Rúmfatalagerinn kaupir einnig inn sængurverasett beint frá Kína sem saumuð eru eingöngu fyrir íslenskan markað að sögn Völu Karenar. „Settin okkar eru úr bómullarsatíni og damaski og eru gæðaleg og vönduð," segir hún og nefnir að meðal annars séu tvö sett seld saman í nokkurs konar möppu sem henti vel sem brúðargjöf eða jólagjöf handa pari. „Þetta eru damasksett, virkilega fín og þau eru til í hvítu og kremuðu, þessu klassíska sem alltaf gengur."

Vala Karen segist þora að fullyrða að engin verslun á Íslandi sé með annað eins úrval af sængurverasettum og Rúmfatalagerinn. „Hér er hægt að velja alveg frá því ódýrasta og upp í dýr og fín rúmföt. Ég held að fólk þekki þetta. Því kemur það til okkar þegar það vantar sængurverasett, hvort sem er í ódýrari kantinum eða dýrari og vandaðri." Hún bendir á úrval ungbarnasetta og gleymir ekki að geta um barna- og unglingaverin með Hello Kitty, Bangsímoni og Spiderman, né heldur rúmfatnaðinn með merkjum ensku fótboltaliðanna Manchester og Liverpool.

Vala Karen kveðst hafa verið handavinnukennari í Álftanesskóla áður en hún gerðist innkaupastjóri en eiga þó líka fortíð í Rúmfatalagersbúðunum, bæði í Holtagörðum og í Hafnarfirði. Spurð hvort hún hafi ekki orðið yfirgripsmikla þekkingu á taui og vefnaðarvöru svarar hún að bragði. „Jú, ég þykist hafa einhverja þekkingu á þessu og svo er ég alltaf að læra meira og meira. Þetta er mjög skemmtilegt og fjölbreytt starf."



**● VALLI OG POTTER Á E-BAY** Ótrúlegustu hlutir eru til í heiminum, og næsta víst að þeir fást á vefsvæðinu www.e-bay.com. Fréttablaðið gerði stikkprufu á því hvað er í boði af sængurfötum á þessari heimsfrægu vefsíðu. Þar var meðal annars hægt að kaupa sængurföt frá 1991 með myndum af Valla, eða Hvar er Valli? Verðið á sængurfötunum var um 19 dollarar. Einnig var hægt að fjárfesta í gamaldags litríku bútasaumssængurveri í frábæru ásigkomulagi á 19,99 dollara. Svo má nefna Harry Potter-rúmfötin sem þegar var búið að bjóða 5,95 dollara í en enn er opið fyrir fleiri boð ef áhugi er fyrir hendi. Nú er bara að stökkva til, eða hvað?






# Að velja réttu rúmfötin

Ýmislegt ber að hafa í huga þegar velja á rúmfatnað og ekki verra að þekkja kosti og galla þeirra helstu á innlendum markaði, en þeir eru upptaldir á heimasíðunni wwww.tilefni.is:


Að mörgu þarf að huga þegar fest eru kaup á rúmfatnaði. NORDICPHOTOS/GETTY

**LÍN**

Það er mjög slitsterkt og ætti að duga fyrir komandi kynslóð. Helstu gallarnir eru þeir að lín er dýrt, það þarf alltaf að strauja og getur að auki verið hart viðkomu á meðan það er nýtt, en mýkist að vísu með aukinni notkun.

**SILKI**

Það býr yfir góðum einangrunareiginleika og er gott hvort heldur sem er í miklum hita eða kulda. Helstu gallar eru þeir að efnið er dýrt og flest rúmföt úr silki þurfa þurrhreinsun.

**BÓMULL**

Þetta er mjög hefðbundið efni í rúmföt og er til í mismunandi vefnaði, allt frá sléttofinni bómull yfir í bómullarsatín og damask sem er dýrara. Bómull andar vel en hefur tilhneigingu til að krumpast mikið.

**FLANNEL**

Lítið er um að þetta efni sé notað í rúmföt hérlendis, nema einna helst fyrir ungbörn. Efnið er mjög hlýtt en á það til að hlaupa mikið. Best er að athuga hvort rúmfötin séu „pre-shrunk", sem þýðir að þau hafi verið þvegin og búið að taka í reikninginn hversu mikið efnið hleypur.

**BÓMULLAR- OG PÓLÝESTERBLANDA**

Þessi blanda krumpast ekki eins og hrein bómull. Á móti er hún ekki eins mjúk viðkomu, andar ekki og hefur tilhneigingu til að hnökra leiðinlega.

**JERSEY**

Prjónað bómullarefni, sem er líka notað í stuttermaboli. Er mjúkt viðkomu og krumpast ekki en á til að aflagast og verða skrýtið í laginu. Ódýrari gerðir efnisins eiga á hættu að hnökra.


Lín er gætt ýmsum kostum en getur í upphafi verið hart viðkomu.



Ef fólki finnst leiðinlegt að strauja ætti það að hugsa sig tvisvar um áður en það festir kaup á rúmfatnaði sem krumpast auðveldlega.


Rúmfatalagerinn býður upp á sængur og kodda af öllum stærðum og gerðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Gott úrval á verði fyrir alla

**Í Rúmfatalagernum er eitt landsins mesta úrval af sængum og koddum.**

„Okkar sérstaða er að bjóða upp á breitt úrval af sængum og koddum í öllum verðflokkum sem gerir það að verkum að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi," segir Ómar Torfason í sængurdeild Rúmfatalagersins á Korputorgi. „Við bjóðum upp á sérstaklega langar, sérstaklega breiðar, tvíbreiðar og hefðbundnar stærðir á verði frá 2.990 krónum og upp í 59.900 krónur.

Ómar segir Rúmfatalagerinn bjóða landsins mesta úrval af bæði gerviefna- og dúnsængum. „Fínustu dúnsængurnar okkar eru úr snjóhvítum gæsadúni með hundrað prósent bómullaráklæði en andadúnssængurnar eru aðeins ódýrari. Þá erum við með Temprakonsængur sem njóta sérstakra vinsælda en þær eru búnar hitajöfnun sem virkar þannig að þegar líkaminn hitnar þá tempra þær umframhitann og senda hann út. Þessar sængur eru líka vel hólfaðar sem skiptir miklu máli og kemur í veg fyrir að fyllingin safnist á einn stað."

Ómar segir gerviefnasængurnar ekki síður vinsælar. „Við erum með mjög fín merki og má þar nefna Höje sem eru norskar gæðasængur fylltar með holtrefjum. Ódýrari sængurnar eru síðan fylltar blöndu af polýester og bómull." Sængurnar fást bæði í settum með kodda og einar sér. „Það getur komið sér vel fyrir þá sem til að mynda kjósa heilsukodda sem við eigum í úrvali. Þá erum við með barnasængur fyrir allt frá ungabörnum til unglinga og vitanlega sængurver utan um allar okkar barna- og fullorðinssængur."

Ómar segir sæng og kodda upplagða jólagjöf og þar sem verðbilið sé breitt ættu flestir að geta fundið gjöf við hæfi.





KRONBORG LUX andadúnsæng
Sæng fyllt með andadúni og smáfiðri. Bómullaráklæði og snúrukantur. Stærð á sæng: 140 x 200 sm. þyngd: 900 gr. Stærð á kodda: 50 x 70 sm. Má þvo við 60°C. Sæng: 8.990,- Koddi: 2.990,-


Høie Unique sæng og koddi
Thermosæng fyllt með 2 x 600 gr. af holtrefjum, verð 7.990,-. Koddinn er fylltur með 500 gr. af holtrefjum. Stærð: 50 x 70 sm. Sængurtaska fylgir. Sæng: 140 x 200 sm.


Kronborg Dreamer gæsadúnssæng
Gæsadúnssæng fyllt með 900 gr. af gæsadúni. Sængin er saumuð í 5 x 7 sm. ferninga og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Vandað ver úr 100% bómull sem þolir þvott. Sæng: 135 x 200 sm. 16.900,- Sæng: 135 x 220 sm. 19.900,- Sæng: 200 x 220 sm. 29.900,-


Høie Exclusive sæng
Thermosæng sem má þvo. Mjúkt og þægilegt áklæði. Sængin er saumuð saman úr tveimur sængum þannig að hitaeinangrandi loftrúm myndast á milli þeirra. Sæng: 140 x 200 sm. 9.990,- Sæng: 140 x 220 sm. 11.900,- Sæng: 200 x 220 sm. 19.900,- Koddi 50 x 70 sm. 4.990,-

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ



Handklæðin og sloppamir eru íslensk hönnun. Handklæði 30x30, verð 490 kr., 35x70 verð 790 kr. og 70x140 verð 2.490 kr. Hvítir baðsloppar; 3 stærðir og kosta 9.990 kr.



Eyrarrósin er saumuð úr 350 þráða Pima bómull og kostar 12.980 kr. Sængurver 140x200 og koddaver 50x70.



Íslensku dýrin fyrir börnin er glaðleg hönnun. Stærð 70x100, verð kr 7.980 kr. Stærð 100x140, verð 9.980 kr.



Dansi dansi dúkkan mín kemur í 2 stærðum; 70x100 og 100x140.



Lín DESIGN



Íslensk menningararfleifð og náttúra gegna lykilhlutverki í allri hönnun Lín Design að sögn Braga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Náttúran veitir innblástur

**Menning og náttúra leika lykilhlutverk í hönnun Lín Design en fyrirtækið hefur frá stofnun sérhæft sig í sölu á alls kyns vörum fyrir svefnherbergið.**

Lín Design er eini aðilinn á innlendum markaði með íslenska rúmvörulínu fyrir svefnherbergið. Íslensk náttúra og menningararfleifð er helsti innblástur hönnunar fyrirtækisins, en fyrir þessi jól er hún undir sterkum áhrifum frá gömlum og vinsælum barnavísum auk verka listamannsins Alfreðs Flóka.

„Eftir þá sprengingu sem varð í fæðingum á árinu ákváðum við að bæta við úrvalið í barnalínunni okkar. Brugðum á það ráð að búa til myndir upp úr vinsælum vísum, til dæmis Dýravísum eftir Jón Leifs, og bróderuðum þær síðan í sængurfatnað fyrir börn,“ útskýrir Bragi Smith, framkvæmdastjóri Lín Design, og bætir við að verkið Elskendur eftir teiknarann Alfreð Flóka hafi hlotið sams konar meðferð en útkoman sé aftur á móti hugsuð fyrir fullorðna.

Meðal annarra minna í sængurfatnaði má nefna íslenska skjaldarmerkið og ýmis þjóðleg blóm sem hafa frá upphafi einkennt hönnun Lín Design. „Við ákváðum strax í byrjun að leggja áherslu á innlenda textílhönnun með skírskotanir í íslenska náttúru og menningararfleifð, ekki síst eftir að okkur varð ljóst að lítið sem ekkert hafði verið gert af því, að minnsta kosti ekki fram að þeim tíma. Svo höfum við haft þá reglu að leiðarljósi að bæta árlega við einu til tveimur blómum en breyttum út af vana í þetta sinn og höfðum þau fleiri þar sem fyrirtækið fagnar fimm ára afmæli á árinu.“

Bragi segist almennt hafa skynjað aukinn áhuga á íslenskri hönnun að undanförnu, fólki sé í mun að vita hverjir standi á bakvið hönnunina og hverjar hugmyndirnar séu. „Sem er alls ekkert skrítið, enda margir sem koma að verkinu, hópur hæfileikaríkra íslenskra hönnuða og svo er sjálf varan unnin úr hágæðalíni sérvöldu erlendis frá.“ Hann bætir við að hönnunin veki sömuleiðis áhuga á íslenskri menningu. „Þetta er auðvitað kjörin aðferð til að koma menningararfleifðinni á framfæri og kynna, sérstaklega fyrir yngstu kynslóðinni.“

Bragi tekur fram að þess utan fáist í versluninni allt til alls í svefnherbergið, þar með talið rúmteppi, pífur, gardínur, koddar og andardúnsængur í öllum stærðum og gerðum. „Þess má geta að sængurnar innihalda einungis 100 prósent hvítan andardún. Hér er um hreina náttúruafurð að ræða sem er algjörlega laus við hvers kyns efnasamsetningar,“ segir hann og bætir við að sængurnar séu að auki unnar í sérstökum vélum sem hreinsi burt ryk og önnur óhreinindi og henti því vel ofnæmis- og astmaveikum.

● **STIMPLAÐ Á RÚMFÖT** Þeir sem vilja setja sitt eigið mark á svefnherbergið geta leikið sér að því að stimpla og mála á sængurföt. Best er þá að fjárfesta í einföldum, hvítum sængurfötum sem þurfa ekki að kosta mikið og hefjast handa.

Verkið er flóknara en svo að hægt sé að lýsa því í nokkrum orðum, en hægt er að benda á vefsíður á borð við www.diyideas.com sem er vefsíða með ábendingum um hvernig gera megi hlutina sjálfur. Þar er aðferðunum lýst með nokkurri nákvæmni. Þar er einnig bent á þau efni sem best er að nota.




## Bestu sængurnar í Betra Bak

Nýjar dúnvörur með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun og er vottað 100% astma- og ofnæmisfrítt af dönsku ofnæmissamtökunum.

Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules® (hitafrumur) í sig umframhitann og viðhalda þannig réttu hitastigi undir sænginni. Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur til baka til líkamans. Þetta ferli tryggir að sama, rétta, hitastigið helst allan tímann sem þú ert undir sænginni. Vörurnar eru fylltar með 100% hreinum hvítum gæsadún frá Síberíu þar sem frost fer í -50°C.

Verð 29.900,-









**● LOSNAÐ VIÐ HÁRIN ÚR RÚMINU** Hundar og kettir elska að kúra í rúmum eigenda sinna. Þó yfirleitt sé þeim bannað að fara upp í bólið eiga gæludýrin það til að skjótast þangað þegar enginn sér til. Þá skapast sá vandi hvernig losna eigi við hárin sem vilja festast við lak, sæng, kodda eða ábreiðu.

Límrúllan kemur þar sterk inn. Hún er besti vinur gæludýraeigandans og ætti að vera til í mörgum eintökum bæði til að hreinsa hár af fötum en einnig af sófasettum, teppum og rúmfötum.

Einnig er hægt að leita til gæludýrabúða sem sumar hverjar bjóða upp á sérstaka töfrabursta sem hægt er að nota á sætin í bílum, sófann, stólinn eða rúmið.

Ryksugan er svo einnig betri en engin. Sumar þeirra öflugri sjá einnig um að djúphreinsa dýnur sem er ekki amalegt hafi kisi gert sér bæli þar einhvern tímann.

# Rollsinn í rúmfatnaði

**Heilsan er í hávegum höfð í versluninni Betra baki í Faxafeni 5 sem sérhæfir sig í sölu á rúmum, dýnum og öllu sem viðkemur svefnherberginu.**

Að sögn Jóns Woodard, verslunarstjóra Betra baks, hefur verið lögð áhersla á að bjóða upp á heilsutengdar vörur í búðinni í þau fimmtán ár sem hún hefur verið starfrækt. „Ég get sem dæmi nefnt þéttofin sængurver úr hágæða Maco-satíni frá hinu gamalgróna þýska fyrirtæki Elegante,“ segir hann. „Þéttleikinn ljáir sængunum mýkt og glansandi áferð. Þær eru að auki léttar, vel hólfaðar og gerðar úr byltingarkenndu hitajöfnunarefni sem nefnist outlast. Efnið var fyrst þróað af Geimferðastofnun Bandaríkjanna (NASA) fyrir geimfara til að viðhalda jöfnu hitastigi líkamans í geimbúningunum. Sama gildir um sængurnar, þær tryggja að notendunum verður ekki kalt á nóttunni.“

Jón bendir á að koddarnir sem fást í búðinni lúti sömu lögmálum hvað heilsuna varðar. „Hér fást Tempur-koddar, sem eru búnir sams konar hitajöfnunaareiginleikum og sængurnar og eru líka misþykkir og -stífir. Svo erum við með fjórar gerðir af dúnkoddum frá Quilts of Denmark, sem allir eru með latexfyllingu annað hvort í föstum eða breytilegum stærðum. Með breytilegum stærðum á ég við latexfyllingu í nokkrum lögum sem hægt er að fjarlægja að eigin vild eða allt eftir því hversu hátt undirlag fyrir höfuðið notandinn vill.“

Í Betra baki fæst einnig gott úrval af rúmfatnaði frá Elegante, en Jón segir að í bransanum sé fyrirtækið oft kallað Rollsinn í rúmfötum. „Þeir hafa fengið tvo frábæra en jafnframt mjög ólíka hönnuði til liðs við sig, þá Bruno Banani og Joop sem eru hvor með eigin línu. Þeir eru báðir þekktir innan bransans og sérstaklega Joop en sængurföt frá honum njóta mikilla vinsælda.“ En eru einhverjir sérstakir litir í tísku fyrir þessi jól? „Ætli það séu ekki einna helst rauður og fjólublár og svo er hvítur náttúrlega klassískur.“

Jón segir vel tekið á móti viðskiptavinum Betra baks, þar sem starfsfólk með allt að fimmtán ára reynslu og viðamikla þekkingu á sínu sviði bjóði fram ráðgjöf og geti aðstoðað þá við val á rúmum, dýnum og öðrum vörum sem tengjast rúmamarkaði. Auk þess er viðskiptavinum á höfuðborgarsvæðinu boðið upp á fría heimsendingu.



**„Við sérhæfum okkur í sölu á stillanlegum rúmum og viðurkenndum heilsudýnum, -koddum og sængum,“ segir Jón Woodard, verslunarstjóri Betra baks.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA














Betra BAK



CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY™

Outlast ADAPTIVE COMFORT®



TempraKon dúnsokkar. Frábær jólagjöf.



TempraKon heilsukoddar í miklu úrvali. Fást fylltir með gæsadún eða latex.

empraKon og venjulegur svefnbúnaður
t



**● KOMDU Í KODDASLAG** Koddaslagur er eldgamalt fyrirbæri. Líklega hafa flestir nokkuð góða hugmynd um út á hvað slíkur slagur gengur. Oftast er hann leikinn í góðu og oftar en ekki sprettur slíkur leikur upp þegar nokkur börn gista saman.

Hér áður fyrr gátu slíkir slagir endað á því að efnið utan um koddana rifnaði svo fiðrið þeyttist út um allt. Koddar í dag eru yfirleitt betri að gæðum og slík slys því fágæt. Auk þess hefur fiðrinu oft verið skipt út fyrir nýmóðins frauðefni.

Yfirleitt fer koddaslagur fram í heimahúsi. Þess eru þó dæmi að keppt hafi verið í slíkum slag á opinberum vettvangi. Reuters-fréttastofan sagði til dæmis frá því í janúar 2007 að koddaslagsdeild hefði verið stofnuð á börum í Toronto. Þar fengu konur borgað fyrir að taka þátt í koddaslag.

Nemendur við Kólumbíuháskóla í Bandaríkjunum standa einnig fyrir svokölluðum vorkoddaslag. Nemendur hlaupa þá inn á mitt háskólasvæðið á miðnætti fyrir fyrsta dag prófa og slást og öskra til að losna við streitu.

Stærsti koddaslagur sem um getur var haldinn í Grand Rapids í Michigan-ríki í Bandaríkjunum í september 2008. Rob Bliss nokkur sá um skipulagninguna en hann hefur einnig reynt að slá metið í fjölmennustu uppvakningavöku heims.







Bútasaum má rekja til Egyptalands.

# Hlý og góð rúmteppi

Fallegt rúmteppi er svefnherbergisprýði og rúmteppi eru ekki bara til að fela óumbúið rúm heldur hlífa þau rúmfötum við daglegu hnjaski og gefa stílhreint yfirbragð. Bútasaumsteppi á rúm er persónulegur dýrgripur sem flestir meta að verðleikum enda liggur oftast gríðarleg vinna og hugsun í hverju slíku.

Margir telja að upphaf bútasaums megi rekja til Ameríku en fæstir vita að hann má rekja aftur til Egyptalands hins forna. Elsta bútasaumsteppi í heimi fannst í helli í Mongólíu og talið vera frá því um kristsburð. Í Norður-Ameríku voru bútasaumsteppi gerð til að hlýja hermönnum í frelsisstríðinu og seinna voru þau seld á mörkuðum sem haldnir voru til að leggja lið baráttunni gegn þrælahaldi. Þá voru þjáningar þrælanna gjarna saumaðar í teppið og þannig minnt á málstaðinn.

Bútasaumurinn nú er einkum í gerð vegg- og rúmteppa úr mislitum bútum ýmist handsaumuðum eða vélsaumuðum. Vegna mikils áhuga á bútasaumi um heim allan hafa sprottið upp bútasaumsklúbbar, þar sem unnið er með allt mögulegt varðandi bútasaum og langt leiddir bútasaumarar geta spjallað saman og skipst á heilræðum og hönnun.

**● BENDLABÖNDIN STRAUJUÐ** Sumir eru ólatari en aðrir. Til dæmis við að strauja. Til eru þeir sem setja sögnina að strauja bara í samband við tölvur og greiðslukort. Aðrir strauja það allra nauðsynlegasta, svo sem skyrturnar en til eru líka þeir einstaklingar sem nostra við að slétta allan þvott og leggja sig sérstaklega fram við að hafa bendlaböndin vel straujuð. Það er vissulega fallegt.





# ;ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. 8–17

Smáauglýsingasíminn er 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga 8–17

## BÍLAR & FARATÆKI




KIA SORENTO M/LEÐRI. Árgerð 2005, ekinn 93 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 2.680.000. Rnr.242443.Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á staðinn og á söluskrá okkar.WWW. BÍLALÍF.IS

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 laug. 12-16.**
**www.bilalif.is**




**Vilt þú kaupa selja eða skipta ?**
Netbilar.is bjóða þér uppá eitt mesta úrval landins á bifreiðum og stórlækkaðan sölukostnað.Skráðu bílinn frítt á www.Netbilar.is sími 588-5300 eða kíktu við í Hlíðasmára 2. Netbilar.is bjóða betur

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

### Bílar til sölu



Mmc Lancer 4x4 árg.'98, ek. 157 þús. Góður bíll. Verð 260 þús. Uppl. í s. 861 9939.



Suzuki Grand Vitara. 6 cil. Bensín. Ssk. Ek. 102þ.km. Árg. '00. Góður bíll. Verð 600þ. Engin skipti. S. 557 8480 & 892 8480.



TOYOTA RAV4 GX ÁRG. 1/2007. EINN EIGANDI, KONUBÍLL., LEÐURSÆTI, 2,0 SJÁLFSKIPTUR , EKINN 48 Þ. KM.,SUMARDEKK, VETRARDEKK, RAFMAGN Í ÖLLU, GULLSANSERAÐUR. GÓÐUR BÍLL. EKKERT ÁHVÍLANDI. SKIPTI HUGSANLEG Á ÓDÝRARI. ÁSETT VERÐ: 3.4 MILLJ. S. 8958956



Patrol Elegance 12/'06 ek. 20þ. Áhv. 3,2milj. Verð 4950þ. Uppl. í s. 861 1020.



Peugeot 406 árg.'98 ek. 160þ. Sk. '10. Ný tímareim. V. 290þ. Uppl. í s. 893 5634.



Ford Focus '99 1,6 beinsk. Mjög vel með farinn, álfelgur. V. 390 þús. stgr. S. 699 0065.



Opel Vectra 1.6 bensín árg. '99 ek. 106þ.km. Ssk. Tilboð 350 þús. S. 616 2597.



Alfa Romeo 166 2,5 V6 Sporttronic. Árg. '99. Ek. 119 þús. Sk. '10. Sjálfskiptur, álfelgur, rafmagn í öllu. Sumar/vetradekk góður bíll. Ásett verð 1.190 þús. Fæst á 800 þús. stgr. Sími 690 4045.



VW Polo 1.4 árg. '98 5d. ek. aðeins 147þ. Sk. '10. Nýsmurður.Ný tímareim og vatnsdlæla. Ásett verð 390þ. Tilboð 330þ. S. 820 4469.

**Sk 2010 Tilboð 95 þús**
Mazda 323 árg. '92, sjálfsk. 1600, ek. 140þ. V. 95þ. Uppl. í S. 891 9847.

Tilboð óskast í Hyundai Sonata árg. '97. Mikið yfirfarin. Þjófavörn, fjarstart. Uppl. í S 869 6847

### 0-250 þús.



**Sjálfskiptur jeppi TILBOÐ 250 ÞÚS!**
Musso '98 4X4 ek.165 þús. 2,3 bensin, sjálfskiptur, skoðaður 2010, dráttarkrókur,góð dekk,lítur vel út,Ásett verð 390 þús...TILBOÐ 250 ÞÚS stgr! S. 841 8955.

Til sölu Polo árg. '97 ek. 120 þús. Nýsk. Sjsk. Vél 1,4. V. 250 þús. S. 661 3654.

### 250-499 þús.



**Lúxus bíll á TILBOÐI**
Daewoo Leganza nýskr. 12/99 ekinn 124 þ. km skoðaður 2010 sjálfskiptur leður álfelgur nýleg nagladekk bíll hlaðinn búnaði verð 450.000 Tilboð 299.000- staðgreitt sími 899-3939.



**Svaka díll!!!!!**
Skoda Octavia L/B árg. '99 ekinn 168 þ. km 1.6 vél 5 gíra CD heilsársdekk ný tímareim skoðaður 2010 góður bíll verð 550.000- TILBOÐ 350.000- uppl. í síma 861-7600.



**Góður bíll !!!**
VW Golf 1.6 árg. '99, ekinn aðeins 145þús. bsk, 5 dyra, filmur, spoiler, álfelgur, ný nagladekk, ný skoðaður. Verð 530 þús. Tilboðsverð 390þús stgr. s: 659-9696.



**Tilboð 390 þús**
Ford Focus árg. '99 ek. 120þ. 1600, 5 gíra, vetrar og sumardekk, sk. '10 Verð 450þ. Tilboð 390þús Uppl. s. 659 3459.

### Bílar óskast

**ÓSKA EFTIR BÍL FYRIR ALLT AÐ 250 ÞÚS!**
Óska eftir góðum bíl fyrir allt að 250 þús! Smábíl fólksbíl eða jeppling, skoða allt má þarfnast smá lagfæringar. S. 691 9374.

Óska eftir að kaupa bíll á verðbilinu 20- 200 þús. Sími 615 1810.

Bílar óskast jeppar fólksbílar sendibílar ljótir sætir ónýtir kaupi bíla sem þarfnast lagfæringa til uppgerðar eða í parta skoða allt. Verð 20-200 þús. 770 6400.

### Jeppar

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

### Hópferðabílar



**20 sæta Vario 818**
Árg. 2007, loftkæling, þriggja punkta öryggisbelti, hljóðkerfi. Ekinn 65 þ. Verðhugm. 9 millj. Skoða skipti á nýlegum og góðum 15-20 manna Sprinter. S. 894 5056.

### Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

### Mótorhjól




Ekki fara á sleðann eða fjórhjólið án þess Að vera með réttu brynjuna og hlífðarfatnaðinn ! Það getur verið ódýr líftrygging að klæða sig rétt í sportinu. VDO BORGARTÚN 36 S: 5889747 www.vdo.is

### Fjórhjól

Fjórhjól óskast keypt, Polari Sportman eða sambærilegt. Lítið ek. ekki eldra en árg. '07. S. 893 7113.

### Tjaldvagnar




### Lyftarar




### Bátar

Jólagjafir frá 3900kr, www.gummibatar.is Kayak, siglingar, Jet-Ski, sjósund eða brimbrettasport? Jólagjöfin fæst hjá okkur. Fullt af vörum á síðu. Gúmmíbátar & Gallar,S:5711020

### Bílaþjónusta




### Hjólbarðar




SPARAÐU!! Einn dekkjagangur allt árið, næstu ár, engar umfelganir. Heilsársdekk með kvartskornum. Mun betra grip en hefðbundin dekk. Umhverfisvæn og hljóðlát. Aukið öryggi í bleytu og hálku. Söluaðili; Efnir ehf, Vesturhraun 3, Garðabær S. 555 1122.

### Varahlutir

**VW, Skoda, Audi. S. 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**www.netpartar.is Bílapartasala**
Notaðir varahlutir í nýlega bíla. Opið virka daga 9-18. S. 486 4499 & 486 4477.

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

**Varahlutir s. 772 6777**
Renault Megane árg. '96-'09. Peugeot 307, Peugeot 406, Skoda Fabia, Mazda 626.

Er að rífa Focus '99, Yaris '00, Hatcback '96, '97 1600, Xli 1300 '94, Escord '98. Accent '95. Impreza '99. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99, Elantra Wagon '97, Civic '99. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

## ÞJÓNUSTA

### Jólaskemmtanir




Erum með skemmtilegustu jólasveina landsins, sjáum um jólaskemmtanir frá a til ö. Hafðu samband í S. 692 6020 & 692 6010, gryla@jolasveinarnir.is

### Hreingerningar

**Teppahreinsun**
Tek að mér teppahreinsun fyrir húsfélög, fyrirtæki og einstaklinga. Upplýsingar í s. 892 9499

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bókhald,stofnun EHF,ársreikningar,VSK uppgjör,erfðarfjárskýrslur, launautreikningar o.fl. s. 517 3977.

**Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.**
Framtöl, M&A o.fl. S. 571 0040 Vesturgötu 42.

### Búslóðaflutningar

Búslóðaflutningar og allir alm. flutningar. Meðalstór og stór bíll. S. 661 1977 www.toppflutningar.is

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

### Vöruflutningar

**Tilboð á sendibílaþjón**
Ódýrari flutningar. S. 892 6363 og á www.vefsida.is/skutlari.

### Til sölu



# HEILSA

## Heilsuvörur




**Shaktimat**
Indverska nálastungumottan sem er búin að slá rækilega í gegn í Svíþjóð. Verð 13.900.- nú á JÓLATILBOÐI 8800,- . Hefur 6210 nálastungupunkta sem geta haft græðandi, afslappandi og róandi áhrif fyrir líkama og sál. Aðeins nokkur eftir, af þessari sendingu.

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**




**ÓKEYPIS RÁÐGJÖF Í ÞYNGDARSTJÓRNUN!**
Hringdu núna, Drífa 695 8464, Pétur 772 1035 Katrín 699 6617.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Mér finnst Herbalife vera best. Ótrúlegur árangur, Hjálpumst að. Sólrún Ósk s: 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**J. B. HEILSULIND**
**Dekurdagar?**
Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, Ayur Veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin.

## Þjónusta

**Er andlega orkan á þrotum?**
Miðlun og heilun vinnur á sorg, kvíða, verkjum og streitu. Tímapantanir Guðrún 695 5480.

## Ýmislegt

**Linsur - Hagstætt verð**
**Dagslinsur 2.490 kr pk.**
**Optic Reykjavík ehf. Hamrahlíð 17 í Húsi Blindrafélagsins S. 552 2002. Linsumátun & sjónmælingar. Láttu aðra vita!**

**Gefðu vatn**
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**BESTA JÓLAGJÖFINYNDISLEGIR LABRADORHVOLPAR TL SÖLU.**
11.vikna og tilbúnir til afhendingar strax eða eftir samkomul. Afhendum frítt heim á Þorláksmessu/aðfangadag á suðurlandi. Nánari uppl. s. 693 1185, 693 1886 eða heb.crew@gmail.com

Gullfallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091. 123.is/viking

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

STAY APARTMENTS

**STAY APARTMENTS - VIKULEIGA**
Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 35.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

**Gleðilegt jólahald í íbúðum Leiguliða.**
**Getum afhent glæsilegar íbúðir fyrir jól, fast leiguverð á 12 mánaða samningum sem gerðir eru fyrir 30 des'09. Gæludýr velkominn, leiguverð frá kr 65.000. Laust á Selfossi, Jörfagrund, Hafnarfirði og á Akranesi. Upplýsingar í s. 517-3440 eða www.leigulidar.is**

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Stúdíóherb. 16 fm til leigu. M. húsgögnum. Uppl. á svennibl@gmail.com & 894 1111.

Room for rent 1-2pers. In Steinhella Hafnarfj. Fully furniched. Bath, kitch,living room, wash.machin. price 30-45þ.(2pers). Info. 893-2550.

Til leigu 4ra herb. 100fm íbúð í Vesturbænum. Skemmtileg íbúð á góðum stað, með frábærum útsýni. Leiga 150þ. á mán. S. 860 0886 & 897 4884.

Falleg íbúð v/ Grettisgötu, til leigu frá 1. jan. 2 stórar stofur, og stórt svefnh. V. 130 þ. S. 697 3864

Stúdíóíbúðir. Skammtímaleiga/langtímaleiga. Uppl. í s. 568 1848 og 691 4050 alla virka daga.

2herb. 45 fm íbúð á jarðhæð á Seltjnesi laus strax,nýmáluð. Verð 45þ hiti , og rafmagninnifalið allt sér.Bankatrygging. s.695 2960

4 herb. íbúð til leigu í Rimahverfi í Grafarvogi. Stutt í grunnskóla, Borgó og spöngina. Langtímaleiga. S. 820 9408.

Rúmott herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími. 863 6687

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óska eftir að leigja einbýlishús eða raðhús á stórhöfuðb.sv. Uppl. í s. 772 9336.

Óska eftir að leigja einbýlishús eða raðhús á stórhöfuðb.sv. Uppl. í s. 772 9336.

## Sumarbústaðir

Til leigu vel búnir 2-4 manna bústaðir, 55 km. frá Rvk. Heitur pottur. S. 663 2712.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu gott iðnaðarhúsnæði í Höfðahverfi. Hagstætt leiguverð. Sími 861-8011.

Bæjarlind 14-16 - Til leigu 2-400fm versl.-/skrifst.húsn. á jarðhæð. Innkeyrsludyr, næg bílastæði, góð aðkoma. S:895-5053 - Tilboð.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**Geymslupláss**
Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Verð 4.000kr. á m2. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Gisting

stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Pizzabakari og aðstoð í eldhús**
**Fullt starf unnið á vöktum. Þarf að geta byrjað strax. Lágmarksaldur er 18 ár. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is Uppl. um starfið s.893-2323**

SECURITY ÖRYGGISFÉLAGIÐ www.115.is

**Öryggisfélagið**
Öryggisfélagið óskar eftir starfsfólki í næturvinnu við RÆSTINGAR. Skilyrði; Góð þjónustulund og hreint sakarvottorð. Lágmarksaldur 25 ár. Öryggisfélagið ehf. Askalind 2 / 201 Kópavogur. Umsóknir á staðnum. www.115.is

**STÖRF.IS**
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

Skipstjóra og vélstjóra vantar á sæfara Á.R. til sæbjúgnaveiða. Báturinn er 103 tonn með 465 kw aðalvél. Uppl. í S. 892 0367.

## Atvinna óskast



Maður með reynslu getur bætt við sig verkefnum í dreifingu og sölu í verslanir. Kæli/frysti bíll. Uppl. Einar 899 4629.

Er 26 ára hörkuduglegur og stundvís,með reynslu af ýmsum störfum. S: 659 1896 Halli.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Símadömur 908 1616**
**Við erum til fyrir ykkur, hringdu, við bíðum!**
**Elskum að daðra.**
**908 1616**

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

## Þjónustuauglýsingar

**Þrastahólar Grímsnesi**




Snyrtilegt og nýstandsett 58fm sumarhús á góðri 5.500 fm eignarlóð. 100 fm sólpallur. Verð 14,9 m. **Nú lækkað verð 12,9 m** . Skoða skipti á bíl eða hjólhýsi.
Uppl. í s: 898 1598

**CARGO** sendibílaleiga **566 5030** www.cargobilar.is
**Sendibílar til leigu**
*Þú leigur hann.*



Krefst ekki meiriprófs réttinda



**Hurðar Tilboð til 15 janúar 2010**
Hurðar tilboð! Bjóðum þessa mahogni hurð með hurðarkarmi á 145.000.-m/vsk.
Eining framleiðum glugga og opnaleg fög.
S. 862 7894
*Kíktu á:* **www.saereki.is**
Særeki Smíðaþjónusta

**www.tomstundahusid.is**



**Nýkomin sending** af lömpum með stækkunargleri í úrvali. Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 587-0600
TÓMSTUNDAHÚSIÐ

**Motor sport**
***ÞJÓFAVARNIRNAR KOMNAR AFTUR!***



nú einnig með reykskynjara. Þú velur 3 símanúmer sem þjófavörnin hringir í ef brotist er inn hjá þér. Eigum alla aukahluti. **Jólatilboð 19.900.-** án reykskynjara.
Eigum einnig til GSM þjófavarnir með myndavél **Jólatilboð 49.000,-**
**Mótorsport ehf Síðumúla 34, 108 Rvk. S. 567 1040**

CMT ORANGE TOOLS
**CMT sagarblöð og fræsitennur**



**Ásborg** vélar verkfæri
Smiðjuvegi 11 S 5641212

**FJARÐARBÓLSTRUN ehf** Kelduhvammur 18 220 Hafnarfirði Sími 864 - 4188



Sérsaumum einangrunarlok og yfirbreyðslur á allar tegundir potta.
Metum og gerum við.
Margra ára reynsla.
**Netfang:**
**leit.is/servefir/fjardarbolstrun**



**Glæsilegu haldararnir frá Vanity Fair**
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

**Jól í smáauglýsingum**
**Viltu senda jóla eða áramótakveðju ?**
**Hafðu þá samband við sölumann í s. 512 5407**

## Fasteignir

**EIGNAMIÐLUN** Reykjavík



Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

Frá 1957 *Elsta starfandi fasteignasala landsins*

Sími: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is

# Austurbæjarbíó er til sölu



Um er að ræða sögufrægt hús sem var byggt árið 1947 sem kvikmynda-, tónleika- og leikhús. Um árabil var veitingarhúsið Silfurtunglið rekið á annarri hæð hússins. Húsið er 1677 fm og til afhendingar nú þegar.

**Nánari uppl. gefur Kjartan Hallgeirsson löggiltur fasteignasali. Óskað er eftir tilboðum í húsið.** 5238

**EIGNAMIÐLUN** Reykjavík



Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

Frá 1957 *Elsta starfandi fasteignasala landsins*

Sími: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is

# GRANDAGARÐUR 8

## - EINSTÖK FJÁRFESTING – GÓÐUR LEIGUSAMNINGUR.







Höfum fengið í sölu þetta glæsilega hús sem er 3.803,1 fm að stærð og hefur nýlega verið endurbyggt á einstaklega glæsilegan hátt. Staðsetning er mjög góð, skammt frá miðborginni. Fallegt útsýni yfir Reykjavíkurhöfn. Stórar svalir sjávarmegin. Húsið er klætt með álklæðningu. Stál og gler er í handriðum og lyftuhúsi. Húsið er í útleigu og selst með mjög góðum leigusamningi.

**Leigutaki er: Hið framsækna fyrirtæki CCP hf, ( EVE-Online.com ).**

**Allar nánari lykilupplýsingar um verð, leigutekjur, leigusamninga, áhvílandi lán og þ.h. veita: Kjartan Hallgeirsson, Magnús Geir Pálsson og Sverrir Kristinsson hjá Eignamiðlun í síma 588-9090**

## Atvinna

# NÆTURVÖRÐUR

**Næturvörður óskast í móttöku á hótel í miðborg Reykjavíkur. Vinsamlegast sendið inn umsókn á netfangið job@roomwithaview.is fyrir 22. desember.**

vísir.is
*"...ég sá það á vísi"*

## Atvinna

xtra personell

# Íslendingar óskast til starfa á sviði upplýsingatækni í Stafangri í Noregi

**Xtra personell** sérhæfir sig í því að útvega starfsfólk í verkefni sem kalla á yfirgripsmikla þekkingu og reynslu.

Við erum sannfærð um að íslenskt hugarfar og menning falli vel að norsku samfélagi, auk þess sem tungumálaörðugleikar eru í lágmarki.

**Þú verður að vera reiðubúin/n til þess að flytja til Noregs.** Við getum útvegað þér húsnæði til bráðabirgða.

Við erum að leita eftir starfsfólki með nokkurra ára starfsreynslu og víðtæka faglega þekkingu og færni.

Stafangur er mjög vinaleg borg þar sem fjölmargt er í boði, bæði til að bæta við sig faglega og til að njóta lífsins.
Við höfum þegar nokkra Íslendinga að störfum og þér gefst tækifæri til að tengjast þeim í félagslegu samhengi.



**Meðal starfssviða má nefna:**

- ✓ Cisco
- ✓ SAP
- ✓ Sharepoint
- ✓ Rekstur netþjóna
- ✓ Þróunarvinna
- ✓ Tölvunet og innviðir
- ✓ Forritun og kerfisþróun
- ✓ Scripting
- ✓ Verkefnastjórnun
- ✓ Ráðgjöf
- ✓ Stjórnun

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- ✓ Starfsreynsla á sviði upplýsingatækni
- ✓ Menntun á háskólastigi á sviði upplýsingatækni
- ✓ Vottanir á sviði upplýsingatækni æskilegar
- ✓ Þú verður að vera reiðubúin/n til þess að flytja til Noregs
- ✓ Skrifleg og munnleg kunnátta í norsku/dönsku/sænsku

**Við bjóðum þér:**

- ✓ Mjög góð laun og önnur starfskjör
- ✓ Verkefni hjá mörgum bestu IT-vinnustöðum Stafangurs þar sem unnið er við faglega þróun.
- ✓ Verkefnin eru til lengri tíma.
- ✓ Við getum einnig boðið fastar stöður.

**Ef þú vilt afla þér nánari upplýsinga um stöðurnar skaltu hafa samband við:**

**Lars Sorknes** í síma: 0047 90698689.
**Ann Maria Hovde** í síma: 0047 92806587
**Steinar Salvesen** í síma: 0047 91518259

Eða í netfangið: **soknadstavanger@xtra.no**

**Xtra personell**
**Leggur stolt sitt í að útvega gott starfsfólk!**

Division of CENTRIC



JÓLABÆKURNAR
ERU ÓDÝRARI
Í OFFICE 1
Í Kvosinni
Æskuminningar og bersöglismál
osi Ólafsson
50% afsláttur
Fullt verð 4.990 kr.
Office 1 tilboðsverð
2.495 kr.
30% afsláttur
Auður
Fullt verð 5.490 kr.
Office 1 tilboðsverð
3.843 kr.
Helgi Björnsson
JÖKLAR Á ÍSLANDI
Fullt verð 19.990 kr.
Office 1 tilboðsverð
13.993 kr.
Fullt verð 5.490 kr.
Office 1 tilboðsverð
3.843 kr.
PRJÓNAPERLUR
Fullt verð 3.600 kr.
Office 1 tilboðsverð
2.520 kr.
Fullt verð 2.490 kr.
Office 1 tilboðsverð
1.743 kr.
Bílar
Fullt verð 3.490 kr.
Office 1 tilboðsverð
2.443 kr.
Fullt verð 2.490 kr.
Office 1 tilboðsverð
1.743 kr.
Ef væri ég söngvari
Fullt verð 3.490 kr.
Office 1 tilboðsverð
2.443 kr.
Ég ætla að spara í ár!
Tilboðin gilda 17.– 21. desember.
Skeifan, Smáralind, Korputorg, Hafnarfjörður, Selfoss, Egilsstaðir og Akureyri.
Office 1

# Þér kemur það við

**UMRÆÐAN**
Ragnheiður Davíðsdóttir skrifar um umferðaröryggi


RAGNHEIÐUR DAVÍÐSDÓTTIR

Því hefur verið haldið fram að ölvunarakstur sé eitt af stærstu heilbrigðisvandamálum þjóðarinnar. Varla þarf að fara mörgum orðum um réttmæti þeirrar fullyrðingar – enda fáar stéttir sem þekkja betur skelfilegar afleiðingar ölvunaraksturs en læknastéttin. Því hefur verið haldið fram að fimmta hvert banaslys á Íslandi tengist ölvunarakstri á einn eða annan hátt auk þess sem stóran hluta alvarlegra slysa megi rekja til þess að ökumaður var drukkinn.

*Hér með er því skorað á ríkislögreglustjóra að hann stórbæti löggæslu á landsbyggðinni og endurveki vegaeftirlitið, sem svo var nefnt, og var mjög virkt á vegum landsins á blómaskeiði sínu.*

Líklega hefði mátt koma í veg fyrir marga harmleiki götunnar ef tekist hefði að stöðva ökumennina áður en slys hlutust af.

Því miður virðist sem sumir veigri sér við að tilkynna til lögreglu ef þeir verða þess varir að ölvaður maður sest upp í bíl. Þetta á sérstaklega við ef hinn ölvaði er fjölskyldumeðlimur eða vinnufélagi en þá vilja margir loka augunum og telja að þeim „komi ekki við“ hvað aðrir aðhafast. Slík viðhorf eru ekki aðeins ámælisverð – heldur beinlínis stórhættuleg. Hver myndi láta undir höfuð leggjast að tilkynna til lögreglu um eftirlýstan ofbeldismann?

Líkingin er vissulega réttmæt. Bæði sá sem lemur fólk og sá sem sest undir stýri ölvaður, ógnar umhverfi sínu og getur skaðað saklaust fólk; fólk sem allt eins gæti verið nákomið þeim sem veigraði sér við að hringja til lögreglunnar. Umferðarslysin fara nefnilega ekki í manngreinarálit.

Annar mikilvægur þáttur til að sporna við ölvunarakstri er öflug og markviss löggæsla. Fram hefur komið að ölvunarakstur sé mikið vandamál úti á landsbyggðinni þar sem það þykir nánast sjálfsagt að aka ölvaður heim af ballinu eða kránni. Í ýmsum bæjarfélögum er löggæsla lítil á nóttunni og löggæslusvæðið stórt sem lögreglumennirnir á staðnum þurfa að sinna. Ef lögreglan þarf að sinna útkalli um langan veg geta ölvaðir ökumenn athafnað sig að vild án þess að eiga á hættu að mæta lögreglubíl. Sumir þeirra hafa þegar komist í skýrslur Umferðarráðs yfir „mikið slasaða“ og aðrir endað á köldum stað með merkispjald á stóru tánni.

Til þess að koma í veg fyrir ölvunarakstur á landsbyggðinni þarf að endurvekja umferðareftirlit á vegum, þ.e. hið svokallaða „vegaeftirlit“ þar sem lögreglumenn frá Reykjavík sinntu löggæslu á þjóðvegum landsins á 8 lögreglubílum þegar flestir voru. Nú hefur sú löggæsla verið aflögð – enda hefur slösuðum og látnum á þjóðvegum landsins fjölgað undanfarin ár. Hér með er því skorað á ríkislögreglustjóra að hann stórbæti löggæslu á landsbyggðinni og endurveki vegaeftirlitið, sem svo var nefnt, og var mjög virkt á vegum landsins á blómaskeiði sínu. Dæmin hafa sannað að ef til ökuníðinganna næst í tíma er hægt að koma í veg fyrir margan harmleikinn. Nú eru jólin fram undan en dæmin sanna að margir enda því miður sína eigin jólagleði með ölvunarakstri en eiga engan rétt á að varpa skugga á hina einu sönnu jólagleði fjölskyldunnar. Undir áhrifum þeirrar gleði geta allir ekið sem hafa ökuréttindi í lagi.

*Höfundur er forvarnafulltrúi hjá VÍS.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.




# Undirstöður hágæða háskólanáms

**UMRÆÐAN**
Berglind Ósk Bergsdóttir skrifar um háskólanám


BERGLIND ÓSK BERGSDÓTTIR

Sagt er að bak við hvern rannsóknarháskóla þurfi um 3 milljónir manns. Á Íslandi búa 330.000 manns með einn rannsóknarháskóla (samkvæmt ströngustu skilyrðum), Háskóla Íslands, auk þriggja annarra háskóla. Í ljósi efnahagsástandsins og vegna niðurskurðar til háskólanna er ljóst að eitthvað verður að breytast til að veita áfram hágæða háskólanám hérlendis.

Niðurstaða þriggja nefnda á vegum ríkisins er að auka þurfi samstarfið á milli háskólanna til að spara. En hvað felst í auknu samstarfi og hvernig er hægt að hagræða verkskipulagi milli háskólanna? Mikilvægt er að jafnræði og sanngirni ríki í viðhorfi ríkisstjórnar með tilliti til rekstrurs skólanna. Vert er að minnast á að ríkið greiðir jafn mikið fyrir hvern nemanda hjá einkaskólum og ríkisreknum þrátt fyrir há skólagjöld hjá einkaskólum á meðan ríkisrekinn háskóli hefur ekki leyfi til að taka upp skólagjöld.

Rannsóknarháskólar eru undirstaða í menningar- og efnahagslegum styrk íslensks þjóðfélags. Gæta verður jafnræðis í möguleikum fólks til náms á því stigi og ósanngjarnt væri gagnvart nemendum ef staðan væri sú að greiða þurfi há skólagjöld til þess að fá að stunda nám við rannsóknarháskóla í sínu landi. Verkfræði- og náttúruvísindasvið (VoN) í Háskóla Íslands stendur fyrir metnaðarfullu og fjölbreyttu námi þar sem nemendur fá m.a. tækifæri til að taka áhugaverð námskeið í öðrum deildum, til að mynda er möguleiki á að velja tvo áfanga frá hvaða sviði sem er og einnig að taka fleiri áfanga frá öðrum deildum innan sviðsins.

Með því að sameina krafta úr bæði verkfræði og náttúruvísindum gefst tækifæri á fjölbreyttu og öflugu námi. Fyrir utan að nemendur hafi kost á að taka einstaka áfanga utan sinnar námsleiðar má nefna heildstæðar námsleiðir eins og efnaverkfræði og reikniverkfræði sem ráðast á þessu nána samstarfi sem er á milli verkfræðinnar og náttúruvísindanna. Samstarf sem hefur orðið gríðarlega öflugt eftir að þessar greinar voru sameinaðar undir sama svið á seinasta ári. Miklar kröfur eru gerðar til nemenda sem stunda nám við VoN og eru það mikil viðbrigði fyrir marga sem koma beint frá framhaldsskóla. En til að mennta fólk í greinum sem þessum, greinum sem tækni og framþróun þjóðfélagsins byggir á, þýðir ekkert annað. Ég hef upplifað mitt nám við Háskóla Íslands sem mjög metnaðarfullt og gefandi og tel mig vera vel í stakk búna til að takast á við þau tækifæri sem bíða mín eftir námið.

Háskóli Íslands er virtur háskóli á alþjóðavettvangi sem og innlendum og gegnir hann mikilvægu hlutverki í samfélaginu. Mikilvægt er að bregðast ekki þessari traustu undirstöðu háskólanáms í íslensku samfélagi.

*Höfundur er formaður Nörd, nemendafélags tölvunarfræði- og hugbúnaðarverkfræðinema við Háskóla Íslands.*

# Kært og mótmælt

**UMRÆÐAN**
Þorsteinn Sch. Thorsteinsson skrifar um bóluefni gegn svínaflensu


ÞORSTEINN SCH. THORSTEINSSON

Fjöldinn allur af kærum hefur verið lagður fram víða um heim gegn svínaflensubóluefninu. Læknar, áhugamenn og fjölskyldur, sem orðið hafa fyrir skaða af völdum bóluefnisins, hafa kært og mótmælt. Helsta ástæðan fyrir því að ég lagði fram kæru gegn bóluefninu, var sú að ég gat ekki sætt mig við að Landlæknisembættið skyldi velja þetta áhættusama bóluefni fram yfir önnur. Embættið hefur að auki ekkert fjallað um áhrif efnasambandsins skvalen (e. squalene) sem finna má í bóluefninu, aukaverkanir þess og sjúkdómum sem það getur valdið.

*Bandarískir hermenn sem bólusettir voru gegn miltisbrandi í Persaflóastríði fengu einmitt gigt, höfuðverk, svima og útbrot og þjáðust af minnisleysi, þunglyndi og svefntruflunum svo eitthvað sé nefnt.*

Það er munur á hvort efninu er sprautað inn í líkamann eða innbyrt. Skvalen má meðal annars finna í hákarlalýsi; munurinn á því hvort hákarlalýsi sé gott eða slæmt fyrir líkamann veltur á því hvort því sé sprautað eða borðað. Sé skvalen sprautað inn í líkamann gerir ónæmiskerfið árás á allt sem flokkast undir skvalen, ekki eingöngu það sem var sprautað heldur líka skvalen sem finna má í heilanum og taugakerfinu. Á þetta hafa sérfræðingar á borð við Joseph Mercola, Russell Blaylock, Rima Laibow og fleiri bent á.

Rannsóknir sýna að skvalen getur líka framkallað gigt hjá rottum (sjá American Journal of Pathology, (2000). Hákarlalýsi var tekið af lyfjaskrá og bannað í Bandaríkjunum vegna mála sem komu upp í sambandi við bóluefnið gegn miltisbrandi. Lengi vel neituðu yfirvöld því að skvalen hefði verið í bóluefninu, en nú hafa þau viðurkennt það. Bandarískir hermenn sem bólusettir voru gegn miltisbrandi í Persaflóastríði fengu einmitt gigt, höfuðverk, svima og útbrot og þjáðust af minnisleysi, þunglyndi og svefntruflunum svo eitthvað sé nefnt.

Ein af mörgum andstæðingum svínaflensubóluefnisins sem inniheldur skvalen er dr. Rima Laibow læknir, sem fullyrðir að bóluefnið gegn svínaflensu innihaldi skvalen sem sé milljón sinnum sterkara en í bóluefninu gegn miltisbrandi og mun verra. Jafnvel fáein mólekúl af skvaleni geta valdið því að líkaminn gerir árás á sjálfan sig. Dr. Friedel Rohr er þekktur þýskur læknir. Hann hefur kært þýska heilbrigðisráðuneytið og segir að það sé mikil blekking í gangi; almenningi sé ekki sagt frá áhættunni sem fylgi skvalen. Um 30% af þeim sem hafa verið bólusettir eigi eftir að glíma við vandamál. Það hefði verið betra að velja annað bóluefni en það sem landlæknisembættið valdi, efni sem inniheldur ekki skvalen.

*Höfundur er margmiðlunarfræðingur.*

# JÓLATILBOÐ







**Panasonic TXL32C10Y**
32" HD LCD BREIÐTJALD með 1366x768p uppl., Vreal 4, IPS Alpha, 24p, 40.000:1 skerpu, 3D Colour, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, VIERA Link, háskerpu stafrænum DVB-T móttakara (MPEG4), kortalesara, 2 x Scart, 2 HDMI ofl.

**TILBOÐ ▶ 134.990**
FULLT VERÐ kr. 169.990




## Panasonic

**Panasonic TXP42C10Y**
42" Vreal 4 Plasma BREIÐTJALD með 1024x768 punkta uppl., 100Hz, 24p Playback, x.v Colour, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, 3D Colour, Sub Pixel Control, HD Ready, Viera Link, háskerpu DVB-T stafrænum móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesara, 2 x Scart (með RGB), 2 HDMI (1.3), Component, CI rauf, SVHS, CVBS ofl.l.

**TILBOÐ ▶ 179.990**
FULLT VERÐ kr. 249.990

**Panasonic TXP37C10Y**
37" Vreal 4 Plasma BREIÐTJALD með 1024 x 768p uppl., 100Hz, 24p Playback, x.v Colour, dýnamískri 2.000.000:1 skerpu, 3D Colour, Sub Pixel Control, HD Ready, Viera Link, háskerpu stafrænum DVB-T móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesara, 2 x Scart, 2 HDMI ofl.

**TILBOÐ ▶ 174.990**
FULLT VERÐ kr. 199.990




**Panasonic TXP42S10**
42" Full HD 1080p Plasma BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Vreal Pro3, 400Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p Playback, Viera Link, x.v Colour, 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter C.A.T.S, háskerpu stafrænum DVB-T móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart, 3 HDMI, Comp., SVHS, CVBS og PC tengi, CI rauf ofl.

**TILBOÐ ▶ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 299.990




**Panasonic TXP42G10**
42" Full HD NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Vreal 4 Pro, Intelligent Frame Creation Pro, 600Hz, 24p, x.v Colour, dýnamísk Infinite Black 2.000.000:1 skerpa, 3D Colour, Sub Pixel Control, VIERA Link, háskerpu stafrænum DVB-T móttakara (MPEG4), kortalesara, 3 HDMI, CI rauf, PC tengi ofl.

**TILBOÐ ▶ 299.990**
FULLT VERÐ kr. 319.990




**Panasonic TXP46GA11**
46" Full HD NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920 x1080p uppl., Vreal Pro4, 600Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p, x.v Colour, Infinite Black 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, 3D Colour, 3D Comb Filter C.A.T.S, háskerpu stafrænum DVB-T móttakara (MPEG4), kortalesara, 2 x Scart, 3 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ ▶ 349.990**
FULLT VERÐ kr. 449.990

**OPIÐ TIL KL. 22 ALLA DAGA TIL JÓLA**

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

**EUGENE LEVY FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1946.**

*„Ég hef gætt mín á að vera ekki með móðgandi brandara af ótta við að þeir kunni að særa einhvern.“*

***Eugene Levy er kanadískur leikari sem hefur leikið í yfir 40 kvikmyndum á ferli sínum. Hann er helst þekktur fyrir hlutverk sín í American Pie-þríleiknum, Splash og Father of the Bride.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 17. DESEMBER 1989

## *Fyrsti Simpsons-þátturinn í loftið*

Á þessum degi fyrir tveimur áratugum var fyrsti heili þátturinn í hinni sívinsælu þáttaröð um Simpsons-fjölskylduna sýndur á Fox-sjónvarpsstöðinni bandarísku. Nú standa yfir sýningar á 21. þáttaröðinni vestanhafs og þættirnir sem sýndir hafa verið eru alls 449 talsins. Simpsons-fjölskyldan er jafnframt sú gamanþáttaröð sem lengst hefur gengið samfleytt í Bandaríkjunum.

Þátturinn sem sýndur var þann 17. desember 1989 var raunar svokallaður „pilot“, eða kynningarþáttur, og nefndist Simpsons Roasting on an Open Fire. Frá 1987 höfðu birst stuttir þættir um fjölskylduna í spjallþætti Tracy Ullman. Sú ákvörðun að lengja þættina upp í hefðbundna gamanþáttalengd borgaði sig umsvifalaust fyrir Fox-sjónvarpsstöðina því Simpsons-fjölskyldan sló í gegn hjá áhorfendum. Síðan hafa þau Hómer, Marge, Bart, Lísa, Maggí og félagar notið gríðarlegra vinsælda víða um heim.



## MERKISATBURÐIR

1263 Magnús lagabætir tekur við konungdómi í Noregi eftir lát Hákonar gamla.

1903 Orville Wright fer í það sem almennt er talið fyrsta raunverulega flugið með flugvél.

1961 Indland ræðst inn í Góa.

1970 Hafrannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson kemur til landsins.

1985 Opnuð er brú á Bústaðavegi í Reykjavík, yfir Kringlumýrarbraut, 72 m á lengd og 26 m breið.

1989 Fyrstu frjálsu kosningarnar eru haldnar í Brasilíu eftir 25 ára einræði.

2006 Fjallað er um hneyksli í tengslum við meðferðarheimilið Byrgið í fréttaskýringaþættinum Kompás á Stöð 2.

## AFMÆLI



**MILLA JOVOVICH** leikkona er 34 ára.



**GIOVANNI RIBISI** leikari er 35 ára.

**BILL PULLMAN** leikari er 56 ára.



**MIKE MILLS** tónlistarmaður er 51 árs.





**GLATT Á HJALLA** Vel var mætt á fögnuð sem haldinn var fyrir nokkru í tilefni af afmæli Skógræktarfélags Skilmannahrepps. MYND/ÚR EINKASAFNI

SKÓGRÆKTARFÉLAG SKILMANNAHREPPS: Á 70 ÁRA AFMÆLI

# HÁVAXINN SKÓGUR HEFUR ÓTRÚLEGT AÐDRÁTTARAFL

Skógræktarfélag Skilmannahrepps er 70 ára í dag. Félagið var stofnað 17. desember 1939 á Litlu-Fellsöxl og hét þá Samvinnufélagið Hreyfill. Stofnendur voru ungir eldhugar sem höfðu áhuga á félagsmálum. Tilgangur félagsins var að stuðla að framförum og bæta félagslíf í hreppnum. Seinna var nafni félagsins breytt í Skógræktarfélag Skilmannahrepps.

Formaður félagsins í dag er Bjarni Þóroddsson en fyrir nokkru hélt hann ræðu í áttatíu manna veislu félagsins þar sem tímamótanna var minnst á hátíðlegan hátt. Í ræðunni sagði hann meðal annars að fyrsta landspilda til skógræktar hafi verið fengin árið 1940. „Magnús Símonarson á Stóru-Fellsöxl lagði til spildu úr landi sínu undir skógrækt í kjölfar þess að Hákon Bjarnason, þáverandi skógræktarstjóri, gerði úttekt á landkostum í sveitinni.“

Bjarni rakti svo sögu félagsins, meðal annars að 170 þúsund plöntum væri búið að planta í svæðið síðan 1978, að danspallur hafi verið byggður í laut sunnan skógræktarinnar og hvernig félagsheimilið var byggt í sjálfboðavinnu. Bjarni minntist á að meðalaldur félagsmanna væri orðinn hár og nýliðar fáir.



Frá vinstri: Formaðurinn Bjarni Þóroddsson afhendir Oddi Sigurðssyni frá Litlu-Fellsöxl og Guðjóni Guðmundssyni frá Arkarlæk heiðursskjal og blóm.

„En skógurinn vex og heimsóknum fjölgar í hann, sem er hið besta mál. Til þess var leikurinn gerður. Það er gaman að sjá hvaða aðdráttarafl skógur hefur þegar hann er orðinn svo hávaxinn að ekki dugar að standa upp til að sjá yfir trén,“ sagði Bjarni í ræðu sinni.

Honum finnst bagalegt að þeim fækki félögunum sem koma til að vinna við gróðursetningu á meðan þörfin á vinnuafli eykst að sama skapi. En þó gleðst hann yfir samstarfi við ungt fólk úr sveitarfélaginu sem hefur komið í sumarvinnu undanfarin ár. „Þegar ég kom inn í félagið fyrir tæpum þrjátíu árum fannst mér að þetta væri dálítið lokað samfélag fyrir nokkra sérvitringa. Menn vildu ógjarnan opna það mikið. Það gætu komið of margir og spillt gróðrinum. En það hefur ýmislegt breyst síðan og menn orðið víðsýnni,“ segir Bjarni.

Í hófi að loknu sumarstarfi skógræktarfélagsins voru tveir elstu starfandi félagarnir heiðraðir. Það voru þeir Oddur Sigurðsson frá Litlu-Fellsöxl og Guðjón Guðmundsson frá Arkarlæk. Oddur gekk í félagið árið 1947 og Guðjón ári síðar. Þeir voru leystir út með blómum og heiðursskjali.

**niels@frettabladid.is**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðrún Ágústa Óskarsdóttir**

Ásavegi 2g, Vestmannaeyjum,

verður jarðsungin frá Landakirkju, Vestmannaeyjum laugardaginn 19. desember kl. 14.00.

**Jóhanna Hjálmarsdóttir** **Sigurjón Þór Guðjónsson**
**Viðar Hjálmarsson** **Jóna Sigríður Guðmundsdóttir**
**Hjálmar, Guðrún Ágústa, Bjarni Ólafur, Guðjón Orri og Franz.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**Hlíf Þórbjörg Jónsdóttir**

Dvalar og hjúkrunarheimilinu Grund, áður Unnarbraut 28, Seltjarnarnesi,

verður jarðsungin frá Heydalakirkju í Breiðdal laugardaginn 19. desember kl. 11.00. Jarðsett verður að Þorvaldsstöðum.

**Sigurjón Jónsson** **Helga Ágústína Lúðvíksdóttir**
**Guðný Elín Jónsdóttir** **Reynir Loftsson**
**Ingibjörg Guðlaug** **Jón Garðar Steingrímsson**
**Ólafía Sigurjónsdóttir** **Alejandro Arias**
**Jón Viðar Reynisson**
**Hlíf Ágústa Reynisdóttir**
**Jóna Snædís Reynisdóttir**
**og systkini hinnar látnu.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# Aftur í stólinn á Austfjörðum

Séra Jóna Kristín Þorvaldsdóttir var sett í embætti sóknarprests Kolfreyjustaðarsóknar síðastliðinn sunnudag við messu í Fáskrúðsfjarðarkirkju. Hún gegndi áður starfi bæjarstjóra í Grindavík en lét af því embætti 30. nóvember og afsalaði sér rétti til sex mánaða biðlauna. Við Kolfreyjustaðarsókn tók hún við af séra Þóreyju Guðmundsdóttur.

Við athöfnina á sunnudaginn var kirkjunni færð gjöf til minningar um fyrrverandi prestshjón, sr. Þorleif Kristmundsson og Þórhildi Gísladóttur.

Sr. Jóna Kristín útskrifaðist frá Háskóla Íslands með embættispróf í guðfræði árið 1988. Strax að lokinni vígslu fluttist hún austur í Neskaupstað þar sem hún fékk sína fyrstu sókn en ári síðar tók hún við stærra brauði í Grindavík og var sóknarprestur þar til ársins 2006. Þá sneri hún sér að bæjarpólitíkinni og varð forseti bæjarstjórnar í Grindavík og síðar bæjarstjóri.

Heimildir/Austurgluugginn.is/hi.is/visir.is

**- gun**



**SÓKNARPRESTUR** Séra Jóna Kristín hóf prestsferil sinn á Austurlandi og er komin þangað aftur.



**RÚNIRNAR SEGJA SITT** Fornar rúnir eru þeim Ara og Ágústu hugleiknar.



**Í GALLERÍINU FÁST RÚNASETT OG VERNDARGRIPIR AF ÝMSU TAGI.**



**JÓLAVÖRUR** Í galleríinu fást jólakerti sem hjónin steypa sjálf.



**ÍSLENDINGAR ÁHUGASAMIR** Ari segir Íslendinga hrifna af munum sem tengjast íslenskri arfleið.



**HJÓNIN ERU MEÐ OPNA VINNUSTOFU OG GALLERÍ Á VESTURGÖTU 18.**

# Íslensk arfleifð í Níu heimum

Hjónin Ari Svavarsson og Ágústa G. Malmquist, sem bæði eru myndlistarmenn og hönnuðir, reka saman vinnustofuna Níu heima að Vesturgötu 18. Þau eru einnig með gallerí á sama stað þar sem þau sýna og selja afurðir sínar.

„Við vinnum mikið út frá arfleifð okkar Íslendinga og framleiðum meðal annars gömul spil og gestaþrautir. Þá gerum við rúnasett og verndargripi af ýmsu tagi sem eru gjarnan tengdir íslenskum goðum og gyðjum," segir Ari.

Hjónin vinna hluti í tré, leður og bein ásamt því að stunda eldsmíði en auk þess steypa þau kerti og vinna í leir. „Við erum alltaf að verða sannfærðari um að halda þessari íslensku arfleifð við enda hefur það komið okkur á óvart hvað Íslendingar eru hrifnir af munum sem minna á liðna tíð og vilja þeir greinilega skoða þá og varðveita en auk þess eru ferðamenn alltaf áhugasamir."

Myndlistin er síðan mikilvægur liður í starfsemi hjónanna og ætla þau sér að halda reglulegar sýningar á verkum sínum.

„Í desember erum við með gestalistamanninn Reyni Katrínar galdrameistara hjá okkur en hann sýnir málverk og hálsmen úr steinum ásamt húfum og höfuðskjólum unnum með vattarsaumi sem er forn aðferð."

Áhugasamir geta kynnt sér starfsemina betur á Facebook með því að skrá inn leitarorðið Níu heimar.

- ve

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*

**Sesselja Vilborg Jónsdóttir**

Suðurgötu 15, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, föstudaginn 11. desember. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 18. desember kl. 13 00. Sérstakar þakkir sendum við til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og öllum vinum og ættingjum fyrir ástúð og góða umönnun á þessum erfiðu tímum.

**Sigurjón Stefánsson — Brynja Jóhannesdóttir**
**Kristján Stefánsson — Hanne Mete Malmberg**
**Björn Stefánsson**
**Elísabet Stefánsdóttir — Kjartan Hilmisson**
**Stefán Stefánsson — Þuríður Hallbjörg Jónsdóttir**
**systkini, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, dóttir, tengdadóttir, amma og systir,*

**Brynja Júlíusdóttir**

Strandgötu 6, Ólafsfirði,

lést laugardaginn 12. desember á Hornbrekku, Ólafsfirði. Útförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 19. desember kl. 14. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hornbrekku, Ólafsfirði.

**Þröstur Ólafsson**
**Lára Þórðardóttir**
**Sólveig Anna Brynjudóttir — Kristinn Axel Sigurðsson**
**Þorfinna Ellen Þrastardóttir**
**Júlíus G. Gunnlaugsson — Guðfinna Steinsdóttir**
**Ólafur Víglundsson**
**dóttursynir og systkini.**

---



*Alúðarþakkir og góðar kveðjur til ykkar sem sýnduð okkur samúð og hlýju við andlát og útför bróður okkar og vinar,*

**Karls Hreiðars Mikaelssonar**

**Jónína Michaelsdóttir — Sigþór Sigurðsson**
**Laila Michaelsdóttir — Stefán Alexandersson**
**Ásta Michaelsdóttir — Baldvin Thorarensen**
**Linda Rós Michaelsdóttir**
**Steingrímur Ari Arason**
**Dóra Jóhannesdóttir**
**börn og barnabörn.**

---



*Ástkær mamma okkar,*

**Ingibjörg Sigurðardóttir**

Ásgarði, Dalasýslu,

verður jarðsungin frá Hvammskirkju laugardaginn 19. desember, klukkan 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dvalar- og hjúkrunarheimilið Silfurtún. Sætaferð verður frá Umferðarmiðstöðinni hinn 19. kl. 10.30.

**Bjarni Ásgeirsson**
**Benedikt Ásgeirsson.**

---



*Ástkær stjúpmóðir mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Ólafía Pálína Magnúsdóttir**

frá Gilsfjarðarbrekku, síðast til heimilis að Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

sem lést 12. desember sl., verður jarðsungin frá Garpsdalskirkju, laugardaginn 19. desember kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Indriði E. Baldvinsson — Karólína Ingólfsdóttir**
**Jóna G. Baldvinsdóttir — Gunnar Helgi Guðmundsson**
**Ingibjörg Magnea Baldvinsdóttir — Jón Kjartansson**
**Elinborg A. Baldvinsdóttir — Helgi Stefánsson**
**Margrét H. Brynjólfsdóttir**
**Hugrún H. Einarsdóttir**
**Katrín Björk Baldvinsdóttir — Sæmundur Ó. Ólason**
**og fjölskyldur.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Rannveig Júlíana Baldvinsdóttir**

Öldugerði 18, Hvolsvelli,

lést á heimili sínu laugardaginn 12. desember. Útför hennar fer fram frá Stórólfshvolskirkju laugardaginn 19. desember kl. 14.00.

**Ólafur Ólafsson**
**Ólafur Ólafsson — Jakobína Vilhelmsdóttir**
**Baldvin Guðni Ólafsson — Praparat Ólafsson**
**Ásta Halla Ólafsdóttir — Garðar Gunnar Þorgilsson**
**Ingibjörg Ýr Ólafsdóttir — Oddur Árnason**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Björn Marinó Dúason**

Hornbrekku, Ólafsfirði,

lést að Dvalarheimilinu Hornbrekku mánudaginn 14. desember. Útför hans fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju föstudaginn 18. desember kl. 13.30.

**Sigríður Vilhjálms — Kristinn Gíslason**
**Helga Björnsdóttir — Halldór Jónsson**
**Sigurður Björnsson — Margrét Sigurgeirsdóttir**
**Birna Björnsdóttir — Reynir Jónsson**
**Herdís Björnsdóttir — Guðmundur Guðmundsson**
**Edda Bragadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær maður minn, faðir okkar, sonur, bróðir, fósturfaðir og vinur,*

**Birgir Ævarsson**

rafvélavirki, veiði- og verslunarmaður,

lést miðvikudaginn 9. desember. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju hinn 18. desember kl. 13.00.

**Vala Björg Guðmundsdóttir**
**Birgir Daníel Birgisson**
**Bjarki Einar Birgisson**
**Anja Honkanen**
**Katrín Ævarsdóttir — Ástþór Jóhannsson**
**Hjálmar Ævarsson — Ingibjörg Jónsdóttir**
**Ævar Oddur Honkanen**
**Arnar Ævarsson — Sunna Björg Sigurjónsdóttir**
**Tinna Ævarsdóttir — Örn Eldjárn**
**Hrafnhildur Baldvinsdóttir**
**Guðmundur Borgar Ingólfsson**
**Jón Eiríkur Guðmundsson**

---



*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Friðjón Þórðarson**

Ægisbraut 7, Búðardal, Dalabyggð,

lést á Landakoti mánudaginn 14. desember. Hann verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 22. desember kl. 13.00.

**Guðlaug Guðmundsdóttir**
**Sigurður Rúnar Friðjónsson — Guðborg Tryggvadóttir**
**Þórður Friðjónsson — Ragnheiður D. Agnarsdóttir**
**Helgi Þorgils Friðjónsson — Margrét L. Steingrímsdóttir**
**Lýður Árni Friðjónsson — Renate Mikukste**
**Steinunn Kristín Friðjónsdóttir — Árni M. Mathiesen**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*

**Þóra Jónsdóttir**

Klifshaga, Öxarfirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga þriðjudaginn 8. desember. Útförin fer fram frá Skinnastaðarkirkju föstudaginn 18. desember kl. 14.00.

**Daði Þröstur Þorgrímsson — Jóhanna Birna Falsdóttir**
**Sigra Þorgrímsdóttir — Jón Sigurðsson**
**Pétur Þorgrímsson — Magnea R. Árnadóttir**
**Grímur Jónsson**
**María Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




# Gæfumunurinn

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**



Litla hverfisverslunin handan við hornið hjá mér hefur skipt nokkrum sinnum um eigendur þau fáu ár sem ég hef búið í hverfinu. Verðlagið í búðinni er auðvitað ívið hærra en í stóru mörkuðunum, þangað sem stærri innkaup heimilisins eru sótt, en þó er gott að geta skotist í litlu búðina eftir smotteríi. Undir það síðasta hafði þó ferðum mínum þangað fækkað. Verðið hafði áhrif en líka það að vöruúrvalinu var farið að hraka. Appelsínurnar fengu að mygla óáreittar í kælinum og fúllyndur unglingurinn sem stóð vaktina við kassann gerði lítið til að auka á aðdráttaraflið.

**SVO** tók nýr eigandi við. Lítill auglýsingapési flaug inn um póstlúguna hjá mér þar sem ég var boðin velkomin í búðina, það væri tilboð á appelsínum.

**ÉG** rauk ekki til. Hafði afskrifað búðina fyrir löngu og fór frekar annað ef mig vantaði eitthvað smálegt með kaffinu. Einn daginn kom þó að því að ég hljóp fyrir hornið eftir mjólkurpotti og um leið og ég steig inn fyrir fann ég að eitthvað hafði breyst, viðmótið var allt annað. Hillurnar voru troðnar af vörum og ávextirnir í kælinum litu út fyrir að vera nýtíndir af trjánum. Glaðlegur eigandinn bauð mér hressilega góðan daginn og tíndi brosandi fyrir mig vörurnar ofan í pokann. Ferðum mínum í búðina hefur fjölgað verulega og nú gæti ég ekki án hennar verið. Þótt vöruverðið sé auðvitað hærra en í stórmörkuðunum fer ég jafnvel fleiri en eina ferð á dag. Notalegt viðmótið og liðlegheitin hafa mikið að segja.

**EINS** þurfti ég um daginn að láta smíða fyrir mig nokkra hluti úr stáli. Ég hringdi í fyrirtæki til að fá tilboð í vatnsskurð, beygingar, pólýhúðun og fleira. Ég fékk misjöfn viðbrögð eins og gengur. Úrillir iðnaðarmenn sögðu smíðina allt of flókna til að ganga upp, einhverjir sögðu hana kannski mögulega en afskaplega kostnaðarsama. Aðrir sögðust svo sem geta haft samband með tilboð í þetta, en létu svo ekkert í sér heyra.

**LOKS** hitti ég þó á menn sem sögðu þetta bara ekkert mál og verkið var afgreitt fljótt og vel. Þessi liðlegu fyrirtæki reyndust staðsett á Akureyri og þar sem ég var stödd í Reykjavík kostaði þetta nokkur símtöl, snúninga og smá vafstur. Norðanmennirnir settu það þó ekkert fyrir sig og þá ekki ég. Fannst það lítið mál að sækja langt yfir skammt fyrir liðlegheit og gott viðmót.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





TILBOÐ
TIL JÓLA
FRÁBÆR TILBOÐ ALLA DAGA TIL JÓLA
NÝ
TILBOÐ
2 VERSLANIR STÚTFULLAR
AF OPNUNAR- AFMÆLIS- OG
JÓLATILBOÐUM :)
VÍRUS
VÖRN
INTERNET SECURITY
2010 VÍRUSVÖRN
3.990
NÝ
VERSLUN
HÖFUM OPNAÐ NÝJA
GLÆSILEGA VERSLUN Í
UNDIRHLÍÐ 2 Á AKUREYRI
Birt með fyrirvara um breytingar, insláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
ALLA DAGA TIL JÓLA
10:00 - 19:00
AÐFANGADAG
LOKAÐ
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

**ath. kl. 20 í Friðrikskapellu við Valsheimilið.**
*Tónlistarveisla í skammdeginu sem gleður sálu og hjörtu: Tónlistarhópurinn Mandal: Bára Grímsdóttir, Chris Foster, Helga Jónsdóttir og Arnór Hermannsson, halda tónleika í kvöld. Lögin eru bæði gömul við nýjar útsetningar og ný, samin af Báru og Helgu. Einnig verða flutt ensk jólalög úr þorpum frá heimahéraði Chris í Suður-Englandi. Lögin eru útsett af Mandal á ýmsan hátt, allt frá einni rödd upp í fjórar raddir og leikið verður á gítar, langspil, bouzouki og kantele.*

**menning**
menning@frettabladid.is

# Dagskrá í Bragganum á Hólmavík

Á laugardag mun Þjóðfræðistofa blása til þjóðfræðiþings, útgáfuhófs og menningardagskrár. Auk þess að miðla af rannsóknum verður leikin tónlist, sýndar kvikmyndir og haldið upp á nýjar útgáfur. Þá munu höfundar lesa upp úr nýútgefnum ritum. Jólaspjallið verður haldið í Bragganum á Hólmavík en Café Riis býður upp á létt jólahlaðborð á vægu verði. Á dagskrá eru Kristinn Schram, forstöðumaður Þjóðfræðistofu, sem segir frá starfseminni á árinu; Óli Gneisti Sóleyjarson þjóðfræðingur segir frá nýútkominni bók sinni, Eve Online, sem gefin er út af Þjóðfræðistofu, Jón Þór Pétursson þjóðfræðingur segir frá doktorsrannsókn sinni og rannsóknarverkefni Þjóðfræðistofu um íslenska matarhefð; Katla Kjartansdóttir, verkefnastjóri á Þjóðfræðistofu, segir frá samtímasöfnun á leikjum íslenskra barna; Sigurður Atlason, framkvæmdastjóri Strandagaldurs, kynnir samstarfsverkefni um jólaendurminningar Strandamanna; Jón Jónsson, menningarfulltrúi og þjóðfræðingur og flytur jólahugvekju. Söngflokkurinn Fúmm fúmm fúmm flytur jólalög og höfundar lesa upp úr verkum sínum: Vilborg Davíðsdóttir les úr Auði og Eiríkur Örn Nordahl úr Gæsku. Þá verður sýnd heimildarmyndin Leitin að Gísla Suurinpojka.

- pbb


**MENNING** Óli Gneisti kynnir rannsókn sína á útrásarsögunni Eve Online.

## > Ekki missa af

Kristjana Stefánsdóttir söngkona heldur tónleika í kvöld ásamt tríói skipuðu þeim Kjartani Valdemarssyni á píanó, Gunnari Hrafnssyni á bassa og Pétri Grétarssyni á trommur. Tónleikarnir hefjast í forsal Borgarleikhússins kl. 22. Þetta eru árlegir jólatónleikar kvartettsins sem hafa nú verið færðir inn í Borgarleikhúsið. Fullt hefur verið út úr dyrum undanfarin ár á tónleikum kvartettsins og mikil jólastemning. Þekktir gestir úr Borgarleikhúsinu munu taka lagið með Kristjönu og tríóinu.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

09.12.09 – 15.12.09


**1** Meiri hamingja – Tal Ben-Shahar


**2** Svörtuloft – Arnaldur Indriðason


**3** Mannasiðir – Egill “Gillz” Einarsson


**4** Ef væri ég söngvari – Ragnheiður Gestsdóttir


**5** Heitar laugar á Íslandi – Jón G. Snæland


**6** Vigdís – Páll Valsson


**7** Núll núll 9 – Þorgrímur Þráinsson


**8** Horfðu á mig – Yrsa Sigurðardóttir


**9** Jólasyrpa 2009 – Walt Disney


**10** Karlsvagninn – Kristín Marja Baldursdóttir

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872



**MENNING** Kammersveit Reykjavíkur kveður á jólatónleikum sínum í Áskirkju Rut Ingólfsdóttur sem hefur stýrt sveitinni frá upphafi, þjóðhátíðarárið 1974.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Brandenborgarkonsertar fluttir á sunnudaginn

**Á sunnudag verða jólatónleikar Kammersveitar Reykjavíkur í Áskirkju og þar verða fluttir þrír af Brandenborgarkonsertum Bachs, nr. 2., 4., og 5. Á tónleikunum kveður Rut Ingólfsdóttir fiðluleikari, sem leitt hefur allt starf Kammersveitarinnar frá upphafi 1974, sveitina og leikur einleikinn í nr. 5.**

Aðrir einleikarar á tónleikunum eru ekki af verri endanum: Ásgeir H. Steingrímsson á trompet, Martial G. Nardeau og Guðrún S. Birgisdóttir á flautur, en þau leika á japanskar tréflautur, sem eru smíðaðar í nútímastillingu og með klöppum, en hafa mýkri og þýðari tón en hinar hefðbundnu málmflautur. Matthías Birgir Nardeau, sonur þeirra, leikur á óbó, Una Sveinbjarnardóttir á fiðlu og Javier Núnes á sembal. Javier Nunes lauk einleikaraprófi frá Tónlistarháskólanum í Den Haag og kemur fram víða í Evrópu bæði sem einleikari og í barokksveitum. Javier býr nú og starfar í Palma á Mallorca og lék þar á tónleikum með Skálholtskvartettinum sumarið 2008. Íslensku einleikararnir eru tónlistaráhugamönnum allir kunnir fyrir áralangt framlag sitt til flutnings á tónlist.

þetta er ekki í fyrsta sinn sem kammersveitin leikur Brandenborgarkonsertana: Í tilefni af 25 ára afmæli Kammersveitarinnar voru á tvennum jólatónleikum 1998 fluttir allir Brandenborgarkonsertar Bachs, sex að tölu. Jaap Schröder leiddi hljómsveitina og voru konsertarnir teknir upp til útgáfu. Sú útgáfa Smekkleysu, SMC3, hlaut mikið lof bæði hér á landi og í hinu virta tímariti Grammophone. Kammersveitin hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir þessa upptöku.

Þetta er 36. árið sem Kammersveitin efnir til jólatónleika skömmu fyrir jól. Hefðin frá upphafi hefur verið að leika eingöngu tónlist frá barokktímanum á þessum tónleikum. Þeir hefjast kl. 16.

pbb@frettabladid.is

Opið bréf til ráðamanna:

# Kvikmyndahaustið?

Öllum er ljóst að skera þarf niður útgjöld ríkisins. Það gildir jafnt um menningarmál sem aðra málaflokka. Okkur undirrituðum þykir hins vegar ótækt hve hart er gengið að kvikmyndagerðinni umfram aðrar listgreinar og raunar umfram aðrar starfsgreinar þessa lands.

Samkvæmt síðustu fregnum verður framlag til Kvikmyndamiðstöðvar lækkað um 140 milljónir frá framlagi síðasta árs, sem er tæplega fjórðungs lækkun. Sé hins vegar miðað við samning þann sem kvikmyndagerðin undirritaði ásamt þremur ráðherrum við hátíðlega athöfn í Ráðherrabústaðnum árið 2006 er lækkunin rúmur þriðjungur. 140 milljónir jafngilda tveggja ára framlögum úr Sjónvarpssjóði. Varla er það vilji Alþingis að leggja af þær vinsælu og almennt vel heppnuðu þáttaraðir sem framleiddar eru fyrir atbeina sjóðsins.

Opinbert framlag nemur aldrei meira en helmingi kostnaðar við hvert einstakt verkefni. Niðurskurður um 140 milljónir nemur því a.m.k. helmingi hærri upphæð til greinarinnar eða a.m.k. 280 milljónum.

Erfitt er að finna þá listgrein sem leggur jafnmikið til þjóðarbúsins og kvikmyndagerðin. Rök hafa verið að því leidd að ríkið fái allt sitt framlag til baka og vel það. Þau rök virðast ekki hafa sannfært þá sem ráða Íslandi nú.

Því skal svo haldið til haga að verðmætasköpun í kvikmyndagerðinni er tvenns konar: í beinum tekjum og í menningarauði. Íslenskar kvikmyndir eru hið raunverulega þjóðarleikhús – myndirnar eru teknar upp um land allt og þær fara auðveldlega fyrir augu allra, hvar á landinu sem fólk býr.

Þær hafna gjarnan í sjónvarpinu, þar sem þær hafa löngum verið helsta leikna innlenda efnið, einkum á stórhátíðum. Enn fremur eru þær fluttar til útlanda, sýndar í kvikmyndahúsum og í sjónvarpi víða um heim. Kunnugir telja að fátt sé betri landkynning en íslenskar kvikmyndir. Þær eru hin óbeina auglýsing sem gagnast betur en bein sölumennska. Á tímum niðurlægingar Íslands er meiri þörf á slíku en nokkru sinni fyrr.

Við skorum á ráðamenn þjóðarinnar að beita skynsemi og draga enn úr niðurskurði á framlögum til Kvikmyndamiðstöðvar.

***Ari Kristinsson*** *formaður Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda*
***Ágúst Guðmundsson*** *Forseti BÍL*
***Ásdís Thoroddsen*** *f.h. Félags sjálfstæðra kvikmyndaframleiðenda*
***Björn Brynjúlfur Björnsson*** *formaður Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar.*
***Friðrik Þór Friðriksson*** *formaður Samtaka kvikmyndaleikstjóra*
***Hjálmtýr Heiðdal*** *formaður Félags kvikmyndagerðarmanna*
***Randver Þorláksson*** *formaður Félags íslenskra leikara*

**Sér grefur gröf** meðal bestu glæpasagna ársins í **Bretlandi!**
**Auðnin** valin bók vikunnar í **Spiegel!**

# „ÁN EFA BESTA BÓK YRSU“

*„Áhrifamikil og skemmtileg glæpasaga sem er án efa besta saga Yrsu til þessa.“*
**– Úlfhildur Dagsdóttir, bokmenntir.is**

*„Flinkur höfundur ... Mjög vel hugsað plott.“*
**– Páll Baldvin Baldvinsson, Kiljunni**

*„... vel fléttuð og spennandi saga sem lætur hárin rísa, líklega besta saga Yrsu hingað til,“*
**– Katrín Jakobsdóttir, Eyjunni**

*„Þóra Guðmundsdóttir er uppáhalds kvenspæjarinn minn. Ég bíð spennt eftir næstu bók.“*
**– Guardian**

*„Það er ekki oft sem maður rekst á glæpasögu sem er hvorttveggja í senn hrollvekjandi og fyndin – og það er sannarlega ánægjuleg blanda.“*
**– Spectator**

**Þóra Guðmundsdóttir lögmaður** reynir að fá endurupptekið mál fatlaðs manns sem vistaður er á réttargeðdeildinni á Sogni fyrir að kveikja í sambýli með skelfilegum afleiðingum. Ungum útvarpsmanni berast torkennileg skilaboð og ógnvekjandi símtöl. Og látin stúlka sækir í að standa við fyrirheit um að passa lítinn dreng. Saman fléttast þessir þræðir **í magnaðri glæpasögu.**



„Tvímælalaust í hópi fremstu glæpasagnahöfunda Norðurlanda.“
– The Times




**2. sæti**
Metsölulisti Eymundsson
9.-15. desember
Skáldverk

VERÖLD
Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVÍK

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 17. desember 2009**

### → Tónleikar

**20.00** Tónlistarhópurinn Mandal heldur jólatónleika í Friðrikskapellu við Valsheimilið að Hlíðarenda.

**20.00** Gunnar Þórðarson og Svavar Knútur halda tónleika ásamt strengjasveit í Fríkirkjunni í Reykjavík.

**20.00** Orgeljól í Lágafellskirkju. Douglas Brotchie organisti flytur verk eftir m.a. Bach og D. Zipoli. Einnig kemur fram á tónleikunum Sigrún Jónsdóttir söngkona.

**20.30** Snorri Helgason heldur útgáfutóneika í Þjóðleikhúskjallaranum við Hverfisgötu. Einnig koma fram Ríó tríó og Sigríður Thorlacius ásamt Heiðurspiltum. Húsið verður opnað kl. 20.



**20.30** Esther Jökulsdóttir ásamt karlatríói og hljómsveit flytur lög Mahaliu Jackson á tónleikum í Laugarneskirkju við Kirkjuteig.

**20.30** Egill Sæbjörnsson verður með tónleika í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu. Enginn aðgangseyrir.

**22.00** Kristjana Stefánsdóttir og tríó verða með jólatónleika í Borgarleikhúsinu við Listabraut.

### → Opnanir

**21.00** Ljóðskáld Nýhils og listmenn Crymo opna sýningu og verða með ljóðalestur hjá gallerí Crymo að Laugarvegi 41a. Allir velkomnir.

### → Markaðir

Jólamarkaður og opin vinnustofa í Hönnunarsafni Íslands að Lyngási 7-9 (efri hæð) í Garðabæ kl. 14-18. Fyrir markaðnum standa Lúka Art & Design.














MYND IMAGE FORUM

**TÓNLIST** Abba, hinn 9. febrúar 1974 fyrir ríflega 35 árum þegar augu Evrópu tóku fyrst eftir bandinu. Með átta plötum og þremur söngleikjum varð heimurinn allur heillaður af popplögum þeirra Björns og Bennys og er enn.

# ABBA HORFIR TIL FRAMTÍÐAR

**Það er mikið að gera hjá þeim Abba-bræðrum þessa dagana: bandið verður tekið inn í Frægðarhöll rokks og rólsins í Ameríku á Waldorf Astoria hinn 15. mars en þá eru 25 tilskilin ár liðin frá því hljómsveitin átti lag í fyrsta sæti vestanhafs. Hljómsveit Benny, BAO, var tilnefnd í vikunni til Grammy-verðlauna í Svíþjóð sem besta dansbandið og á miðvikudag var tilkynnt að söngleikur þeirra, Kristín frá Dúfulandi, verði settur á svið öðru sinni í Sænska leikhúsinu í Helsinki í ársbyrjun 2012.**

Sænska leikhúsið hefur gengið í gegnum gagngera endurnýjun og verður söngleikurinn eftir vesturfarasögum Vilhelms Moberg opnunarverkið en fyrsta bindið af þeirri sögu er einmitt gefið út öðru sinni í íslenskri þýðingu nú fyrir jólin. Miðasala til hópa hefst næsta vor. Verkið var frumflutt í Malmö 1995 og gekk í tvö ár, þar og í Stokkhólmi. Milljón áhorfendur sáu sýninguna sem útheimti stóra hljómsveit og kór. Fyrir sviðsetninguna í Helsinki verður hljómsveit skipuð 25 hljóðfæraleikurum og hefur verið stytt en það tók þrjár og hálfa klukkustund í upphaflegu sviðsetningunni. Sænska leikhúsið hefur tryggt sér sýningarréttinn á finnsku, rétt í Eystrasaltslöndum og Rússlandi. Hafa samningaviðræður staðið í fimm ár. Þá er talið að í undirbúningi sé flutningur á enskri útgáfu í London en hún var flutt í konsertformi í Carnegie Hall í New York í haust. Mun áætlað að gefa þá versjón út á diskum á næsta ári. Var það annar flutningur á verkinu vestanhafs en sænska útgáfan var flutt í Minnesota þar sem sögurnar gerast 1997. Hafa Björn og Benny lagt mikla fjármuni í að koma verkinu á framfæri í enskumælandi löndum í kjölfarið á sigurgöngu Mamma Mia, bæði á sviði og í kvikmynd.

Undirritun samninga við sænska leikhúsið gaf blaðamönnum tækifæri til að tala við þá félaga en þeir eru ekki mikið fyrir viðtöl. Þeir hyggjast dvelja í Helsinki meðan æfingar standa yfir. Anders Eljas mun stýra hljómsveitinni en hann hefur unnið með þeim síðan í Ástralíutúrnum 1977, útsetti Chess með þeim í frumútgáfunni, bæði á diskum og í London og í sænsku sviðsetningunni 1997. Lars Rudolfson sem vann með þeim þá og áður að frumuppfærslunni af Kristínu mun leikstýra og Robert Wagner mun gera leikmynd en hann er virtur leikmyndahönnuður vestanhafs.

Á blaðamannafundinum viðurkenndu þeir að enn er rætt um framhaldsmynd af Mamma Mia. Þeir segjast aðallega njóta þess að vera afar, en Benny á fimm barnabörn og Benny þrjú. Með eftirgangsmunum viðurkenna þeir að alltaf séu ný verkefni í undirbúningi: Björn er að reisa sér hljóðver og einbýlishús á Gotlandi, en Benny rekur enn sitt stúdíó í Stokkhólmi. Mamma Mia frelsaði þá úr fjárhagsþrengingum en myndin er tekjuhæsta söngvamynd í kvikmyndasögunni. „Það er talað um að gera eitthvað fyrir börnin," segir Benny og tekur í vörina, segir blaðamaður Helsinki sanomat í lýsingu á fundinum.

Í janúar verður opnaður Abbaheimur með 25 sýningarsölum í Earls Court í London. Þar gefst gestum kostur á ferð um heim með áður óbirtu efni frá ferli bandsins, gestir geta troðið upp með hológröfum af þeim fjórmenningum og þeim er boðið upp á hljóðblöndun í margrása upptöku Mikaels Tretow sem vann með þeim alla tíð. Öll þátttaka gesta er skráð og aðgengileg á vef til síðari tíma skemmtunar. Þannig að seta þeirra í frægðarhöll heimsins mun styrkjast enn um sinn.

pbb@frettabladid.is

# Menning og metafóra

Dr. Bergsveinn Birgisson heldur fyrirlesturinn „Menning og metafórur" á vegum Hugvísindastofnunar, Hugsýnar – félags um hugræn fræði og tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík í dag kl. 16 í stofu 130 í Öskju.

Í fyrirlestrinum verður sjónum beint að líkingum eða metafórum og þeirri nýju sýn á líkingar sem rekja má til hugrænna vísinda (e. cognitive science). Rætt verður um skilgreiningu hugtakslíkinga (conceptual metaphors) og um hið gagnvirka samband milli líkinga og menningar almennt. Greint verður frá því hvernig sýn hugrænna vísinda á líkingar getur breytt viðhorfi okkar til þeirra sem heimilda um mannlega hugsun og tilfinningar, og sem sögulegra heimilda. Þetta verður að lokum tekið fyrir í dálítilli rannsókn á dróttkvæðri vísu frá um 900 e.Kr.



**MENNING** Bergsteinn skoðar hvernig við notum líkinguna í dag. MYND

Bergsveinn Birgisson (f. 1971) er dr. art í norrænum fræðum frá Háskólanum í Björgvin og rithöfundur. Síðasta skáldsaga hans heitir Handbók um hugarfar kúa – skáldfræðisaga.

- pbb

# Smásögur fyrir Ipodinn



**BÓKMENNTIR** Smásögum dreift af vefsíðu fyrir upptekinn nútímamann, til dæmis eftir Ian McEwan.

Smásögur fyrir Ipod-kynslóðina eru nú fáanlegar hjá breska fyrirtækinu Spoken Ink. Það heldur úti vefsíðu fyrir þá sem vilja hlaða niður smásögum fyrir farartæki eins og poddinn, síma og heimatölvur. Kunnir enskir leikarar lesa. Úrvalið er mikið og hafa hjónin sem fyrir síðunni standa unnið að safninu í eitt og hálft ár. Smásöguformið hentar vel, segja þau, fyrir okkar tíma þar sem áheyrilegt efni verður að vera stutt og hnitmiðað og henta fyrir skamma hlustun. Hafa lifandi höfundar reynst tiltækinu hliðhollir og efni liðinna skálda hefur nýst vel, einkum það sem komið er úr höfundarrétti. Áhugasamir geta sótt á síðu þeirra: www.spokenink.co.uk.

- pbb


Sigurför um heiminn
Sagan af bláa hnettinum
eftir Andra Snæ Magnason
loksins fáanleg að nýju
VERÐLAUN VERÐLAUNANNA 2009
Andri Snær Magnason
Sagan af bláa hnettinum
ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN 1999
VERÐLAUN VERÐLAUNANNA 2009
Áslaug Jónsdóttir myndlýsti
6. PRENTUN
Útgáfa í 22 löndum!
MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

# Hrunið kom að innan

**Íslendingar þurfa að horfast í augu við sig sjálfa. Þeir voru ekki neyddir til að dansa með í góðærinu. Við erum það sem við hugsum og við þurfum að hugsa málin upp á nýtt. Njörður P. Njarðvík gaf nýlega út ljóðabókina Hlustaðu á ljósið og segir hrunið sem slíkt afskaplega óljóðrænt. Enda kemur það ekki beint við sögu í bókinni, en þar er hvatt til uppbyggingar og sjálfsskoðunar. Samlíðunar og heiðarleika.**



**NJÖRÐUR PÉTURSSON NJARÐVÍK** Mundar hér nýútkomna bók sína, Hlustaðu á ljósið, en svo vill til að myndin á veggnum er einmitt sú sem prýðir kápu bókarinnar. Verkið heitir Jökull og er eftir Guðmund Ármann Sigurjónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í Hlustaðu á ljósið má lesa myndir úr náttúrunni, hugleiðingar um eilífðina og verund málleysingjanna. Þar eru ljóð ort á Þrælaströnd Afríku jafnt sem Vestfjörðum. Höfundur lítur inn á við og hvetur lesanda til að gera slíkt hið sama, að leita þess sem máli skiptir.

Njörður lýsir bók sinni þannig að hún sé niðurstaða þess sem honum þykir mikilverðast, þar sem dregin er saman staða mannsins í náttúru og mannlegri tilveru.

„Í fyrsta hluta eru Sumarljóð við sjóinn, um náttúru og dýr, einkum fugla, en þar er engin manneskja. Síðasti flokkurinn kallast á við þann fyrsta og fjallar um vatnið. Eðli þess og hvað þessi undirstaða alls á jörðinni gerir, en Þales, upphafsmaður grískrar heimspeki, leit svo á að vatn væri grundvöllur alls,“ segir Njörður.

Hann telur að maðurinn geti ekki þrifist án tengsla við náttúruheiminn. Eðli mannsins fylgi náttúrunni.

„Skelfilegasti staður sem ég hef komið til er New York. Þar sem maðurinn hefur tekið sig út úr náttúrunni og umkringt sig með dauða. Malbik og steinsteypa. Hvernig á maðurinn að geta þrifist í malbiki og steinsteypu? Við erum hluti lífskeðjunnar, eins og taóisminn segir, við erum hluti af lífsorkunni, þessum skapandi mætti sem streymir um alheiminn. Farfuglar fljúga ekki af því þá langi til þess. Það er bara þeirra eðli,“ segir hann.

**Séð í gegnum fátæktina**

En í bókinni eru einnig ljóð frá Tógó á vesturströnd Afríku, þar sem Njörður hefur verið með annan fótinn síðustu ár.

„Þegar við síkvartandi Íslendingar förum suður til Afríku þá veltir maður því fyrir sér hvort við höfum misst sjónar á lífinu. Fyrst sér maður bara eymd og fátækt, en síðan sér maður í gegnum það og inn í sjálft fólkið. Þetta fátæka fólk býr yfir mikilli reisn. Ég held ég hafi tvisvar séð mann í skítugum fötum í Tógó. Fólkið þar er hreint, ber sig vel, það brosir og er gestrisið og gott fólk, sem illa hefur verið farið með,“ segir höfundur.

Njörður hefur verið virkur í góðgerðarsamtökunum Spes og því kunnugur á Tógó. Spurður nánar um staðinn og stjórnarfar á Þrælaströndinni, segir hann að á þrettán árum hafi hann hitt fimm forsætisráðherra þar úti. „Enginn þeirra hefur skipað sig seðlabankastjóra.“

**Horfumst í augu við okkur**

Njörður hefur skrifað á þriðja tug bóka, sem margar hverjar hafa verið þýddar á erlend mál. Frá mörgum nýju ljóðanna stafar friður og ró, sem fer ekki alveg saman við það sem hefur sést af Nirði upp á síðkastið. Hann hefur til dæmis gengið fram og heimtað að hér verði stofnað nýtt lýðveldi. Hann skýrir þetta misræmi með því að flest ljóðin hafi verið skrifuð fyrir bankahrunið. En mörg þeirra passa við nýja tíma.

Í þriðja hluta bókarinnar, Þú hittir sjálfan þig fyrir, má til dæmis finna sígildar vangaveltur tengdar sjálfsskoðun einstaklingsins.




„Ef maður fer að hugsa almennilega um ástandið þá er þetta hrun afleiðing af okkar eigin hugsunargangi. Búdda segir að við séum það sem við hugsum. Allt sem við erum sprettur af hugsunum okkar, og með hugsunum sköpum við heiminn. Það sem gerist hjá okkur kemur innan frá. Við þurfum að horfast í augu við okkur sjálf og hætta að vera ginningarfífl. Það var enginn sem neyddi okkur til að gera það sem við gerðum. Við dönsuðum með eins og fábjánar. Hugsunarlaust,“ segir Njörður og rifjar upp Spaugstofuna, þegar hún fjallaði um dótistana.

„Ef við höldum að tilgangur lífsins sé að safna í kringum okkur drasli eða að tilgangurinn sé fótbolti, til hvers erum við þá að lifa?

**Samkennd það sem öllu skiptir**

Njörður kveður tilganginn felast í samlíðun, frekar en sókn eftir vindi. „Dalai Lama segir að það sé ekki nauðsynlegt að iðka trú. Trúariðkun er engin trygging fyrir góðri manneskju, en það sem er alveg nauðsynlegt er samkennd,“ segir hann. Samkennd og virðing.

„Allt of marga í okkar fámennu þjóð skortir virðingu fyrir öðrum og sjálfum sér. Á þjóðfundinum um daginn var talað um heiðarleika en heiðarleiki án sjálfsvirðingar er ómögulegur.“

Án þessa sé útséð með árangur af lýðræði og samfélagi. Gott dæmi séu dónalegir þingmenn sem gjamma í sífellu.

„Íslendingar kunna ekki að ræða saman. Það er eins og allar samræður eigi að vera hanaat. Og hver er árangurinn af hanaati?“

**Niðurstaðan**

Það getur enginn verið sáttur við sjálfan sig nema búa að innri friði, segir Njörður. Allt kemur innan frá, allt byrjar þar.

„En við erum svo grunnhyggin að við höldum að við getum leyst andleg vandamál með ytri aðgerðum. Við læknum ekki þunglyndi með plástri. Þegar fjörutíu prósent af umferðarslysum eru vímuslys, sem aldrei eru skrásett sem slík, þá ætla menn að fara að leysa það með því að tvöfalda veg!“

Hann segir í lokin að Íslendingar eigi að stofna nýtt lýðveldi með nýrri stjórnarskrá, byrja með autt blað. Maður í brunarústum byggi sér nýtt hús.

„Við höfum beðið ósigur fyrir okkur sjálfum. Ef maður missir vald á lífi sínu hvað gerir maður þá? Maður játar vanmátt sinn og byrjar upp á nýtt.“

## ÚR SUMARLJÓÐUM VIÐ SJÓINN

Tveir stubbar
skima fram úr skálmunum
Hann hefur útbúið sér
ofurlítinn fleka
og ýtir sér áfram
á hnúunum

Gangstéttin er sæmilega
greiðfær
en rauð mold Afríku erfiðari

Ég held hún sé úr blóði
segir hann og brosir
Hann biður ekki um neitt
en bíður þarna
á gatnamótunum
á hverjum morgni

Þannig urðum við málvinir

Mig munar lítið um
að lauma að honum
litlum seðli
- eins konar aðgöngumiða
að afsökun

OPIÐ
TIL 22:00
ÖLL KVÖLD
til jóla

# Mest seldu spilin
## í Hagkaup




Skilamiði
Þessi vara er keypt í Hagkaup og fæst skilað eða skipt.
Skilafrestur bóka 11. jan. 2010
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár


ELÍZA NEWMAN


KIMONO

## > Í SPILARANUM

Elíza Newman - Pie in the Sky
Minningartónleikar um Rúnar Júlíusson 2. maí 2009
Bjarni Hall - The Long Way Home
Steve Sampling - Milljón mismunandi manns
Kimono - Easy Music for Difficult People

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Kappar í Broken Bells

Tónlistarmennirnir Danger Mouse og James Mercer úr indípoppbandinu The Shins leiða saman hesta sína og gera saman plötuna Broken Bells. Platan á að koma út 8. mars næstkomandi en fyrsta lagið sem heyrist verður sett á heimasíðuna Brokenbells.com á mánudaginn, „The High Road“.

Hugmyndin kviknaði fyrir fimm árum þegar kapparnir hittust baksviðs á Hróarskelduhátíðinni. Félagarnir segja að músíkin sé ólík öllu sem þeir hafi áður gert, þetta sé melódísk tónlist en mjög tilraunakennd. Allt er handspilað á plötunni og allar tölvur og slík tól fjarverandi. Þeir kalla Broken Bells-dæmið tveggja manna hljómsveit og gera allt sjálfir á plötunni.


**TILRAUNAKENNT** Broken Bells.



## > Plata vikunnar

Dikta - Get It Together

★★★

Fín plata frá Diktu en nær ekki að halda athygli allan tímann. Rödd Hauks Heiðars er eftirminnileg í ballöðunum.



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

## *Kynslóðaskipti í tónlistarútgáfu*

Þó að ég hafi engar opinberar tölur séð um það ennþá sýnist mér að fjöldi útgefinna platna á Íslandi sé svipaður í ár og undanfarin ár og það þrátt fyrir kreppuna og margumræddan samdrátt í sölu á tónlist í heiminum. Það verður að teljast nokkuð merkilegt þó að það stefni í að seld eintök verði eitthvað færri í ár en í fyrra.

Það sem vekur ekki síður athygli er að það virðast vera kynslóðaskipti í plötuútgáfunni. Undanfarin ár hafa Sena, Smekkleysa, Geimsteinn, Zonet og 12 Tónar verið umsvifamestu útgáfurnar, en í ár er landslagið gjörbreytt. Sena er að sönnu enn stærst, en titlum hjá henni hefur fækkað eitthvað og stór hluti af heildinni eru safnplötur og endurútgáfur. Smekkleysa er enn sterk í klassíkinni og gefur út listamenn eins og Björk, Sigurrós og Gus Gus, en að öðru leyti hefur hún stigið til baka. 12 Tónar, Zonet og Geimsteinn hafa svo allar dregið verulega saman seglin.

Það eru hins vegar nokkrar nýjar og nýlegar útgáfur sem koma sterkar inn á árinu og bera hitann og þungann af nýsköpun á markaðnum. Borgin kemur sterk inn á sínu fyrsta starfsári með níu plötur þar á meðal titla eins og Hjálma og Hjaltalín. Kimi og undirmerkið Brak eru samtals með fjórtán plötur þar á meðal Morðingjana og Kimono, Record Records eru með fjóra mjög sterka titla þar á meðal Sykur og Bloodgroup, Kölski er með þrjár, t.d. Diktu, jafnmargar og Paradísarborgarplötur sem gefa m.a. út fyrstu plötu Deathmetal Supersquad.

Ekki má gleyma Dimmu sem hefur verið til í allmörg ár og er orðin aðalútgáfan í djassinum og er með nokkrar mjög flottar útgáfur í ár, t.d. með Árna Heiðari Karlssyni og Sigurði Flosasyni. Og svo eru það minni útgáfur og allir einyrkjarnir og þeir sem eingöngu gefa út stafrænt, en á Gogoyoko er t.d. töluvert af íslenskri tónlist sem ekki er komin í fast form.

Góðu fréttirnar eru að það er ekki bara fjöldinn sem er svipaður – gæðin hafa heldur ekki minnkað.


**BLOODGROUP** Ein þeirra sveita sem eru á mála hjá Record Records.






# Berndsen hefur engan áhuga á að vera umdeildur

**Davíð Berndsen hefur gefið út sólódisk undir listamannsnafninu Berndsen, Lover in the dark. Þar má finna hressandi hljóðgervlavætt eitíspopp. Þó að diskurinn sé skráður á Berndsen á vinur Davíðs, Sveinbjörn Thorarensen (Hermigervill), stóran hlut í disknum og spilar á alla hljóðgervlana á honum.**


**FÆR AÐDÁENDABRÉF FRÁ FRAMANDI LÖNDUM** Tónlist Davíðs Berndsen hefur farið víða í kjölfar dreifingar á myndböndum hans. Nú er hann kominn með plötu, fulla af glimrandi góðu eitís-poppi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við kynntumst úti í Hollandi þegar við vorum báðir í S.A.E. skólanum (Sound Audio Engineering),“ segir Davíð, sem vinnur nú sem hljóðmaður á RÚV. „Við þekktumst ágætlega en urðum ekki bestu vinir fyrr en ég spurði hann hvort hann þekkti Blade Runner sándtrakkið eftir Vangelis. Þá sagði hann bara: Það er uppáhaldsplatan mín! Þegar við komumst að því að mömmur okkar hétu báðar Eydís small þetta svo allt endanlega saman!“

### Aðalkallinn sá um þetta

Davíð og Sveinbjörn deila gríðarlegum áhuga á tónlist níunda áratugarins. „Hann kynnti mig fyrir heimi hljóðgervlanna. Ég átti alltaf bara eitthvað drasl og spilaði eiginlega meira á gítar. Þegar ég var kominn með synta fórum við að vinna þetta saman. En þegar platan var tilbúin kom í ljós að hann spilaði á alla syntana, enda lætur maður náttúrlega aðalkallinn bara sjá um þetta. Hann er svoddan herforingi og vill hafa stjórn á þessu.“

Sveinbjörn er nú fluttur til Belgíu og reynir að meika það sem tónlistarmaður, en hann hefur verið stórtækur á íslensku senunni í ár. Auk þess að spila á plötu Berndsen gaf hann út í sumar hina frábæru plötu Hermigervill leikur vinsæl íslensk lög. En hvað er það við eitís-tónlistina sem er svona æðislegt?

„Ég er náttúrlega fæddur 1985 og pabbi hlustaði svo mikið á svona músík að það sogaðist inn. Þegar ég byrjaði að fikta í syntum þá mundi maður eftir öllum þessum sándum. OMD eru í miklu uppáhaldi. Ég er nýlega búinn að kynnast þýska bandinu Twins, sem var með smellinn Face to Face. Ég hlusta mikið á Ultravox, Falco, Human League og bara allt þetta dót. Ég þyrfti eiginlega að fara að hlusta á einhverja aðra músík því ég er búinn að vera með þetta á repeat í tvö ár meðan ég hef verið að gera plötuna!“

Eðlilega er Davíð vel að sér í þróun hljóðgervla og segir að þetta fari allt í hringi. Það sem er svalt í dag er hallærislegt á morgun. „Núna er fólk að nota synta í allt og það er mikil eftirspurn í gömlu syntunum frá því um 1980. Þeir hafa hækkað rosalega á Ebay. Ég á svo sem engar rosalegar græjur og ekkert af því sem ég á kostaði meira en hundrað þúsund kall. Draumurinn er Roland Jupiter 8.“

### Ekki áhugi fyrir að vera umdeildur

Berndsen hefur farið ótroðnar slóðir við að vekja athygli á sér. „Tölvuleikjamyndband“ við lagið Lover in the dark hefur vakið lukku, en í sumar sló myndband við lagið Supertime í gegn, og það vakti deilur fyrir að vera blóðugt og sýna bílslys í áður óséðu ljósi. „Ég hef nú engan áhuga á að gera eitthvað álíka aftur, enda hef ég engan áhuga á að vera umdeildur,“ segir Davíð. „En það er æðislegt hvað þetta myndband hefur gengið vel. Það hefur spreðast út um allar trissur eins og vírus á netinu. Ég er búinn að fá hvílíkt mikið af aðdáendabréfum frá ólíklegustu stöðum. Það er svo fyndið hvaðan þessi bréf koma, til dæmis mjög mikið frá Brasilíu, Póllandi og Litháen. Ég er svo næs að ég er stundum heilu dagana að svara. Strákarnir sem gerðu myndbandið – ungir strákar hjá fyrirtæki sem heitir Draft – eru byrjaðir að plotta næsta myndband við lagið Young Boy og það verður nú eitthvað. Fólk er að spyrja mig: Hvað, átt þú bara milljónir til að gera myndbönd?, en ég á náttúrlega ekki krónu. Þetta er allt gert með lágmarks fjármagni af strákum sem þurfa að sanna sig til að koma sér áfram í þessum bransa.“

Davíð hefur sett saman hljómsveit. „Í staðinn fyrir að hafa tölvu og ýta á „play“ vildi ég hafa band og ekkert „playback“. Það er auðvitað miklu meiri vinna. Bandið byrjaði að æfa fyrir þremur mánuðum svo við erum að smella. Ég er þegar byrjaður að plotta næstu plötu og ég held að það verði auðveldara að semja hana með hljómsveit.“

Hljómsveitin Berndsen spilar á Jól Jólsson kvöldinu á Hótel Íslandi annað kvöld en Berndsen stefnir á útgáfutónleika 23. janúar. „Þá verð ég 25 ára og ég bókaði Sjallann á Akureyri að því tilefni. Mér fannst það snilld því ég er fæddur á Akureyri. Eigandinn var mjög hress fyrir þessu. Ég lofaði honum að það yrði troðið út úr dyrum!“

**Dr. Gunni**

# Crazy er besta lagið

Nú hefur tímaritið Rolling Stone fylgt eftir lista sínum yfir bestu plötur áratugarins með lista yfir 100 bestu lögin. Ekkert íslenskt lag er á þessum lista en eins og kunnugt er voru þrjár íslenskar plötur á listanum yfir bestu plöturnar. Það er alls kyns vinsældapopp og rokkslagarar sem spekingar Rolling Stone velja á listann, en besta lagið er Crazy með Gnarls Barkley. Í öðru sæti er Jay-Z með 99 Problems og Beyoncé er með Crazy in Love í þriðja sæti. Síðan kemur Outkast með Hey Ya!, M.I.A. með Paper Planes, The White Stripes með Seven Nation Army, Yeah Yeah Yeahs með Maps og Amy Winehouse með Rehab. Jálkarnir í U2 ná níunda sæti með Beautiful Day og Eminem er í tíunda sæti með Stan.


**GNARLS BARKLEY** Rolling Stone finnst Crazy besta lag áratugarins.






**EYGLÓ**

Dúnúlpa með hettu og ekta loðkraga. Úlpan er aðsniðin og mjög kvenleg. 2 hefðbundnir vasar. Fylling er 95% dúnn og 5% fiður sem gerir úlpuna létta og hlýja.

**29.990 kr.**



**ELÍSA**

Dúnvesti fyrir dömur, með hettu og ekta loðkraga sem hægt er að taka af. Ysta lag dúnhelt japanskt efni. Fyllingin er einstaklega létt dúnblanda með 95% dún og 5% fiðri. Þessir eiginleikar gera dúnvestið mjög hlýtt og notalegt.

**15.990 kr.**



**ELÍN**

Dúnvesti með hettu og ekta loðkraga. 2 hefðbundnir vasar. Fylling er 95% dúnn og 5% fiður sem gerir vestið létt og einkar hlýtt. Vestið passar fullkomlega utan yfir Cintamani flíspeysu eða Tecnostretch.

**14.990 kr.**



**Asics Lethal Tigreor SG**

Skór sem veita hámarksþægindi og endast einstaklega vel. Léttir skór með vel staðsettum tökkum sem gefa gott grip. Asics Lethal Tigreor SG er með SoLyte dempara í hæl sem kemur í veg fyrir álag og bólgur í fæti.

**9.990 kr.**



**Asics Lethal Tigreor**

Flottir gras- og gervigrasskór með stórum tökkum sem gefa gott grip og endast vel. Lethal Tigreor er með SoLyte dempara í hæl sem kemur í veg fyrir álag og bólgur. Lethal Tigreor er einstaklega léttur og þægilegur.

**9.990 kr.**



**Asics Lethal Tigreor IT**

Léttir og þægilegir skór sem gefa frábært grip. Staðsetning á tökkum, stærð þeirra og mótun auka grip, snerpu og hraða og gera skóna þægilegri og endingarbetri í alla staði. Lethal Tigreor IT er með SoLyte dempara í hæl sem kemur í veg fyrir álag og bólgur.

**5.990 kr.**

**A3 OUTLET**

AUSTURHRAUNI 3 · 210 GARÐABÆ · SÍMI 533 3811

> **VÍSAR BILBO Á DYR**

Tobey Maguire hefur vísað því á bug að hann muni leika Bilbo Baggins í Hobbitanum, forleiknum að Hringadrottinssögu sem Guillermo del Toro leikstýrir og Peter Jackson framleiðir. Hann ku vera upptekinn við að leika Peter Parker, betur þekktan sem Spiderman.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Styttist í Bjarnfreðarson

Fáheyrt er að beðið sé eftir íslenskri bíómynd með jafn mikilli eftirvæntingu og beðið er eftir Bjarnfreðarsyni. Myndin verður forsýnd um helgina í Sambíóunum og verður miðasala á sýningarnar þar. Myndin tekur upp þráðinn þar sem Fangavaktin skildi við hana eða þegar Georg losnar úr fangelsi og reynir að hefja nýtt líf. Jafnframt verður brugðið upp svipmyndum af æsku Georgs sem var í meira lagi undarleg og stjórnað af baráttukonunni Bjarnfreði.

Aðstandendur Bjarnfreðarsonar hafa verið duglegir við að beita ýmsum óhefðbundnum meðulum í kynningu á myndinni. Samskiptasíðan Facebook hefur verið notuð óspart og á myndin nú fjórtán þúsund aðdáendur. Þeir bíða væntanlega allir spenntir eftir því að berja myndina augum. Þá mun Pétur Jóhann Sigfússon bregða sér í gervi Ólafs Ragnars og stjórna morgunþætti á FM 957 á föstudaginn. Ástæðan er víst sú að Ólafur Ragnar er ráðinn á útvarpsstöðina sem kynnir í myndinni um Bjarnfreðarson. Myndin verður síðan frumsýnd formlega hinn 26. desember en í aðalhlutverkum eru sem fyrr áðurnefndur Pétur, Jón Gnarr og Jörundur Ragnarsson. Leikstjóri er Ragnar Bragason en hann hefur gefið það út, formlega, að þetta verði síðasti naglinn í líkkistu þessa fyrirbæris.



**KÍKIR Í BÍÓ** Bjarnfreðarson verður forsýnd í Sambíóunum um helgina og þá verður loksins bundinn endahnútur á sögu Vaktar-þríeykisins.

Sambíóin forsýna aðra mynd um helgina. Það er The Princess and the Frog og er teiknimynd frá Disney-risanum. Myndin markar nokkur tímamót því þetta er fyrsta myndin í ansi langan tíma þar sem notast er við gömlu teiknimyndatæknina en ekki tölvutækin eins og hátturinn hefur verið á undanfarin ár. Það virðist hafa skilað sér því myndin er tilnefnd til Golden Globe-verðlaunanna.

**- fgg**





## FÆR GÓÐA DÓMA

**Sigourney Weaver** hefur fengið góða dóma fyrir leik sinn í Avatar og það er mörgum gleðiefni að þetta hörkutól skuli loks fá almennilegt hlutverk eftir að hafa nánast legið í dvala frá því **Ellen Ripley** var og hét.

# Sigourney snýr aftur

James Cameron, leikstjóri Avatar, var sniðugur þegar hann taldi Sigourney Weaver á að leika dr. Grace Augustine í myndinni. Dr. Augustine er sú sem hannar Avatar-líkamana sem gerir mönnunum kleift að rannsaka hina forboðnu plánetu Pandora og komast í kynni Na'vi-þjóðflokkinn. Í huga aðdáenda svokallaðra sci-fi-mynda er Sigourney Weaver gyðja og Ellen Ripley og barátta hennar við geimverurnar á hinni óþekktu plánetu í Alien-myndaflokknum mun lifa um ókomna tíð. Að minnsta kosti í þessum geira. Í fjölmiðlum þar vestra hafa áhangendur Alien-myndanna fagnað því ákaft að loksins skuli Sigourney fá alvöruhlutverk, miðaldra vísindamenn þurfi nefnilega ekki alltaf að vera karlar.

Endurkomu Sigourney hefur verið fagnað af kvikmyndaaðdáendum um allan heim. Enda hefur þessi magnaða leikkona haft fremur hægt um sig og smám saman verið að hverfa á vit sjónvarpsþátta. Enda eru ekkert mörg kvikmyndahandrit í Hollywood um þessar mundir sem eru klæðskerasniðin fyrir konu sem er nýorðin sextug. Síðasta „stórmynd" sem Sigourney lék í var einmitt Alien: Resurrection en það er fjórða og síðasta myndin í þessum magnaða bálki. Fram að því hafði Sigourney haft úr flottum verkefnum að velja en því miður er æskudýrkunin allsráðandi í kvikmyndaborginni Hollywood.

Sigourney virðist hafa þá ásýnd og útgeislun að hún leikur yfirleitt konur sem éta karla í morgunmat. Hún var til að mynda tilnefnd fyrir leik sinn í kvikmyndinni Working Girl þar sem hún þrælaði Melanie Griffith út. Sama ár, 1989, var hún tilnefnd fyrir hlutverk sem var svolítið ólíkt hennar helstu persónum, hún lék Dian Fossey í Michael Apted-kvikmyndinni Gorillaz in the Mist en gengið var fram hjá henni í bæði skiptin.

# Ein af stjörnum 2010

Sam Worthington, sem leikur Jake Sully í Avatar, gæti hugsanlega orðið næsta stórstjarna Hollywood ef marka má árlegan lista Forbes. Bandaríska viðskiptatímaritið birti á dögunum lista yfir þá tíu leikara sem setja munu mark sitt á árið 2010 og er Worthington á honum.



**WORTHINGTON**






# Stjarnfræðilegur Cameron

**Peningamönnum í Hollywood rennur kalt vatn milli skinns og hörunds þegar þeir heyra James Cameron nefndan á nafn. Kannski er það engin furða, því Cameron hikar ekki við að reyna að breyta kvikmyndasögunni einn síns liðs.**





## AVATAR CAMERONS

Einhverjir kynnu að telja **Cameron** hafa snert af mikilmennskubrjálæði, hann lýsti því jú yfir sjálfur að hann væri konungur heimsins á Óskarsverðlaununum um árið. Nýjasta kvikmynd hans, **Avatar**, er mikið tækniundur, nýrri kvikmyndatökutækni er beitt sem ýmsir telja að muni breyta ásýnd kvikmyndanna næstu áratugina.

NORDIC PHOTOS/AFP

Nýjasta kvikmynd James Cameron, Avatar, hefur framkallað svipaða spennu, ef ekki meiri, og þegar fyrsta Hringadróttins-kvikmyndin var frumsýnd. Og voru kvikmyndaáhugamenn þá eins og sjö ára börn klukkan hálfsex á aðfangadagskvöldi. Myndin gerist á plánetunni Pandora árið 2154 og segir frá leitarflokki sem hyggst finna auðlindir plánetunnar og rannsaka hvort hægt sé að nýta þær í þágu jarðarbúa. Andrúmsloftið á Pandora er einstakt, dýralífið engu líkt og þar ræður ríkjum þjóðflokkur sem nefnist Na'vi. Þeir sem tilheyra honum búa í sátt og samlyndi við umhverfi sitt, eru þrír metrar á hæð og hafa ótrúlega hreyfigetu. Til að mannfólkið geti komist í tæri við þessa plánetu upp á eigin spýtur hefur vísindahópur leiðangursins hannað sérstaka genabreytingu sem gerir þá í hópnum líka Na'vi. Fremstur í flokki er hermaðurinn Jake Sully sem er lamaður fyrir neðan mitti eftir skotárás en með genabreytingunni er honum hins vegar gert kleift að ganga upp á nýtt. Sully heillast af þessum bláa þjóðflokki og þegar Na'vi-menn gera sér grein fyrir innrás mannfólksins undirbúa þeir vörn plánetunnar og Sully þarf að ákveða hvorum megin hann vill vera.

### Cameron sem guð

Orðið Avatar er tekið úr sanskrít og þýðir umbreyting guðlegrar veru í manneskju. Það þarf ekki að koma neinum kvikmyndaáhugamanni á óvart að James Cameron skuli einmitt hafa valið þetta orð. Hann kemur nefnilega mörgum þannig fyrir sjónir að vilja leika Guð hvað hvíta tjaldið varðar. Enginn opinber kostnaður hefur verið gefinn upp í kringum Avatar en margir sérfræðingar vestan hafs skjóta á 500 milljónir dala sem líklega upphæð. Slíkar tölur eru náttúrlega stjarnfræðilegar á íslenskan mælikvarða miðað við núverandi gengi, sem gerir kostnaðinn 63 milljarða króna samkvæmt myntbreytu Arion banka.

True Lies, önnur mynd Camerons, fékk þann stimpil að vera „dýrasta mynd kvikmyndasögunnar" enda fékk leikstjórinn að láni orrustuþotu frá bandaríska hernum. Leigan á þeim er víst engir smáaurar. Brýr voru þar að auki sprengdar og svo var Arnold Schwarzenegger í aðalhlutverkinu. Ekki má heldur gleyma stórmyndum á borð við The Abyss, Terminator-kvikmyndunum tveimur sem Cameron leikstýrði og svo Aliens, sjálfstæðu framhaldi geimverukvikmyndar Ridley Scott frá 1978. Cameron kann þá list, sennilega manna best, að búa til alvöru stórmyndir.

### Titanic-æðið

En það var með Titanic sem Cameron varð hálfgerður kóngur, eins og hann sagði reyndar sjálfur þegar hann rústaði Óskarinn fyrir tólf árum. Hún er í níunda sæti yfir dýrustu kvikmyndir sögunnar og Cameron breytti með henni hugmyndum Hollywood um hvernig mætti gera kvikmynd. Hann skaut Kate Winslet og Leonardo DiCaprio svo hátt upp á stjörnuhimininn að þau verða alla ævi að ná sér þaðan niður og hann varð sjálfur hálfgerð goðsagnapersóna.

Titanic var Cleopatra nýrrar kynslóðar. Skipslíkanið af þessu mikla fleyi heillaði heimsbyggðina og þótt flestir fái grænar bólur þegar þeir heyra Celine Dion syngja My Heart Will Go On er ekki hægt að horfa framhjá þeirri staðreynd að Titanic fékk hvorki á sig brotsjó né sigldi á ísjaka heldur komst í örugga höfn magnaðrar miðasölu. Áhorfendur um allan heim greiddu tvo milljarða dala. Myntbreyta Arion banka lýgur ekki: 253 milljarðar íslenskra króna. Bara í miðasölu.

### Tækninýjungar

Of langt mál færi í að telja upp allar þær tækninýjungar sem hafa verið þróaðar í kringum Avatar. En nefna má að Cameron skrifaði handritið að Avatar 1994 en sagðist ekki ætla að gera hana fyrr en kvikmyndatæknini hefði fleygt nægjanlega mikið fram til að hægt væri að gera hana eins og hann vildi. Cameron þróaði sérstakar tökuvélar fyrir myndina og sviðsmynd sem gerir leikurunum kleift að komast í tæri við tæknibrellurnar sjálfar. Myndin verður sýnd í „venjulegri" vídd og svo þrívídd en þeir sem hafa séð brot úr myndinni í báðum gæðum segja það vera eins og að líkja saman eplum við appelsínur; þrívíddarútgáfan sé svo sannarlega eitthvað nýtt í kvikmyndatækninni og sýni það og sanni að bíóheimurinn geti þróast áfram.

Og hvað svo, kynni einhver að spyrja. Er möguleiki fyrir Cameron að seilast enn nær sólinni? Og fer þá ekki fyrir honum eins og Íkarusi. Cameron trúir því auðvitað ekki sjálfur, hann hefur lýst því yfir að ef Avatar gangi vel muni tvær framhaldsmyndir líta dagsins ljós. Síðan hefur hann verið að vinna að kvikmynd af svipaðri stærðargráðu sem á að rata í kvikmyndahús eftir tvö ár. Allavega er hægt að bóka eitt: Cameron mun ekki leikstýra rómantískri gamanmynd í litlu sveitaþorpi með Jennifer Aniston og Mark Ruffalo í aðalhlutverki, svo mikið er víst.

## HELSTU KVIKMYNDIR CAMERONS

**Terminator** (1984)
Aðalhlutverk: Arnold Schwarzenegger og Linda Hamilton
Kostnaður: 6,4 milljónir dala

**Aliens (1986)**
Aðalhlutverk: Sigourney Weaver og Michael Biehn
Kostnaður: 18,5 milljónir dala

**The Abyss** (1989)
Aðalhlutverk: Ed Harris og Mary Elizabeth Mastrantonio
Kostnaður: 69,5 milljónir dala

**Terminator 2** (1991)
Aðalhlutverk: Arnold Schwarzenegger og Edward Furlong
Kostnaður: 102 milljónir dala

**True Lies** (1994)
Aðalhlutverk: Arnold Schwarzenegger og Jamie Lee Curtis
Kostnaður: 110 milljónir dala

**Titanic** (1997)
Aðalhlutverk: Leonardo DiCaprio og Kate Winslet
Kostnaður: 200 milljónir dala



4 TILNEFNINGAR
TIL GOLDEN GLOBE VERÐLAUNA
BESTA MYND - BESTI LEIKSTJÓRI - BESTA TÓNLIST - BESTA LAG
MIÐNÆTURSÝNINGAR Í 3-D
SÝNINGAR Í KVÖLD KL. 12 Á MIÐNÆTTI Í SMÁRABÍÓI,
LAUGARÁSBÍÓI OG HÁSKÓLABÍÓI Í STAFRÆNNI ÞRÍVÍDD!
JÓLAMYNDIN 2009
AVATAR
★★★★★
„IT'S BEEN TWELVE YEARS SINCE TITANIC, BUT THE KING OF THE WORLD HAS RETURNED WITH A FLAWED BUT FANTASTIC TOUR DE FORCE“
- EMPIRE
LG
Black Label Series
★★★★★
„AVATAR IS LIKE NOTHING ELSE YOU'VE EVER SEEN. AND BELIEVE ME - YOU NEED TO SEE IT.“
-NEWS OF THE WORLD
MISSIÐ EKKI AF BÍÓUPPLIFUN ÁRSINS!
BYLTINGARKENND STÓRMYND EFTIR JAMES CAMERON, LEIKSTJÓRA TITANIC!
DOLBY 3d
SMÁRABÍÓ
REGNBOGINN
HÁSKÓLABÍÓ
BORGARBÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
SAMBÍÓIN KEFLAVÍK
realD
facebook.com/smarabio
UPPLÝSINGAR UM SÝNINGARTÍMA Á midi.is
www.sena.is/avatar

nettó
Ódýrt fyrir heimilið!



## HAMBORGARHRYGGUR
KEA

30% afsláttur

1.329 kr/kg
áður 1.898 kr/kg

# Bráðum koma...

## HANGILÆRI
ÚRBEINAÐ

38% afsláttur



1.859 kr/kg
áður 2.998 kr/kg

KJÖTSEL

## HANGIFRAMPARTUR
ÚRBEINAÐUR

35% afsláttur



1.299 kr/kg
áður 1.998 kr/kg

## SKELFLETTUR HUMAR
500g




599 kr/kg
áður 855 kr/kg

## HUMAR, SKELBROT
1kg

30% afsláttur




599 kr/kg
áður 855 kr/kg

## FÓTBOLTAMYNDIRNAR
FÁST HJÁ OKKUR




## HREINDÝRAPATÉ

27% afsláttur



799 kr/kg
áður 1.095 kr/kg

GOÐI

## KALKÚNAHELGARSTEIK

41% afsláttur



1.980 kr/kg
áður 3.356 kr/kg

ÍSFUGL

## HUMARASKJA
2kg




3.595 kr/kg
áður 5.798 kr/kg

www.markhonnun.is

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær




## HANGILÆRI
ÚRBEINAÐ

KEA

**2.239** kr/kg
áður 3.198 kr/kg

# blessuð jólin

### LAMBAFILLET
M/FITU, FROSIÐ

ÓDÝRT



**2.998** kr/kg

### GILLE PIPARKÖKUR
500g



**598** kr/ds.

### EGILS APPELSÍN
2l




**199** kr/stk.
áður 399 kr/stk.

### LAMBALÆRI
FROSIÐ

ÓDÝRT



**1.198** kr/kg

### VIKING MALTÖL
0,5l




**99** kr/stk.

### VIKING JÓLABLANDA
0,5l




**139** kr/stk.

### GILLE PIPARKÖKUR
250g POKI



**158** kr/pk.
áður 225 kr/pk.

### JÓLASVEINASLEIKJÓ
4 STK.



**198** kr/pk.

Birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda 17. - 20. desember eða meðan birgðir endast

## > ÓTTAST FÆÐINGUNA

Christina Milian segist vera stressuð fyrir fæðingu dóttur sinnar og óttast helst að hún fæðist fyrir tímann. Söngkonan gengur nú með sitt fyrsta barn og er settur fæðingardagur í febrúar á næsta ári, en hún giftist upptökustjóranum og lagahöfundinum The Dream í september síðastliðnum.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Ari Eldjárn gerir gríndisk

Platan Grín skrín með gamanmálum Ara Eldjárn kemur út í dag og verður til í Eymundsson. Þar eru grínatriði sem Ari hefur verið að troða upp með á þessu ári, bæði í útvarpi og á sviði. „Þarna eru nokkrir sketsar, meðal annars Bubbi á færibandi, og heilt uppistand. Þar er fjallað um Björgvin G. Sigurðsson, Búsáhaldabyltinguna, Hr. Hafnarfjörð, leðurhomma, Bubba í Idol 1980, Þursaflokkinn í Playstation og fleira,“ segir Ari. „Þetta er svo fersk plata að nýjasti sketsinn er þriggja daga gamall. Hann gengur undir nafninu Jarðarför aldarinnar og fjallar um auglýsingagerðarmann sem hefur unnið hjá FM í tuttugu ár og fær það verkefni að gera auglýsingu fyrir erfidrykkju gamals manns. Ég sendi nokkrum kunningjum mínum hann til skoðunar og svo var hann allt í einu bara kominn út um allt á netinu daginn eftir. Sjálfum Svala á FM fannst hann svo fyndinn að hann hringdi í mig og bauð mér í viðtal. Ég er bara á leiðinni.“

Ari er hluti af grínteyminu Mið-Ísland, sem er það sniðugasta sem hefur verið að gerast í grínmálum landsins lengi. Ari er líka einn af þeim sem skrifa Skaupið í ár og nú er hann búinn að gefa út disk. Hann hefur meira að segja verið í Kastljósinu með gamanefni sitt! Er hægt að toppa þetta?„Þetta er allavega eitthvað,“ segir hann, „en ég held samt að 2010 verði meira ár. Ég ætla að vera mjög virkur enda er mikið af fólki sem er í góðu stuði fyrir grín.“ Hópurinn Mið-Ísland treður upp á Batteríinu (áður sadó-masóklúbburinn Ýmir) á föstudagskvöldið og þar koma fram ásamt Ara þeir Bergur Ebbi, Dóri DNA og Jóhann Alfreð auk þess sem Þorsteinn Guðmundsson og Hugleikur Dagsson verða sérstakir gestir. Ari kynnir svo Grín skrínið í verslun Eymundsson í Kringlunni á laugardaginn kl. 16. **- drg**



**2010 VERÐUR ÁRIÐ** Ari Eldjárn úr hópnum Mið-Ísland gefur út Grín skrín, geisladisk með gamanmálum sínum.

# Talar gegn ofbeldi

Leikkonan Halle Berry hefur unnið sem sjálfboðaliði í kvennaathvarfi í Los Angeles um nokkurt skeið. Hún hefur einnig gerst talsmaður Jenesse-samtakanna sem berjast gegn heimilisofbeldi og styrkir samtökin að auki fjárhagslega. „Ég varð vitni að því þegar faðir minn beitti móður mína grófu ofbeldi og ég gat ekkert gert til að stöðva það. Faðir minn sló móður mína af engu tilefni. Ég veit hvaða áhrif ofbeldi sem þetta hefur á fjölskyldur, ég hef upplifað það sem þessar konur eru að ganga í gegnum,“ viðurkenndi Berry sem fyrirgaf föður sínum aldrei harðræðið. Hún segir móður sína enn spyrja sig þeirrar spurningar af hverju hún hafi ekki flúið aðstæðurnar.

Berry er nú í sambandi með kanadísku fyrirsætunni Gabriel Aubry og eiga þau saman tveggja ára gamla dóttur, Nahla. Hún segist vera hamingjusöm en viðurkennir að hafa ekki alltaf valið réttu mennina til að vera með. „Ég valdi ranga menn. Þeir voru ekki alltaf góðir,“ sagði Berry, sem missti heyrn á öðru eyra eftir að fyrrverandi kærasti sló hana.



**TALSMAÐUR GEGN OFBELDI** Halle Berry missti heyrn á öðru eyra eftir barsmíðar fyrrverandi kærasta.



**VERÐLAUNAHAFAR** Kraumsverðlaunin voru afhent í annað sinn gær við hátíðlega athöfn. Hér stilla verðlaunahafarnir sér upp saman. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Dæmd á skólabekk

Lindsay Lohan verður að sækja áfengisfræðslutíma vikulega. Leikkonan, sem er á skilorði vegna ölvunaraksturs, hefur nú verið dæmd til að sækja fræðslu um áhrif áfengis og verða fræðslutímarnir að vera algjört forgangsatriði hjá henni.

Dómurinn var kveðinn upp í dómsalnum í Beverly Hills á þriðjudag og samkvæmt slúðurvefsíðunni TMZ sagði dómarinn Marsha Revel að það væri sama hvað kæmi upp hjá Lohan, hvort sem það tengdist vinnu eða ekki þá yrði hún að mæta í tímana. Þá hefur leikkonan tíma til 15. júlí á næsta ári til að ljúka sex mánaða fræðslu.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Lindsay er tekin fyrir akstur undir áhrifum. Árið 2007 var hún tvisvar sinnum handtekin undir áhrifum kókaíns. Þá var hún einnig í tvígang tekin fyrir að keyra undir áhrifum áfengis.

Leikkonan hefur verið í Indlandi upp á síðkastið þar sem hún tekur upp mynd um mansal þar í landi, en er nú komin aftur til Bandaríkjanna þar sem hún ætlar að eyða jólunum.



**HEFUR SEX MÁNUÐI** Lindsay Lohan verður að vera búin að ljúka sex mánuðum af áfengisfræðslu fyrir 15. júlí á næsta ári.

# Fengu Kraumsverðlaunin

**Sex flytjendur fengu Kraumsverðlaunin afhent í gær. Meðal þeirra voru hljómsveitirnar Bloodgroup og Hjaltalín.**

Um er að ræða sérstaka viðurkenningu Kraumstónlistarsjóðs til þeirra verka sem hafa þótt framúrskarandi, frumleg og spennandi í íslenskri plötuútgáfu á árinu. Kraumur mun styðja við sigurplöturnar og jafnframt auka möguleika flytjendanna á að koma þeim á framfæri utan landsteinanna með því að kaupa ákveðinn fjölda af plötunum og dreifa til ýmissa starfsmanna tónlistarbransans erlendis.

Dómnefnd Kraumslistans er skipuð sextán aðilum sem hafa síðustu ár starfað við umfjöllun og spilun á íslenskri tónlist á ýmsum sviðum fjölmiðlunar. Formaður dómnefndar er Árni Matthíasson blaðamaður.

Tuttugu plötur voru tilnefndar til Kraums-verðlaunanna í ár. Á meðal hljómsveita og tónlistarmanna sem hlutu ekki náð fyrir augum dómnefndarinnar í þetta sinn eru Dikta, Egill Sæbjörnsson, múm og Feldberg. Á síðasta ári unnu plötur Agent Fresco, FM Belfast, Huga Guðmundssonar, Ísafoldar, Mammúts og Retro Stefson.

### SIGURVEGARAR

**Anna Guðný Guðmundsdóttir** - Tuttugu tillit til Jesúbarnsins
**Bloodgroup** - Dry Land
**Helgi Hrafn Jónsson** - For the Rest of My Childhood
**Hildur Guðnadóttir** - Without Sinking
**Hjaltalín** - Terminal
**Morðingjarnir** - Flóttinn mikli



**HARALDUR LEVÍ** Haraldur Leví Gunnarsson hjá Record Records-útgáfunni var á meðal gesta.






# Bókalestur og jólaglögg

Bókaupplestur er orðinn að árlegum viðburði fyrir jól á skemmtistaðnum Boston. Upplesturinn fer fram á laugardag og eru það rithöfundarnir Oddný Eir Ævarsdóttir, Huldar Breiðfjörð, Kristín Ómarsdóttir, Jón Karl Helgason og Snorri Ásmundsson sem munu lesa upp úr bókum sínum.

Listamaðurinn Haraldur Jónsson stendur fyrir uppákomunni og er þetta þriðja árið sem slíkur bókaupplestur fer fram. „Þetta er einstakt tækifæri fyrir fólk til að koma og smakka á jólarjóma bókmenntanna. Þetta er mjög fjölbreytt safn bóka sem fjalla um ýmislegt misjafnt. Ein er ævisaga sem gerist á þremur dögum, önnur gerist á heilsuhæli, sú þriðja gerist í ónefndri borg sem erfitt er að staðsetja á landakorti en allir þekkja, enn ein spáir um nýja tíma og svo er þarna einnig frumleg ferðasaga sem gerist í Færeyjum,“ útskýrir Haraldur og bætir við að erfitt hafi verið að velja bækur úr því bókaflóði sem kemur út fyrir jólin. „Það er sagt að stund ákvörðunarinnar sé augnablik sturlunar. Það var erfitt að velja úr þeim stóra hópi rithöfunda sem eru að gefa út fyrir jólin en ég reyndi að velja sögur sem mér þóttu myndrænar í frásögn og sem falla ekki endilega undir hið hefðbundna íslenska söguform.“

Haraldur hvetur alla bókaunnendur að mæta og tekur fram að hægt verði að kaupa jólaglögg og piparkökur á meðan hlýtt er á lesturinn.

Upplesturinn hefst klukkan 16 á laugardag og fær hver höfundur um fimmtán mínútur til upplestrar. **- sm**



**MENNINGARLEGUR** Haraldur Jónsson listamaður segir að erfitt hafi verið að velja úr hópi þeirra rithöfunda sem gefa út fyrir jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Við erum á facebook

Allir Facebook vinir okkar fara í jólalukkupott. Við drögum daglega um vinninga út alla aðventuna. Viltu vera vinur okkar? Við viljum vera vinur þinn.

www.facebook.com/byggt.og.buid

# Jólabúðin þín

byggtogbúið

Skreytum, bökum, eldum, borðum, pökkum, gefum og njótum jólanna

# TOPP 10

## JÓLAGJAFIRNAR



1. iRobot Ryksuguvélmenni 555
2. Soda Stream Jet
3. Kitchen Aid Jólatilboðið TILBOÐ
4. Sería Melanie gardínu
5. Bodum Pressukanna TILBOÐ
6. Mebus Veðurstöð TILBOÐ
7. Fartölvupúði
8. Babyliss hárblásari 2000W
9. Eva Solo karafla
10. Wassermaxx Sódavatnstæki

# MAGNAÐ helgartilboð

Fimmtudagur til Sunnudags

**BODUM PRESSUKANNA**
8 bolla, klassísk hönnun
45%
Tilboð 4.990 kr.
Þú sparar 4.000 kr.

**BOSCH HANDÞEYTARI**
300W - Turbó
24%
Tilboð 4.990 kr.
Þú sparar 1.500 kr.

**ELECTROLUX BLANDARI**
Sterkur 600W
- Glerkanna
Tilboð 12.995 kr.
Þú sparar 2.000 kr.

**HITABRÚSI 0,5LTR**
Heldur vel hita
50%
Tilboð 999 kr.
Þú sparar 1.000 kr.

**PHILIPS RAKVÉL HQ6941**
Reflex Action kerfi
20%
Tilboð 8.990 kr.
Þú sparar 2.000 kr.

**LIN LÝSANDI KÚLUR**
Kauptu startsett og fáðu viðbótina fría
34%
Tilboð 7.999 kr.
Þú sparar 3.999 kr.

**SPRENGISPILIÐ**
Vinsælasta spilið í dag.
30%
Tilboð 3.490 kr.
Þú sparar 1.500 kr.

**TRISTAR HEILSUGRILL**
Með 6 hitastillingum, 1000W
25%
Tilboð 9.900 kr.
Þú sparar 3.000 kr.

**MEBUS VEÐURSTÖÐ**
Digital, þráðlaus skynjari.
50%
Tilboð 3.497 kr.
Þú sparar 3.500 kr.




**ÖLL SLÉTTUJÁRN**
Babyliss, Remington, Lifetime
20%-50%

**ALLAR BAÐVOGIR**
Sohnle, Weinberger, Mebus, Tristar, Bosch, Wilfa, Domo
20%

**ALLIR POTTAR**
Look, Eva Trio, Sitram, Cuisiner, Schou
20%

# Gjafir handa öllum á einum stað




# ÖÐRUVÍSI vörur

**WEBER KJÖTHITAMÆLIR**
Þráðlaus og hann TALAR.
Verð 10.997 kr.

**SEVERIN POPPKORNSVÉL**
Loftvél, engin olía, 1200W
Verð 5.990 kr.

**PÍLUSPJALD SEGULL**
Engin göt í veggjum.
Verð 2.993 kr.

**SALTKRISTAL LAMPI**
Verð 3.990 kr.

byggtogbúið
KRINGLUNNI
Sími 568 9400 | www.byggtogbuid.is
www.facebook.com/byggt.og.buid



GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir
Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið


# LEIÐARVÍSIR UM JÓLAPLÖTUFLÓÐIÐ

**Það er alveg óhætt að slá því föstu að árið í ár sé ágætis plötuár. Fjöldi platna helst óbreyttur þrátt fyrir kreppu og leiðindi og breiddin er mikil. Margar frambærilegar plötur voru gefnar út, en fyrir ókunnuga getur þetta verið ansi mikill frumskógur. Hér er því nokkurs konar leiðarvísir.**



**Fyrir fólk sem fór illa út úr myntkörfulánum:** 6. október með Egó er pottþétt poppplata sem fjallar um kreppuna og allt hitt.



**Fyrir ömmu og afa sem áttu einu sinni heima í torfbæ:** Jólaplata Gerðar G. Bjarklind og Ragnheiðar Ástu eða heildarútgáfa Savanna tríósins ætti að gleðja.



**Fyrir ofsamanninn í fjölskyldunni:** Töfrandi jól með Friðriki Karlssyni ætti að halda verstu köstunum niðri.



**Fyrir pabbann sem er þunnur á aðfangadag:** Kampavín með Helga Björns eða Jól meiri jól með Sniglabandinu eru góðir diskar fyrir þá drykkfelldu.



**Fyrir kjaftfora litla frændann:** Gubbað af gleði með Tvíhöfða ætti að hitta beina leið í mark.



**Fyrir óvirka alkann:** Sjaldgæfir fuglar, diskur Einars Más Guðmundssonar og Gunnars Bjarna úr Jet Black Joe, er málið.



**Fyrir fólkið sem er „mainstream“ en vill samt vera kúl:** Terminal með Hjaltalín, IV með Hjálmum, Get It Together með Diktu og Dry Land með Bloodgroup eru bæði „mainstream“ og kúl.



**Fyrir þægu litlu frænkuna:** Tónlistin úr Söngvaseið smellpassar í þennan pakka.

**Fyrir fólkið sem þú vilt ekki fá í heimsókn um jólin:** Tekið stærst upp í sig með Serði Monster í fallegum gjafapappír gerir kraftaverk.





**Fyrir hárgreiðslufrændann og flugfreyjufrænkuna:** Tvöfaldi pakkinn Vinalög með Friðriki Ómari og Jógvan er upplagt sándtrakk í næsta saumaklúbbi.

**Fyrir þá sem þola ekki tónlist:** Hvaða disk sem er, bara muna að fá skiptimiða á hann.

**SKIPTIMIÐI!**
Æ, VAR GJÖFIN KEYPT Í MORGUN?
Þessari vöru fæst skipt til 4. janúar 2010.





Útsala
30–50% afsláttur!



Jólasveinninn getur keypt Friendtex bangsa til styrktar Krabbameinsfélaginu hjá okkur á 1.000.- krónur

Mikið úrval að fallegum fatnaði

Opið í dag mán-fös kl. 11-18, lau 11-16

Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

LAGERSALA
OPIÐ FRAM AÐ JÓLUM FRÁ KL. 12-19
AÐ DALSHRAUNI 17, HAFNARFIRÐI
SAMA HÚSNÆÐI OG N1 OG RAFGEYMAÞJÓNUSTANMAÞJÓNUSTAN



SKART – TÖSKUR – HÁRSKRAUT – BELTI – HÚFUR VETTLINGAR – SOKKAR –KVENFATNAÐUR – BARNAFATNAÐUR – SNYRTIVÖRUR – ÝMSAR MERKJAVÖRUR EINS OG LATIBÆR – SPIDERMAN – DÓRU –BANGSÍMON OFL.

VORUM AÐ TAKA UPP FULLT AF KVENFATNAÐI OG BARNAFATNAÐI, FLOTTA KJÓLA, SKART, TÖSKUR OG FLEIRA OG FLEIRA

GÓÐAR JÓLAGJAFIR Á ENNÞÁ BETRA VERÐI


# Þrjár systur með jólatónleika

„Við höfum ekki sungið saman í dágóðan tíma og þetta er alveg æðislegt,“ segir leik- og söngkonan Þórunn Lárusdóttur. Hún syngur ásamt systrum sínum Ingibjörgu og Dísellu á jólatónleikum í Salnum í Kópavogi á föstudagskvöld. Þetta verða fyrstu tónleikar þeirra síðan þær gáfu út plötuna Jólaboð árið 2004, enda hefur Dísella verið búsett í Bandaríkjunum. „Núna var hún að syngja í Óperunni. Það gekk svo vel að það voru aukasýningar, þannig að við ákváðum að smella í tónleika fyrst það var hægt,“ segir Þórunn. „Þetta er rosalega skemmtilegt. Við höfum allar þroskast síðan við vorum að vinna saman síðast. Dísella var ennþá í námi þá og núna er hún orðin frábær óperusöngkona. Við njótum góðs af því,“ segir hún og hlær. „Við erum allar að vinna í okkar verkefnum en það er gaman að hittast og syngja svolítið saman. Maður kemur inn í allt aðra orku og það er bara gaman á æfingum hjá okkur.“ Þórunn leikur í söngleiknum Oliver! sem verður frumsýndur á annan í jólum, Dísella er önnum kafin í Íslensku óperunni og Ingibjörg var að ljúka við síðasta jólaprófið sitt í lögfræði við Háskólann í Reykjavík.

Þórunn lofar skemmtilegum jólatónleikum á föstudagskvöld sem hefjast klukkan 21. „Við syngjum fullt af jólalögum, bæði svolítið poppuð og hátíðleg líka. Svo erum við með skemmtilegar útsetningar sem eru svolítið ögrandi fyrir okkur. Þetta er mjög skemmtilegt prógram og fólk á eftir að labba út í góðu jólaskapi.“ - fb



**SAMRÝNDAR SYSTUR** Systurnar Þórunn, Ingibjörg og Dísella Lárusdætur halda jólatónleika í Salnum í Kópavogi.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Opið til kl.22 alla daga til jóla hjá Andersen & Lauth

Andersen & Lauth, herraverzlun, Laugavegi 7
Andersen & Lauth, dömuverzlun, Laugavegi 7
Andersen & Lauth, Outlet, Laugavegi 86-94

Dásamleg Jólaföt...

Andersen & Lauth
Reykjavik
established 1934
www.andersenlauth.com





**TAYLOR LAUTNER** Taylor Lautner sló eftirminnilega í gegn sem varúlfurinn Jacob í Twilight-seríunni og á stóran aðdáendahóp meðal táningsstúlkna víða um heim. Lautner var nýlega ráðinn til að fara með hlutverk Max Steel í samnefndri mynd sem er væntanleg í kvikmyndahús árið 2011.



**CAREY MULLIGAN** Mulligan hefur verið orðuð við Óskarinn eftir leik sinn í bresku kvikmyndinni Education, en þar fer hún með hlutverk ungrar skólastúlku sem fellur fyrir eldri manni. Hún fer einnig með hlutverk í kvikmynd Olivers Stone um Wall Street auk þess sem hún mun leika á móti Keiru Knightley í nýrri kvikmynd.



**ANNA KENDRICK** Þessi unga leikkona fer með hlutverk bestu vinkonu Bellu í Twilight-seríunni en hún vakti enn meiri athygli sem mótleikkona George Clooneys í gamanmyndinni Up in the Air og hefur verið nefnd besta leikkona í aukahlutverki fyrir leik sinn í þeirri kvikmynd.

**KEVIN JAMES** James er líklega þekktastur fyrir hlutverk sitt í gamanþáttunum King of Queens þar sem hann fer með hlutverk hins seinheppna Dougs Heffernan. James sló þó ekki í gegn á hvíta tjaldinu fyrr en í kvikmyndinni Mall Cop, en hann skrifaði handritið að myndinni, framleiddi hana og fór með aðalhlutverkið.

**ZOE SALDANA** Saldana fór með hlutverk Uhuru í kvikmyndinni Star Trek fyrir nokkru og vakti þar þó nokkra athygli meðal manna. Hún fer einnig með hlutverk í nýrri kvikmynd James Cameron, Avatar, þar sem hún leikur bláa geimveru.

**BRADLEY COOPER** Bradley sló í gegn í smellinum The Hangover nú í ár. Hann lék áður í kvikmyndinni He's Just Not That Into You og var orðaður við mótleikkonu sína Jennifer Aniston. Cooper hefur þó undanfarið átt í sambandi við leikkonuna Renee Zellweger.



**CHRIS PINE** Chris Pine lék á móti Zoe Saldana í kvikmyndinni Star Trek, en þar fór Pine með hlutverk hins fræga kapteins Kirk. Myndin sló í gegn víða um heim og gerði Pine að stjörnu yfir nótt. Hann leikur á móti Denzel Washington í nýrri kvikmynd Ridley Scott, Unstoppable.



**CHRISTOPH WALTZ** Þessi þýski leikari sló í gegn sem nasistaforinginn Hans Landa í kvikmynd Quentin Tarantinos, Inglourious Basterds. Waltz hefur verið orðaður við Óskarsverðlaunin fyrir hlutverk sitt sem Hans og í kjölfarið hafa dyrnar að Hollywood opnast fyrir honum. Hann fer með hlutverk í stórmyndinni The Green Hornet á næsta ári.

# NÝJAR STÓRSTJÖRNUR

**Á vefsíðu Forbes er spáð fyrir um stjörnur næsta árs. Árið 2009 var einstakt ár fyrir nýstirnin Robert Pattinson og Kirsten Stewart sem léku saman í kvikmyndinni Twilight sem sló svo eftirminnilega í gegn. Forbes spáir því þó að tveir meðleikarar þeirra verði brennheitir á nýju ári.**



# JÓLABÆKURNAR Á LÆGRA VERÐI Í LÁGMÚLA

**25%** afsláttur af vinsælustu jólabókunum alla daga til jóla




Verð: 5.690 kr.
**Tilboð: 4.267 kr.**




Verð: 5.690 kr.
**Tilboð: 4.267 kr.**




Verð: 5.490 kr.
**Tilboð: 4.117 kr.**



Verð: 5.490 kr.
**Tilboð: 4.117 kr.**




Verð: 5.480 kr.
**Tilboð: 4.110 kr.**




Verð: 5.490 kr.
**Tilboð: 4.117 kr.**




Verð: 5.690 kr.
**Tilboð: 4.267 kr.**




Verð: 5.480 kr.
**Tilboð: 4.110 kr.**




Verð: 6.990 kr.
**Tilboð: 5.242 kr.**

**Þú verslar vinsælustu bækurnar þegar þér hentar, á lægra verði**

10-11

...alltaf opið!

www.10-11.is

# Þrjár plötur seljast langbest

Þrjár plötur eru áberandi söluhæstar það sem af er þessu ári. Plata Friðriks Ómars og Jógvans, Vinalög, er á toppnum með um níu þúsund eintök seld, þar af tvö þúsund í Færeyjum. Næst á eftir koma Jólatónleikaplata Björgvins Halldórssonar og fjórða plata Hjálma með í kringum sjö þúsund eintök hvor.

Eiður Arnarsson, útgáfustjóri Senu, er að vonum ánægður með viðtökurnar við Vinalaga-plötunni. „Þetta er gott dæmi um plötu sem er að virka út á brjáðsnjalla hugmynd,“ segir Eiður. Tvö þúsund eintökin í Færeyjum eru einnig ánægjuefni. „Ég er ekki sérfræðingur um færeyska markaðinn en mig grunar að þetta sé söluhæsta platan í Færeyjum fyrir jól.“ Eiður bætir við að stóri munurinn á



**FRIÐRIK OG JÓGVAN** Plata Friðriks Ómars og Jógvans, Vinalög, hefur selst í um níu þúsund eintökum á Íslandi og í Færeyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

sölunni núna og undanfarin ár sé sá að söluhæstu plöturnar í ár eru ekki jafnsöluháar og vinsælustu plöturnar í fyrra. Þá seldi Páll Óskar um fimmtán þúsund eintök af Silfursafninu, plata með minningartónleikum Vilhjálms Vilhjálmssonar seldist í um tólf þúsund eintökum og Mamma Mia fór í um ellefu þúsundum. „Fjórar vinsælustu plöturnar í fyrra náðu meira en tíu prósentum af heildarsölunni en í ár ná þær mun minna.“

Steinþór Helgi Arnsteinsson hjá Borginni er engu síður á því að plata Hjálma, IV, gæti hæglega selst í tólf þúsund eintökum. Það yrði mun meiri sala en á fyrri plötum sveitarinnar, sem hefur verið í kringum sjö þúsund eintök. „Það er eitthvað bjartara og jákvæðara yfir þessari plötu en þeirri síðustu og ég held að það sé að skila sér,“ segir Steinþór. **- fb**

# Högni grínast fyrir Snorra

Snorri Helgason heldur útgáfutónleika í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld. Upphaflega stóð til að Ríó tríóið og Sigríður Thorlacius og Heiðurspiltar myndu hita upp, en Sigríður forfallaðist. Þá kom félagi hennar í Hjaltalín, kammergoðið Högni Egilsson, sterkur inn og var vélaður til að hlaupa í skarðið.

„Þetta er í fyrsta skipti sem ég kem fram einn og ég veit satt að segja ekkert hvað ég ætla að gera. Ég ákveð það bara í dag,“ segir Högni, fremur skelfdur. „Ég held ég verði bara með einhver grínlög. Ekki uppistand kannski, en eitthvert grín bara.“

Hann segir sólóferil ekki í pípunum enda gengur pípandi vel með Hjaltalín. Platan Terminal,



**VERÐUR MEÐ GRÍN** Högni í Hjaltalín verður með fyrsta sólógiggið í kvöld.

sem hefur fengið glimrandi góða dóma, seldist upp á fáum dögum. „Upplagið seldist miklu hraðar en við áttum von á,“ segir Högni. „Öll eintökin fóru í fyrstu vikunni og platan var ekki fáanleg í viku. Nú er víst búið að redda þessu, sem betur fer.“ **- drg**






**HJALTALÍN** Hljómsveitin Hjaltalín spilar á hátíðinni Jólagraut á laugardagskvöld.

# Tvær spila á Jólagraut

Hljómsveitirnar Hjálmar og Hjaltalín leiða sama hesta sína og fagna jólahátíðinni með tónleikum á Nasa á laugardagskvöld. Samkoman er haldin undir merkjum tónlistarveislunnar Jólagrautsins sem hefur verið haldin í kringum hátíðirnar frá árinu 2005. Þá léku Hjálmar, Mugison og Trabant á eftirminnilegum tónleikum. Hjálmar eru að fagna nýrri plötu sinni sem nefnist IV og Hjaltalín gaf á dögunum út sína aðra plötu, Terminal. Miðaverð á tónleikana er 2.000 krónur í forsölu en verður 2.500 krónur við hurð á tónleikadag. Miðar fást í Skífunni og á Midi.is.



**MEÐ SAMNING** Elin Nordegren gæti hafa landað stórum samningi við Puma.

# Frá Tiger til Puma

**Vefritið TMZ hefur greint frá því að íþróttafyrirtækið Puma sé á höttunum eftir Elinu Nordegren, eiginkonu Tiger Woods, og vilji fá hana sem nýtt andlit fyrirtækisins.**

**Samkvæmt TMZ eru samningar milli Puma og Nordegren á lokastigi. Talsmaður fyrirtækisins hefur jafnframt staðfest að viðræður hafi átt sér stað og hyggst Puma framleiða nýja fatalínu, Tretorn, og er innblástur fyrir línuna sóttur til heimalands Nordegren, Svíþjóðar. Talsmaðurinn sagði jafnframt að ástæðan fyrir því að Puma hafi áhuga á Nordegren sé sú að hún „passi við ímynd fyrirtækisins“.**

**Elin Nordegren hefur aðeins sést tvisvar eftir að upp komst um framhjáhald Woods. Hún brosir framan í myndavélarnar og ber sig vel en athygli vekur að hún ber engan hring á fingri.**



**HÆTT SAMAN** Samband Jake Gyllenhaal og Reese Witherspoon hefur runnið sitt skeið.

# Enn vinir

Leikararnir Jake Gyllenhaal og Reese Whitherspoon eru hætt saman. Tímaritið People flutti fyrst fréttir af þessu fyrir nokkrum vikum síðan en talsmenn leikaranna vísuðu á bug þeim sögusögnum. Nú hafa talsmenn þeirra þó ákveðið að þegja og þykir það staðfesta orðróminn.

„Þau þurftu bara tíma til að vinna úr sínum málum. Þau voru mikið í sundur og áttuðu sig á því að sambandið hefði kannski runnið sitt skeið. Það fjaraði bara út. Þau skilja sem vinir og vildu fara varlega í sakirnar vegna barna Reese,“ var haft eftir heimildarmanni.

# Keira óttast gagnrýni

**Leikkonan Keira Knightley óttast að gagnrýnendur muni rakka hana niður fyrir frumraun hennar á leiksviði í West End í kvöld. Þar fer hún með hlutverk í leikritinu The Misanthrope. „Ég fer ekki í þetta með neinar væntingar um að ég fái góða dóma,“ sagði hin 24 ára Knightley. Hún hefur alltaf ætlað sér að leika á sviði og ákvað að slá til þegar tækifærið gafst.**

**„Ég hugsaði sem svo að ef ég leik ekki núna á sviði þá verð ég síðar meir of hrædd til að prófa það. Þannig að ég ákvað að stökkva beint í djúpu laugina,“ sagði hún.**



**KEIRA KNIGHTLEY** Leikkonan breska óttast að fá slæma gagnrýni fyrir hlutverk sitt í The Misanthrope.



**JARÐBUNDIN** Rachel McAdams hafði ekki miklar áhyggjur af útlitinu á sínum yngri árum.

# Rakaði ekki fótleggina

Notebook-leikkonan Rachel McAdams er á forsíðu janúarheftis Vogue. Leikkonan þykir afskaplega jarðbundin miðað við margar aðrar Hollywood-stjörnur. Í viðtali við Vogue segist hún helst vilja eyða peningum sínum í skemmtilega lífsreynslu. „Ég er ekki gráðug. Ég kýs heldur að eyða peningum mínum í góðan mat eða skemmtileg ferðalög.“

Hún viðurkennir jafnframt að hún eyði ekki miklum tíma í útlitið og að henni hafi verið strítt í skóla vegna þess að hún rakaði ekki á sér fótleggina. „Móðir mín lagði aldrei sérstaka áherslu á útlit mitt þegar ég ólst upp. Hún leyfði okkur að fullorðnast á okkar eigin hraða. Hún þvingaði aldrei neinu upp á mig. Þegar ég spurði móður mína af hverju hún hafi ekki sagt mér að raka hárin á fótleggjunum svaraði hún einfaldlega: „Um leið og þú byrjar á því verður ekki aftur snúið.“

# Býður Unicef að nota lagið sitt

Matthías Ægisson, yngsti bróðir Gylfa Ægissonar, hefur gefið út sína fyrstu sólóplötu, Vegferð. Á plötunni eru tíu lög af fjölbreyttum toga sem voru samin á 33 ára tímabili.

„Ég hef ætlað mér að gefa þetta út í langan tíma. Dóttir mín var búin að suða í mér að gera eithvað með þetta,“ segir Matthías. Hann vonast til að koma einu laganna, When We Cross That Border sem trúbadorinn Halli Reynis syngur, á framfæri hjá UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna. Hann hefur þegar komið eintaki af plötunni á Jóhönnu Vilhjálmsdóttur sem situr í stjórn UNICEF á Íslandi. „Mig langar að koma laginu á framfæri erlendis í samstarfi við þau á Íslandi,“ segir hann. Lagið ætti að eiga vel við starfsemi UNICEF enda fjallar það um börn sem þurfa að glíma við hungursneyð.

Síðasta lag plötunnar, Mamma mín, samdi Matthías til móður sinnar fyrir 33 árum þegar hann var sextán ára. Hún fékk að heyra það fyrst síðastliðinn föstudag á sjúkrahúsi á Siglufirði þar sem hún hefur dvalið eftir að húsið hennar brann til kaldra kola í byrjun ársins. „Hún var mjög ánægð en hún var búin að vita af þessu lagi lengi. Ég hef bara aldrei gert neitt í því að koma því frá mér.“

Matthías hefur mest spilað fyrir sjálfan sig í gegnum árin og gert lítið af því að halda tónleika. Hann hefur eitthvað spilað í jarðarförum með Páli Rósinkrans og vill hann einmitt kynna fyrsta lag plötunnar, Minn er hugur hljóður, fyrir fleirum sem syngja í jarðarförum.

Hægt er að panta plötuna eða hlusta á tóndæmi af henni á síðunni Mae-media.net. -fb



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**MATTHÍAS ÆGISSON** Yngsti bróðir Gylfa Ægissonar hefur gefið út sína fyrstu sólóplötu.






**GÓÐIR VINIR** Kate Hudson og A-Rod eru sögð vera góðir vinir þrátt fyrir sambandsslitin.

## Kröfuhörð kærasta

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær eru þau Kate Hudson og hafnaboltaleikarinn Alex Rodriguez hætt saman. Samkvæmt heimildum fjölmiðla vestanhafs batt Alex, kallaður A-Rod, enda á samband sitt við Hudson þar sem honum þótti hún of kröfuhörð þegar kom að hafnaboltaleikjum hans með New York Yankees. Þá er leikkonan sögð hafa viljað láta stríla sig upp fyrir hvern leik, heimtað sæti í fremstu röð og spókað sig fyrir framan myndavélarnar við hvert tækifæri.

A-Rod er nú þegar sagður vera farinn að leita á önnur mið, en ekki er langt síðan hann skildi við fyrrverandi eiginkonu sína til þrettán ára. Þrátt fyrir sambandsslitin eru þau Kate Hudson sögð vera góðir vinir.

# GOSPELKÓR TEKUR TIMBERLAKE

**Söngkonan María Magnúsdóttir situr ekki auðum höndum þessa dagana. Auk þess að hafa nýverið gefið út sína fyrstu sólóplötu, Not Your Housewife, stjórnar hún gospelkór Jóns Vídalín í Garðabæ og undirbýr jólatónleika þeirra sem fara fram í kvöld.**

Gospelkór Jóns Vídalín hefur verið starfandi undanfarin fimm ár. Kórinn, sem heitir eftir Jóni Vídalín biskup, er samstarfsverkefni Fjölbrautaskólans í Garðabæ og Vídalínskirkju, en nemendur skólans fá einingar fyrir að vera í kórnum. „Í upphafi voru nær eingöngu nemendur úr FG í kórnum, en í dag er hægt að segja að þetta sé kór ungs fólks á aldrinum sextán til þrjátíu ára því útskriftarnemendur vilja alls ekki hætta og margir hafa sótt um að komast í kórinn af öllu Reykjavíkursvæðinu," segir María sem hefur verið stjórnandi kórsins frá því í fyrrahaust.

Í dag eru um 30 ungmenni í kórnum og segir María þau hvert öðru betri söngvara. „Það er svo ótrúlegur kraftur í þessum kór. Krakkarnir elska að syngja gospel og þau kunna að gera það vel. Þetta er án efa einn efnilegasti gospelkór landsins, alveg með þeim betri. Það er geggjað að hafa svona fullan kór af einsöngvurum," útskýrir hún og segist skemmta sér konunglega á kóræfingum. „Við æfum einu sinni í viku og það er endalaust hlegið. Þá er gert frekar mikið grín á minn kostnað verð ég að segja, en ég fíla það bara," segir hún og brosir.

Aðspurð segir hún efnisskrá kórsins mjög fjölbreytta. „Við æfum „old school" gospel, nýtt og fönkaðara gospel og svo hef ég undanfarið verið að mata þau á popplögum sem ég útset til að færa lagavalið nær samtímanum. Við erum að syngja eitt og eitt lag frá tónlistarmönnum svo sem Justin Timberlake, Fatboy Slim og meira að segja 80's-bandinu Foreigner," segir hún.

Jólatónleikar kórsins fara fram í sal Fjölbrautaskólans í Garðabæ í kvöld og hefjast klukkan 20. „Hljómsveit spilar undir með okkur í kvöld, en hana skipa þeir Ingvar Alfreðsson á hljómborð, Ingólfur Magnússon á bassa og Brynjólfur Snorrason á trommur. Miðar eru seldir í anddyrinu á aðeins 1.000 krónur, en fermingarbörn og börn tólf ára og yngri fá frítt inn," segir María og vonast til að sjá sem flesta á tónleikunum í kvöld. alma@frettabladid.is



**JÓLATÓNLEIKAR** Jólatónleikar Gospelkórs Jóns Vídalín fara fram í sal Fjölbrautaskólans í Garðabæ í kvöld og hefjast klukkan 20. MYND/BERGLIND ANDRÉSDÓTTIR


BLINDRAFÉLAGIÐ 70
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

# Vinningaskrá

## Hausthappdrætti Blindrafélagsins 2009 – dregið 11. desember 2009

**Volkswagen Passat EcoFuel 1.4 TSI, 150 hestöfl. Metanbíll frá Heklu. Verðmæti kr 4.190.000,-**
132209

**Volkswagen Polo 1.4 Comfortline, 85 hestöfl, frá Heklu. Verðmæti kr. 3.060.000,-**
106103

**Ferðavinningar frá Heimsferðum, hver að verðmæti kr. 500.000,-**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2277 | 39549 | 80965 | 110444 | 135200 |
| 23077 | 55745 | 83131 | 115140 | 135539 |
| 28551 | 55871 | 91985 | 125615 | 144331 |
| 38172 | 60021 | 98629 | 127652 | 146414 |

**Ferðavinningar frá Heimsferðum, hver að verðmæti kr. 250.000,-**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 821 | 12103 | 20437 | 40337 | 50749 | 60484 | 79760 | 100565 | 119984 | 137201 |
| 1469 | 14741 | 21660 | 40991 | 51439 | 61452 | 80139 | 101029 | 120667 | 137260 |
| 2416 | 15307 | 22328 | 41541 | 51684 | 62048 | 81676 | 102320 | 121469 | 138171 |
| 3370 | 15873 | 22428 | 42292 | 53797 | 67284 | 81954 | 102997 | 122429 | 143530 |
| 6366 | 16004 | 26877 | 43874 | 54180 | 68953 | 92654 | 104473 | 123083 | 144287 |
| 7542 | 16451 | 28543 | 47093 | 55753 | 69011 | 92909 | 108007 | 124506 | 144574 |
| 8437 | 16724 | 30644 | 47463 | 57451 | 71052 | 93025 | 108711 | 126147 | 146305 |
| 8806 | 18642 | 32918 | 47559 | 58127 | 78726 | 97534 | 111507 | 126323 | 147025 |
| 8882 | 19594 | 33849 | 49143 | 59173 | 79028 | 98157 | 113674 | 129193 | 148661 |
| 9754 | 20222 | 40160 | 49795 | 60205 | 79674 | 99980 | 116073 | 131304 | 150801 |

**Gistivinningar ásamt morgunverði í 2 nætur auk kvöldverðar annað kvöldið hjá einhverju Fosshótelanna, hver að verðmæti kr. 60.000,-**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2906 | 15524 | 29339 | 55926 | 69939 | 86830 | 103240 | 111094 | 133510 | 150304 |
| 3525 | 18749 | 34703 | 56022 | 72214 | 90270 | 105185 | 114863 | 136405 | 150353 |
| 5939 | 21124 | 35945 | 57208 | 74813 | 93715 | 105853 | 118235 | 136929 | 151993 |
| 9364 | 23760 | 36183 | 57697 | 79416 | 95058 | 106031 | 120485 | 137291 | |
| 11637 | 24977 | 42839 | 61012 | 80207 | 96057 | 107070 | 120863 | 140222 | |
| 12983 | 25878 | 43335 | 61397 | 80229 | 96537 | 107333 | 128725 | 145948 | |
| 13009 | 28528 | 44410 | 64006 | 83986 | 100257 | 108672 | 133167 | 146211 | |
| 13039 | 28807 | 52550 | 66943 | 85027 | 100684 | 110649 | 133339 | 147891 | |

**Gjafakort í Kringluna, hvert að verðmæti kr. 25.000,-**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4860 | 19126 | 36676 | 52081 | 62446 | 76507 | 93562 | 112414 | 127325 | 136207 |
| 7728 | 21603 | 39786 | 53750 | 65759 | 76943 | 95472 | 116408 | 127435 | 137749 |
| 8060 | 21643 | 40031 | 55432 | 66146 | 80438 | 95541 | 116643 | 128161 | 140069 |
| 8087 | 23084 | 40600 | 56626 | 66382 | 81423 | 104382 | 118868 | 130913 | 143047 |
| 9795 | 24385 | 41433 | 56973 | 68171 | 81708 | 104462 | 118944 | 132050 | 143425 |
| 9926 | 33288 | 44289 | 58750 | 68459 | 86083 | 104559 | 121171 | 133476 | 144827 |
| 10248 | 33578 | 44709 | 59076 | 72095 | 86119 | 109367 | 121322 | 133775 | 145208 |
| 12821 | 33969 | 46049 | 59093 | 73214 | 87219 | 109925 | 121448 | 134302 | 147527 |
| 13649 | 34478 | 46748 | 59499 | 74907 | 90173 | 111317 | 124246 | 134744 | 150577 |
| 17000 | 35526 | 50715 | 61730 | 74984 | 91239 | 111615 | 124665 | 136137 | 151307 |

*Vinninga ber að vitja innan árs á skrifstofu Blindraafélagsins, Hamrahlíð 17. Upplýsingasími 525 0000*
*Birt án ábyrgðar.*


# Mannfræðingur með myndavél

„Námið sem ég var í tvinnar saman ljósmyndun og borgarskipulag, það er að segja hvernig fólk nýtir almenningsrými á mismunandi vegu og fleira í þeim dúr. Ég er menntaður mannfræðingur en hef alltaf haft áhuga á ljósmyndun líka og fannst skemmtilegt að blanda ljósmyndun saman við félags- og mannfræðilegar rannsóknir," útskýrir Kolbrún Vaka Helgadóttir, sem lauk nýverið meistaranámi við Goldsmiths-háskólann í London.

Kolbrún og bekkjarfélagar hennar héldu ljósmyndasýningu eftir útskriftina þar sem Kolbrún sýndi verk úr lokaverkefni sínu. „Þetta var ekki partur af náminu heldur ákváðu nokkrir úr bekknum bara að halda sýningu saman. Ég sýndi myndir sem ég hafði tekið fyrir meistaraverkefni mitt sem fjallaði um sundlaugamenninguna á Íslandi og borgarbúann sem fer í sund til að losna undan skarkala borgarinnar. Myndirnar voru teknar í náttúrulegum laugum víðs vegar um Ísland." Sýningin stóð yfir í tvær vikur og var hún vel sótt að sögn Kolbrúnar.

Aðspurð segir hún myndirnar hafa vakið nokkra athygli og fólki fannst íslenska sundlaugamenningin bæði forvitnileg og skrýtin. „Þetta er ekki hlutur sem menn gera í Bretlandi. Fólk skildi ekki af hverju við vorum að þessu og sumir áttuðu sig ekki heldur á því að laugarnar væru heitar." Kolbrún segist upphaflega hafa ætlað að mynda sundlaugarnar í borginni en hætti við þar sem fólk kunni ekki við það að vera myndað á sundskýlum. „Mér fannst auðveldara að taka myndir í náttúrulaugunum, þá sat ég bara ofan í lauginni með myndavélina og smellti af. Þar sem flestar náttúrulaugarnar eru vinsælir ferðamannastaðir þótti eðlilegra að taka myndir þar og fólk kippti sér lítið upp við þetta."

Innt eftir því hvort hún ætli að halda sýningu hér heima segist Kolbrún ekki útiloka þann möguleika. „Myndirnar eru á leið til landsins og það væri gaman að halda sýningu þegar þær koma. Annar hluti af lokaverkefninu mínu var ljósmyndabók sem mig langar líka að vinna áfram með. Annars lít ég á mig sem mannfræðing með myndavél, ég vil fyrst og fremst skrásetja daglegt líf en ekki taka listrænar myndir eða stúdíómyndir," segir Kolbrún að lokum. - sm

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





**BAÐMENNING Á ÍSLANDI**

**Kolbrún Helgadóttir** lærði ljósmyndun og borgarmenningu í Goldsmiths-háskóla í London. Hún hélt ljósmyndasýningu ásamt bekkjarfélögum sínum þar sem hún sýndi myndir sínar af íslenskum náttúrulaugum.

# Það rýkur úr prentvélunum!

## Hvað ætlar þú að lesa um jólin?




**SEX GRUNAÐIR**
Óvenjulegur og útsmoginn krimmi eftir höfund metsölubókarinnar **Viltu vinna milljarð?**



**„… vel skrifuð saga, spennandi, öðruvísi, framandi og heillandi."**

Steingrímur Sævarr Ólafsson / pressan.is




**HYLDÝPI**
Æsileg saga um hrollvekjandi atburði úr íslenskum hversdagsleika eftir Stefán Mána.



★★★★

**„… notaleg martröð."**

Þórarinn Þórarinsson / DV

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

SAMBÍÓIN

John Travolta Robin Williams
Old Dogs
Frá leikstjóra Wild Hogs John Travolta og Robin Williams fara á kostum í þessari sprenghlægilegu mynd. Tveir vinir taka að sér 7 ára tvíbura með ákaflega fyndum afleiðingum.

FRÁBÆR SPENNUMYND Í ANDA SCREAM OG I KNOW WHAT YOU DID LAST SUMMER
SORORITY ROW
ÞÆR ÆTLA AÐ REYNA AÐ ÞAGA YFIR LEYNDARMÁLI DAUÐANS! BÖNNUÐ INNAN 16 ÁRA

NINJA ASSASSIN
new moon
CHRISTMAS CAROL

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| OLD DOGS | kl. 6 - 8D - 10:10D | L |
| OLD DOGS | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| SORORITY ROW | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:30 | VIP |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) Ótextuð | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 | 7 |
| PANDORUM | kl. 5:50 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| OLD DOGS | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| SORORITY ROW | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 10:40 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:30 - 8 | 12 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) Ótextuð | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| OLD DOGS | kl. 8 - 10 | L |
| THE TWILIGHT SAGA | kl. 8 | 7 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 10:30 | 16 |

já
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

JÓLAMYNDIN 2009!
★★★★★ - EMPIRE
★★★★★ -NEWS OF THE WORLD
MIÐNÆTURSÝNINGAR Í 3-D
SÝNINGAR Í KVÖLD KL. 12 Á MIÐNÆTTI Í SMÁRABÍÓI, LAUGARÁSBÍÓI OG HÁSKÓLABÍÓI Í STAFRÆNNI ÞRÍVÍDD!
ENTER THE WORLD
AVATAR
12

RÁÐGÁTAN HELDUR ÁFRAM!
SAW VI
LÚXUS 16
BAD LIEUTENANT 16
„MEISTARAVERK" - EMPIRE
ANVIL 7
JÓLAMYNDIN Í ÁR!
ARTÚR 2 L

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SAW 6 | kl. 8 | 16 |
| SAW 6 LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| JULIE AND JULIA | kl. 5.20 - 8 | L |
| ARTÚR 2 | kl. 4 - 6 | L |
| 2012 | kl. 4.45 - 8 -10.30 | 10 |
| AVATAR MIÐNÆTURSÝNING | kl. 12 3D | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| ANVIL | kl. 6 - 8 | 7 |
| WHATEVER WORKS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| A SERIOUS MAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| DESEMBER | kl. 6 - 10 | 10 |
| AVATAR MIÐNÆTURSÝNING | kl. 12 3D | 12 |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 8 | 10 |
| THE BOX | kl. 10.15 | 16 |
| LOVE HAPPENS | kl. 6 | L |
| 9 | kl. 6 | 7 |
| CAPITALISM | kl. 8 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| BAD LIEUTENANT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| JULIE AND JULIA | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | L |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 10.30 | 16 |
| 2012 | kl. 6 - 9.15 | 10 |
| LOVE HAPPENS | kl. 5.30 - 8 | L |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus

AVATAR
POWERSÝNING
BAD LIEUTENANT
★★★★ S.V. - MBL
ARTÚR 2
JÓLAMYNDIN Í ÁR
EXTRACT
COCO BEFORE CHANEL
HUGLJÚF OG HEILLANDI MYND UM ÆVI COCO CHANEL

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| AVATAR 3D - POWER | kl. 12 á miðnætti | 10 |
| BAD LIEUTENANT | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 16 |
| EXTRACT | kl. 6 og 10.10 | 12 |
| ARTÚR 2 - Íslenskt tal | kl. 5.30 | L |
| COCO BEFORE CHANEL | kl. 8 | L |


# Börnin breyttu lífssýn Lopez

Leik- og söngkonan Jennifer Lopez segist líta lífið öðrum augum eftir að hún eignaðist tvíburana Max og Emme fyrir 21 mánuði. Hún segir einnig að eiginmaður hennar, söngvarinn Marc Anthony, sé gríðarlega mikilvægur hlekkur í sínu lífi. „Að eignast börnin hefur breytt mér upp að vissu marki. Það fékk mig til að líta í eigin barm og lagfæra það sem ég þurfti að bæta. Ég þurfti að læra að elska sjálfa mig og hugsa betur um mig,“ sagði Lopez. Hún telur að hún væri ekki sú manneskja sem hún er í dag ef eiginmaðurinn Marc væri ekki til staðar. Til dæmis hvatti hann hana til að klæðast djörfum gylltum kjól á Golden Globe-verðlaunahátíðinni í byrjun ársins. „Ég hafði ekki klæðst svona kjól síðan ég eignaðist börnin. Ég var ekki orðin alveg eins vaxin og ég hafði verið. Ég vissi að Marc yrði hreinskilinn við mig. Hann sagði: „Ætlarðu að vera í þessu? Þú ættir líka að gera það því þú lítur svo fallega út“,“ sagði Lopez.

Hún bætir við að hún leggi ekki lengur aðaláherslu á að vera grönn. „Ég er ekki jafn grimm í líkamsræktarsalnum. Þegar maður kemst yfir þrítugsaldurinn og eignast börn hefur maður ekki jafnmikinn áhuga á því. Maður vill líta vel út en er ekki tilbúinn að leggja alveg jafn mikið á sig.“



**HJÓN** Hjónin Jennifer Lopez og Marc Anthony uppi á sviði. Þau hafa í nógu að snúast við uppeldið á tvíburunum sínum.

# Vinur rappstjarnanna heldur tónleika á Íslandi

**Erlendir rapparar hafa verið sjaldséðir hér á landi frá því að 50 Cent og Snoop Dogg fylltu tónleikahallir höfuðborgarinnar. Það er því gleðiefni að bandarískur rappari ætlar að halda þrenna tónleika hér á landi.**



Bandaríski rapparinn F. Stokes mun halda þrenna tónleika hér á landi dagana 17. og 18. desember á vegum verslunarinnar Mohawks. F. Stokes gaf nýverið út plötuna Death of a Handsome Bride og er viðkoman hér á landi hluti af tónleikaferðalagi hans um Evrópu. Rapparinn hefur unnið náið með nöfnum á borð við 50 Cent, Jay-Z, Kanye West og Wu Tang Clan.

Sævar Daníel Kolandavelu, einnig þekktur sem tónlistarmaðurinn Poetrix, er einn þeirra sem standa fyrir tónleikunum. Hann segir ástæðuna fyrir því að hann vildi fá F. Stokes til landsins vera þá að tónlist hans sé góð og sérstaklega persónuleg. „Rappstíllinn er einstaklega einlægur, svalur og beittur, allt á sama tíma. Það er óvanalegt þegar rapparar frá þeirri senu sem hann tilheyrir fjalla um þau viðfangsefni sem hann rappar um. Það sem gerir hann líka sérstakan er að þrátt fyrir að hafa öll þau tengsl sem þarf til að verða að stórstjörnu neitar hann að gera nokkrar málamiðlanir hvað tónlist hans varðar,“ útskýrir Sævar Daníel og bætir við að aðdáendahópur F. Stokes fari vaxandi hér á landi. „Í hiphoppi snýst allt um að vera ekta og hann er eins ekta og þeir gerast. Það er búið að vera nokkur lægð í innflutningi á erlendum hiphopp-listamönnum og okkur langaði að nýta þetta einstaka tækifæri til að styðja við tónlistarsenuna,“ segir Sævar Daníel, sem lofar ógleymanlegu kvöldi.

Á tónleikunum koma einnig fram íslensku tónlistarmennirnir Emmsjé Gauti og Diddi Fel sem hafa verið að gera góða hluti undanfarið. F. Stokes heldur þrenna tónleika eins og áður sagði og fara þeir fyrstu fram á Kaffi Rót klukkan 17 á morgun. Næstu tónleikar fara fram á Batteríinu annað kvöld klukkan 21 og þeir þriðju á 800 Bar á Selfossi klukkan 23.

sara@frettabladid.is

**ÓGLEYMANLEGIR TÓNLEIKAR**



MYND/GUNNAR HJÁLMARSSON

**Sævar Daníel Kolandavelu (með hljóðnemann)** lofar góðum tónleikum með tónlistarmanninum **F. Stokes** annað kvöld. Stokes hefur unnið með köppum á borð við Jay-Z og 50 Cent.

# Shakira gæðir sér á súkkulaði

Söngkonan Shakira segist vera dugleg við að stelast í súkkulaði þegar hún vill hvíla sig á stífu mataræði sínu og æfingaprógrammi. Hún telur að súkkulaðiiðátið sé nauðsynlegt svona af og til. „Mér finnst mikilvægt að halda jafnvægi í lífinu. Mér finnst mjög gaman að borða. Ég elska súkkulaði og alls kyns sætindi. Ég er algjörlega háð því,“ segir Shakira, sem er 32 ára. Hún segist vera sífellt að breytast og þroskast sem manneskja. Það endurspeglist til dæmis á nýjustu plötu hennar She Wolf. „Lífið er bara þannig. Þú ert sífellt að leita að nýjum leiðum til að búa til bættari mynd af sjálfum þér. Frammistaða mín í söngnum endurspeglar hvernig mér líður í hvert skipti. Ef ég lít út fyrir að vera tilfinningaríkari og meiri kynvera þá er það vegna þess að þessi atriði skipta meira máli í mínu lífi en fyrir tíu árum,“ segir hún. „Ég er kona og kvenleiki minn endurspeglast á nýju plötunni minni.“



**SHAKIRA** Söngkonan Shakira er dugleg við að stelast í súkkulaði. Hún segir það nauðsynlegt mótvægi við heilsufæðið.

# TILBOÐ DAGSINS

*Olympus myndavél með 12 milljón punkta upplausn, 5x optical aðdráttarlinsu og stórum 2,7" LCD skjá.*

**26.989 kr.**

Fullt verð ~~34.989~~







**2.189 kr.**




**3.989 kr.**




**10.989 kr.**

## OPIÐ TIL KL. 22 ALLA DAGA TIL JÓLA




Kvikmyndir
**2.389 kr.**




Seríur og þættir
**2.389 kr.**



Grín og alvara
**2.389 kr.**




Hrollvekjur
**2.489 kr.**




Ævintýramyndir
**2.489 kr.**




Íslenskt gæðaefni
**2.489 kr.**

Verð gilda um hvert eintak.




Tölvuleikir
**10.989 kr.**




PS2 PS3 PC
**10.989 kr.**




XBox 360 ofl.
**10.989 kr.**




Íslensk tónlist
**1.989 kr.**



Gott úrval
**1.989 kr.**



Playstation 3 120GB
**64.989 kr.**




*Fylgstu með TILBOÐI DAGSINS í blaðinu á morgun!*

*Mikið úrval ódýrra DVD mynda*

Verð frá kr. **989**

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX RAFTÆKI

## > Stendur í stað á heimslistanum



Íslenska knattspyrnulandsliðið stendur í stað á heimslista FIFA sem var gefinn út í gær. Ísland er í 92. sæti en liðið hefur ekki spilað neinn leik síðan síðasti listi var gefinn út. Þetta er síðasti listi ársins en hæst komst Ísland í 75. sæti á árinu. Það var í mars en á næsta lista féll liðið um átján sæti. Ísland er í 40. sæti meðal Evrópuþjóða, á milli Hvíta-Rússlands og Moldóvu. Spánverjar eru enn efstir á listanum en engar breytingar voru á ellefu efstu sætunum.

**sport**

sport@frettabladid.is

**HLYNUR MORTHENS:** BESTI MARKVÖRÐURINN Í FYRSTU NÍU UMFERÐUM N1-DEILDAR KARLA

# *Ótrúlega ánægður og stoltur af viðurkenningunni*



Hlynur Morthens, eða Bubbi eins og hann er iðulega kallaður, var í gær útnefndur besti markvörður fyrstu níu umferða N1-deildar karla. Hann gekk í raðir Vals í sumar þar sem hann hefur átt frábæru gengi að fagna og blómstrað í markinu.

„Þetta er virkilega skemmtilegt fyrir mig," sagði hann við Fréttablaðið í gær. „Ég er ótrúlega ánægður og stoltur af þessari viðurkenningu."

Hann segir að árið hafi þróast á annan máta en hann bjóst við. „Fyrir ári var ég í Gróttu í 1. deildinni og átti ekki von á að fara neitt annað. En svo datt ég í Val þar sem allt hefur gengið upp hjá mér persónulega. Ég er auðvitað með mjög öfluga varnarmenn fyrir framan mig sem hjálpar mér mikið."

Hann segir Valsmenn vera ágætlega sátta við sína stöðu í deildinni en liðið er með ellefu stig, rétt eins og þrjú önnur lið sem skipa 2.-5. sæti deildarinnar. Valsmenn eru þó í fjórða sæti vegna innbyrðis árangurs þessara liða og sleppa því naumlega inn í deildarbikarkeppnina sem haldin verður á milli jóla og nýárs.

„Auðvitað vildum við vera með fleiri stig en við höfum verið óheppnir með meiðsli. Ég tel að Valur sé það lið sem muni bæta sig hvað mest eftir áramót enda er von á að bæði Baldvin [Þorsteinsson] og Siggi [Sigurður Eggertsson] verði þá með."

Hann segir þó deildina hafa verið mjög skemmtilega. „HK redd-aði hinum liðunum um daginn þegar það vann Hauka sem hefðu stungið af með sigri í þeim leik. En það sýndi líka að Haukar eru ekki með yfirburðalið í deildinni og alls ekki ósigrandi," sagði Hlynur.

Það er nokkuð langt í neðstu lið deildarinnar – Fram og Stjörnuna – sem hafa verið talsvert á eftir öðrum liðum í haust.

„Ég á þó ekki von á öðru en að þessi lið og þá sérstaklega Fram munu ná sér á strik eftir áramót. Það er enn nóg eftir af deildinni og þessi lið geta enn bjargað sér frá falli." En árið segir hann hafa verið nokkuð gott hjá sér. „Mér líður vel og er í fínu standi. Ég hef alltaf talið mig vera fínan markvörð og ef varnarmennirnir nenna að djöflast fyrir framan mig þá skal ég taka rest."



**ÁFRAM Í KÓPAVOGI** Alfreð verður áfram með Blikum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Blikar semja og semja:

## Alfreð og Arnór framlengdu

**FÓTBOLTI** Blikum bárust góð tíðindi í gær þegar staðfest var að þeir Alfreð Finnbogason og Arnór Sveinn Aðalsteinsson hefðu skrifað undir nýjan samning við félagið. Þeir skrifuðu báðir undir tveggja ára samning.

Þessir ungu og bráðefnilegu unglingalandsliðsmenn voru í lykilhlutverki í liði Blika á síðustu leiktíð en félagið vann þá sinn fyrsta stóra titil í meistaraflokki karla.

Alfreð var að gæla við að komast í atvinnumennsku og reyndi meðal annars fyrir sér á Englandi og Noregi en var ekki boðinn samningur.

Hann verður væntanlega með Blikum í sumar úr því sem komið er en hann sló eftirminnilega í gegn síðasta sumar og var valinn efnilegasti leikmaður deildarinnar. **- hbg**

Gunnar Heiðar Þorvaldsson:

## Fer til Reading

**FÓTBOLTI Í gær var tilkynnt á heimasíðu danska úrvalsdeildarfélagsins Esbjerg að Gunnar Heiðar Þorvaldsson yrði lánaður til Reading á Englandi frá áramótum til loka tímabilsins.**

**Enn var þó verið að ganga frá samningamálum í gær en Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Gunnars Heiðars, sagði það aðeins formsatriði að skrifa undir samninginn.**

**Gunnar Heiðar æfði með Reading í gær og voru því fjórir Íslendingar á æfingunni en auk hans eru þeir Ívar Ingimarsson, Brynjar Björn Gunnarsson og Gylfi Þór Sigurðsson á mála hjá Reading.** **- esá**

# Þurfum að vera stöðugri á nýju ári

**FH-ingurinn Ólafur Guðmundsson var í gær útnefndur besti leikmaður fyrstu níu umferða N1-deildar karla. Berglind Íris Hansdóttir, markvörður Vals og íslenska landsliðsins, var valin best í N1-deild kvenna.**

**HANDBOLTI** Skipun úrvalsliða fyrsta hluta N1-deilda karla og kvenna var tilkynnt í gær. Báðar deildir eru komnar í jólafrí en keppni í N1-deild karla hefst ekki fyrr en í febrúar vegna EM í handbolta sem haldið verður í Austurríki í janúar.

FH-ingurinn Ólafur Guðmundsson var valinn besti leikmaðurinn karlamegin en hann hefur verið lykilmaður í liði FH sem margir spáðu velgengni í haust. Gengi FH hefur þó verið misjafnt á tímabilinu til þessa.

„Við þurfum að sýna meiri stöðugleika á seinni hluta tímabilsins. Við höfum verið að klúðra niður leikjum sem við áttum að vinna og tapað þannig stigum. En það hefur einnig sýnt sig að allir geta unnið alla í þessari deild. Við höfum til að mynda náð ágætis úrslitum gegn efri liðum deildarinnar en átt í vandræðum með hin. Við þurfum einnig að ná betri árangri á heimavelli," sagði Ólafur.

Hann segir FH-inga þó ekki geta kvartað undan því að liðið situr nú í 2. sæti deildarinnar með ellefu stig. Reyndar eru liðin í 2.-5. sæti öll með jafn mörg stig og því útlit fyrir harða samkeppni um sæti í úrslitakeppninni í vor.



**ÞAU BESTU** Berglind Íris Hansdóttir, Val, og FH-ingurinn Ólafur Guðmundsson með viðurkenningar sínar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Allt til staðar hjá FH

„Deildin hefur verið mjög skemmtileg og það eru ekki nema þrjú stig í Haukana á toppnum. Það er allt til staðar hjá FH til að ná góðum árangri – bæði hörkumannskapur og góður þjálfari. Við þurfum þó aðeins að bæta hugarfarið okkar," sagði Ólafur.

En rétt eins og hjá FH hefur árið verið misjafnt hjá Ólafi. „Það hefur verið mjög gott eftir að ég var lengi frá vegna meiðsla. Þá tók ég þátt á HM U-21 liða í Egyptalandi sem var góð reynsla."

Ólafur segir að meiðslin hafi í raun átt sinn þátt í því að gera hann að betri handboltamanni.

„Í svona löngum meiðslum fer maður að hugsa betur um hvað maður vill fá úr sjálfum sér og hvaða árangri maður vill ná. Ég var duglegur að æfa og lít þannig á að ég hafi komið sterkari aftur til leiks. Ég er vissulega með háleit markmið og ætla mér alla leið. Þess vegna er maður í þessu."

### Liðsheildin sterk hjá Val

Berglind Íris Hansdóttir, markvörður Vals, var valin besti leikmaður N1-deildar kvenna. Hún er lykilmaður í taplausu liði Vals sem trónir nú á toppi deildarinnar með þriggja stiga forystu á næsta lið.

Reyndar hafa ekki öll lið spilað jafn marga leiki í haust og gefur því núverandi staðan í deildinni ekki hárrétta mynd af stöðu liðanna. En Valsmenn hafa átt gott haust.

„Ég átti von á því að við myndum mæta þetta sterkar til leiks. Við misstum þó nokkra leikmenn í sumar og þurftum því tíma til að slípa liðið saman. En þetta hefur allt smollið vel saman og liðsheildin er mjög sterk," sagði Berglind.

Hún segir að mótspyrnan sé ekki minni en hún reiknaði með. „Alls ekki. Það hafa verið margir hörkuspennandi leikir í deildinni. Vissulega átti maður von á því að Haukar yrðu sterkari enda eru þar leikmenn sem hafa verið lengi að spila saman. En þeir hafa verið á uppleið á síðustu vikum og ég á von á því að Haukar verði mjög sterkir eftir áramót."

Fram og Stjarnan hafa einnig átt góðu gengi að fagna í haust og á Berglind von á því að þessi lið ásamt Val og Haukum munu áfram berjast á toppnum til loka tímabilsins.

„Það er samt ómögulegt að spá fyrir um hvernig þetta muni spilast áfram," bætir hún við.

Berglind hefur sjálft átt gott ár og spilað vel bæði með Val og íslenska landsliðinu sem stefnir nú á sitt fyrsta stórmót.

„Ég hef verið að halda ágætis stöðugleika og get því verið nokkuð sátt. Mér finnst ég enn vera að bæta mig enda kemur ýmislegt með reynslunni."

**eirikur@frettabladid.is**

### BEST Í N1-DEILDUNUM

**N1-deild karla**
**Bestur**: Ólafur Guðmundsson, FH
**Þjálfari**: Aron Kristjánsson, Haukum
**Markvörður**: Hlynur Morthens, Val
**Lína**: Atli Ævar Ingólfsson, HK
**V. horn**: Freyr Brynjarsson, Haukum
**V. skytta**: Sigurbergur Sveinss., Hauk.
**H. horn**: Arnór Þór Gunnarsson, Val
**H. skytta**: Ólafur Guðmundsson, FH
**Leikstj.**: Jónatan Magnússon, Akureyri

**N1-deild kvenna**
**Best**: Berglind Íris Hansdóttir, Val
**Þjálfari**: Stefán Arnarson, Val
**Markvörður**: Berglind Íris Hansd., Val
**Lína**: Anna Ú. Guðmundsdóttir, Val
**V. horn**: Rebekka Skúladóttir, Val
**V. skytta**: Hrafnhildur Skúladóttir, Val
**H. horn**: Hanna G. Stefánsd., Haukum
**H. skytta**: Alina Tamasan, Stjörnunni
**Leikstj.**: Ragnhildur Guðmundsd., FH

**Aðrar viðurkenningar**
**Besta dómaraparið**: Gísli H. Jóhannsson og Hafsteinn Ingibergsson
**Besta umgjörðin**: Akureyri




Körfuboltakappinn Haukur Helgi Pálsson eftirsóttur hjá mörgum háskólaliðum:

## Notre Dame og Harvard meðal skólanna sem hafa rætt við Hauk

**KÖRFUBOLTI** Körfuboltakappinn Haukur Pálsson hefur vakið verðskuldaða athygli með skólaliði sínu á Flórída í Bandaríkjunum í vetur. Haukur Helgi Pálsson hefur lengi verið einn allra efnilegasti körfuboltamaður landsins og í vetur ákvað hann að fara í bandarískan menntaskóla.

Haukur Helgi hefur staðið sig mjög vel með Montverde-skólanum og hefur frammistaða hans vakið athygli þar á meðal hjá Joe Williams, blaðamanni Orlando Sentinel sem er stærsta blaðið á svæðinu. Williams greinir þar frá því að Haukur Helgi sé í hópi bestu leikmanna Flórída og að margir stórir skólar séu á eftir stráknum. Hauki hefur þegar verið boðinn skólastyrkur hjá University of South Florida en skólar eins og Vanderbilt, Virginia Commonwealth, Notre Dame, Harvard og University of Central Florida hafa einnig sýnt honum áhuga.

„Þú getur varla trúað því sem ég hef verið spurður að síðan ég kom hingað," segir Haukur Helgi í upphafi viðtalsins en greinin hefst á því að leiðrétta þann misskilning að Íslendingar búi í snjóhúsum og hafi ekkert rafmagn. Haukur Helgi er með 11,5 stig og 5,5 fráköst að meðaltali hjá Montverde.

„Hann les leikinn vel og er mjög fjölhæfur leikmaður. Hann hefur góða skottækni og getur bæði spilað fyrir utan sem og inni í teig," segir Kevin Sutton, núverandi þjálfari hans hjá Montverde.

Haukur Helgi segir frá því í viðtalinu að hann sé herbergisfélagi Senegalans Papa Samba Ndao og Brasilíumannsins Matheus Saroli. Papa Samba Ndao spilar körfubolta með Hauki en Saroli er sá markahæsti í fótboltaliðinu.

„Það er frábært að hafa fulltrúa þriggja heimsálfa í einu herbergi," segir Haukur. „Þetta er gott tækifæri til þess að kynnast ólíku fólki með allt aðra siði og venjur."

Í greininni segir að Haukur Helgi hafi flott skot, góða yfirsýn og góðan skrokk fyrir baráttuna undir körfunni en aðalviðbrigðin fyrir hann hafi verið að venjast ólíkum leikstíl. „Það er miklu meiri hraði hér, krakkarnir eru þroskaðri hér og það gengur ekki að vera „mjúkur". Það eru líka betri íþróttamenn hér en heima á Íslandi," segir Haukur Helgi í viðtalinu við Orlando Sentinel. **- óój**



**UPPALINN Í FJÖLNI** Haukur Helgi Pálsson spilaði stórt hlutverk með meistaraflokksliði Fjölnis í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

MILLENNIUM ÞRÍLEIKURINN EFTIR **STIEG LARSSON**

# ÓMISSANDI LOKAHNYKKUR

Þriðja og síðasta bókin í heimsfrægri Millennium-trílógíu Stiegs Larsson er komin út hjá Bjarti. **Sumir segja að hún sé best.**

DYNAMO REYKJAVÍK




BJARTUR



**LANDSLIÐSÞJÁLFARINN** Á erfitt verkefni fyrir höndum að velja endanlegan hóp. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslenska handboltalandsliðið:

## 28 manna hópur valinn

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari hefur skilað inn lista yfir þá 28 leikmenn sem koma til greina hjá íslenska landsliðinu fyrir EM í Austurríki í janúar næstkomandi.

Guðmundur verður svo næst að tilkynna sextán manna leikmannahóp kvöldið áður en mótið hefst hinn 19. janúar næstkomandi. Hægt verður að bæta við fleiri leikmönnum ef Ísland kemst áfram í milliriðla og jafnvel undanúrslit ef þörf er á.

Hann má þó ekki velja neinn leikmann sem ekki er á þeim lista sem skilað var inn til Evrópska handknattleikssambandsins nú fyrr í vikunni. - esá

### EM-HÓPURINN

**Markverðir:**

| | |
|---|---|
| Björgvin Páll Gústavsson | Kadetten |
| Hreiðar Guðmundsson | Emsdetten |
| Birkir Ívar Guðmundsson | Haukar |
| Ólafur H. Gíslason | Haugaland |

**Aðrir leikmenn:**

| | |
|---|---|
| Einar Ingi Hrafnsson | Nordhorn |
| Kári Kristjánsson | Amicitia Zürich |
| Róbert Gunnarsson | Gummersbach |
| Vignir Svavarsson | Lemgo |
| Guðjón Valur Sigurðsson | RN Löwen |
| Sturla Ásgeirsson | Dusseldorf |
| Arnór Atlason | FCK |
| Gunnar Berg Viktorsson | Haukar |
| Ingimundur Ingimundarson | Minden |
| Logi Geirsson | Lemgo |
| Ólafur Guðmundsson | FH |
| Sigurbergur Sveinsson | Haukar |
| Aron Pálmarsson | Kiel |
| Hannes Jón Jónsson | Burgdorf |
| Ragnar Óskarsson | Dunkerque |
| Snorri Steinn Guðjónsson | RN Löwen |
| Sverre Jakobsson | Grosswallstadt |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | GOG |
| Heiðmar Felixson | Burgdorf |
| Ólafur Stefánsson | RN Löwen |
| Rúnar Kárason | Fuchse Berlin |
| Alexander Petersson | Flensburg |
| Bjarni Fritzson | FH |
| Þórir Ólafsson | Lubbecke |

# Árið þeirra Eyþórs og Sonju

Sundfólkið Eyþór Þrastarson og Sonja Sigurðardóttir voru í gær valin Íþróttamaður og Íþróttakona ársins úr röðum fatlaðra en bæði voru þau að fá þessa útnefningu annað árið í röð.



**GLÆSILEGT ÁR** Eyþór Þrastarson og Sonja Sigurðardóttir voru í gær valin íþróttafólk ársins úr röðum fatlaðra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ÍÞRÓTTIR FATLAÐRA** Eyþóri Þrastarsyni og Sonju Sigurðardóttur tókst báðum að fylgja eftir góðu ári 2008 með enn betra ári 2009. Þau fengu líka bæði stóra viðurkenningu á árlegri samkomu Íþróttafélags fatlaðra sem fór eins og venjulega fram á Hótel Sögu í boði Radisson SAS hótelsins.

„Ég er mjög sáttur með að fá þessi verðlaun. Fyrri hluti ársins var mjög góður en ég var í svolitlum vandræðum í seinni hlutanum en það virðist þó hafa gengið ágætlega," segir Eyþór Þrastarson sem setti eitt Evrópumet og fjögur Íslandsmet á árinu auk þess að vinna til silfurverðlauna í 400 m skriðsundi. Eyþór var eini Íslendingurinn sem vann til verðlauna á Evrópumeistaramóti fatlaðra.

**EM á Íslandi hápunkturinn**

Eyþór er fæddur árið 1991 en hann hefur verið blindur frá fæðingu og keppir í flokki S11. Eyþór syndir fyrir Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík, ÍFR og Sundfélagið Ægi.

„EM á Íslandi var hápunkturinn. Þetta var rosalega flott mót og þetta var það langskemmtilegasta sem var í gangi hjá mér á árinu. Ég held að ég sé því ánægðastur með það mót því það var mjög sætt að vinna verðlaunin," segir Eyþór sem var duglegur að bæta gömul met Birkis Rúnars Gunnarssonar á árinu.

Í maí tók Eyþór þátt á Opna þýska meistaramótinu í sundi þar sem hann gerði sér lítið fyrir og setti Evrópumet í flokki blindra í 800 m skriðsundi.

„Ég hef stefnt að því lengi að taka metin hans Birkis Rúnars og það var betra að gera það fyrr en síðar. Mér tókst að synda nógu hratt til þess að ná metunum í ár," segir Eyþór. Eyþór fagnar öllum verðlaununum sem hann hefur unnið á árinu en viðurkennir að metin standi upp úr.

„Metin eru bestu bitarnir. Það er alltaf mjög sætt að ná metum. Metin eru betri en verðlaunapeningarnir. Ég er samt ekki að gera lítið úr verðlaunum," segir Eyþór. Hann ætlar að gera enn betur á næsta ári. „Næsta stóra mótið á dagskrá hjá mér er heimsmeistaramótið í Hollandi í ágúst á næsta ári. Ég er ekki byrjaður að skipuleggja dagana fram að því en ég er ekki að sjá fyrir mér að ég fái mikið sumarfrí."

**Mjög stór stund fyrir mig**

„Þetta er mjög stór stund fyrir mig og þetta gefur mér mikið. Þetta er mitt besta ár á ferlinum," segir Sonja Sigurðardóttir og gleðin leyndi sér ekki.

„Ég held ég sé á lífi ennþá," bætir hún við í léttum tón. Sonja glímir við hrörnunarsjúkdóm og minnkandi vöðvastyrk sökum hans en heldur samt ótrauð áfram æfingum og keppni og stefnir markvisst að betri árangri og að ná enn lengra í íþrótt sinni.

„Árið í fyrra var dálítið slappt enda var ég búin að vera veik. Það var því gaman að geta staðið sig svona vel í ár," segir Sonja.

Í febrúar vann Sonja til gullverðlauna á Malmö Open-mótinu í Svíþjóð og í apríl vann hún til tvennra gullverðlauna á Íslandsmóti ÍF í 50 metra laug. Sonja stóð sig með líka miklum ágætum á Evrópumeistaramóti fatlaðra í sundi sem fram fór hér á landi.

„Hápunkturinn var að vera á EM á Íslandi. Það var líka mjög gaman að vinna gullverðlaunin í Malmö," segir Sonja og þrátt fyrir að sjúkdómurinn geri henni alltaf erfiðara fyrir stefnir hún á að synda mikið á næsta ári.

„Ég stefni á að komast á HM í Hollandi í ágúst. Til þess að komast þangað þá þarf ég bara að synda og synda og ekki verða veik. Ég er bjartsýn á að ná því," segir Sonja full af eldmóð.

„Ég er bara orðin Kristín 2," segir Sonja í gríni spurð hvort hún ætli að vinna þessi verðlaun árlega en Kristín Rós Hákonardóttir gerði fyrir nokkrum árum en þetta var annað árið í röð sem Sonja er valin Íþróttakona ársins úr röðum fatlaðra.

„Ég ætla líka að keppa á Reykjavík International og svo förum við vonandi út að keppa ef kreppan leyfir. Það skiptir miklu máli að komast út og keppa við þá sem eru í sama fötlunarflokki og ég. Hér heima er minna um krakka í S5 þannig að ég er þá meira að keppa bara við sjálfan mig og klukkuna. Það er skemmtilegra að fá alvörukeppni."

**Jóna fékk Guðrúnarbikarinn**

Handhafi Guðrúnarbikarsins fyrir árið 2009 er Jóna B. H. Jónsdóttir en hún hefur verið virkur félagi í ÍFR, Íþróttafélagi fatlaðra í Reykjavík í fjölmörg ár. Fyrst sem keppandi í boccia, síðan sem aðstoðarmaður á æfingum og í ferðum á vegum ÍFR.

Guðrúnarbikarinn er bikar sem gefinn var ÍF árið 2000 af Össuri Aðalsteinssyni, félagsmanni í Lionsklúbbnum Esju til minningar um eiginkonu hans Guðrúnu Pálsdóttur.

Bikarinn skal afhendast konu þeirri sem hefur starfað sérlega vel í þágu fatlaðs íþróttafólks. ooj@frettabladid.is




KR er búið að hafna tveim tilboðum Breiðabliks í Guðmund Pétursson:

# Ekki sáttur við KR og íhugar að fara með málið fyrir gerðardóm

**FÓTBOLTI** Framherjinn Guðmundur Pétursson er enn á mála hjá KR þó svo að hann hafi lýst því yfir að hann vilji komast til Breiðabliks þar sem hann var á láni síðasta sumar.

Guðmundur hefur tjáð KR-ingum að hann vilji losna frá félaginu og semja við Breiðablik. Blikarnir vilja ólmir kaupa Guðmund og hafa þegar gert tvö tilboð í leikmanninn en án árangurs.

„KR-ingar lifa í einhverjum draumaheimi og það sem þeir vilja fá fyrir hann er talsvert meira en við erum til í að borga fyrir hann. Þeir standa í vegi fyrir því að strákurinn fái að fara," segir Einar Kristján Jónsson, formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks. „Leikmaðurinn hefur úrræði í málinu, hann getur skotið þessu til gerðardóms KSÍ en ég veit ekki hvort hann gerir það. Það er hans mál."

Guðmundur sjálfur segir það vel koma til greina að skjóta málinu til gerðardóms fái hann ekki úrlausn sinna mála.

„Ég er að skoða það mál. Við sjáum hvað setur í þeim efnum fljótlega," sagði Guðmundur, sem er ekki sáttur við að vera fastur hjá KR þegar hann vill spila með Breiðablik.

„Ég er ekki sáttur við KR. Ég fæ mest lítið að taka þátt í þessu og veit voða lítið. Ég hef tjáð KR-ingum að ég vilji fara til Blika. Rúnar Kristinsson [yfirmaður knattspyrnumála hjá KR] sagðist þurfa að funda með stjórninni og hann yrði síðan í sambandi. Ég hef voða lítið heyrt í honum síðan en þetta var í haust," segir Guðmundur, sem byrjaði aftur að æfa með KR fyrir þrem vikum.



**GOTT AÐ BÚA Í KÓPAVOGI** Guðmundi leið vel í Kópavoginum og þar vill hann vera áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Miðað við ég hef ekki verið notaður í þrjú ár hjá KR er ég hissa að þeir séu að setja háan verðmiða á mig," sagði Guðmundur, sem á tvö ár eftir af samningi sínum við KR.

Kristinn Kjærnested, formaður knattspyrnudeildar KR, segir að tvær hliðar séu á öllum málum. „Eins og staðan er í dag erum við aðeins með Björgólf í framlínunni sem og Guðmund. Hann ætti því að fá fullt af tækifærum eins og staðan er í dag," sagði Kristinn en eru KR-ingar að biðja um allt of mikinn pening fyrir leikmanninn?

„Okkur finnst við ekki vera að setja of hátt verð fyrir hann. Við þurfum ekki að selja hann. Ef Blikarnir virkilega vilja fá hann þá hljóta þeir að greiða það sem þarf," sagði Kristinn Kjærnested. - hbg


adidas
Kraftar í kögglum
Stuttbuxur
Verð frá 3.490 kr.
Bolir
Verð frá 3.990 kr.
Sippubönd
Verð frá 2.490 kr.
Hlaupaskór
Verð frá 19.990 kr.
Gönguskór
á jólatilboði
20% afsláttur
SPALDING
TRUE TO THE GAME
Boltar
Verð frá 1.990 kr.
THE NORTH FACE
Nú erum
við komin
í jólaskapið
Allar vörur frá stærsta útivistarmerki heims
The North Face
á 30% afslætti til jóla
The North Face er me allt í útivistina:
Hlífðarfatnaður ı Flíspeysur ı Dúnúlpur
Skíðafatnaður ı Bakpokar ı Svefnpokar
Gönguskór og margt fleira
ROSSIGNOL
SNOWBOARDS
Bretta-
og skíðapakkar
20% afsláttur
ÍSLENSKA SIA.IS UTI 48018 12.2009
HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ www.utilif.is
ÚTILÍF

## ÚRSLIT

*Enska úrvalsdeildin:*

Burnley-Arsenal 1-1
0-1 Cesc Fabregas (7.), 1-1 Graham Alexander, víti (28.)
Chelsea-Portsmouth 2-1
1-0 Nicolas Anelka (23.), 1-1 Frederic Piquionne (51.), 2-1 Frank Lampard, víti (79.)
Liverpool-Wigan 2-1
1-0 David Ngog (9.), 2-0 Fernando Torres (79.), 2-1 Charles N´Zogbia (91.).
Tottenham-Man. City 3-0
1-0 Niko Kranjcar (37.), 2-0 Jermain Defoe (54.), Niko Kranjcar (90.).

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | **17** | **13** | **1** | **3** | **42-14** | **40** |
| Man. United | 17 | 12 | 1 | 4 | 37-14 | 37 |
| **Arsenal** | **16** | **10** | **2** | **4** | **41-20** | **32** |
| Aston Villa | 17 | 9 | 5 | 3 | 28-14 | 32 |
| **Tottenham** | **17** | **9** | **3** | **5** | **38-22** | **30** |
| Liverpool | 17 | 8 | 3 | 6 | 34-23 | 27 |
| **Birmingham** | **17** | **8** | **3** | **6** | **18-17** | **27** |
| Man. City | 16 | 6 | 8 | 2 | 29-24 | 26 |

*IE-deild kvenna:*

**KR-Keflavík 70-55**
Stig KR: Unnur Tara Jónsdóttir 15, Jenny Pfeiffer-Finora 12, Hildur Sigurðardóttir 11, Signý Hermannsdóttir 11, Margrét Kara Sturludóttir 9, Guðrún Þorsteinsdóttir 6, Helga Einarsdóttir 5.
Stig Keflavíkur: Birna Valgarðsdóttir 22, Kristi Smith 14, Marín Rós Karlsdóttir 9, Bryndís Guðmundsdóttir 4, Rannveig Randversdóttir 2, Svava Stefánsdóttir 2, Hrönn Þorgrímsdóttir 1.

**Haukar-Hamar 64-65**
Stig Hauka: Heather Ezell 32, Ragna Brynjarsdóttir 16, Helena Hólm 5, Guðrún Ámundadóttir 4, Telma Fjalarsdóttir 4, Margrét Hálfdánardóttir 3.
Stig Hamars: Koren Schram 26, Sigrún Ámundadóttir 24, Hafrún Hálfdánardóttir 6, Kristrún Sigurjónsdóttir 5, Guðbjörg Sverrisdóttir 2.

**Njarðvík-Valur 67-54**
Stig Njarðvíkur: Shantrell Moss 28, Ólöf Helga Pálsdóttir 11, Heiða Valdimarsdóttir 10, Anna Ævarsdóttir 8, Sigurlaug Guðmundsdóttir 3, Auður Jónsdóttir 3, Helga Jónasdóttir 2.
Stig Vals: Berglind Ingvarsdóttir 15, Hrund Jóhannsdóttir 11, Þórunn Bjarnadóttir 11, Birna Eiríksdóttir 6, Kristín Óladóttir 3.

**Grindavík-Snæfell 81-54**
Stig Grindavíkur: Michele DeVault 27, Petrúnella Skúladóttir 15, Íris Sverrisdóttir 12, Helga Hallgrímsdóttir 10, Berglind Magnúsdóttir 10, Alma Garðarsdóttir 5, Jovana Lilja Stefánsdóttir 2.
Stig Snæfells: Gunnhildur Gunnarsdóttir 17, Unnur Ásgeirsdóttir 9, Ellen Högnadóttir 9, Björg Einarsdóttir 7, Sara Andrésdóttir 6, Helga Björgvinsdóttir 4, Hrafnhildur Sævarsdóttir 2.

*Evrópudeildin:*

Hertha Berlin-Sporting Lisbon 1-0
Heerenveen-Ventspils 5-0
Basel-Fulham 2-3
Frei, Streller - Zamora 2, Gera.
CSK Sofia-AS Roma 0-3
- Cerci 2, Scardina.
Panathinaikos-Dinamo Búkarest 3-0
Sturm Graz-Galatasaray 1-0
Club Brugge-Toulouse 1-0
Partizan Belgrad-Shaktar Donetsk 1-0
CFR Cluj-PSV Eindhoven 0-2
Sparta Prag-FC Copenhagen 0-3
Athletic Bilbao-Werder Bremen 0-3
Nacional-Austria Vienna 5-1

Gascoigne í vondum málum:

# Sektaður fyrir drykkjuskap

**FÓTBOLTI** Gamla goðsögnin Paul Gascoigne er enn í vandræðum með bakkus.

Hann hefur nú verið sektaður fyrir að vera með drykkjulæti á götum Newcastle snemma morguns.

Gazza var handtekinn og settur í varðhald. Honum var síðar sleppt með sekt.

Landsliðsmaðurinn fyrrverandi hefur einnig átt við andleg vandamál að stríða og var í tvígang á síðasta ári lagður inn á geðsjúkrahús. - hbg

Víkingur fékk háa sekt:

# Vítaverð framkoma formanns

**HANDBOLTI Handknattleiksdeild Víkings fékk í gær 50 þúsund króna sekt vegna hegðunar formanns deildarinnar, Trausta Leifssonar.**

**Aganefnd HSÍ kvað upp dóminn og segir í honum að Trausti hafi sýnt af sér vítaverða framkomu gagnvart dómurum eftir leik Víkings og Selfoss síðastliðinn föstudag.**

**Víkingi er heimilt að skjóta þessum úrskurði til stjórnar HSÍ sem þarf þá að úrskurða í málinu innan viku.** - hbg

Blikar voru næstum búnir að fá einn frægasta markvörð veraldar til liðs við sig sumarið 2007:

# Barthez átti að leysa Hjörvar af í marki Blika

**FÓTBOLTI** Allir knattspyrnuáhugamenn muna eftir því þegar Lee Sharpe kom til Grindavíkur um árið. Suðurnesjamenn voru ekki einir með stóra drauma í íslenska boltanum þegar góðærið stóð sem hæst.

Blikar föluðust nefnilega eftir franska markverðinum Fabien Barthez sumarið 2007. Þá stóð Hjörvar Hafliðason í marki Blika en hann spilaði fyrstu leiki mótsins meiddur og voru Blikar því að leita að arftaka fyrir Hjörvar.

„Ég held að Ólafur Kristjánsson hafi komið með þessa hugmynd. Við gerðum alvöru úr málinu og höfðum samband við umboðsmann Barthez án þess að vonast eftir miklu. Viðtökurnar komu okkur á óvart. Þeir nefndu upphæð og við vorum búnir að útvega féð,“ sagði Einar Kristján Jónsson, formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks. Barthez hafði í lok apríl 2007 lagt skóna á hilluna og var því laus allra mála er Blikar höfðu samband. Blikarnir höfðu stuðning útrásarvíkinga í þessu verkefni en kaup á Barthez í fjóra mánuði voru skiptimynt fyrir þá á þessum tíma.

„Það stóð svo til að hann kæmi að skoða aðstæður hjá okkur. Áður en af því varð komu fram hinar og þessar kröfur sem við gátum ekki staðið undir. Hann vildi til að mynda búa á hóteli allan tímann. Það varð því ekkert af þessu,“ sagði Einar Kristján en Blikar sömdu í staðinn við Danann Casper Jacobsen.

„Ég vissi að þeir hefðu reynt að fá mann af mínu kaliberi í markið. Þó að Barthez hafi ekki haft sömu hæð og nærveru í teignum og ég hafði verður að viðurkennast að hann var betri spyrnumaður en ég,“ sagði Hjörvar Hafliðason léttur er honum voru tjáð þessi tíðindi. - hbg




**SVONA HEFÐI HANN LITIÐ ÚT** Á þessari samsettu mynd Rósu Jóhannsdóttur sést hvernig Barthez hefði tekið sig út í búningi Blika.

# Aftur á beinu brautina

**Eftir fjóra leiki í röð án sigurs tókst Chelsea að vinna leik. Lundúnaliðið lagði þá Portsmouth, 2-1, og náði um leið þriggja stiga forskoti á toppi ensku deildarinnar. Liverpool vann fínan sigur á Wigan en Arsenal missteig sig gegn Burnley.**

**FÓTBOLTI** Chelsea mátti hafa verulega fyrir sigrinum gegn Hermanni Hreiðarssyni og félögum í Portsmouth í gær. Botnliðið beit hraustlega frá sér og var ekki fjarri því að taka stig af toppliðinu. Avram Grant sneri aftur á Stamford Bridge í fyrsta skipti eftir að hann var rekinn frá Chelsea í gær og honum var klappað lof í lófa af stuðningsmönnum félagsins.

Nicolas Anelka kom Chelsea yfir á 23. mínútu og þannig stóðu leikar í hálfleik. Portsmouth byrjaði síðari hálfleik hraustlega og jafnaði á 51. mínútu. Aukaspyrna liðsins fór í andlit varnarmanns Chelsea og endaði síðan fyrir fótum Piquionne sem gat ekki annað en skorað.

Chelsea gaf nokkuð eftir í kjölfarið og Portsmouth fékk færi á að komast yfir. Það var fátt sem benti til þess að Chelsea væri að fara að gera neitt þegar Wilson braut afar klaufalega á Ivanovic. Vítaspyrna var dæmd sem Lampard skoraði örugglega úr. 2-1 og Chelsea komið aftur á sigurbraut.

Cesc Fabregas kom Arsenal yfir á 7. mínútu gegn Burnley eftir ævintýralegan klaufaskap í vörn Burnley. Héldu margir að Arsenal myndi valta yfir nýliðana í kjölfarið en það átti ekki að verða.

Thomas Vermaelen braut klaufalega af sér á 28. mínútu. Hin örugga vítaskytta Graham Alexander steig á punktinn og skoraði með því að skjóta boltanum í mitt markið. Fleiri mörk voru ekki skoruð og Arsenal missti því af dýrmætum stigum.

Þungu fargi var létt af Rafa Benitez, stjóra Liverpool, þegar Liverpool náði loksins að landa sigri er Wigan kom í heimsókn á Anfield. David Ngog kom Liverpool yfir með laglegu skallamarki og Fernando Torres afgreiddi leikinn á 79. mínútu er hann skoraði af harðfylgi eftir að hafa klúðrað dauðafæri. Charles N´Zogbia minnkaði muninn í uppbótartíma en Wigan var aldrei nálægt því að stela stigi.

Hið óútreiknanlega lið Tottenham gerði sér lítið fyrir og valtaði yfir Man. City, 3-0. Niko Kranjcar var með tvö góð mörk og Jermain Defoe skoraði þriðja markið. henry@frettabladid.is




**HERMANN Á FERÐINNI** Hermann Hreiðarsson átti ágætan leik með Portsmouth í gær. Hann er hér í baráttunni við Branislav Ivanovic. NORDIC PHOTOS/AFP




**EIÐUR SMÁRI** Hefur átt erfitt uppdráttar í Frakklandi. MYND/HEIMASÍÐA AS MONACO

Eiður ekki í hóp Monaco:

# Höfum gert allt fyrir Eið Smára

**FÓTBOLTI** Guy Lacombe, þjálfari Monaco, segir að félagið hafi gert allt sem í sínu valdi stendur til að leyfa Eiði Smára að aðlagast lífinu í frönsku úrvalsdeildinni.

Eiður Smári kom til Monaco frá Barcelona í upphafi leiktíðar en hefur ekki náð sér á strik. Lacombe valdi hann ekki í leikmannahóp Monaco fyrir leik liðsins gegn Stade Rennais í frönsku úrvalsdeildinni í gær.

„Auðvitað bárum við miklar væntingar til hans en svona hefur þetta bara verið. Við munum leysa þetta vandamál hægt og rólega en hann þarf sérstaklega að vinna í sínum málum,“ er haft eftir Lacombe í frönskum fjölmiðlum.

„Félagið hefur gert allt sem í valdi þess stendur fyrir hann. En franska úrvalsdeildin er öðruvísi en hann bjóst við. Það hefur oft gerst að erlendir leikmenn hafa valdið vonbrigðum í Frakklandi,“ bætti hann við. - esá

KR-konur unnu ellefta sigurinn í röð í Iceland Express deild kvenna í gær er Keflavík kom í heimsókn:

# Sameinað átak kom KR aftur á sigurbrautina

**KÖRFUBOLTI** KR-konur eru komnar aftur á sigurbraut í kvennakörfunni eftir fimmtán stiga sigur á Keflavík, 70-55, í DHL-Höllinni í gær. Það má segja að frábær liðsvörn og sameinað átak í sókninni hafi lagt grunninn að sigrinum.

„Þetta vorum við í dag,“ sagði Hildur Sigurðardóttir, fyrirliði KR eftir leikinn en hún gat nú beitt sér á fullu á ný eftir að hafa verið í basli með bakið á sér í síðustu leikjum. „Þetta var mjög mikilvægur sigur sem kemur okkur vonandi á sporið aftur. Það var vörnin sem klikkaði í bikartapinu á móti Hamri og núna vorum við að spila klassavörn. Sparkið sem við fengum fyrir tíu dögum og vitandi það að við erum að fara inn í langt jólafrí gerði það að verkum að það komu allar tilbúnar í þennan leik,“ sagði Hildur. Hildur var einn af fimm leikmönnum KR-liðsins sem skoruðu á milli 9 til 15 stig en atkvæðamest var Unnur Tara Jónsdóttir sem átti flotta innkomu af bekknum.

KR-liðið tók frumkvæðið í byrjun og var 18-10 yfir eftir fyrsta leikhlutann. Keflavíkurliðið átti nokkra spretti sem hélt því inni í leiknum en liðið varð fyrir áfall þegar 6 mínútur og 22 sekúndur voru eftir af öðrum leikhluta þegar Bryndís Guðmundsdóttir meiddist á ökkla. Staðan var þá 22-15 fyrir KR og Bryndís var búin að taka 10 fráköst. KR vann næstu sex mínútur 11-1 og var á endanum með 16 stiga forskot í hálfleik, 35-19. „Lífið er bara þannig að það á að koma maður í manns stað en það gerði það ekki. Við misstum trúna um leið og hún fór út af,“ sagði Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Keflavíkur, en hann hefur ekki áhyggjur af meiðslum Bryndísar þó að hún hafi ekki spilað meira í leiknum.

Birna Valgarðsdóttir skoraði 9 stig á fyrstu 4 mínútum seinni hálfleiks og Keflavík kom muninum niður í níu stig, 40-31. Nýju þjálfarar KR-liðsins tóku þá leikhlé og liðið svaraði með því að vinna næstu þrjár mínútur 12-0. Sigur KR var aldrei í hættu eftir það.

„Þær voru bara skíthræddar við þær. KR-stelpurnar eru náttúrlega búnar að vinna alla leiki nema einn í vetur og stelpurnar voru bara skíthræddar við þær. Það sáu það allir sem þekkja liðið mitt að þetta er ekki það sem við erum þekktar fyrir. Við spiluðum lélega vörn og fengum sem dæmi mjög fáar villur í fyrrihálfleik sem er mjög óeðlilegt. Það segir mér sem þjálfara að við vorum ekki að spila nógu grimma vörn. Þær eru að yfirdekka okkur og við þorum ekki að bregðast við því. Ég held að ég hafi talið rétt að við höfum verið með sex loftbolta í fyrri hálfleik,“ sagði Jón Halldór.

Birna Valgarðsdóttir vaknaði ekki fyrr en í seinni hálfleik og skoraði þá 20 af stigum sínum en það hafði líka mikil áhrif að Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir klippti nánast Kristi Smith út úr leiknum. Kristi skoraði flest öll stigin sín þegar Gróa sat á bekknum. - óój




**BARÁTTA** Ekkert var gefið eftir í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


RAFVÖRU MARKAÐURINN
Jólagjafir fyrir handlagna
LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN
VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK
6990 VERKFÆRASETT 125 HLUTIR
6990 VERKFÆRASETT 100 HLUTIR
2594 TOPPLYKLASETT 21 HLUTIR
5584 TOPPLYKLASETT 52 HLUTIR
995 TOPPLYKLASETT 16 HLUTIR
41 HLUTIR
1590 MULTI SKRÚFJÁRN
26 HLUTIR
34 HLUTIR
1250 1814 SKRÚFJÁRNASETT M/ FYLGIHLUTUM
1/2”
1/4”
4990 TOPPLYKLASETT
2590 TOPPLYKLASET
3995 HITABLÁSARI Í TÖSKU 2000W
MEÐ BORUM OG BITUM
3995 HLEÐSLUBORVÉL 12V Í TÖSKU
6995 RAFHLÖÐUBORVÉL M/ HÖGGI 24V
1395 LÓÐBYSSA Í TÖSKU
8995 BROT/BORVÉL 850W
12 STK
15 STK
2995 FRÆSITANNASETT
4795 FRÆSITANNASETT
2350 LÍMBYSSA M/ 6 LÍMSTIFTI
40 HLUTIR
2995 HLEÐSLUSKRÚFJÁRN Í TÖSKU
995 BORASETT
795 BORASETT
12 STK
7 STK
995 SKRÚFJÁRNASETT
597 SKRÚFJÁRNASETT
7 STK
3995 STANLEY SKRÚFJ. SETT
1466 TORX SKRÚFJ.SETT
14 STK
8 STK
999 SKRÚFJÁRNASETT
1995 SKRÚFJÁRNASETT
2395 SKRÚFJÁRNA OG BITASETT 27 HLUTIR
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

> **Steve Carell**

„Það fer mér einkar vel að leika aumkunarverðar persónur. Ég veit ekki af hverju en það er eflaust einhver sorgleg ástæða fyrir því.“

***Carell fer með hlutverk skrifstofustjórans Michaels Scott í þættinum The Office sem Skjár einn sýnir í kvöld kl. 20.10.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGDIST MEÐ KOBE BRYANT AÐ STÖRFUM

# *NBA-hetja sýnir hver ræður ferðinni*

Það var sérlega athyglisvert að fylgjast með heimildarmyndinni Kobe – Doin´Work sem var sýnd á Stöð 2 Sport. Þar fylgdu þrjátíu myndavélar Kobe Bryant, leikmanni LA Lakers, eftir í leik gegn San Antonio Spurs í NBA-deildinni í körfubolta. Hver einasta hreyfing kappans var fest á filmu, bæði í varnar- og sóknarleiknum, auk þess sem maður fékk að heyra allt sem hann sagði á meðan á leiknum stóð, bæði innan og utan vallar. Tilgangurinn var að veita innsýn í hvernig einn besti körfuboltamaður heims hagar sér í vinnunni.

Í myndinni fór ekki á milli mála að Bryant er leiðtoginn í Lakers. Hann sagði liðsfélögunum sínum til hvað eftir annað og tók síðan sjálfur af skarið þegar honum fannst þurfa á því að halda. Þjálfarinn Phil Jackson lagði leikinn upp og kom með ágætar ráðleggingar í leikhléum en það fór samt ekki á milli mála að Bryant var sá sem hélt um stjórnartaumana. Bryant talaði einnig inn á myndina og útskýrði hugsunina á bak við allt það sem hann gerði í leiknum, sem er vitaskuld ómetanlegur fróðleikur fyrir alla körfuboltaáhugamenn.

Leikstjóri myndarinnar var sjálfur Spike Lee, sem er reyndar mikill New York Knicks-aðdáandi og því kom það nokkuð á óvart að hann væri maðurinn á bak við verkið. Hvað sem því líður var myndin mjög vel gerð og tókst ætlunarverk sitt. Sannarlega óvenjuleg en flott heimildarmynd.



**KOBE BRYANT** Þessi mikli körfuboltasnillingur er sannkallaður leiðtogi hjá Los Angeles Lakers.

## FIMMTUDAGUR



▶ **20.30 Ástríður** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.40 Eli Stone** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.35 30 Rock** SKJÁREINN



▶ **21.50 Fringe** STÖÐ 2



▶ **22.00 The Big Nothing** STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**15.05 Viðtalið** (e)
**15.35 Kiljan** (e)
**16.25 Leiðarljós**
**17.10 Táknmálsfréttir**
**17.25 Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn** (10:12) (e)
**17.40 Stundin okkar** (e)
**18.10 Mæðralíf** (In the Motherhood) (5:7) Bandarísk gamanþáttaröð. Aðalhlutverk: Cheryl Hines, Jessica St. Clair, Horatio Sanz og Megan Mullally.
**18.35 Jóladagatalið - Klængur sniðugi** (e)
**18.45 Jóladagatalið - Klængur sniðugi**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Eldað með Jóhönnu Vigdísi**
▶**20.40 Eli Stone** (Eli Stone) Bandarísk þáttaröð. Aðalhlutverk: Jonny Lee Miller, Victor Garber og Natasha Henstridge.
**21.25 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (12:12) Þáttur um vísindi og fræði á Íslandi í umsjón Ara Trausta Guðmundssonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Framtíðarleiftur** (Flash Forward) Bandarísk þáttaröð. Aðalhlutverk: Joseph Fiennes, John Cho, Jack Davenport, Courtney B. Vance og Zachary Knighton.
**23.10 Himinblámi** (Himmelblå) (e)
**23.55 Kastljós** (e)
**00.25 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.05 Addams Family Values**
**10.00 Firehouse Dog**
**12.00 Zoom**
**14.00 Addams Family Values**
**16.00 Firehouse Dog**
**18.00 Zoom**
**20.00 Live and Let Die** Roger Moore er í hlutverki James Bond.
**22.00 The Big Nothing** Grínmynd með David Schwimmer og Simon Pegg í aðalhlutverkum.
**00.00 A Scanner Darkly**
**02.00 Breathtaking**
**04.00 The Big Nothing**
**06.00 The Man with the Golden Gun**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Stóra teiknimyndastundin og Ruff's Patch.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.20 Sjálfstætt fólk**
**11.00 Notes From the Underbelly**
**11.20 Eldsnöggt með Jóa Fel** (8:9)
**11.50 Armed and Famous** (2:6)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 La Fea Más Bella** (91:300)
**13.45 La Fea Más Bella** (92:300)
**14.30 Eldsnöggt með Jóa Fel** (7:12)
**14.55 Ally McBeal** (11:23)
**15.40 Barnatími Stöðvar 2** Háheimar og Stóra teiknimyndastundin.
**16.23 Ógurlegur kappakstur**
**16.48 Ruff's Patch**
**17.03 Bold and the Beautiful**
**17.28 Nágrannar**
**17.58 Friends** (10:23)
**18.23 Veður**
▶**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.52 Íþróttir**
**18.59 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 The Simpsons** (14:22) Hómer gerir heiðarlega tilraun til að aðstoða Flanders þegar hann missir eiginkonu sína og kemur honum í samband við stefnumótasamtök.
**19.55 Two and a Half Men** (16:24) Charlie Sheen og Jon Cryer leika Harper-bræðurna gerólíku, Charlie og Alan.
**20.25 Eldsnöggt með Jóa Fel** (12:12) Tíunda þáttaröðin með Jóa Fel.
**21.00 NCIS** (19:19) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum.
**21.50 Fringe** (4:22) Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á um að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar. Hún nýtur aðstöðar hins umdeilda vísindamanns dr. Walter Bishop og sonar hans Peter.
**22.40 Smokin' Aces**
**00.25 Flags of Our Fathers**
**02.35 Lost Behind Bars**
**04.00 Broken Bridges**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Basel - Fulham** Útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
**16.10 Basel - Fulham** Útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
**17.50 Genoa - Valencia** Bein útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
**19.55 Bestu leikirnir: FH - ÍA - 22.08.04** Sýnt frá leik FH og ÍA í 15. umferð Landsbankadeildar karla árið 2004. Bæði lið börðust við toppinn þegar lærisveinar Ólafs Þórðarsonar mættu FH-ingum undir stjórn núverandi landsliðsþjálfara, Ólafs Jóhannessonar, í frábærum leik í Krikanum.
**20.25 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**21.15 Genoa - Valencia** Útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
**22.55 Mónakó - Stade Rennais** Útsending frá leik í franska boltanum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Liverpool - Wigan** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**15.40 Chelsea - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.20 Burnley - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.00 Tottenham - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.40 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.
**21.10 PL Classic Matches** Middlesbrough - Man. Utd, 1999.
**21.40 PL Classic Matches** Charlton - Man Utd, 2000.
**22.10 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**23.10 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**23.40 Bolton - West Ham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Innlit/ Útlit** (8:10) (e)
**09.15 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Innlit/ Útlit** (8:10) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.40 America's Next Top Model** (e)
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 Fréttir**
**18.30 What I Like About You** (4:18)
**19.00 Game Tíví** (14:14) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
**19.30 Fréttir** (e)
**19.45 King of Queens** (20:25) (e)
▶**20.10 The Office** (9:28) Fyrrverandi starfsmaður snýr aftur án þess að Michael sé hafður með í ráðum og hann er allt annað en sáttur.
**20.35 30 Rock** (11:22) Ástin svífur yfir vötnum í þessum þætti og Liz ætlar á fyrsta almennilega stefnumótið með myndarlega nágrannanum á Valentínusardaginn.
**21.00 House** (9:24) Byssumaður tekur House, Thirteen og nokkra sjúklinga í gíslingu og krefst þess að House komist að því hvað er að hrjá hann.
**21.50 CSI: Miami** (9:25) Hættulegur morðingi hrellir íbúa Miami og Horatio þarf að grípa í taumana þegar lögreglumaður tekur málið of persónulega.
**22.40 The Jay Leno Show**
**23.25 Nurse Jackie** (9:12) (e)
**23.55 United States of Tara** (9:12) (e)
**00.25 King of Queens** (20:25) (e)
**00.50 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ætlar atvinnulífið að láta tæra vinstristjórn valta yfir sig?
**21.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm tekur fyrir það allra helsta í íslenskri þjóðfélagsumræðu.
**21.30 Birkir Jón** Þingmaður framsóknarflokksins Birkir Jón Jónsson skoðar pólitískt landslag dagsins í dag.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# SKEMMTILEGT JÓLAUPPBOÐ Í GALLERÍ BORG
## Í KVÖLD KL 20:30

**Tómas R. Einarsson og Óskar Guðjónsson leika jólalögin – Boðið verður upp á veitingar**



*K.Davíðsson*



*Muggur*



*Svavar G.*



*J.S. Kjarval*



*Nína Tr.*



*Engilberts*



*Þ. Skúlason*

**UPPBOÐSVERKIN SÝND Í DAG KL 11 TIL 17**

*Óskum viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.*

**GALLERÍ BORG SKIPHOLTI 35. • SÍMAR 511 7010 og 847 1600 • petur@galleriborg.is**

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.25

**Eldsnöggt með Jóa Fel**

Þetta er tíunda þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel. Nú er komið að sérstökum jólaþætti og matseðillinn samanstendur af krónhjartarvillibráð í forrétt, fylltum kalkúnabringum með rjómasveppasósu í aðalrétt og ómótstæðilegri ostaköku með appelsínusúkkulaði í eftirrétt.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Game Tíví**

**Skjár einn kl. 19.00**

Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. Það er komið að síðasta þætti ársins og ætla þeir félagar því að líta um öxl og rifja upp bestu leiki þess. Sýnt verður frá æsispennandi Fifa-móti, leikirnir Avatar og God of War Collection verða gagnrýndir og svo verður litið á heitustu leiki næsta árs.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Andrarímur
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Aðventa
**15.25** Raddir barna
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Úr gullkistunni
**19.27** Tónlistarkvöld Ríkisútvarpsins
**20.40** Undir yfirborði Vatikansins
**22.12** Orð kvöldsins
**22.25** Útvarpsperlur: Leiklist í beinni útsendingu
**23.25** Bláar nótur í bland
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** | XA-Radíó | **FM 96,3** | FM Suðurland | **FM 90,1** | Rás 2 |
| **FM 90,9** | Gullbylgjan | **FM 96,7** | Létt Bylgjan | **FM 102,2** | Útvarp Latibær |
| **FM 91,9** | Kaninn | **FM 97,7** | X-ið | **FM 102,9** | Lindin |
| **FM 93,5** | Rás 1 | **FM 98,9** | Bylgjan | **FM 105,5** | Útvarp Boðun |
| **FM 95,7** | FM957 | **FM 99,4** | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.
**17.45 You Are What You Eat** (14:18) Doktor Gillian McKeith er sérfræðingur á sviði mataræðis og aðstoðar fólk sem er komið í ógöngur.
**18.30 Seinfeld** (1:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur.
**19.00 The Doctors**
**19.45 You Are What You Eat** (14:18)
**20.30 Ástríður** (9:12) Heilbrigð innbyrðis samkeppni ríkir á öllum vinnustöðum. Sveini Torfa finnst þó eins og einhver sé í samkeppni við hann um hylli Ástríðar. Er það misskilningur?
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.00 Gossip Girl** (11:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**22.45 Grey's Anatomy** (8:23) Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace- spítalanum í Seattleborg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
**23.30 Medium** (16:19)
**00.15 Ástríður** (9:12)
**00.45 Seinfeld** (1:22)
**01.15 Sjáðu**
**01.45 Auddi og Sveppi**
**02.25 Fréttir Stöðvar 2**
**03.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.20** Absolutely Fabulous **12.50** After You've Gone **13.20** After You've Gone **13.50** My Hero **14.20** My Hero **14.50** My Hero **15.20** The Weakest Link **16.05** Monarch of the Glen **16.55** Monarch of the Glen **17.45** EastEnders **18.15** The Weakest Link **19.00** Marc Wootton Exposed **19.30** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **20.00** This Is Dom Joly **20.30** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **21.00** Dalziel and Pascoe **22.00** Marc Wootton Exposed **22.30** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **23.00** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **23.30** EastEnders

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Drommen om en norsk bil **12.45** Aldrig mere fængsel **13.10** Seinfeld **13.35** Seinfeld **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **14.50** S P eller K **15.00** Boogie Update **15.30** Spiderman **15.55** Den lyserode panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Den lille Julemand **16.30** Julefandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Pagten **19.00** Statsmiddag hos Dronningen **20.00** TV Avisen **20.25** The Greatest Debate on Earth **21.25** Den sidste olie **22.50** Den sidste olie

## NRK 1

**12.05** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.05** V-cup skiskyting **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Ardna - Samisk kulturmagasin **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.01** Jul i Svingen **17.25** Oisteins julеblyant **17.30** Sauen Shaun **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Toralv Maurstad - med teater i blodet **21.30** Anne-Kat. ser på tv **22.00** Kveldsnytt **22.15** Urix **22.45** Livet i Fagervik **23.30** Skavlan

## SVT 1

**12.05** Andra Avenyn **13.05** Skidskytte. Världscupen Pokljuka **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Robins **16.55** Tre Kronor live. Channel One Cup **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Tre Kronor live. Channel One Cup **17.45** Julkalendern. Superhjältejul **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Tre Kronor live. Channel One Cup **19.30** Mitt i naturen **20.00** Plus **20.30** Hur långt är det till närmaste björn? **21.00** Debatt **21.45** Kulturnyheterna **22.00** Geniet och pojkarna **23.30** Brotherhood




## MORGUNMATURINN



*„Ég borða yfirleitt bara súrmjólk með múslí.“*

Sigríður Friðriksdóttir, sem rekur kaffihús í Hellisgerði í Hafnarfirði.

# Baltasar hræðist ekki Mel Gibson

„Nei, ég held að þetta sé ekkert samsæri gegn mér, þessir menn hafa eitthvað annað við tímann að gera. En þetta eru stór nöfn til að fara í samkeppni við,” segir Baltasar Kormákur, kvikmyndaleikstjóri. Nýverið var tilkynnt að sjálfur Mel Gibson hyggðist gera víkingamynd og hefði fengið Leonardo DiCaprio í aðahlutverkið. Stór nöfn, svo ekki sé meira sagt. Baltasar hefur, eins og Fréttablaðið hefur greint frá, einnig verið að undirbúa risastóra víkingamynd sem taka á upp hér á Íslandi. Um yrði að ræða dýrustu kvikmynd Íslandssögunnar og hafa samningaviðræður um framleiðslu og dreifingu staðið yfir við eitt af stærri framleiðslufyrirtækjum Hollywood að undanförnu.

En samkeppnin er hörð og Gibson er mikill söguáhugamaður þegar kemur að kvikmyndagerð, gerði síðast Apocalypto þar sem hið forna tungumál maya var notað og þar áður Píslarsögu Krists. Lítið fæst uppgefið um söguþráð kvikmyndarinnar heldur eingöngu að tökur eigi að hefjast eftir hálft ár, öllu eigi að tjalda til og að myndin fjalli frekar um líf og menningu á víkingatímabilinu heldur einhvern einn stakan atburð í sögunni. Hið merkilega er að víkingamyndir hafi ekki beint átt uppá pallborðið hjá amerískum áhorfendum og flestar verið hálfslappar. „Þetta er svona svipuð nálgun og við höfum haft í huga og þetta eru auðvitað merkileg tilviljun. En maður gefst ekkert upp þótt maður fái samkeppni frá svona risum. Kvikmyndir um þetta efni hafa lengi verið í bígerð útí Hollywood og núna virðast menn ætla að láta slag standa,” segir Baltasar en víkingamyndin hans er í eðlilegum farvegi, búið er að byggja leikmynd og er hún nú að veðrast austur á fjörðum. **- fgg**

### HVERGI BANGINN



**Baltasar Kormákur** hefur verið í samningaviðræðum við stórt framleiðslufyrirtæki í Hollywood um bæði framleiðslu og dreifingu á víkingamyndinni sinni. **Mel Gibson** hyggst einnig gera víkingamynd með Leonardo DiCaprio í aðalhlutverki.



**LÁRÉTT**
**2.** sæti, **6.** ryk, **8.** liðamót, **9.** kóf, **11.** tímabil, **12.** langt op, **14.** örðu, **16.** kind, **17.** skel, **18.** tæfa, **20.** tveir eins, **21.** strengur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tif, **3.** eftir hádegi, **4.** snautaðu, **5.** sérstaklega, **7.** köldusótt, **10.** námsgrein, **13.** líða vel, **15.** grobb, **16.** frændbálkur, **19.** mun.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sess, **6.** im, **8.** hné, **9.** kaf, **11.** ár, **12.** klauf, **14.** agnar, **16.** ær, **17.** aða, **18.** tík, **20.** uu, **21.** taug.

**LÓÐRÉTT: 1.** tikk, **3.** eh, **4.** snáfaðu, **5.** sér, **7.** malaría, **10.** fag, **13.** una, **15.** raup, **16.** ætt, **19.** ku.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Kolkrabba nota verkfæri þegar hann skyldi sér með kókoshnetu.
2. Nærri sex þúsund, 5.687.
3. David Lynch.


Auglýsingasími
512 5050





– Mest lesið






**SAMAN Á TOPPNUM** Egill „þykki“ Einarsson er í þriðja sæti metsölulistans hjá Eymundsson en Karl Ágúst Úlfsson velti sjálfum Arnaldi úr sessi með bókinni Meiri hamingja. Arnaldur situr því í öðru sæti listans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

EGILL ÞYKKI: HEF FUNDIÐ FJÖLINA Á NÝ

# ÓVÆNT NÖFN Á TOPPNUM FYRIR BÓKAJÓLIN

Fáir hrukku í kút þegar Arnaldur Indriðason þeyttist á topp metsölulista Eymundssonar hinn 1. nóvember með bókinni Svörtuloftum. En sá maður er ríkur í dag sem veðjaði á að honum yrði velt úr sessi af sjálfshjálparbókinni Meiri hamingja eftir Tal Ben-Shahar og að fast á hæla hans í þriðja sætinu sæti sjálfur Egill „þykki“ Einarsson með Mannasiðabókina sína. Þegar jólaverslunin fikrar sig nær hámarkinu má flestum vera ljóst að miðað við bókainnkaupin vill íslenska bókaþjóðin annað hvort verða hamingjusöm á ný eða læra mannasiði að hætti Gillzeneggers.

„Þetta kemur mér algjörlega í opna skjöldu,“ segir Karl Ágúst Úlfsson, spaugstofumaðurinn sem gefur út bókina Meiri hamingja ásamt konu sinni, Ásdísi Olsen. „Fólk áttar sig kannski á því að þarna er hugmyndafræði og boðskapur sem á vel við um þessar mundir. Þetta er bara vísbending um að fólk vilji í auknum mæli taka ábyrgð á sjálfu sér og sinni líðan.“ Karl bendir þannig á að þjóðin hafi að undanförnu velt sér upp úr ástandi sem hún hafi ekki átt neina sök á og að nú sé kannski bara kominn tími til að Íslendingar horfi inn á við. „Við getum ekki alltaf bent á annað fólk og kennt því um hvernig okkur líður, við verðum bara að bjarga okkur sjálf,“ segir Karl og upplýsir um leið að nú sé verið að vinna í því að fá Tal Ben-Shahar til Íslands. „Vonandi svarar hann því trausti sem þjóðin er að sýna honum.“

Egill „þykki“ Einarsson var ekki síður kátur en Karl, enda hefur nánast allt sem hann hefur snert á þessu ári snúist í höndunum á honum, bæði póker og Wipeout. „Ef einhver hefði nú verið svo hjartgóður að benda mér á þetta á sínum tíma, að ég ætti bara að snúa mér að skrifum og bókaútgáfu, þá hefði það verið fínt,“ segir Egill en þegar hefur norskur útgefandi sett sig í samband við hann og óskað eftir því að fá að þýða Mannasiðabókina. „Slíkt ætti náttúrlega ekki að vera mikið mál því ég á auðvitað norskt nafn uppi í erminni,“ segir Egill og vísar þar til nafnsins „Störe“ sem hann notaði um skamma hríð. Bæði Karl og Egill eru síðan sammála um að þjóðin sé í stuði fyrir svolítið léttmeti eftir þungavigtarumræður um ESB og Icesave í þjóðfélaginu. „Það er bara gaman að sjá hversu vel bókmenntaþjóðin er að taka þessu,“ segir Egill. **freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Rebekka Bryndís Björnsdótt**ir, fagottleikari í hljómsveitinni Hjaltalín, verður ekki með sveitinni á síðustu metrunum fyrir jólin. Hún þurfti að fara til Bandaríkjanna vegna fráfalls í fjölskyldu hennar og verður hún því ekki með Hjaltalín þegar hún spilar á Nasa á laugardaginn.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu á laugardaginn voru smellahöfundar síðasta árs, **Ingó Veðurguð** og Toggi og félagar sem sömdu Þú komst við hjartað í mér, ekki sáttir við höfundaréttargreiðslurnar frá STEF. Þeir mættu því á skrifstofu STEF á mánudaginn til að krefjast svara. Þar var þeim tekið fagnandi enda STEFi í hag að rétt sé frá málum gengið. Fóru poppararnir nokkuð sáttir frá þessum fundi, en enn er þó verið að kafa í smáatriðin til að sjá hvort einhvers staðar leynist ekki matarhola.



Eins og Fréttablaðið greindi frá á þessum stað í gær var stuttmynd kvikmyndagerðarmannsins **Rúnars Rúnarssonar**, Anna, sýnd á DR fyrir skemmstu á ágætistíma. En það sem ekki kom fram í fréttinni er að Anna er þegar farin að sanka að sér verðlaunum og er nú kominn með sex slík á ferilskrána. Þetta er samt ekki neitt miðað við Smáfugla Rúnars en hún fékk 61 verðlaun á sínum tíma. Þess ber þó að geta að Anna er 31 mínúta að lengd og það gerir hana ógilda á ansi mörgum hátíðum.

**- fb, drg, fgg**




Humar 2.000 kr/kg

Skatan er komin!

Vestfirsk Hnoðmör

Stór, pilluð Eldeyjar-rækja

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755


# Skrifuð í gegnum tölvupóst

„Ég er búin að vera að lesa í yngri bekkjum grunnskóla í fæðingarorlofinu mínu og það er alveg magnað hvað þau taka vel í þetta,“ segir Ingibjörg Vilbergsdóttir, annar höfundur bókarinnar Flugvélakossar. Bókina skrifaði hún með tengdamóður sinni Nancy Myer sem er búsett í Bandaríkjunum, en bókin fjallar um Daníel og ömmu hans sem hann saknar mikið þegar hún er fjarri, svo hann lærir leið til að senda henni flugvélakossa.

„Hugmyndin kviknaði þegar Daníel sonur minn var þriggja ára. Þá var hann ekki alveg að skilja hvað fjarlægðin er mikil á milli Íslands og Bandaríkjanna og saknaði ástvina sinna þegar fríinu lauk og við fórum heim. Hann var rosalega hrifinn af flugvélum og tók upp á því að senda flugvélakossa til ástvina sinna í Bandaríkjunum til að takast á við söknuðinn,“ segir Ingibjörg. Aðspurð segir hún þær tengdamæðgur ekki hafa látið fjarlægðina stöðva sig við gerð bókarinnar. „Við skrifuðum bókina með hjálp internetsins, sendum tölvupósta fram og til baka og unnum alla hugmyndavinnuna í tölvusamskiptum,“ segir hún, en um myndskreytingar í bókinni sá Jean Antoine Posocco.



**FLUGVÉLAKOSSAR** Ingibjörg og Nancy ásamt fjölskyldu þeirra, en flugvélakossar Daníels Thors, sonar Ingibjargar, urðu kveikjan að bók þeirra tengdamæðgna.

Flugvélakossar kemur út bæði á íslensku og ensku og segir Ingibjörg bókina innihalda byrjendalestrartexta. „Þar sem við Nancy erum báðar grunnskólakennarar notuðum við þá kunnáttu sem við höfum. Það er stórt letur í bókinni og mjög skemmtilegt og myndrænt efni,“ segir hún. **- ag**


GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8
ÁÐUR 1.999,-
FRÁ 999,-
Stuttermabolir dömu strech XS-XL
FRÁ 1.299,-
Hlýrabolir síðir og stuttir grátt, hvítt og svart
3.999,-
Síðar hettupeysur, XS-XL
JÓLA TILBOÐ
ÁÐUR 599,-
NÚ 499,-
Jólasokkar barna áður 599 nú 499
ÁÐUR 7.999,-
FRÁ 4.999,-
Dömu úlpa. XS-XL
NÚ 999,-
Kósý sokkar dömu margar gerðir.
ÁÐUR 7.999,-
FRÁ 4.999,-
Herra úlpa, S-XXL
MJÚKIR PAKKAR TILBOÐ
TILBOÐ GILDA ÚT SUNNUDAG
ÁÐUR 3.999,-
1.999,-
DÖMU HETTUPEYSUR XS - XL
ÁÐUR 1.999,-
NÚ 1.499,-
Krakka gallabuxur
ÁÐUR 499,-
NÚ 399,-
Barna sokkabuxur áður 499 nú 399
ÁÐUR 1.999,-
FRÁ 999,-
Krakka joggingbuxur áður 1999 nú 999
NÚ 999,-
Jóla-prjónasokkar barna
JÓLA TILBOÐ
ÁÐUR 3.999,-
NÚ 1.999,-
Herra hettupeysur st. XS-XXL
ÁÐUR 1.999,-
FRÁ 999,-
Herra og dömu náttbuxur verð áður 1.999 verð nú 999, st. S-XL
ÁÐUR 4.999,-
NÚ 3.999,-
Vatteruð herra hettupeysa með loðfóðri í hettu, m/prenti grátt og brúnt st. S-XXL
8.999,-
Loðfóðraðar herra hettupeysur, svart, hvítt, grátt, st. S-XXL
OPIÐ FRÁ 10-21 ALLA DAGA FRAM AÐ JÓLUM

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

Póst húsið
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Reynt við eftirlaunin



**Ásmundur Stefánsson**, bankastjóri Nýja Landsbankans, mun ekki sækjast eftir því að halda starfi sínu í kjölfar uppstokkunar á bankaráði bankans snemma á nýju ári. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun hann fremur horfa til þess að njóta gullnu áranna svokölluðu sem taka við þegar lögbundnum ellilífeyrisaldri er náð. Ásmundur verður 65 ára á næsta ári.

### Kraftmikill stjóri

Ef frá eru taldir síðustu tveir bankastjórar Landsbankans hafa þeir sem sem vermt hafa stólinn í gegnum tíðina almennt átt farsælum ferli að fagna síðar um starfsævina. Besta dæmið er hinn landskunni hagfræðingur Jónas H. Haralz, sem stýrði bankanum árin 1969 til 1988. Jónas var 69 ára þegar hann hætti störfum í bankanum. Eftir það varð hann aðalfulltrúi Norðurlanda í stjórn Alþjóðabankans í Washington í Bandaríkjunum og stundaði ráðgjafarstörf í sömu borg á vegum norska utanríkisráðuneytisins, Norræna þróunarsjóðsins og bandarískra stofnana. Jónas, sem þykir einkar víðsýnn og ern þrátt fyrir háan aldur, hefur verið feikivinsæll fyrirlesari um árabil og eignaðist nýjan aðdáendahóp í kjölfar hrunsins í fyrra. Þess ber að geta að Jónas fæddist árið 1919 og fagnaði því níræðisafmæli á árinu sem er að líða. Miðað við þetta er ferli Ásmundar hvergi nærri lokið. Ef allt brestur gæti hann sett í framhald af bókinni um Atkins-kúrinn, sem sló í gegn fyrir nokkrum árum.



- jab

## Mest lesið vísir.is

1. Manns saknað eftir að bát hvolfdi
2. Viðbúnaður á Bústaðavegi: Par handtekið
3. Meindýraeyðir olli misskilningi – fólkinu sleppt
4. Stjórn VR lýsir vantrausti á eigin varaformann
5. Með hálft kíló af kókaíni í endaþarminum





